

# Pingsályktanir afgreiddar til ríkisstjórnarinnar.

## 1. Ábyrgð á láni fyrir Sauðárkrókshrepp.

Á 3. fundi í Sp., 8. okt., var útbýtt:

**Till. til þál. um heimild handa ríkisstjórninni til að taka ábyrgð á láni (A. 52).**

Á 4. fundi í Sp., 10. okt., var till. tekin til fyrri umr.

**Flm. (Magnús Guðmundsson):** Í síðustu utanför sinni útvegaði fyrrv. fjmrh. Sauðárkróks-hrepp 40000 kr. lán í Handelsbanken í Kaupmannahöfn, til að standast kostnað af rafmagns-veitu á Sauðárkróki. Lánið hefir enn ekki verið hægt að taka, þar sem lánveitandi heimtaði ábyrgð ríkissjóðs, en um það var engin heimild til í fjárl. Hreppsn. liggur mjög á láninu, og er þessi þáttill. fram borin til þess að reyna að flýta því, að hún geti fengið það. Málið ber ég hér fram í samráði við núv. fjmrh.

Vegna þess, hve málinu þarf að hraða, hafði ég hugsað mér að fá till. samþ. við tvær umr. í dag. En þegar ég bar málið undir fjvn., var meiri hl. n. ekki undir það búinn að taka ákvörðun. Er því ekki hægt að koma málinu lengra áleiðis í dag en svo, að það verði samþ. við fyrri umr. og því vísað til fjvn.

Ég geng út frá því, eftir viðtali við hæstv. fjmrh., að honum sýnist fært að taka á ríkissjóð þessa ábyrgð, ef hv. Alþ. samþykkir. Ætlast ég til, að ábyrgðarheimildin verði engu að síður tekin upp í fjárl. 1935.

Þáttill. er aðeins fram borin til að flýta því, að hreppsn. fái þetta lán, því að hún er í sárri þörf fyrir það, vegna ýmisskonar aðkallandi greiðslna, er nú standa á henni. Óska ég því, að Alþingi vilji samþ. till. við þessa umr. og vísa henni til síðari umr. og fjvn.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég lít svo á, að þetta mál eigi að fá framgang. En afstaða mín til þessa máls felur ekkert í sér um afstöðu mína til ríkisábyrgða yfirleitt á þessu þingi. Afstaða mín markast af því, að fyrrv. stj. hafði gefið hreppsn. svo mikið undir fótinn í þessu máli, að ekki verði hjá því komizt að standa við það. Fyrrv. fjmrh. hafði útvegað lán fyrir rafveituna með hlöðsjón af því, að ríkisábyrgð fengist, og taldi hann það áreiðanlegt. Finnst mér því ekki annað hægt en að veita þessa ábyrgð.

Alþt. 1934. D. (48. löggjafarþing).

**Flm. (Magnús Guðmundsson):** Ég get tekið undir það með hæstv. fjmrh., að ég lít ekki svo á, að í þessari ábyrgðarheimild myndi felast nokkur skuldbinding gagnvart öðrum ábyrgðar-umleitunum. En þar sem búíð er að gefa hreppsn. undir fótinn um ábyrgð og verkið hefir verið framkvæmt í trausti þess, að ábyrgðin fengist, sýnist mér ekki annað hægt en samþ. þessa till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Á 5. fundi í Sp., 16. okt., var till. tekin til síðari umr. (A. 52, n. 67).

**Frsm. (Magnús Guðmundsson):** Ég ætla, að ekki sé þörf á langri framsöguræðu fyrir þessari þáttill. Eins og nál. á þskj. 67 sýnir. er fjvn. sammála um, að till. eigi að samþ., og vil ég leyfa mér í nafni n. að óska, að svo verði gert.

ATKVGR.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 112).

## 2. Notkun lántökuheimildar frá 1932.

Á 7. fundi í Sp., 22. okt., var útbýtt:

**Till. til þál. um notkun lántökuheimildar frá 1932 (A. 180).**

Á 8. fundi í Sp., s. d., var till. tekin til fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil leyfa mér að óska eftir, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr.

**Hannes Jónsson:** Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. þurfi á þessari lánsheimild að halda, þó ekki liggi fyrir, til hvers á að nota féð, og vil því ekki vera á móti till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

ja: J.Jós, JAJ, JÓL, JónP, JS, JG, JJ, JörB, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PB, PHalld, PO, SigfJ, SK, SÁÓ, StJSt, TT, Þorbð, ÞBr, ÞP, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, GSv, GÍ, GL, GTh, HG, HermJ, HV, IngP, JakM, JBald.

HannJ greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (MT, PZ, PM, SE, GP) fjarstaddir. Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Sp., s. d., var till. tekin til síðari umr.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigðið leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 183).

### 3. Réttarfarslöggjöfin.

Á deildafundum 22. okt. var úthýtt frá Sp.:

Till. til þál. um skipun lögfræðinganefndar til þess að undirbúa endurbætur á réttarfarslöggjöfinni (A. 170).

Á 10. fundi í Sp., 31. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson) [öyfirl.]: Ég sé ekki ástæðu til að hafa langa framsöguræðu í þessu máli. Það er öllum kunnugt, að undanfarin ár hafa verið gerðar einstakar tilraunir um að endurbæta réttarfarslöggjöfina og dómaskipun, nú síðast af stj., sem fór með völd undanfarin tvö ár. Hún valdi einn af dómurum hæstaréttar til að gera allýtarlegar athuganir um meðferð einkamála. Hann dvaldi nokkuð lengi erlendis og mun hafa skilað lagabálki um þetta efni. Núv. stj. hefir viljað halda áfram og ekki látið sér nægja meðferð einkamála, heldur og meðferð opinberra mála og fleiri atriði, sem þar koma til greina, t. d. dómaskipun, hvort e. t. v. væri ekki rétt að koma á miðstigi milli undirréttar- og hæstaréttardóma. Virðist rétt að halda þessum rannsóknnum og athugunum áfram, og verður þá að telja eðlilegast og hagkvæmast, að það sé gert með allsherjar umbót á réttarfarslöggjöf og dómaskipun fyrir augum. Ég skal aðeins minnst á eitt atriði viðvíkjandi réttarfarinu, sem rétt þykir að rannsaka, hvort eigi væri ástæða til gagngerðrar breytingar, en það er lokun dómstólanna. Við höfum lengi búið við það form, sem nágrannaþjóðirnar eru hætta við. Við höfum í meðferð mála einskonaframsóknarréttarform, þannig, að rannsókn fer fram fyrir lokunum dyrum og almenningi og blaðamönnum eigi heimilt að fylgjast með. Ég segi ekki, að opnu dómstólarnir séu að öllu leyti gallalausir, og þar sem breytingin er komin á fyrir löngu, eru menn ekki sammála um, að sú aðferð sé skuggalaus, að láta blóðin fylgjast með rann-

sókninni og fylla hugi manna með frásögnum um það, sem þar fer fram. En á hitt er líka að lita, að lokaður rannsóknarréttur hefir sínar skuggahlíðar, og þær þjóðir, sem okkur eru skyldastar að menningu og frændsemi, hafa horfið frá því fyrirkomulagi og ekki breytt til aftur. Þá hefir það og verið deiluatríði í nágrannalöndunum, hvort heppilegt væri að hafa kviðdóm, og hjá frændum okkar Norðmönnum hefir krafan um kviðdóm verið verulegur þáttur í frelsisbaráttu fólksins. Ég geri ráð fyrir, að þingið sé því velviljað, að haldið verði áfram rannsókn- og athugunum um réttarfarslöggjöfina, og ég vænti þess, að umr. hnigi í þá átt, að þetta sé eitt af nauðsynlegustu málunum, sem að tilhlutun stj. eru lögð fyrir þingið.

Garðar Þorsteinsson [öyfirl.]: Þetta mál, sem nú er til umr., hefir áður komið inn í umr. hér í sambandi við frv. um opinberan ákæranda. Ég get tekið það fram strax, að mér er áhugamál, að sem fyrst verði reynt að bæta löggjöfina, bæði að því er snertir einkamál og opinber mál. Um nauðsyn þess geta víst allir verið sammála. En ég álit eigi síður nauðsynlegt að bæta og breyta þriðja þætti löggjafarinnar, hegningarlöggjöfinni. Ég mun væntanlega greiða atkv. með málinu út úr þinginu, þó að e. t. v. sé ekki farin hér sú bezta leið. Ég vil benda á orðalag till., þó að það sé e. t. v. komið inn af tilviljun. Þar stendur, að nefndin eigi að hefja undirbúning um gagngerðar breytingar o. s. frv. „eftir fullkomnu eru erlendum fyrirmyndum“. Það er auðvitað sjálfsgagt að hafa þessa löggjöf svo fullkomna sem kostur er á, en ég er ekki viss um, að það sé kleift okkar fátæku og fámennu þjóð að hafa hana eins fullkomna og bezt gerist erlendis, t. d. í því mikilvæga atriði að aðskilja dómsveld og framkvæmdavald. Ég veit ekki til þess, að neinn maður eða neinn flokkur sé því andvígur, að nauðsynlegar breyt. á réttarfarslöggjöfinni gangi fram sem fyrst. Er rétt að benda á, að í tíð þeirrar stj., sem fór með völd 1927—31 og hv. flm. þessarar till. átti sæti í, og einnig í stjórnartíð Ásgeirs Ásgeirssonar, 1932—33, voru greiddar talsverðar upphæðir til undirbúnings þessara mála. Hv. flm. þessarar till. skipaði í sinni stjórnartíð þá Ólaf Lárusson prófessor og Björn Þórðarson lögmann til að undirbúa þessi mál, og það mun einnig hafa verið fyrir tilstilli hans, að Þórður Eyjólfsson prófessor var fenginn til að undirbúa frv. um hegningarlöggjöfina. Ég veit ekki, hvort honum hefir verið falið sérstaklega að undirbúa réttarfarslöggjöfina, en mér heyrðist á hæstv. forsrh. um daginn, að Þórður væri þegar farinn að vinna að undirbúningi réttarfarsins í opinberum málum. (Forsrh.: Nei). Hann sagði nú samt, að unnið hefði verið að því. En það skiptir ekki miklu máli, hvort þessi maður hefir gert það eða annar, eða hvort byrjað er á þessum þætti réttarfarsins, en ég teldi æskilegt, að sami maður færi með undirbúning réttarfarsins í refsímálum og undirbúning hegningarlaganna sjálfra.

Þá vil ég láta þess getið, að mér þykir miður, að þinginu skuli ekki gefið tækifæri til að sjá lagabálk Einars Arnórssonar um meðferð einka-

## Réttarfarslögjöfin.

mála. Það getur verið, að hæstv. forsrh. liti svo á, að frv. sé eigi á þann veg, eða eigi svo vel undirbúið, að það gæti gengið óbreytt gegnum Alþingi, en það væri þá nauðsynlegt, að þingið fengi tækifæri til að athuga það og gera till. til breytinga, ef þurfa þætti. Mér heyrðist á hæstv. forsrh. um daginn og hv. flm. núna, að þeir teldu rétt að láta sem flesta lögfræðinga hafa ihlutunarrétt um undirbúning þessara mála, og virðist mér þá einkum koma þar til greina Málaflutningsmannafélag Íslands, lagadeild háskólans, hæstiréttur og e. t. v. dómarrar úti um land. Mér finnst ekki nauðsynlegt að skipa þessa nefnd til þess að taka til athugunar frv. Einars Arnórssonar. Mér virðist, að stj. hefði í þess stað átt að leggja þetta mál fyrir þingið og láta n. fá það til athugunar, þó að það yrði ekki afgr. á þessu þingi. Þá hefði og verið rétt að senda það þeim aðilum, sem ég nefndi áðan. Það er svo um þessi mál, að þau þurfa alllangan tíma til athugunar, og það er líka gott, að leikmenn hafi þar hönd í bagga, því að þeir bera fullkomlega eins gott skyn á ýmislegt, sem snertir löggjöfina, eins og lögfræðingarnir sjálfir. Við getum eflaust orðið allir sammála, ég, hæstv. forsrh. og hv. þm. S.-þ., að nauðsynlegt sé að endurskoða réttarfarslögjöfina, sem skipta má a. m. k. í þrjá þætti, meðferð einkamála, meðferð opinberra mála og hegningarlöggjöf, og að afgr. megi hvern þáttinn fyrir sig á Alþingi, hegningarlögin, meðferð opinberra mála og meðferð einkamála.

Ég get ekki séð, að nein ástæða sé til að leggjast móti því, að hver þátturinn fyrir sig sé afgr. sérstaklega. Og ég er t. d. alveg viss um, þó þessir þættir væru undirbúnir hver fyrir sig, eins og hæstv. stj. ætlast til, þá mundi það málið, sem tæki langstan tíma að afgr. á Alþingi, verða hegningarlögin. Nú vill svo til, að einn þáttur réttarfarslögjafarinnar er í sæmlegu lagi, það er undirbúningur mála í hæstarétti. Það hefir komið fram hér á Alþ. frv. til l. um opinberan ákæranda, sem er einn þátturinn í undirbúningi mála fyrir hæstarétti. Nú virðist mér, að hæstv. stj. og hennar flokkar hefðu getað tekið vel í þetta mál, svo þessi þáttur réttarfarslögjafarinnar hefði verið afgr. Ég skal ekki vekja deilur um þetta, en það fór ekki svo, því meiri hl. allshn. hefir flutt rökst. dagskrá um að visa frv. frá. Minni hl. allshn. hefir sent þetta frv. til ýmsra aðila, m. a. til lagadeildar háskólans, sem svaraði á þá leið, að vel mætti afgr. málið sérstaklega og ekki væri ástæða til að tvínna saman við aðrar umbætur á réttarfarslögjöfinni, af því þetta væri alveg sérstakt mál. Undir þessa umsögn lagadeildar háskólans hafa ritað allir þrjú prófessorarnir, Bjarni Benediktsson, Ólafur Lárusson og Þórður Eyjólfsson, sem er sá maður, sem er fenginn af ríkisstj. til að undirbúa refsilöggjöfina. Með þessu áliti benda þeir á, að það er ekki afstaða, sem tekin hefir verið í þessu máli af meiri hl. allshn., að samtvinna þurfi allar umbætur á réttarfarslögjöfinni. Ég býst við, að hæstv. forsrh. samsinni því, að lagavit þessara þriggja prófessora sé sambærilegt við lagakunnáttu hans og mína til samans, og því var fyllilega réttmætt að afgr. þetta mál

sérstaklega. Það er alveg eins með meðferð einkamála, um það má afgr. sérstaklega; má vera, að vissar greinar rekist á ákvæði í löggjöf um aðra þætti, en engin ástæða er þess vegna að samtvinna undirbúning allrar lögjafarinnar, því vel má breyta fyrri greinum í samræmi við þær síðari, þegar til samþykktar kemur; þar er um væntanleg fyrirkomulagsatriði að ræða, en öll höfuðatriðin er hægt að afgreiða sérstaklega.

Ég hefði nú kosið, að fyrsti flm. þessarar þáttill., hv. þm. S.-þ., hefði gefið Alþingi nokkrar upplýsingar um, hver kostnaður er orðinn við undirbúning þessara mála; hann er áreiðanlega orðinn allverulegur. Ég hefi nú ætlað mér að afla þeirra upplýsinga á annan veg, og fengið þær, en ekki nákvæmar, en ég get nú komið að því nánar við síðari umr. En ég væri þakklátur hv. þm., ef hann gæfi þessar upplýsingar.

Ég er viss um, að hægt er að spara þennan kostnað allmikið. Þar sem fyrir liggur frv. Einars Arnórssonar hæstaréttarforseta, mætti spara þessa þrjá lögfræðinga, eða láta þá vinna að því endurgjaldslaust. Ég veit, að það mál er svo vel undirbúið, að allir aðilar mundu glaðir athuga frv. og gera sínar tillögur án borgunar, og hjá því verður ekki komið að senda þessum mönnum málið til umsagnar hvort sem er, og væri það hezt gert sem fyrst.

Hv. þm. S.-þ. kom ekki inn á neitt atriði, nema hvort dómstólarnir ættu að vera opinir. Það þarf ekki að tefja fyrir afgreiðslu þessa máls, en ég vil benda á það, að einkamál í héraði eru þegar rekin fyrir opnum dýrum, bæði heima í héraði og fyrir hæstarétti. Það er því ótímabært að fara inn á atriði nú, er snerta þessi mál. Ég segi þó, að út af fyrir sig er ég ósamþykkur því, að frv. Einars Arnórssonar færi nú til þriggja manna nefndar. Ég vildi fremur, að það yrði lagt fyrir þingið nú og gengi rétta bodleið. Ég legg mikið upp úr því, að þessum málum sé hraðað, og mun því greiða þessari till. atkv.

En ég vildi taka þetta fram, að ég tel óþarft að skipa í þetta launaða nefnd, og tel, að forsrh. hafi borið skylda til að koma með frv. Einars Arnórssonar inn á þing og láta þingheim kynnst því og síðan ganga rétta bodleið.

## ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. visað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sp., 21. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 170, n. 448, 466).

**Frsm. (Magnús Guðmundsson):** Ég þarf ekki að tala langt mál fyrir þessari till., því fjvn. er sammála um að mæla með því, að hún verði samþ., þó með dálitlum viðauka, sem prentaður er á þskj. 448, þeim, að aftan við fyrri málsgr. bætist: að svo miklu leyti sem fært þykir vegna kostnaðar. — Í till. stendur, að undirbúa skuli gagngerðar breyt. og endurbætur á réttarfarslögjöf landsins, í einkamálum og opinberum málum, eftir fullkomnu erlendum fyrirmynd-

## Réttarfarslögjöfin.

um. N. taldi, að hér væri fullsterkt að orði kveðið og ekki víst, að þinar fullkornustu erlendu fyrirmyndir væru viðuráðanlegar okkur kostnaðarins vegna. Þess vegna varð það að samkomulagi að bæta aftan við gr. orðum þeim, sem tilfærð eru á þskj. 448. — Annars er það gleðilegt, að allir þingflokkar virðast vera sammála um nauðsynina á því að endurskoða réttarfarslögjöfina, og það er reyndar nú þegar byrjað á því að því er einkamál snertir, með því að Einar Arnórsson hæstaréttardómari hefir samið ýtarlegt frv. um meðferð einkamála, og geri ég ráð fyrir, að það muni á sínum tíma verða að l., með eða án breyt. En ég er sannfærður um, að þau grundvallaratriði, sem þar er gert ráð fyrir, eru einmitt þau, sem eiga við hér á landi. Í till. er gert ráð fyrir því, að dómsmrh. skipi nú þegar nefnd þriggja lögfræðinga til þess að undirbúa þessar breyt. á réttarfarslögjöfinni, og fer árangurinn auðvitað mjög eftir því, hversu vel ráðh. tekst að skipa menn í n., og vildi ég megra vona, að hann sæi sér fært að skipa Einar Arnórsson hæstaréttardómara einn af þessum þremur. Ég segi þetta fyrir mig persónulega, en ekki í nafni n., því hann er sá maður, sem ég treysti best allra íslenskra lögfræðinga til þess að leysa þetta starf af hendi. Ég skal þó geta þess, að mér dettur ekki í hug að fara fram á neinar yfirlýsingar hæstv. ráðh. um þetta efni, en ég vildi bara skjóta þessu fram sem mínu álit og margra annara, geri ég ráð fyrir.

En svo er hér brtt. á þskj. 466, frá hv. 11. landsk., um það, að jafnframt verði tekin til endurskoðunar lögjöfin um landsdóm. Þessi till. hefir ekki verið borin undir álit fjvn., svo ég get ekki talað um hana fyrir n. hönd. En af því að ég býst ekki við að þurfa að standa hér upp aftur, skal ég strax taka það fram, að ég fyrir mitt leyti sé ekkert á móti því, að þessi till. verði samb. og tekin verði einnig til athugunar sú lögjöf, sem nú gildir um landsdóm. Ég hefi alltaf álitnið þá lögjöf þýðingarlitla og aldrei séð, hvers vegna ráðh. eigi ekki að dæmast, ef til kemur, af venjulegum dómstólum, og ég hefi tekið eftir því, að í Danmörku, þar sem gert er ráð fyrir að breyta stjórnarskránni, er stungið upp á því af stj., að afbrot ráðh. verði dæmd af hinum almennu dómstólum.

Ég vil svo vona, að þessi till. verði samb. og ennfremur, að hún beri góðan árangur og að ekki líði langur tími þangað til við getum fengið réttarfarslögjöf, sem segja má, að uppfylli a. m. k. í aðalatriðunum þær kröfur, sem gera verður eftir nútímaskoðunum um slíka lögjöf.

**Gunnar Thoroddsen:** Réttarfarslögjöf okkar Íslendinga er orðin úrelt. Meginþættir hennar eru frá síðari hluta 17. aldar og fyrri hluta 18. aldar. Það er því gleðilegt, að fram skuli vera komin till., sem allir eru sammála um, að því er virðist, um að skipa n. til þess að endurskoða þessa lögjöf. — Ég skal ekki fara að ræða þetta mál almennt, en vænti þess, að till. nái samb. og að skipun þessarar n. af hendi dómsmrh. taki svo vel, að góður árangur verði af.

Hinsvegar á ég hér brtt. á þskj. 466, sem ég vildi fara um nokkrum orðum. Hún er á þá leið,

að þessari n. verði jafnframt falið að endurskoða lögjöfina um landsdóm. Nú kynni sumum að virðast, að þessi lögjöf heyrði undir almenna endurskoðun réttarfarslögjafar landsins, en svo er þó í raun og veru ekki, því lögjöfin um landsdóm tilheyrir annari grein lögfræðinnar, stjórnlagafraedinni. Þess vegna þótti mér tryggara að taka þetta sérstaklega fram.

Um nauðsynina á því að endurskoða landsdómslögjöfina held ég, að ekki þurfi að fara mörgum orðum. — Þegar við fengum innlenda stj. árið 1904, voru upp úr því sett l. um sérstakan dómstól, sem skyldi dæma um mál, sem höfðuð væru gegn ráðh. út af afbrotum í embættisrekstri. Lög þessi eru nr. 11 frá 20. okt. 1905. Þessi dómstóll fékk nafnið landsdómur, og er hann skipaður þannig, að í honum eiga sæti 6 sjálfkjörnir lögfræðingar, hæstar.dómararnir 3 og 3 elztu embættismenn, sem sitja í lögfræðiemhættum, og auk þess ýmsir menn, sem kjörnir eru af sýslunefndum og hæjarstjórnun úti um land, og eru þeir að tölu 72. Af þeim tilnefnir Ed. Alp. 24, er skuli vikja. Þá eru eftir 48 menn. Forseti Sp. tekur svo með hlutkesti helminginn af þessum mönnum, og er þeim skipað í landsdóm ásamt hinum 6 sjálfkjörnu lögfræðingum. En þessir 30 menn koma ekki allir til með að dæma, því helmingnum á að ryðja úr dómnum, 8 af hendi sækjanda og 7 af hendi ákærða. Þá eru 15 menn eftir, sem sitja í dómnum. En til þess að dómur verði felldur yfir ráðh., þurfa ¾ hlutar dómenda að vera samþykkir þeim dómi.

Það leið ekki á löngu eftir að landsdómslögjöfin var sett, að raddir tóku að heyrast um það, að þetta fyrirkomulag væri óhafandi. Er megingallinn talinn sá, að nær óhugsandi sé, að ráðh. verði nokkurntíma dæmdur af þessum dómstóli eins og hann er saman settur. Fyrst og fremst má gera ráð fyrir því, að kosning þessara 72 manna muni, eins og stjórnmalunum er komið nú, verða pólitísk. Ef maður gerir ráð fyrir, að af þessum 72 mönnum væru nokkurn veginn helmingur fylgismenn ráðh. og helmingur andstæðingar, þá ættu þau hlutföll ekki að raskast við ruðninguna í Ed. með hlutfallskosningu. En þegar forseti Sp. tekur með hlutkesti helminginn af þeim mönnum, sem þá eru eftir, og þeir eiga að skipa dómnum, er séð, að hann er einungis skipaður af handahófi. Það getur jafnvel farið svo, að eftir sitji í dómnum einungis ákveðnir fylgismenn ráðh., og þó einhverjir kynnu að vera eftir í dómnum, sem væru honum andstæðir, þá er tryggt með ruðningarheimild ákærða, að hann gæti holað þeim í burt. Það er því vegna þessara ákvæða um hlutkesti forseta Sp. og ruðningu ákærða, að ótryggt er, að nokkurn tíma fáist dómur yfir ráðh. — L. um landsdóm hafa ekki verið endurskoðuð síðan 1905, en gerð var á þeim smábreyt. 1914, sem ekki skiptir miklu máli. En það hefir sýnt sig, að allir aðilar telja lögjöfina um þennan dómstól mjög óheppilega og óhafandi. Stjórnarvöldin sjálf hafa ekki farið eftir þessari lögjöf, því á síðustu árum hefir ekki farið fram kosning í landsdóm, eftir því sem ég veit best. Almennigur í landinu telur landsdóminn pappirsgagn, sem hver ráðh. getur hlegið að og litilsvirt, og Alp. sjálft hefir ekki

Réttarfarslöggjöfin. — Ábyrgð á láni fyrir Hafnarfjörð.

tekið meira tillit til þessa dómstóls heldur en svo, að aldrei hefir komið fram till. á þingi um að kalla þennan dómstól saman, þó að óneitanlega hafi oftast en einu sinni verið full ástæða til þess.

Ég held, að ekki þurfi að vera ágreiningur um það og ekki flokksmál, að nauðsynlegt sé að endurskoða þessa löggjöf. Við athugun á því, hvernig koma eigi þessum málum fyrir, ber að líta á það, hvernig þessum dómstól er fyrir komið í öðrum löndum. Sumstaðar er það þannig, að það er æðsti dómstóll ríkisins, sem dæmir þessi mál. Þannig er það t. d. í Belgíu og Hollandi. Annarsstaðar er það Ed. þinganna, t. d. í Englandi og Frakklandi, og á öðrum stöðum aftur Ed. og hæstiréttur, sem ganga saman til þess að dæma þessi mál. Ég skal ekki á þessu stigi málsins láta neitt uppi um það, hvaða skipun ég teldi heppilegasta í þessum efnum. Hv. frsm. fjv. hefir látið í ljós þá skoðun sína, að hann teldi venjulega dómstóla heppilegasta. Þetta hefir nokkuð til síns máls. Hinsvegar má fara rök fyrir því, að vegna þess að mál gegn ráðh. vilja verða meira pólitísk heldur en gegn öðrum mönnum, sé ástæða til að tryggja betur pólitíska þekkingu í dómstólum.

Vænti ég fastlega, að þessi litla brtt. nái samþ. hv. Alp.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég vil þakka hv. Alp., hve vel það hefir tekið þessu máli. Það má segja, að allir séu á einu máli um nauðsyn þessarar till. Umr., sem farið hafa fram, gefa enga sérstaka ástæðu til orðlenginga um málið frá minni hendi. Ég skal þó aðeins geta þess, að þau orð, sem fallið hafa um það, að taka ákvæðna menn í n., get ekki tekið undir á þann hátt, að fara að gefa hér neina yfirlýsingu í því sambandi, eins og hv. l. þm. Skagf. kvaðst heldur ekki vænta. En hinsvegar tel ég mann eins og Einar Arnórsson hæstaréttardómara mjög vel fallinn til að inna slíkt starf af hendi.

Viðvíkjandi till., sem hér liggur fyrir um það, að einnig verði tekin til athugunar ákvæðin um landsdóm, þá tel ég enga ástæðu til að vera því mótfallinn, heldur þvert á móti. Það gæti verið vafamál, hvort landsdómurinn hefði fallið undir þessa till. óbreytta, og það er rétt fram tekið hjá hv. 11. landsk., að landsdómurinn er fremur talinn heyra undir þá grein lögfræðinnar, sem fjallar um stjórnarfar, en réttarfars- og refsilöggjöfina. Löggjöfin um landsdóm er mjög úrelt. Í nágrannalöndunum, t. d. Danmörku, hefir verið í gildi ekki ósvipuð löggjöf í hálfan annan mannsaldur, en ekki verið framkvæmd nema þrisvar sinnum, og talið vafamál, hversu framkvæmanleg hún reyndist í þeim tilfellum, og nú talin gersamlega úrelt. Ég hefi því ekkert við það að athuga, þótt þessi brtt. verði samþ., en mér virtist, eins og hæstv. forseti benti á, að ef báðar brtt., sem fyrir liggja, verða samþ., þá verði hálfklaufalegt orðalag á till. Væri því rétt að athuga, hvort ekki væri hægt að laga þetta þannig, að ekki yrði mjög leiðinlegt fyrirkomulag á till. sjálfri, þótt báðar brtt. yrðu samþ.

Ég sé ekkert á móti því, að brtt. á þskj. 448 verði samþ. og rannsóknin verði framkvæmd og

miðuð við fjárhagslega getu til verksins, en sé ekki ástæða til að fjölyrða um málið að sínu.

**Gunnar Thoroddsen:** Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir, hve vel hann tók brtt. minni. En út af þeim orðum hans, að till. yrði klaufalega orðuð, ef brtt. yrðu báðar samþ., þá finnst mér það ekki vera. Ég tel, að brtt. fjv. ætti að koma á undan minni brtt., og mín því aftan við hana. Enda er það í samræmi við það, að mín till. er seinna fram komin. Að þessu athuguðu fæ ég ekki séð, að till. verði illa orðuð.

ATKVGR.

Brtt. 448 samþ. með 36 shlj. atkv.

— 466 samþ. með 35 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 347).

#### 4. Ábyrgð á láni fyrir Hafnarfjörð.

Á 11. fundi í Sp., 21. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka ábyrgð á láni fyrir Hafnarfjarðarkaupstað (A. 535).

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

**Flm. (Emil Jónsson):** Á síðastl. sumri leitaði bæjarsjóður Hafnarfjarðar fyrir sér um útvegum á láni, með það fyrir augum að greiða upp og safna á einn stað lausaskuldum, sem bæjarsjóður hafði stofnað til hingað og þangað með fremur óhagstæðum kjörum. Á sama tíma leitaði byggingarsjóður verkamanna fyrir sér um lán til verkamannabústaða, og fékk loforð um lán hjá ensku félagi, Pearl Assurance Co. Ltd., í London. Nú er, eins og hv. alpm. vita, heimild til þess samkv. l. um verkamannabústaði, að ríkið ábyrgist þessi lán, en þetta sama félag ætlaði einnig að veita bæjarsjóði lán, og vildi veita lánið einungis í einu lagi, og með ríkisábyrgð. Í álitu meiri hl. hv. fjv., sem nú liggur fyrir, er mælt með þessari ábyrgð, og hygg ég, að ekki hafi verið mikill ágreiningur um það í n., eftir því sem ég bezt veit. Orsökun til þess, að Hafnarfjarður þarfnast nú þessa láns, er fyrst og fremst sú, að bæjarsjóður Hafnarfjarðar hefir, eins og bæjarsjóðir annara kaupstaða, orðið að vera lánsstofnun fyrir þau sveitarfélög, sem ekki hafa getað greitt með sínum þurfalögum, sem dvalið hafa þar. Þetta er sama sagan og alstaðar annarsstaðar, að þeir, sem raunverulega hafa átt að inna af höndum þessar greiðslur, hafa ekki getað það og orðið að safna skuldum. Innvið eign bæjarsjóðs Hafnarfjarðar nemur nokkuð á annað hundr. þús. kr. hjá öðrum sveitarfélögum. Þetta er ærin ástæða til þess, að ríkið hjálpi bæjarsjóði til þess að koma málunum í rétt horf. Enda hefir bæjarsjóðurinn aldrei áður leitað til ríkissjóðs um nokkra ábyrgð, mér vitanlega, eða a. m. k. ekki fengið. Aftur á móti munu flestir

Ábyrgð á láni fyrir Hafnarfjörð.

aðrir kaupstaðir hafa gengið lengra eða skemmra á þá braut. Að þetta er borið fram í þálformi, kemur til af því, að byggingarsjóðurinn treysti því, að lánið yrði, samkv. gefnu loforði, veitt og byrjað á byggingunum. Liggur því meir á þessu en ella myndi, og er því borin fram till. til þál. þessu viðvíkjandi.

Ég vil geta þess, að efnislega er hér í raun og veru ekki um neina breyt. Að ræða, aðra en þá, að bæjarsjóður verður nú aðili gagnvart lánardrottni, enda till. þess vegna fram borin.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sp., 23. nóv., var till. tekin til síðari umr.

**Sigurður Kristjánsson:** Það er dálítið nýstárlegt, að Alþ. ætlar að fara að taka ábyrgð á láni, sem ekki er ætlað til neins sérstaks fyrirtækis. En ég geri ráð fyrir því, að þörfin sé svo mikil á þessu láni, að flestir hv. þm. séu þegar búnir að ákveða sig í því að vilja hjálpa í þessu tilfelli. En ég álit, að þegar eitt bæjarfélag hefir orðið fyrir því óláni að komast í svona erfiðar fjárhagsástæður og leitar til þingsins um hjálp, — ekki til þess að leggja í arðvænleg fyrirtæki, heldur til þess að brúa skuldafenið, borga gamlar lausaskuldir, sem eru háskalegar hverju bæjarfélagi —, þá sé gálauslegt, að ekki sé nefnt neitt í þá átt, að setja verði ríkinu tryggingar. Tryggingar þarna liggja ekki í neinu fyrirtæki, sem féð á að fara til. — Í fjárl. yfirstandandi árs er heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast fyrir Vestmannaeyjakaupstað 100 þús. kr. lán, en þar stendur: „gegu fullri tryggingu“. Vil ég því leggja fram skrifl. brtt. um það, að áskildar séu fullar tryggingar fyrir ábyrgð þessari.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 574) leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

**Flm. (Emil Jónsson):** Það eru aðeins örfá orð út af brtt., sem hér liggur fyrir, og þeim orðum, sem hv. 6. þm. Reykv. lét falla í þessu sambandi. Hann sagði, að þetta lán væri ekki ætlað til neins sérstaks fyrirtækis, og er það út af fyrir sig rétt. En ég vil í því sambandi benda á, að Hafnarfjarðarbær hefir stofnað til stórfelldari fyrirtækja en nokkrir aðrir kaupstaðir hafa gert, og það án aðstoðar ríkissjóðs. Bærinn hefir hafid útgerð, keypt 2 togara og komið upp fiskverkunarstöð án þess að nokkur ábyrgð væri fyrir hendi frá ríkissjóði. Það er rétt, að þetta lán fer til þess að greiða lausar ósamningsbundnar skuldir, og að farið er fram á ábyrgð ríkissjóðs, er einvörðungu vegna þess, að með því móti er hægt að fá betri vaxtakjör en annars mundi vera hægt. Þetta er ekki fordæmislaust, þar sem Vestmannaeyjakaupstaður hefir fengið samskonar ábyrgð fyrir skömmu síðan. Það, sem brtt. fer fram á — að setja tryggingu fyrir láninu —, er

alveg sjálfsagt, og mér hefir ekki dottið í hug að fara fram á, að slík ábyrgð yrði veitt tryggingarlaust, enda er hægt að setja nægar tryggingar, sem að mínum dómi a. m. k. eru vel hæfar, og ég vona, að ríkisstj. geti einnig metið þær gildar. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en get lýst því yfir, að ég fellst á þessa brtt.

**Jónas Jónsson:** Ég skal aðeins geta þess, að fjvn. hefir komið sér saman um að setja skilyrði um það, að ríkisstj. taki þær fyllstu tryggingar, sem völ er á og hún teldi viðunanlegar.

**Thor Thors:** Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. S.-þ., hvaða skilyrði það eru, sem hv. fjvn. ætlar að koma fram með þessu máli viðvíkjandi. Að ég spyr, er af þeirri ástæðu, að mér hefir verið falið að flytja samskonar beiðni og þessa fyrir mitt kjördæmi.

**Jónas Jónsson:** Fjvn. hefir ekki séð ástæðu til þess að fara að telja hér upp, hvað sé fullgild ábyrgð. Það verður að vera á valdi stj. að ákveða um það, enda hefir hún framkvæmdavaldið. N. og væntanlega allt Alþ. er sammála um það, að fullgildar tryggingar verði að setja fyrir láninu.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég vil einungis taka undir það hjá hv. þm. Hafnf., að sjálfsagt er, að fullar tryggingar séu settar fyrir láninu, og þykir mér gott að heyra, að þannig hefir málið verið hugsað frá upphafi, en ég taldi rétt, að það stæði sem skilyrði fyrir ábyrgðinni. Ég vænti, að allir skilji, að á því er höfuðmunur, þegar bæjarfélag kemur til Alþ. með slíka ábyrgðarbeiðni fyrir byggingarfyrirtæki, og byggingarnar síðan settar að veði, heldur en þegar beiðni er um ábyrgð til þess að greiða gamlar lausaskuldir. Og hvað snertir útgerðarfyrirtækið, sem hv. þm. minntist á, þá er ekkert veð í því fyrir þessari skuld, því að eftir því, sem ég bezt veit, er þegararúterðin svo hlaðin skuldum, að engin leið er til þess, að hún fái risið undir nokkurri viðbót. Annars er engin ástæða til þrætu út af þessu máli frekar. Allir hv. alþm. eru sammála um, að fullar tryggingar beri að setja.

**Thor Thors:** Þessi till. til þál. um ríkisábyrgð virðist eiga alm. vinsældum að fagna hér í þinginu, og hefi ég fyrir mitt leyti ekkert við það að athuga og mun greiða till. atkv. En ég vildi einungis mælast til þess, að nokkuð svipuð ábyrgðarheimild fyrir ríkisstj., sem mér hefir verið falið að héra hér fram fyrir Stykkishólum, vegna rafveitu, ætti sömu vinsældum að fagna. Þetta er ákaflega áriðandi fyrir Stykkishólum, vegna hins nýja sjúkrahúss, sem þar er reist og bráðlega tekur til starfa.

ATKVGR.

Brtt. 574 samþ. með 32 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 578).

Ábyrgð á láni fyrir Vestmannaeyjar.

## 5. Ábyrgð á láni fyrir Vestmannaeyjar.

Á 15. fundi í Sp., 29. nóv., var útbýtt:

**Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka ábyrgð á láni fyrir Vestmannaeyjakaupstað** (A. 607).

Á sama fundi leitaði forseti afbrigða frá þingsköpum, samkv. ósk flm., til þess að bæta till. á dagskrá fundarins og taka hana þegar til meðferðar. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv., og till. samkv. því tekin til fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

**Flm. (Jóhann Jósefsson):** Þessi till. er flutt vegna þess, að lánsheimild sú, er nota átti í þessu skyni og stendur í fjárl. fyrir yfirstandandi ár, 22. gr., kom formlega ekki að notum, því að lánveitandi krefst þess, að ábyrgðarheimildin sé tiltekin í sterlingspundum, en heimildin í fjárl. er miðuð við 100 þús. kr. ábyrgð. Það er því nauðsynlegt að breyta forminu á þessu, og hefi ég því horið þessa till. fram í samráði við hæstv. fjmrh. Við samþ. þessarar till. fellur náttúrlega niður heimildin í 22. gr.

Ég mun koma með skrifl. brtt. við þáttill., þess efnis, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast lánið gegn fullum tryggingum.

Þá hefir mér verið bent á, að vissara sé að fella niður niðurlag gr., og mun ég líka koma með brtt. um það.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil mæla með því, að þessi till. verði samþ. Sömu leiðis vil ég taka undir það, að bezt sé að fella niður síðustu setninguna. Hinsvegar vil ég lýsa yfir því, að ég mun ekki nota heimildina í 22. gr. fjárl. ef þessi till. verður samþ.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.

**Forseti (JBald):** Það er ósk hv. þm. Vestm., að þessi till. verði afgr. samstundis á öðrum fundi. Geri ég ráð fyrir, að þá komi til atkv. þær brtt., er hv. þm. gat um.

Á 16. fundi í Sp., s. d., var till. tekin til síðari umr.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

**Flm. (Jóhann Jósefsson):** Í samræmi við það, sem ég sagði við fyrri umr., ber ég þessa till. fram, í samráði við hæstv. fjmrh.

Ég hefi afhent hæstv. forseta skrifl. brtt. um, að á eftir orðinu „lán“ komi „gegn fullum tryggingum“. Ennfremur till. um, að niðurlagsorð gr. („enda ... ekki notuð“) falli niður.

Vona ég, að hv. d. fallist á þetta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 622, I) leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

**Pétur Magnússon:** Ég er ekki viss um, að rétt sé að setja þetta skilyrði í tillgr. Ég get hugsað mér, að lánveitendur krefjist till. skilyrðislausrar, því að dæmi eru til þess, að slíkum skilyrðum hefir verið mótmælt. Ég er ekki á móti því, að trygging sé sett fyrir láninu, heldur álit ég nægilegt, að ráðh. gefi yfirlýsingu um þetta.

**Emil Jónsson:** Þegar lánið til Hafnarfjarðarkaupstaðar var hér til umr., var þetta skilyrði sett í heimildina, sem hér er rætt um. Kom mér ekki til hugar, að þetta gæti orðið málinu til trafala.

**Forseti (JBald):** Ég vil benda hv. þm. Vestm. á það, að eðlilegra væri, að fyrri brtt. kæmi inn á eftir orðinu „ábyrgjast“.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af ræðu hv. 2. þm. Rang. vil ég segja það, að ég geri ráð fyrir því, að þeir, sem þessi lán veita, leggi aðallega upp úr ríkisábyrgðinni, en minna upp úr því, hvaða tryggingar ríkið hefir. Ég held því, að það komi ekki til mála, að þessu verði mótmælt, en ef svo færi, er fljótgeri að taka í einu lagi Hafnarfjarðartill. og þessa og lagfæra þær, ef reynslan sýnir, að þess sé þörf, því að þessar lántökur munu fara fram næstu daga.

**Flm. (Jóhann Jósefsson):** Það er aðeins til þess að lagfæra orðalag brtt. Ég vil lýsa yfir því, að ég hefi breytt henni svo, að orðin „gegn fullum tryggingum“ komi á eftir orðinu „ábyrgjast“.

**Magnús Guðmundsson:** Ég vildi aðeins segja það, að það má komast hjá þeirri hættu, sem hér hefir verið nefnd, með því að setja í till. „gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar“. Ef hv. þm. Vestm. vill breyta till. í þessa átt, þá er hér engin hættu á ferðum. Mig minnti, að þetta væri svo orðað í Hafnarfjarðartill. Þetta orðalag er nægilegt til þess að sýna, að lánveitandinn viti, að það er ríkisstj., sem metur tryggingarnar, en aðrir ekki.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er eðlilegast, að þetta sé orðað eins og hv. fyrri þm. Skagf. talaði um. Þetta mun líka hafa verið venja, þar til út af því var brugðið með Vestmannaeyjakaupstað í síðasta fjárlagafrv. Ég get því vel fallist á þetta, og má þá vanta þess, get ég hinsvegar vel fallist á að breyta till. í þá átt, er hv. 1. þm. Skagf. benti á. Virðist þá rétt, að till. Hafnarfjarðarkaupstaðar sé einnig breytt í þessa átt.

**Flm. (Jóhann Jósefsson):** Ég skal lýsa yfir því, að það var vegna samræmis við till. Hafnarfjarðarkaupstaðar, að ég þar brtt. mína fram. Eftir að hafa heyrt leiðbeiningar hv. 1. þm. Skagf. og yfirlýsingar hæstv. ráðh., get ég hinsvegar vel fallist á að breyta till. í þá átt, er hv. 1. þm. Skagf. benti á. Virðist þá rétt, að till. Hafnarfjarðarkaupstaðar sé einnig breytt í þessa átt.

**Emil Jónsson:** Ég vil benda á það, að þessi tvö lán, er hér er um að ræða, munu verða tek-

Ábyrgð á láni fyrir Vestmannaeyjar. — Vistarskóli fyrir vanheil börn og unglinga.

in um sama leyti hjá sama lánveitanda. Ef orðalaginu á till. Vestmannaeyjakaupstaðar verður breytt, er því enn meiri ástæða til þess að ætla, að aths. verði gerðar. Ég vil því, meðan ekki er séð, hvort þetta kemur að sök, leggja til, að till. verði eins orðuð og till. Hafnarfjarðarkaupstaðar og hv. þm. Vestm. ætlaðist upphaflega til.

**Forseti (JBald):** Hv. þm. Vestm. hefir tekið aftur fyrri brtt. sína og lagt fram aðra þess efnis, að á eftir orðinu „ábyrgjast“ komi: gegn þeim tryggingum, er ríkisstj. metur gildar.

**Gísli Sveinsson:** Ég sé engan mun á því í raun og veru, hvort málið er afgr. á þennan hátt eða með orðalaginu: „gegn tryggingum, sem stj. metur gildar“. Ég veit ekki með vissu, hvers vegna var horfið frá því orðalagi í fyrra í 22. gr. fjárl. og sett í stað þess „gegn fullum tryggingum“. Ég gæti þó hugsað mér, að tilætlunin hefði verið að láta stj. hafa aðhald, vegna þess að svo hefði þótt, sem stundum hefði brugðið út af því, að stj. hefði tekið fullar tryggingar. En auðvitað er það stj., sem verður að meta tryggingarnar, hvort orðalagið sem notað er, og gagnvart erlendu lánveitendunum hefir þetta enga þýðingu. En ég vil þó leggja til, að orðalaginu „gegn fullum tryggingum“ sé haldið, því að í því felst nokkurt aðhald, sem ég tel, að ekki muni af veita.

**Forseti (JBald):** Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. þm. Hafnf.:

„Tillöggreininna skal orða svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. vegna ríkissjóðs að ábyrgjast, gegn fullum tryggingum, £ 5000 — fimm þúsund sterlingspunda — lán, sem bæjarsjóður Vestmannaeyja hefir fengið loforð fyrir hjá The Pearl Assurance Company Ltd., London“.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 622, II) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 622, II samþ. með 30 shlj. atkv.

— 622, I. 1—2 komu ekki til atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 623).

## 6. Vistarskóli fyrir vanheil börn og unglinga.

Á 21. fundi í Ed., 25. okt., var útbýtt:

Till til þál. um vistarskóla fyrir vanheil börn og unglinga (A. 199).

Á 23. fundi í Ed., 27. okt., var till. tekin til meðferðar, hvornig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Ed., 30. okt., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Guðrún Lárusdóttir):** Ég hefi borizt fram þessa till. með þörf þeirra fyrir augum, sem hér

er um að ræða. Ég ætla í stuttu máli að leyfa mér að telja upp það, sem hefir verið gert af hálfu hins opinbera fyrir daufdumba, blinda, fatlaða og málhalta.

Síðan árið 1872 hefir heyrnar- og málleysingjum verið séð fyrir kennslu og þeir verið kostaðir í skóla, sem rikið rekur. Í yfirstandandi fjárlögum eru ætlaðar 35 þús. kr. til skólans. Skóla þennan sækja árlega 24—25 menn, og er það ekki óverulegur styrkur, sem þessu fólki er ætlaður. Er auðvitað gott til þess að vita, að því sé sem bezt borgið. Til Blindravinafélags Íslands eru áætlaðar 3500 kr. í fjárlögum, og auk þess eru lánuð 10 viðtæki handa blindum fátæklingum. Blindravinafélagið er ungt félag, stofnað 24. jan. árið 1932, og varð til með þeim hætti, er nú skal greina:

Haustið 1931 var haldinn presta- og sóknar-nefudafundur, en þeir fundir hafa verið haldnir hér árlega á hverju hausti hin næstu undanfandi ár. Inn á þennan fund kom maður úr fjarlægum héraði ásamt syni sínum, 9 vetra gömlum dreng, blindum. Maður þessi var í lækniiserindum fyrir drenginn, en fékk þann dóm hjá augnlækni, að ekki væri hægt að hjálpa honum. Eitt af verkefnum fundarins var að ræða um blindrahjálp. Þótti það því eftirtektarvert, er leitt var inn í fundarsalinn blint barn, og munu allmargir fundarmenn hafa litit á það sem sérstaka áminningu um að ganga í lið með þeim mönnum, sem höfðu áhuga fyrir málefnum blindra. Það verður sjálfsgat mörgum minnisstæð þessi stund í hátíðarsal Elliheimplisins, en þar stóð fundurinn; og fyrir utan riflega fjárgjöf til blindra drengsins þarna á fundinum bundust fundarmenn þá þegar samtökum. Var kosin n. til þess að undirbúa blindramálin yfirleitt. Og á tillögum og álit þessarar n. byggðist stofnun Blindravinafélagsins. Alþ. hefir sýnt það í verkinu, að það vill einnig styðja málefni blindra. Þótt fjárhæðin til félagsins sé ekki há, er hún samt sýnilegur vottur þess.

Um tölu blindra í landinu verður ekki sagt með vissu, sízt barnanna. Í skýrslum frá 1932 (Heilbrigðisskýrslum) er þeirra ekki minnzt sérstaklega, enða vantar skýrslur úr stórum héruðum. En við blindraskólann eru nú 4 börn, auk einnar ungrar stúlku, sem áður hefir stundað nám ytra. Þar að auki er forstöðumanni blindraskólans kunnugt um stöku menn blinda, sem eru á hálfgerðu hjarni eins og stendur. Er það til áminningar um, hve bjargarvana hinir blindu eru og hjálparþurfa. Kennslan, sem þeir njóta við blindraskólann, bæði bókleg og verkleg, kemur þeim vitanlega að góðu gagni, en svo bezt þó, að fyrir þeim sé séð um vinnu og aðhlyningu, er af skólanum kemur. Þorsteinn Bjarnason, form. skólans, hefir sýnt lofsverðan áhuga fyrir málefnum blindra, og er enginn maður hérlandis kunnugri háttum þeirra og kjörum. En hann hefir getið um það við mig, að áfram verði að halda ótrauðlega, ef málefnum blindra eigi að verða komið í það horf, sem æskilegt er. Og hann telur brýna þörf á því, að ríkisstj. taki að sér málstað hinna blindu, svo sem þessi till. til þál. gerir ráð fyrir.

Fyrir fatlaða menn hefir það verið gert, að um



Vistarskóli fyrir vanheil börn og unglina.

nokkur ár — frá 1928 að ég hyggt — hefir ríkissjóður veitt fjárstyrk til útvegunar gervilima. Hefir Halldór Arnórsson gervilimasmiður sagt mér, að þann styrk hafi notað fjölmennur hópur og að sú hjálpi hafi orðið til þess, að mörgum manningum, sem ella hefði orðið ófært að bjarga sér, hafi tekizt að sjá sér og sínum farborða.

Í öllum menningarlöndum er lögð áherzla á það, að fatlaðir menn læri einhverja handið, til þess að geta með því haft ofan af fyrir sér. Lömunarveikin, sem geisad hefir ekki alls fyrir löngu í Danmörku og Svíþjóð, hefir ýtt mjög undir þessa starfsemi í þeim löndum. Og í stríðslöndunum, þar sem fólkið varð að horfa á hermennina koma margvíslega fatlaða úr ofríðnum mikla, komust menn fljótt á þá skoðun, að ekki væri nægilegt að veita þeim mánaðarlegan styrk, heldur skyldi reynt að hjálpa þeim til einhverrar vinnu. Við erum svo lánsöm hér á Íslandi, að þurfa aldrei að taka á móti sonum þjóðarinnar sundurflakandi úr ógnum ofríðarins, en þó er hér talsvert fatlaðra manna, sem mál er komið til að gert sé eitthvað fyrir. Þessi fötlun er ýmist meðfædd eða afleiðing af sjúkdómi eða slysum. En hvernig sem hún er til komin, er alltaf brýn þörf á hjálp. Því er það, að ég ber þessa þáttill. fram, um skólaheimili handa slíku fólki, og gert er ráð fyrir, að þar verði búið svo í haginn fyrir það, að þegar skólatímin sé úti, geti það unnið fyrir sér að einhverju leyti. Við þekkjum vist öll einhver ungmenni, sem laskazt hafa svo, að þau hafa enga möguleika til þess að bjarga sér. Í flestum tilfellum biður þeirra ekkert annað en spítala- eða hælsvist. Ég vil vekja athygli hv. dm. á því, að stöku sinnum hefir Reykjavíkurbær kostað unglina, sem svo var ástatt fyrir, til náms, og hefir það alltaf gefizt vel. Nú er meiningin með þessari þáttill. minni að fela stj. að undirbúa fyrir næsta þing löggjöf um þessi mál. Það var mjög gleðilegt að heyra hæstv. atvmrh. lýsa því yfir, að þegar væri hafinn undirbúningur að slíkri löggjöf, og gæti mönnum virzt till. mín óþörf eftir þá yfirlýsingu. En ég get ekki séð, að samþ. hennar væri til annars en góðs eins og styddi aðeins fyrirætlun stj. um það, að leysa þessi mál á næsta þingi. Með því að samþ. till. minna leggja hv. þdm. sitt lóf á vogarskálina til þess að svo geti orðið.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Í hv. Nd. var nýlega til umr. þáttill., þar sem skorað var á stj. að skipa millþingan., sem undirbyggi fyrir næsta þing löggjöf um opinberar tryggingar og opinbera forsjá. Ég veit ekki, hvernig sú till. verður afgr., og geri það því að till. minni, að þessari þáttill. verði vísað til allshn. og umr. frestað. Með því móti væri hægt að afgr. hana í samræmi við þessa till. úr Nd., og færi vel á því.

**ATKVGR.**

Till. vísað til allshn. með 10 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 52., 53. og 54. fundi í Ed., 4., 5. og 6. des., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Alpt. 1934. D. (48. löggjafarþing).

Á 56. fundi í Ed., 8. des., var fram haldið einni umr. um till. (A. 199, n. 585).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Eins og sjá má á nál. allshn. á þskj. 585, þá er n. meðmælt þessari till. En hún telur rétt, að till. verði gerð nokkru viðtækari, af þeim ástæðum, sem greindar eru í nál. Jafnhliða till. þessari hafði n. til athugunar annað skylt mál, frv. um fávítahæli. Hvað mál þessi snertir, þá komst hún að þeirri niðurstöðu, að réttast væri að þau yrðu athuguð milli þinga, og vill því sameina þau í eina þál. hæði. Ég mun ekki fara langt út í efni þessarar þáttill. eða frv. N. kannast við, að hæði málin þurfi úrlausnar og að þau séu bæði vandasöm og sennilegt, að þau muni koma til með að kosta ríkissjóð mikið fé, a. m. k. sú hlið málsins, sem snýr að fávítunum. N. viðurkennir einnig, að hefjast þurfi handa um aðgerðir í þessum málum báðum. Þess vegna telur hún réttara, að þau séu bæði athuguð um leið, og ef hægt væri hrundið í framkvæmd, þó ekki væri nema að einhverju leyti.

Hvað snertir fávítahælið út af fyrir sig, þá telur nefndin, að það myndi ekki koma að notum, þó að samþ. yrðu lög um það, meðan ekki er fyrir hendi fjárframlag til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Auk þess telur n., að það fyrsta, sem þurfi að gera, sé að semja heildarlög um það, hverjum beri að sjá fyrir þessum aumingjum. — Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, því eins og ég hefi tekið fram, þá tekur n. báðum þessum málum vinsamlega, og vil ég því fyrir hennar hönd leggja til, að brtt. á þskj. 585 verði samþ.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég skal játa, að hv. allshn. hefir sýnt málum þessum mikinn skilning, eins og sjá má á dagskrártill. hennar á þskj. 585, þar sem hún vill láta rannsaka þau. Hinsvegar virðist mér ekki hægt að blanda saman þessum tveimur óskyldu málum, þáttill. um vistarskóla fyrir vanheil börn og unglina og frv. um fávítahæli. Þar, sem þessum málum er lengst komið, hefir ekki verið byrjað á því að semja um þau löggjöf, heldur hafa einstaklingar hafizt handa um að koma slíkum hælum upp, en svo hafa ríkin aftur tekið að sér að styrkja þau. Í Danmörku eru þessi mál komin svo langt, að nær öll slík hæli eru rekin á ríkisins kostnað. Það er ekki fyrr en þessi mál eru komin á slíkan rekspól hér, að tækilegt er að fara að semja um þau heildarlöggjöf.

Það er lítið, sem gert hefir verið fyrir fávíta hér á landi. Þó skal þess getið, sem gert er. Þáttill. minni í þinglok 1933 var vísað til stj., og þar þann árangur, að stj. gaf með 5 fávítum, 40 kr. með hverjum, í 8—10 mán. Þessir fávítar dvöldu að Sólheimum í Grímsnesi, eina fávítahælinu, sem ennþá er til hér á landi. Þessi styrkur kom sér vel, án hans hefðu þessi 5 börn ekki notið hælsvistar, sem þeim er þó öllum brýn þörf á.

Í frv. minnu um stofnun fávítahælis, sem ég ber nú fram, er ráðgert, að með lögum sé tryggður slíkur styrkur til fávíta á viðurkennd fávítahæli. Verði frv. ekki samþ., er engin heimild til, sem tryggi fávítum dvalarkostnað á hælum,

hversu brýn sem þörfin er, og hún er oft æði-brýn. Það kæmi sér því mjög illa, ef þessi styrkur félli niður, og hann fellur niður, ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að taka hann upp aftur. Nú er ég ekki að halda því fram, að það sé hægt efnumna vegna að rjúka til og byggja svo og svo stórt hæli fyrir fávíta, heldur, eins og skýrt er tekið fram í frv., eftir því sem efni leyfa.

En viðvikjandi þessari þáttill, sem ég verð að halda mér við, að sé fyrst og fremst um vistarskóla fyrir vanheil börn og unglínga, þá álit ég, að það sé rannsóknarefni, að hve miklu leyti unnt sé að sameina þessa skóla fyrir þennan flokk barna, en samt verð ég að segja það, að reynsln ein muni bezt leiða það í ljós. Reynsln höfum við enga enþá, en þau blindu börn, sem eru að nokkru leyti á vegum ríkissjóðs, kosta mikið fé, og hygg ég því, að praktískast sé að sameina þetta að miklu leyti, blátt áfram barnanna vegna. Ég sem sagt felli mig vel við þetta og greiði því atkv. mitt, en ég áskil mér rétt til þess að bera fram brtt. við till. n., sem sé þá, að þessari rannsókn sé flýtt, með því að taka fram, að árangurinn verði lagður fyrir næsta þing. — Það má enginn taka þessi orð mín þannig, að ég mæli á móti því, að undirbúin verði löggjöf um forsjá fávíta, en ég fæ ekki séð, hvernig það getur komið í staðinn fyrir að samþ. frv. um stofnun hælisins. Ég held, að þó þetta frv. mitt um byggingu fávítahælis verði samþ. eins og það liggur fyrir, þá hafi það enga hættu í för með sér, því það er skýrt tekið fram í frv., að það skuli vera gert eftir því sem efni leyfa. — Ég ætla þá að biðja hæstv. forseta að taka við þessari brtt. minni, sem hljóðar svo, að við till. n. bætist orðin: og leggja árangur þeirra rannsókna fyrir næsta Alb.

Nú kann sumum að þykja það stuttur tími til 15. marz, er næsta Alb. kemur saman, en ég ætla, að það sé nægur tími, þar sem þetta ætti ekki að vera mjög seinlegt verk. Við höfum þegar dálitla reynsln í þessum efnum hvað snertir daufdumb og blind börn. Gagnvart fötludum og málhöltum börnum er dálítið öðru máli að gegna, vegna þess að litlar skýrslur eru til um þau. En ég hygg þó, að það þyrfti ekki að tefja málið, ef af kappi væri að því gengið. Það þyrfti ekki annað en að landlæknir fengi héraðslæknun í hendur, hverjum í sínu héraði, að rannsaka fólk í þessu ástandi og gefa um það skýrslur. — Viðvikjandi fatlaða fólkinu vildi ég sérstaklega benda á það, að æskilegt væri, að eitthvað væri gert fyrir það, því margt af þessu fólki er alveg heilbriggt til sálarrinnar og gæti ýmislegt lært, en getur ekki sökum líkamsvanburða sinna gengið að venjulegri vinnu. Og þegar ég bar fram þessa þáttill, hafði ég sérstaklega þetta fólk í huga, sem er margt til í landinu. Maður sér þess sorglegar afleiðingar á fullorðnu fötludum fólki, hversu litil rækt hefir verið lögð við það í uppvextinum; því hefir ekkert verið kennt, sem það hefði getað haft ofan af fyrir sér með, og þeirra einasta athvarf verður oftast nær að þiggja af sveit, sem það tekur sér oft mjög nærri. Þetta er því málefni, sem þarf sérstaklega að taka til athugunar.

Mér þykir vænt um, að n. litur á þetta sömu

augum og ég, og vona, að d. sjái sér fært að samþ. þessa viðbótartill. mína, sem einungis miðar í þá átt að reka dálítið á eftir þessu máli.

**Forseti (EÁrna):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 585, þess efnis, að aftan við till. bætist: „og leggja árangur þeirra rannsókna fyrir næsta Alþingi“.

Till. er skrifleg og þarf því afbrigða til þess að hún megi komast að.

**ATKVGR.**

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 726) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Ég þarf mjög litlu að svara hv. 5. landsk., en ég vildi aðeins taka það fram f. h. n., að það er langur vegur frá því, að n. vilji blanda þessum tveim málum saman. Henni er það fyllilega ljóst, að þau verða að vera aðskilin, en hún leit þannig á, að þó í sömu till. fælist það að leggja fyrir stj. að rannsaka þessi mál, þá væri málunum ekki þar með blandað saman, enda er till. þannig orðuð, að það kemur skýrt fram, að hér sé um 2 sérstök mál að ræða.

Að því er snertir brtt. hv. 5. landsk. vil ég taka það fram, að ég fyrir mitt leyti hefji ekkert á móti því, að hún verði samþ., því eins og hv. þm. talaði fyrir henni, þá er hún einungis fram komin til þess að reka á eftir málinu. En hinsvegar leit n. svo á, að það væri með öllu óvíst, að þessari rannsókn gæti verið lokið fyrir næsta Alb., en að svo miklu leyti sem rannsóknin verður framkvæmd, mun hún verða lögð fyrir næsta þing.

**Guðrún Lárusdóttir:** Það kann að vera, að ég hafi misskilið hv. frsm., vegna þess, að ég heyrði ekki nema litlið af því, sem hann sagði, þar sem svo mikill ys og þys var í d. Það gleður mig, að n. skuli lita þannig á málið, og ég skil því, að frv. til l. um fávítahæli hafi fullan rétt á sér enn til þess að takast til umr. hér í d. En mér skildist af því, sem ég heyrði hjá hv. frsm., að þessi undirbúningur löggjafar um forsjá fávíta ætti að koma í staðinn fyrir frv. Vegna þess að ég skildi hv. frsm. svona, hagaði ég orðum mínum á þann veg, sem ég gerði. Ég vil undirstrika þetta, að úr því að form. n. hefir lýst því yfir, að hér sé ekki um það að ræða að afgr. þessi 2 mál með þessari brtt., þá skilst mér, að frv. til l. um fávítahæli sé enn í fullu gildi og megi koma til umr. hér í d.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Mér þykir leitt, að hv. 5. landsk. skuli misskilja mig hvað eftir annað. Það getur verið, að það stafi af því, hvað mér liggur lágt rómur. En það, sem ég vildi skýra, var þetta, að með þessari brtt. vill n. alls ekki blanda þessum 2 málum saman. Þó að ráð sé fyrir gert, að þau séu bæði rannsökuð, þá er það meinnig n., að þau séu sérstök mál hvert út af fyrir sig. Hitt var rétt skilið hjá hv. 5. landsk., að n. ætlast til, að með þessari till. sé afgr. málið um fávítahæli, enda sjá allir, að till. þer það sjálf með sér. En þar fyrir var það alls ekki meining n. að blanda þessum 2 málum saman.

**Pétur Magnússon:** Ég sé ekki betur en það liggir í hlutarins eðli, að ómögulegt er að vísa frá öðru máli með till., sem borin er fram í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir. En n. þótti heppilegt að koma inn í þessa till. áskorun um að rannsaka þetta mál líka, en þar fyrir stendur opið að samþ. frv.

#### ATKVGGR.

Brtt. 726 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 585, svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 727).

### 7. Verndun einkaleyfa.

Á deildafundum 26. okt. var útbýtt frá Sp.:

Till. til þál. um verndun einkaleyfa og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða fyrir útvegum þeirra (A. 210).

Á 10. fundi í Sp., 31. okt., var till. tekin til fyrri umr.

**Flm. (Emil Jónsson):** Ég býst ekki við að þurfa að tala langt mál fyrir þessari þátttölu. Það er ekki flokksmál. Það var samþ. í einu hljóði á fundi iðnn. Nd., að nefndarmenn allir skyldu bera fram þessa þátttölu.

Till. fer fram á, að fyllt sé í eyðu, sem telja má, að sé í l. um einkaleyfi frá 1923, þar sem þau l. fjalla eingöngu um réttindi hér á landi fyrir þá, sem einkaleyfi fá á uppgötunum sínum. Í sambandi við tilsvarendi lög frá erlendum ríkjum eru gerðir milliríkjasamningar milli fleiri ríkja, þar sem þeim, er fá einkaleyfi í einu ríki, eru tryggð réttindi í hinum öðrum ríkjum, sem standa að samningunum. Í l. frá 1923 eru engar ráðstafanir gerðar í þessu efni. Það er því tilgangur þessarar till., að það verði athugað, hvort ekki sé fært að bæta úr þessu. Eins og ég sagði hafa önnur lönd samninga sín á milli um þetta mál. Mér er ekki vel kunnugt um það, út á hvað þeir milliríkjasamningar ganga í einstökum atvöðum, en höfuðatriðin eru þessi, að þegar sótt er um og veitt er einkaleyfi í einu landi, þá eru hagsmunir leyfishafa verndaðir í hinum öðrum löndum, sem eru í samningasambandinu, um einhvern ákveðinn tíma. Ég veit um 3 samninga, sem gerðir hafa verið milli ríkja um þetta efni. Hinn fyrsti var gerður fyrir síðustu aldamót, en hinn síðasti um 1911. Með þessum samningum er uppfyndingamönnum gefinn kostur á að prófa uppfyndingar sínar í praksis án þess að þurfa að sækja um einkaleyfi fyrir þær í öllum þeim löndum, þar sem þær gætu komið til greina. En það getur verið mikil ástæða til að gera tilraunir með, hvernig uppgötvanir reynast, áður en kostað er upp á að taka einkaleyfi fyrir þær alstaðar þar, sem þær gætu komið að notum. Því þó þær geti verið góðar teoretískt skoðað, þá er ekki víst, að þær séu eins góðar í praksis, og þess vegna er ekki gott að leggja í þær mikið

fé strax. Eins og nú er ástatt um þessi mál hér á landi, þá þarf sá, sem vill fá einkaleyfi á uppgötun sinni, að sækja um það leyfi í öllum þeim löndum, þar sem til mála getur komið, að uppgötunin yrði notuð, því annars getur hver sem er í þeim löndum tekið uppgötunina og farið með hana sem sína eign, af því okkar land er ekki þátttakandi í milliríkjasamningum um þetta efni.

Ég veit til þess, að nokkrir menn hér á landi hafa gert talsvert þýðingarmiklar uppgötvanir, sem þeir ýmist hafa ekki treyst sér til að koma á framfæri, eða þá að þeir hafa farið aðra leið, sem raunar er mjög óviðkunnaleg. Þeir hafa fengið fyrir sig mann í öðru landi, sem var þátttakandi í milliríkjasamningum, til þess að koma uppgötuninni á framfæri, og það undir sínu nafni, eða m. ö. o. fengið mann til að leppa fyrir sig uppgötunina. Þessi aðferð er mjög leiðinleg, og ætti að vera fyrir löngu húð að losa menn við að þurfa að nota hana.

Mér er ekki ljóst, hvers vegna ekki hafa verið sett ákvæði í l. frá 1923 um að leita eftir því, að ríkið gengi inn í samninga um uppgötvanir við önnur ríki. Ég sé, að rætt hefir verið um þetta þá í sambandi við lögin, en ekki er ljóst, af hvaða ástæðum hefir verið látið við svo húð sitja.

Fyrri hluti þátttölu fer í þá átt að fela ríkisstj. að rannsaka möguleikana fyrir okkur til að taka þátt í þessum milliríkjasamningum, og ef það reynist fært og okkur hagkvæmt, þá að gera ráðstafanir til þess, að Ísl. gangi inn í samningana.

Nú er það svo, að hér á landi eru til menn, sem eiga uppgötvanir og gjarnan vilja koma þeim á framfæri. Þess vegna er í síðari hluta till. lagt til, að stj. fái heimild til að hjálpa þessum mönnum, meðan á því stendur, að Ísland er að komast inn í samningana, ef álitid er af sérfróðum mönnum, að uppgötunin sé þess virði. Það kostar frá 300 til 400 kr. í hverju landi að fá einkaleyfi á einni uppgötun, og eru það fastir, sem hafa efni á því að leggja í þann kostnað. Það getur því haft afgerandi þýðingu í þessu efni, að stj. styrki þá menn, sem ekki eru þess ukomnir að koma sjálfir uppgötunum sínum á framfæri. Þess vegna eru þau fyrir mæli sett í seinni hluta till., sem ég hefi nú talað um.

Ég vil ennfremur geta þess, að vel getur komið fyrir, að hér komi fram, einkum frá iðnaðarmönnum, ýmsar merkilegar uppgötvanir, eins og komið hafa fram annarsstaðar á Norðurlöndum, og vaxa líkurnar fyrir því jafnframt því sem iðnaður vex í landinu. Lög um þetta er ekki hægt að setja að gagni, nema með samningum við aðrar þjóðir; annars getur hver sem er í útöndum hlaupið inn í uppgötvanirnar, þó verndaðar séu með l. hér á landi.

Yfirleitt er illa séð fyrir hagsmunum okkar erlendis í þessum efnum, en með vaxandi teknískri menntun má gera ráð fyrir því, að hæglega geti einhverjir nýir hlutir komið fram hjá okkur í þessum efnum, sem nokkurs virði eru. Þess vegna vil ég mælast til þess við hv. þdm., að þeir taki mál þetta til vingjarnlegrar athugunar og athugi, hvort ekki muni rétt vera, ef hægt er, að landið gangi inn í milliríkjasamninga þá, sem ég hefi nú rætt um.

Verndun einkaleyfa. — Vegarstæði um Lágheiði.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JG, JJ, MG, ÓTh, PHerM, Pð, PO, SigfJ, SE, SK, SÁÓ, StJst, TT, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GP, GG, GÍ, GL, GTh, HG, HV, IngP, JakM, JónP, JBald.

Sextán þm. (JörB, MJ, EÁrna, Gsv, HannJ, HermJ, JJós, JAJ, JÓI, MT, PZ, PHalld, PM, Þorbð, ÞBr, ÞP) fjarstaddir.

Till. vísað til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sp., 10. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 210, n. 687).

**Frsm. (Jónas Guðmundsson):** Fjvn. hefir haft þáttill. þessa til athugunar og leggur til, að tillgr. verði samþykkt nokkuð breytt. Ástæðan til þess, að n. leggur þetta til, er sú, að hún telur ekki vera hægt að segja um það að órannsókuðu máli, hvaða kostnaður muni geta orðið af því fyrir ríkissjóð að taka yfir á sig að styrkja menn til kaupa á einkaleyfum fyrir uppgötvanir sínar erlendis meðan rannsókn sú stendur yfir, sem fara á fram samkv. fyrri málsgr. tillgr. N. er kunnugt um, að hér liggja fyrir 5—6 nýjar uppfyndingar, sem ef til vill muni verða sótt um verndun á. N. vill því leggja fyrir stj. að afla sér upplýsinga um kostnað vegna þessara hluta fyrir næsta þing, og telur rétt, að þá sé tekið upp í fjárl. eithvert fjárframlag í þessu skyni. — Að síðustu vil ég taka það fram, að n. er því samþykkt, að Ísland verði þátttakandi í milliríkjasamningum um verndun einkaleyfa og að greitt verði fyrir þessum mönnum eins og föng eru til. Vænti ég svo, að Alþingi vilji afgr. þessa till. eins og n. leggur til.

**Emil Jónsson:** Ég þakka hv. fjvn. fyrir það, að hún hefir tekið vel undir aðalefni till., sem er óneitanlega það, að Ísland taki þátt í milliríkjasamningum um verndun einkaleyfa. Hinu atriðinu, að ríkissjóður hjálpi þessum uppfyndingamönnum, sem flestir eru bláfátækir menn, á meðan þetta millibilsástand varir, hefir n. ekki séð sér fært að mæla með.

Hv. 6. landsk. sagði, að það væri erfitt að gera sér grein fyrir því, hve mikil útgjöld myndu verða af þessu fyrir ríkissjóð. Þetta er ekki svo erfitt sem hv. þm. hyggur. Mér er t. d. kunnugt um, að hvert einkaleyfi kostar ekki nema 1000—1200 kr., og yrðu útgjöldin því 5—6 þús. ef fengið væri einkaleyfi fyrir allar þær nýju uppgötvanir, sem nú eru kunnar hér, en nú er alls ekki víst, að svo verði, því að það er engin víska fyrir því, að Verkfræðingafélag Íslands mæli með þeim öllum. Er því tæplega hægt að óttast, að ríkissjóður hljóti stórar byrðar vegna þessara hluta.

Þar sem nú hér eiga í hlut sárfátækir menn, sem húnir eru að vinna að þessum uppgötvanum sínum í fleiri ár og eyða öllu sínu fé í það, þá trúi ég ekki öðru en að Alþingi sjái sér fært að taka síðari hluta till. til greina líka, og samþ. hana því eins og hún liggur fyrir á þskj. 210.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég tek undir það með hv. þm. Hafnf., að þar sem íslenzkum uppfyndingamönnum hefir ekki ennþá verið tryggður sá réttur, sem slíkum mönnum er tryggður erlendis, þá sé sjálfsagt, að ríkissjóður hlaupi undir bagga með þeim, þar til Ísland hefir gert milliríkjasamninga um verndun einkaleyfa. Mér er kunnugt um, að hér eiga í hlut fátækir menn, sem er með öllu ókleift að tryggja sér sérleyfi fyrir uppgötvanir sínar í öðrum löndum. Ef Verkfræðingafélag Íslands telur uppfyndingarnar þess verðar, að fengið sé á þeim einkaleyfi, þá finnst mér arið hart aðgöngu, að neita stj. um heimild til þess að styrkja viðkomandi menn til að afla sér einkaleyfanna. Mér skildist á hv. frsm., að hann vildi að fyrri hluti till. héldi sér, en að síðari hlutinn yrði felldur niður, enda þótt ekki geti þar orðið um mikla fjárhæð að ræða. Ég fyrir mitt leyti tel sjálfsagt, að till. haldi sér eins og hún er á þskj. 210, því að ef það verður ofan á, að íslenzkir uppfyndingamenn fái síðar sama rétt og uppfyndingamenn annara landa, þá fæ ég ekki annað séð en að rétt sé að hjálpa þeim strax, og attu till. Verkfræðingafélags Íslands að vera samileg trygging fyrir því, að þær einar uppgötvanir væru styrktar, sem styrks væru verðar.

**Frsm. (Jónas Guðmundsson):** Það má ekki skilja orð mín svo, að fjvn. sé mótfallin till., heldur vill hún, að þetta sé rannsakad, svo það liggi fyrir, hver kostnaður geti af þessu orðið, og við viljum, að stj. líti með velvilja til þessara manna meðan á rannsókninni stendur, ef þeir þurfa að tryggja uppfyndingar sínar.

ATKVGR.

Brtt. 687,1 samþ. með 26:13 atkv.

— 687,2 samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 740).

## 8. Vegarstæði um Lágheiði.

Á 55. fundi í Ed., 7. des., var útbýtt:

**Till. til þál. um rannsókn á vegarstæði um Lágheiði** (A. 702).

Á 57. fundi í Ed., 10. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 58. fundi í Ed., 11. des., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Einar Árnason):** Ég þarf ekki að fylgja þessari litlu þáttill. úr hlaði með mörgum orðum. Ástæðan til þess, að við flm. berum hana fram, er sú, að við teljum nauðsynlegt að rannsaka, hvernig heppilegt er að koma Ólafsfirði í vegarsamband við aðrar sveitir. Því er þannig háttað, að Ólafsfjörður hefir engar samgöngur á landi við nærliggjandi sveitir, nema eftir ó-

merkilegum götuslóðum. Ólafsfjörður gengur inn í fjallgarðinn vestan við Eyjafjörð, og eru þar hrikaleg og illkleif fjöll á milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar. En inn úr botni fjarðarinnar liggur eina leiðin, sem hugsanleg er til umferðar vestur á við, áleiðis til Fljóta í Skagafirði. Á þessari leið er heiði, sem nefnist Lágheiði. Hún er til-  
tölulega lág og brattalítill og álitin góð til vegarlagningar. En þar er enginn vegur, nema troðningar fyrir hesta og gangandi menn. Þetta er áreiðanlega eina leiðin, sem hægt er að fara til þess að koma á samsamlegu greiðfærum vegi milli Ólafsfjarðar og Fljóta í Skagafirði. Ólafsfjörður er allstórt þorp. Þar er útgerð í blóma og verzlun og atvinna í allgöðu gengi. Þess vegna yrði vegarsamband þarna á milli þessara héraða, Ólafsfjarðar og Fljóta, til mikils gagns á allan hátt, bæði fyrir Ólafsfjörð og sveitirnar vestan heiðarinnar, sérstaklega í verzlunarviðskiptum. Ólafsfjörður kemst einnig í samband við Siglufjörð á þennan hátt landleiðis, þegar vegur er kominn úr Fljótum yfir Siglufjarðarskarð. Má þá segja, að héruðin — Fljótin og Stífla — hafi fengið verzlunarstaði á báðar hendur, þar sem eru Ólafsfjörður og Siglufjörður. — Nú er í þáttinu. aðeins farið fram á, að stj. láti rannsaka þetta vegarstæði yfir Lágheiði og gera áætlun um, hvað kostar að leggja akveg yfir hana. Sjálfur hefi ég ekki farið yfir þessa heiði, en ég hygg, eftir sögu kunnugra manna, sem hafa athugað þetta, að það muni ekki vera mjög dýrt. En það kemur náttúrulega í ljós á sinum tíma, enda er það ekki beinlínis viðkomandi þessari till., því að hér er ekki um neitt fjárframlag að ræða til vegarbyggingar.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þd. taki þessari till. vel og vilji stuðla að því, að þessi rannsókn fari fram. Einnig geri ég ráð fyrir, að hæstv. stj. sjái sér fært að láta athuga og rannsaka þessa leið á næsta sumri, svo að hægt sé að hefja vegarlagningu inn eftir Ólafsfjarðarsveitinni, áleiðis til Lágheiðar, þegar á næsta hausti. Þar er nú þegar kominn alllangur vegarkaffli, en það þarf að bæta nokkru við hann, áður en talizt getur bilfært að Lágheiðarskarði. — Ég þarf ekki að fara um þetta fleiri orðum, en vænti góðra undirtekta og stuðnings hv. þdm. við þetta mál.

**Magnús Jónsson:** Ég ætla ekki að amast við þessari þáttill., en langar til að heina einni fyrirspurn til hv. flm. Mér hefir verið sagt af kunnugum manni, að vegamálastj. sé þegar búinn að láta rannsaka þetta vegarstæði og að það liggji fyrir skoðunar- og álitserð um það. Ef svo skyldi vera, þá er náttúrulega ekki mikil ástæða til þess að samþ. þessa þáttill. — Það var aðeins þetta, sem ég vildi spyrja um.

**Flm. (Einar Árnason):** Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. skal ég geta þess, að ég hefi heyrt þetta sama, að það hafi farið þarna um áður einhver maður frá vegamálastjóra einhverntíma. En mér er ekki kunnugt um, að mælingar eða áætlanir hafi verið gerðar um þessa vegarlagningu. Vegurinn er alllangur, fyrst og fremst yfir heiðina, og svo út í Stíflu í Fljótum. Ef svo væri,

að þessi athugun hefði áður farið fram, þá er hér náttúrulega ekki um mikið verk að ræða. En mér er ekki kunnugt um, að þetta verk hafi verið unnið til nokkurrar hlítar, og veit ekki, hvort hæstv. stj. getur upplýst það. En það er a. m. k. ekki mikil áhætta að samþ. þessa till. og ætti ekki að spilla neinu. Ef till. verður hinsvegar felld, þá verð ég að lita svo á, að hv. þd. telji óþarft, að verið sé að reka á eftir þessu máli.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afrgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 766).

## 9. Sildarafurðasala í Danmörku.

Á 20. fundi í Sp., 10. des., var útbýtt:

Till. til þál. um sölu á íslenskum afurðum í Danmörku (A. 721).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23. fundi í Sp., 15. des., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Jón Baldvinsson):** Í dansk-íslenskri ráðgjafarnefnd hefir á seinni árum nokkuð verið rætt um verzlunarviðskipti milli Íslands og Danmerkur. Viðskiptin milli þessara landa hafa verið á þá lund, að við höfum keypt miklu meira frá Danmörku en Danir hafa keypt af okkur. Þetta stafar m. a. af því, að Danir framleiða að nokkru leyti sömu vörur og við, sérstaklega að því er snertir landbúnaðarvörur. Hefir því verið erfitt að koma inn á danskan markað nokkru að ráði af landbúnaðarvörum. Þó hefir jafnan verið selt þar dálítið af þeim.

Árið 1930 fluttu Íslendingar frá Danmörku vörur fyrir 20 millj. króna, en til Danmerkur aðeins vörur fyrir 2,5 millj. króna. Í sambandi við þetta ber þess að geta, að þetta ár var mikill innflutningur hér. 1931 er innflutningurinn frá Danmörku hingað 13 millj. króna, en útflutt héðan þangað fyrir svipað og árið áður, eða um 2,6 millj. króna. Árið 1932 er svo innflutningurinn fyrir 8,6 millj., en útflutt héðan fyrir 2,6 millj.

Fyrir árið 1933 eru engar skýrslur komnar frá hagstofunni um þetta efni, svo ekki er hægt að vita um tölurnar fyrir það ár. Aftur hefi ég fengið úr annari átt tölur fyrir árið 1934, og samkv. þeim er búið að kaupa vörur hingað frá Danmörku 1. nóv. síðastl. fyrir 9 millj. króna, eða fyrir nokkru hærri fjárhæð en flutt var inn þaðan allt árið 1932. Um útflutninginn héðan er ekki hægt að fá upplýst ennþá, því að svo seint gengur að safna skýrslum um það efni.

Nú væri það mjög æskilegt að halda áfram við-

skiptum við Danmörku, eins og vitanlega við öll nágrannalönd okkar, en til þess þurfum við að geta selt vörur okkar þangað. Það væri vitanlega æskilegast, að þær þjóðir, sem við verzlum við, og við kaupum meira af en þær kaupa af okkur, gætu gefið okkur ávisun á innflutning t. d. til Spánar, Portúgals eða Ítalíu, ef viðskiptajöfnuður þeirra við þau lönd leyfði það. En takist slíkt ekki, verður að auka sölu á íslenskum afurðum í þeim löndum, er við höfum hagstæðan viðskiptajöfnuð hjá. Það ber brýn nauðsyn til þess fyrir okkur, með sívaxandi framleiðslu á sjávarafurðum, svo sem er um sildarmjöl og sildarlýsi, að komast inn á nýja markaði, og í raun og veru lýtur till. þessi að því. Hún er flutt af mönnum úr öllum flokkum þingsins, svo tæplega getur orðið ágreiningur um hana.

Hér er um mikilsvægt mál að ræða, því að það er mikilvægt fyrir okkur að geta selt þær vörur, sem við framleiðum, á öruggum markaði. Það má vera, að eins og sakir standa nú, þá sé nægilegur markaður fyrir sildarmjöl og sildarlýsi, sem till. ræðir um að auka sölu á til Danmerkur, en það er ekki víst, að svo verði í framtíðinni, þegar verksmiðjunum fjölgar og framleiðslan eykst að sama skapi. Öð og Danir eru góðir kaupendur. Viðskipti milli þeirra og Íslendinga eru líka mjög auðveld, bæði sökum góðra samgangna milli landanna og langrar viðkyrningar. Það, sem þeir ættu helzt að geta keypt af okkur, er sildarmjöl og sildarlýsi. Um þetta hefir töluvert verið rætt í dansk-íslensku ráðgjafarnefndinni, og hefir þá komið í ljós, að töluverðir örðugleikar eru á því að koma sildarmjölinu inn á danskan markað. Íslendingar selja þessar vörur út í stórum sendingum og kosta kapps um, eins og skiljanlegt er, að losna sem allra fyrst við framleiðsluna, til þess að þurfa eigi að liggja lengi með þirgðir af vörum.

En þetta þarf að vera á annan veg. Þegar vinna á upp nýjan markað, þá þarf jafnan að vera fyrirliggjandi dálítið af þeirri vöru, sem vinna á markaðinn fyrir, svo hægt sé að koma henni út smátt og smátt. Þannig haga Norðmenn t. d. sölu á sildarmjöli á dönskum markaði. Íslendingar hafa, eins og áður segir, frekar kosið að selja þessar vörur í sem allra stærstum sendingum og þar, sem þeir fá þær greiddar gegn farm-skirteinum, heldur en að taka á sig nokkra áhættu bæði í rýrnun og breyttu verðlagi, sem af því leiddi að hafa vöruna liggjandi langan tíma til þess að vinna að sölu á nýjum markaði.

Ég hefi dálítið kynnt mér möguleika á sölu á sildarmjöli í Danmörku, og í því skyni átt tal við danska kaupmenn, sem þessum málum eru kunnugir, og við ýmsa menn úr samvinnufélögunum dönsku, en þau eru aðalkaupendur á fódurvörum þar í landi, og hafa allir verið á einu máli um það, að það væri eina leiðin til þess að vinna markað fyrir sildarmjölið í Danmörku að hafa dálítið af því þar fyrirliggjandi, og vera stöðugt að bjóða það fram. Eins og kunnugt er, þá hafi Danir mjög mikinn búpening, og virðist því, að þeir myndu geta keypt af okkur mjög mikið af þessari vörutegund, þegar þeir á annað borð væru komnir upp á lag með að nota hana. Að visu kaupa þeir ógrynni af fódurvörum frá

Rússlandi og Póllandi, og má vera, að þær séu stundum eitthvað ódýrari en þessar fódurvörur okkar, en það út af fyrir sig ætti ekki að vera því til fyrirstöðu, að þeir keyptu af okkur nokkuð mikið af sildarmjöli, þar sem þeir kaupa dálítið af því nú, þó að það sé ekki frá Íslandi.

Þó að við færum nú að heimta, að Danir keyptu sildarmjölið af okkur í stórum stíl, þá er ég hræddur um, að það gengi ekki, því dönsku samvinnufélögin myndu ekki vilja leggja út í það að taka stórar þirgðir í einu og liggja svo jafnvel með þær um lengri tíma. Bezta ráðið verður því það, að senda smásendingar, eins og venja er til þegar verið er að vinna upp nýja markaði fyrir einhverja vörutegund, og hafa vöruna fyrirliggjandi, þó að það hafi nokkra fjárhagslega áhættu í för með sér.

Skal ég svo ekki hafa þessi orð mín öllu fleiri, en vænti þess, að hæstv. ríkisstj. taki til greina það, sem í till. segir, verði hún samþ., og beini því til stjórnar sildarbræðslustöðva ríkisins að koma á fastri sölu á sildarmjöli til Danmerkur, og fara þá leið, sem ég hefi bent hér á.

**Atvrmh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég tel sjálfsgagt, ef þál. þessi verður samþ., að leggja fyrir stjórn sildarbræðsluverksmiðjanna að gera það, sem í till. segir. Jafnframt skal ég taka það fram, að ég tel, að það gæti orðið okkur til hagsbóta á ýmsan hátt, ef hægt yrði að tryggja okkur fastan markað fyrir þessa framleiðsluvöru okkar í Danmörku.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afrg. sem ályktun Alþingis (A. 841).

## 10. Öldubjóturinn í Bolungavík.

Á 61. fundi í Ed., 14. des., var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn á skemmdum á öldubjótunum í Bolungavík (A. 803).

Á 62. fundi í Ed., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 63. fundi í Ed., 17. des., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Jón Auðunn Jónsson):** Ég hefi leyft mér að bera þessa till. fram til þess að það verði rannsakað fyrir næsta þing, hve mikil brögð eru að skemmdum þeim, sem urðu á öldubjótunum í Bolungavík í síðastl. októbermánuði. — Nokkur lýsing á skemmdunum hefir þegar horizt vitamálaskrifstofunni, en hún telur þær ekki nægilega ábyggilegar til þess að hægt sé út frá því að áætla, á hvern hátt eða hvað það myndi kosta að gera við skemmdirnar. Þó hefir lausleg áætlun verið gerð, og hljóðar hún upp á allt að 40 þús. kr. Þessa rannsókn þarf að framkvæma fyrir

næsta þing, því að hv. fjvn. hefir ekki séð sér fært að mæla með fjárveitingu í þessu skyni fyrr en fyrir liggja upplýsingar í málinu, meiri en nú eru, og hefir mér því þótt rétt að fá þessar skemmdir rannsakaðar. Það, sem till. ætlast til, má framkvæma strax eftir áramótin, ef hittist á sæmilegt veður. Á Ísafirði er kafari og kafaraumbúnaður, ef til þess kæmi, að athuga þyrfti eitthvað, sem er niðri í sjó.

**Jónas Jónsson:** Ég vil aðeins bæta því við þau orð, sem hv. þm. N.-Ísf. lét falla hér, að í viðbót við þá rannsókn, sem hann óskar eftir og ég álit sjálfsgæða og eðlilega, þá býst ég við, að þeir hv. þm. aðrir, sem eru úr þeim héraðum, sem fyrir skemmdunum urðu, sem er mestur hluti Norðurlands, muni sameinast í því að óska eftir, þótt það verði e. t. v. ekki með till. til þál., að hæstv. stj. láti fara fram athugun á þessum skemmdum. Á Siglufirði eru þær mjög stórvægi-legalar, og einnig í Grenivík og Húsavík. Þó nokkrar skemmdir munu hafa orðið á Kópaskeri og Haganesvík. En eins og hv. dm. er kunnugt, þá þótti okkur í fjvn. ekki fært að sinna þessu máli Bolvíkinga að svo stöddu, þótt málið snerti stórt þorp og sé að því leyti áriðandi, og vegna þess að um dýrt mannvirki er hér að ræða. N. óskar heldur eftir því, að rannsókn fari fram, og ég vil nota tækifærið til þess að taka það fram, að n. gerir ráð fyrir því, að til svipaðra ráðstafana og þarna er um að ræða muni koma á öðrum þeim stöðum, er fyrir mestu og tilfinnanlegustu tjóni hafa orðið.

**Flm. (Jón Auðunn Jónsson):** Það er fráleitt, að ég leggi á móti því, að þessar skemmdir verði rannsakaðar annarsstaðar. Ég tel það sjálfsgætt, og skoða samþykkt þessarar till. þannig, að rannsóknir megj gera víðar, þótt það sé ekki tekið fram í till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 853).

## 11. Stórhöfðaviti í Vestmannaeyjum.

Á 14. fundi í Nd., 19. okt., var útbýtt:

**Till. til þál. um að auka ljósmagn Vestmannaeyjavitans á Stórhöfða** (A. 143).

Á 15. fundi í Nd., 20. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Jóhann Jósefsson):** Ástæðurnar fyrir þessari till. eru tilfærðar á þskj. 143. Hún er komin fram vegna áskorana frá mörgum vél-

bátaformönnum í Vestmannaeyjum, sem kvarta undan, að ljósmagn Stórhöfðavitans sé ekki orðið þeim nægilegt. Lampi vitans er nú orðinn nokkuð gamall, og er ljósið aðeins oliuljós. Hefir sjó-sókn þarna mikið breytt og aukizt síðan vitinn var reistur. Þykist ég því vita, að hæstv. ríkisstj. og aðrir, sem hlut eiga að máli, vilji gera sitt til að verða við þessari ósk.

Vegna þess að breyt. á ljóstækjum vitans mundi hafa einhvern kostnað í för með sér, vil ég taka það fram, að það er ekki ætlast til, að til þess verði varið öðru fé heldur en því, sem í fjárl. er ætlað til viðhalds vita. Hitt er annað mál, að það fé, sem ætlað er til vitamála í fjárl., mun vera of lítið, og kemur það atriði til athugunar á sínum tíma. — Ég býst við, að rétt sé að athuga þetta mál í n., og legg því til, að því verði vísað til hv. sjútvn. og umr. frestað.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég óska, að hv. sjútvn, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, fái umsögn vitamálastjóra um það áður en hún afgreiðir það til hv. d. aftur.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 20 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47., 51., 52. og 55. fundi í Nd., 28. nóv., 5., 6. og 10. des., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið einni umr. um till. (A. 143, n. 583, 608).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Ég get verið stutt-orður að þessu sinni. — Eins og sjá má af nál. hefir n. eindregið fallist á að verða við þeim ítrekuðu óskum, sem horizt hafa frá vélbátaformönnum í Vestmannaeyjum um aukið ljósmagn vita þess, sem hér um ræðir. Ég gerði nánari grein fyrir því í upphafi umr., undir hvaða kringumstæðum menn stunda sjóinn á þessum slóðum og hvers vegna endurbót vitans væri nauðsynleg. Þarf ekki frekar að fjölýrða um þessa nauðsyn.

Um brtt. er það að segja, að hún er fram borin til þess að lagfæra formgalla, sem var á tillgr. og mér var bent á af hæstv. forseta; og vænti ég, að þeir, sem annars vilja styðja ósk vélbátaformannanna í Vestmannaeyjum, fallist á brtt. þessa.

**Forseti (JörB):** Fyrst ekki hafa aðrir kvatt sér hljóðs, er umr. lokið.

Þetta formsatriði till. er nauðsynlegt. Þessi brtt., sem hv. þm. Vestm. hefir flutt hér skv. hinum nýju reglum um till., sem hafa í sér fólgin fjárútlát, er eiginlega sjálfsgæð, svo framarlega sem hún á að hafa nokkurt gildi, því að ef verja hefði átt sérstökum peningum samkv. till., sem ekki eru heimilaðir á annan hátt, þá mætti ekki bera slíka till. fram í deild, heldur í Sp. (HV: Ég skil ekki). Hv. 2. þm. Reykv. veit, að samkv. nýju stjkskr. á að bera till., sem fara fram á aukin útgjöld, sem ekki eru fyrir í lögum eða fjárl., fram í Sp., en ekki í deildum. Nú er þetta ekki tekið fram í upphaflegu till., og meining flm.

var að ráða bót á þessu með því að láta taka þá fjármuni, sem ganga eiga til þessa mannvirkis, af fé, sem veitt var í fjárl. í þessu skyni.

**Finnur Jónsson:** Ég vil geta þess, að brtt. þessi hefir ekki legið fyrir sjútvn., og n. hefir því ekki tekið afstöðu til hennar. Ég tel vafasamt, hvort aðaltill. hefði fengið meðmæli n., ef þessi brtt. hefði þá legið fyrir.

**Forseti (JörB):** Mér þykir leitt að heyra þetta. Það er langt síðan þessari till. var úthýtt í Nd., svo að hv. sjútvn. hefði getað verið búin að halda fund síðan um þetta mál. Ég vil hinsvegar vona, að hv. sjútvnm. minnst þess, að ég vakti athygli á þessu atriði strax, þegar umr. um málið hafði verið ákveðin.

**Frsn. (Jóhann Jósefsson):** Út af ummælum hv. form. sjútvn. vil ég geta þess, að um leið og þetta mál var afgr. minnst ég einmitt á það, að það væri formgalli á till., sem lagfæra yrði við umr. Ég skal fúslega viðurkenna það, að ég kom ekki auga á þennan formgalla fyrr en hæstv. forseti var búinn að benda mér á hann. Þetta ætti að geta verið augljóst og einfalt mál öllum hv. þdm., og þeir, sem samþ. vilja aukningu ljósmagns vitans, samþ. vitanlega bæði brtt. og aðaltill., en hinir, sem eru þessu mótfallnir, geta leitt það hjá sér.

**Páll Þorbjörnsson:** Ég vil lýsa yfir því, að við sjútvnm. vorum hlynntir aukningu á ljósmagni Stórhöfðavita, en hv. fjvn. hefir gert sínar till. um veitingu vitafjárins, sem sérstaklega er ætlað til byggingar miðunarstöðvar í Vestmannaeyjum og radiovita á Reykjanesi. Þar sem ekki eru fullnægjandi upplýsingar fyrir hendi um kostnaðinn, þá treysti ég mér ekki til þess að greiða því atkv., að veitt verði fjárupphæð í þessu skyni af fé, sem á næsta ári er ætlað til vitabygginga, vegna þess að það gæti eyðilaggt framgang þess, að miðunarstöð yrði reist.

**Frsn. (Jóhann Jósefsson):** Ég veit ekki, hvort fleiri af hv. meðnm. mínum úr sjútvn. ætla að standa hér upp og afneita fylgi sínu við till. Báðir hv. meðnm. mínir í sjútvn., sem talað hafa, skrifuðu undir greinilegt nál., þar sem lagt er til, að bætt sé úr því neyðarástandi, sem sjómenn í Vestmannaeyjum eiga við að húa í þessum efnunum. Það er tilfinnanlegt, að það skuli falla í hlutskipti þessa eina manns, sem situr hér í hv. deild með sjómannapróf, að sporna við því, að vélbátalotinn í Vestmannaeyjum fái þá einu vitaumbót, sem kemur honum að verulegum notum. „Án er illt gengi nema heiman hafir“, og svo mun og reynast hér. Það er vitanlegt, að af miðunarstöð í Vestmannaeyjum hefir vélbátalotinn engar leiðbeiningar. Það eru aðeins 2—3 bátar, sem fengið hafa tæki, sem getur verið, að eitthvað megi styðjast við, ef miðunarstöð væri til, en hinir 90 vélbátarnir eru í jafnmiklum vandræðum fyrir því.

Ég vil biðja hæstv. forseta að afsaka, að ég hefi lengt umr. um þetta mál.

**Forseti (JörB):** Ég vil biðja hv. þdm. að halda sér við atkvgr. málsins sjálfs.

**Finnur Jónsson:** Ég mun verða við beiðni hæstv. forseta um, að menn haldi sér við atkvgr. málsins.

Með brtt. þeirri, sem hér liggur fyrir og ekki hefir verið horin undir sjútvn., er gerð sú breyt. á upphaflegu till., að fjárveitingin er ákveðin í næstu fjárl., en í till. sjálfri er þetta orðað mjög óákveðið. Það er því ekki hægt að segja með neinni sanngirni, að sjútvnm. afneiti fylgi sínu við þessa upphaflegu till., þótt þeir greiði atkv. gegn þessari brtt.

Ég ætla, að hv. þm. Vestm. muni minnst þess, að fram komu í n. slíkar beiðnir sem sú, er hér um ræðir, viðsvegar af landinu. Víða á landinu vantar vita og víða á landinu eru vitar ekki nógu ljóssterkir, enda þótt full þörf sé á því, að dómi sjómanna sjálfra. Mitt atkv. er bundið við það, að þetta verði gert svo fljótt sem unnt er, jafnskjótt og fjárhagur ríkissjóðs leyfir, að það verði gert.

Ég vildi helzt losna við að heyra hv. þm. Vestm. mæla gifuryrði í garð okkar meðnm. sinna, þótt við séum mótfallnir brtt. hans, sem slær því föstu, að þetta eigi að vera á næstu fjárl., því að um það liggur ekkert fyrir frá n.

**Páll Þorbjörnsson:** Út af því, sem hv. þm. Vestm. sagði um gagnsemi miðunarstöðva, vil ég benda á það, að hann, ásamt fleirum, kom með þáltill., sem miðaði að því, að bátar fái slík tæki, sem nauðsynleg eru til þess að hafa gagn af miðunarstöð. Vitanlega kemur mér ekki til hugar, sérstaklega þar sem ég er sjómaður, að vera mótfallinn aukningu á ljósmagni Stórhöfðavita, en min skoðun er sú, að allir þeir, sem vit hafa á þessu máli, skilji, að svo gott sem ljósið er, þá nær það samt skemmra en miðun.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég vil segja nokkur orð út af því, sem hv. þm. Vestm. sagði viðvíkjandi því, að hann vissi ekki, hvort eins væri ástatt um aðra sjútvnm. og þá 2, sem hér hafa talað, ef taka á það sem töluð orð, sem hv. 3. landsk. sagði hér um þetta mál. Hann talaði hér nokkur miður gáfuleg orð, sem ef til vill hafa átt að gilda sem flutningar hans máls, en þeir, sem setið hafa við fótskarir annara, geta ekki húizt við því, að orð þeirra verði tekin sérlega hátíðlega.

Ég vil lýsa yfir því, að min skoðun í þessu máli er ekkert breytt. Ég er ekki svo skyni skroppinn, að ég láti mér detta í hug, að þetta verði gert án þess að ætlað sé til þess fé, og ég ætla, að hv. meðnm. mínir, sem ætla að breyta afstöðu sinni til málsins, af því að nú er gerð grein fyrir því, hvornig fjárins er aflað, geri sér þessa fávizku upp. — Mín afstaða til þessa máls er óbreytt.

**Emil Jónsson:** Ég ætla aðeins að segja nokkur orð. Mér er kunnugt af viðtali við vitamálastjóra, að hann telur, að margar vitabyggingar hér á landi séu nauðsynlegri en sú, sem hér um ræðir,



enda þótt hún sé nauðsynleg. Ég hygg líka, að hann hafi einhvern tíma sagt hv. sjútvn. sitt álit. Ég vil því mælast til þess, að hv. sjútvn. fengi tækifæri til þess að athuga, hvað vitamálastjóri leggur til málsins með áorðnum breyt. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að vitamálastjóri sé þessu mótfallinn og telji annað nauðsynlegra í þessu efni, enda þótt þetta sé nauðsynlegt út af fyrir sig. Ég legg því til, að málinu verði aftur vísað til hv. sjútvn. til um-sagnar.

**Forseti (JörB):** Þessi till. hv. þm. Hafnf. kemur nokkuð seint, því að ég er búinn að slíta umr. (EmJ: Má ekki fresta umr.?). Það er ekki hægt að fresta umr., þegar húið er að slíta þeim. (EmJ: Það má fresta atkvgr.). Það er gagnslaust. Það er aðeins eftir ein umr. um málið. Það er ekki hægt að bera fram brtt. hér eftir, svo að allar leiðir eru lokaðar til leiðréttingar, því miður, því að æskilegt væri, að hv. sjútvn. fengi þetta mál til nánari athugunar.

**Jóhann Jósefsson:** Hv. 3. landsk. var að fræða menn á því, að rafmagnsbylgjurnar næðu lengra en ljósgeislarnir. Það er vitanlega gott að fá þessar upplýsingar, en égi geri bara ráð fyrir, að flestum hafi verið þetta kunnugt fyrirfram. Það er líka öllum vitanlegt, að miðunarstöðin kemur ekki að gagni þeim 80—100 vélbátum, sem stunda sjó við Eyjar, bæði frá Vestmannaeyjum sjálfum og frá Stokkseyri og Eyrarbakka. Rafmagnsbylgjurnar koma þeim ekki að notum, sem vantar tæki til þess að taka á móti þeim. Þetta hefði hv. 3. landsk. átt að vita áður en hann fór að elta mína till., af einskærri fordild, með miðunartill. sinni hér í hv. d.

Það leið ekki nema ein nótt eftir að húið var að úthýta þáttill. um aukningu á ljósmagni Stórhöfðavita, þangað til hv. þm. kemur með sína till., sem hann hefir auðsjáanlega borið fram til þess að elta mína till. og eyðileggja.

Það er óþarft að upplýsa það frekar, að það eru aðeins 2—3 bátar í Vestmannaeyjum, sem gagn geta haft af miðunarstöð, eins og nú standa sakir. Aftur á móti hafa allir vélbátarnir — jafnvel „trillubátarnir“ — gagn af ljósvita.

Hv. þm. Hafnf. upplýsti það, að vitamálastjóri væri mótfallinn þessari till. Það er rétt, að hann er frekar á móti henni. En hann er jafnmikið mótfallinn till. um miðunarstöð. Þessi hv. þm. er nýhúinn að gera bandalag um það að hafa till. vitamálastj. að engu, og er því einkennilegt, að hann vitnar í tillögur hans í þessu máli.

**Páll Þorbjörnsson:** Út af þeim ummælum hv. þm. Vestm., að ég hefði elt hans till. með minni, vil ég vitna til þess, sem gerðist í sjómannafélaginu hér, því að þar fóru fram umr. milli mín og þeirra um þetta mál, löngu áður en hv. þm. kom fram með sína till. hér í hv. deild, enda þótt ég hafi orðið 1—2 dögum á eftir honum með mína till., svo að það er ómögulegt að halda því fram með nokkurri sanngirni, að ég hafi elt hans till. með minni.

**Bjarni Bjarnason:** Ég vil gera grein fyrir mínu atkv. Ég efast ekkert um nauðsyn þessa máls, Alpt. 1934. D. (48. löggjafarþing).

sem hér er til umr., en þar sem það fé. sem ætlað er á næsta ári til vitabygginga, hrekkur hvergi nærri til þess að bæta úr brýnustu nauðsyn í þessu efni, og þar sem till. um aukningu á ljósmagni Stórhöfðavita var tekin til meðferðar í fjvn., en synjað var um fjárútlátin af áðurgreindum ástæðum, verð ég að greiða atkv. gegn till. þeirri, er hér liggur fyrir.

**Sigurður Einarsson:** Ég er sá eini, sem kvatt hafði mér hljóðs í umr. um þetta mál, en var synjað um orðið. (Forseti: Þeir voru fleiri). Ég vil taka það fram í sambandi við mál þetta, að 76000 kr. eru ætlaðar til nýrra vitabygginga í fjárlfrv. Að mjög vel athuguðu ráði og eftir mjög nákvæma yfirvegum um það, hvernig þessu fé yrði bezt varið, tók meiri hl. fjvn. þá ákvörðun að verja fénu til þess að reisa miðunarstöð í Vestmannaeyjum og radiovita á Reykjanesi, eftir því sem rannsókn leiddi í ljós, að nauðsynlegt væri, og loks til þess að reisa innsiglingarvita á Akranesi.

Að því athuguðu, sem nú var nefnt, og eins hinu, að kunnugt er, að vitamálastjóri hefir ekki lagt kapp á, að aukning á ljósmagni Vestmannaeyjavitans verði framkvæmd á næsta ári, greiði ég atkv. gegn till. þeirri, sem hér liggur fyrir.

**Forseti (JörB):** Sakir þess, að þessi till. bindur eingöngu í sér fjárútlát af næsta árs fjárl. neyðist ég til þess að greiða atkv. á móti henni.

#### ATKVGR.

Brtt. 608 samþ. með 16:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SK, TT, GP, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓI, JónP, JS, MT, ÓTh, PHalld, PO. **nei:** StJSt, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, Pð, SE, JörB.

ÞorbP, ÁÁ, SigfJ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 583, svo breytt, samþ. með 16:11 atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 17:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HannJ, JakM, JJós, JÓI, JónP, JS, JG, MT, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT,<sup>2)</sup> GP, GSv, GÍ, GTh.

**nei:** PZ, GG<sup>1)</sup>.

HV, Pð, SigfJ, SE, StJSt,<sup>1)</sup> ÞorbP,<sup>2)</sup> ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, FJ, JörB<sup>3)</sup> greiddu ekki atkv.

1) **StJSt:** Ég álit, að hér sé um mjög óvenjulega atkvgr. að ræða, þar sem gera á breyt. á fjárl. með samþykkt í Nd., og greiði því ekki atkv.

2) **TT:** Hér er að vísu um atriði að ræða, sem felur í sér útgjöld í fjárl., en þar sem mér vitanlega er ekki húið að afrgr. fjárl. ennþá, virðist mér, að hægt muni að lagfæra þetta.

3) **ÞorbP:** Með tilvísun til þess, sem hv. 1. landsk. sagði, sit ég hjá.

4) **GG:** Mér skilst, að þessi till. hafi verið óþinglega fram borin, og hefði forseti því átt að vísa henni frá þegar í upphafi. Ég segi því nei.

5) **Forseti:** Það er að vísu svo, að ályktun þessi felur í sér fjárútlát í fjárl., sem ekki gilda nú, svo framarlega sem ekki finnst heimild fyrir greiðslu þessari annarsstaðar. Þetta er vitanlega formgalli, en mér virðist þó, að skoða megi þál. Þessa sem áskorun um peningagreiðslu, sem ennþá hefir ekki formlega verið veitt. En sakir þessa, að hér er farið fram á að greiða peninga, sem ekki hafa verið heimilaðir ennþá, þá treysti ég mér ekki til að greiða atkv., og sit því hjá.

Finn þm. (EystJ) fjarstaddur.  
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.  
Till. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 861).

## 12. Miðunarstöð í Vestmannaeyjum.

Á 15. fundi í Nd., 20. okt., var útbýtt:

**Till. til þál. um miðunarstöð í Vestmannaeyjum** (A. 162).

Á 18. fundi í Nd., 24. okt., var till. tekin til meðferðar, hvornig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var till. tekin til einnar umr.

**Fm. (Páll Þorbjörnsson):** Till. þessi er borin fram vegna mjög ákveðinna áskorana frá sjómönnum yfir höfuð um það, að reistar verði miðunarstöðvar. Aðallega hefir verið óskað eftir miðunarstöð í Vestmannaeyjum og hér á Reykjanesi. Þó einnig hafi heyrzt raddir um miðunarstöð á Austfjörðum. Þessar óskir hafa komið t. d. frá félagi skipstjóra og stýrimanna, frá loftskeytamönnum og frá sjómannafélögum. Eins og getið er um í grg., starfar loftskeytastöðin í Vestmannaeyjum sem radioviti samhliða skeytasendingunum, en það kemur aðeins þeim skipum að gagni, sem hafa miðunarstöðvar um borð. Eins og kunnugt er, hafa aðeins farþegaskipin miðunarstöðvar og nokkur hluti togaraflotans. Þær eru svo dýrar, að ekki eru taldar líkur til, að þær verði algengar á minni skipum, og auk þess er talið ógerningur að starfrækja þær á smærri mótorbátum. Hinsvegar eru nú talstöðvar orðnar svo ódýrar, að forsvaranlegt væri að gera þær kröfur til mótorskipa, að þau hafi þær innanborðs, þegar miðunarstöðvar væru komnar á nauðsynlegustu staði, svo þau gætu haft gagn af þeim.

Ég hefi borið þessa þáttill. fram í Nd., þó svo sé ákveðið, að þáttill., sem fari fram á útgjöld úr ríkissjóði, skuli bornar fram í Sp., en ástæðan er sú, að ég ætlast til, að miðunarstöðin verði reist fyrir það fé, sem væntanl. verður ætlað í fjárl. til vitabygginga.

Ég býst við, að ástæða þyki til að athuga þetta mál í n., og óska því, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. sjútvn.

**ATKVGR.**

Till. vísað til sjútvn. með 18 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47., 51. og 52. fundi í Nd., 28. nóv., 5. og 6. des., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið einni umr. um till. (A. 162, n. 565, 617).

**Frsm. (Páll Þorbjörnsson):** Það eru aðeins örfa orð um þessa till. — Ég býst við, að flestum,

ef ekki öllum, sé kunnugt um þær einróma áskoranir, sem hafa komið frá sjómönnum yfir höfuð um að fá reistar miðunarstöðvar í Vestmannaeyjum og á Reykjanesi. Sjútvn. hefir lagt einróma til, að till. verði samþ., en hinsvegar hefi ég, síðan n. tók ákvörðun um málið, borið fram brtt. um það, að stofnkostnaður greiðist af því fé, sem ætlað er til vitabygginga á þessu ári, og hefir meiri hl. fjvn. tekið till. upp í sitt nál.

Brtt. er fram borin vegna þess, að mér var bent á, að það þyrfti að ákveða, hvaðan það fé skyldi koma, sem til byggingarinnar færi, því að tillögur, sem fælu í sér fjárútlát, ættu að ræðast í sameinuðu þingi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að þessu sinni.

**Jakob Möller:** Mér skildist á ummælum hv. þm. Vestm. undir umr. um till. um Stórhöfðavitann, að fyrir lægi umsögn frá vitamálastjóra um það mál. Ég vil því bera upp þá fyrirsögn til sjútvn., hvort einnig liggji fyrir umsögn vitamálastjóra um þetta mál, eða hvort þessi umsögn grípur ekki yfir þessi mál bæði. Tel ég þá, að fróðlegt væri, eins og hv. þm. Hafnf. vakti athygli á í umr. um Stórhöfðavitann, að d. fengi eitthvað að heyra úr þessari umsögn.

**Frsm. (Páll Þorbjörnsson):** Út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, skal ég geta þess, að það er rétt, að það kom umsögn frá vitamálastjóra um ljósmagn Vestmannaeyjavítans, og hann lagði á móti aukningu þess. Einnig hefir n. fengið umsögn vitamálastjóra og landssímastjóra, þar sem lagt er á móti því, að reistar verði miðunarstöðvar. Ég hefi ekki fyrir mér þau plögg nú, en ég skal benda á það, að landssímastjóri segir í álitinu, að miðunarstöð á Reykjanesi muni kosta 80000 kr., ef þar eigi að vera 1 starfsmaður, en 130000 krónur, ef þar eiga að vera 3 starfsmenn. Hann miðar þá við, að hús yfir 2 starfsmenn kosti 50000 kr. Ætti þessi binding að nægja til að fullvissa menn um fjarstæður sérfræðinganna, þegar þeir bera það fram, að íbúðarhús fyrir tvær fjölskyldur kosti 50 þús. kr.

Ég hygg, að þeir, sem hafa kynnt sér þessi plögg, geti fljótt fullvissað sig um, að það er eitthvað sérstakt, sem liggir á bak við þessa andúð vitamálastjóra og landssímastjóra gegn þessu máli. Ég hygg, að það sé ástæðan, að þeir séu að togast á um það, hvort þetta heyri undir vita- eða símamál.

Hinsvegar hafa komið áskoranir og umsagnir frá öllum stéttum þeirra manna, sem koma til með að nota miðunarstöðvarnar, frá félögum vélstjóra, skipstjóra, stýrimanna, háseta og kyndara og frá fél. loftskeytamanna, og óska þeir þess einróma að fá miðunarstöðvar og telja það þá beztu öryggisráðstöfun, sem þeir hafi haft reynslu af. T. d. óska þeir skipstjórar, sem hafa miðunarstöð um borð í skipum sínum og hafa því reynslu af hvorutveggja, miðunum úr landi og frá borði, að miðunarstöðvar verði settar upp í landi, því þeirra reynsla sé, að miðanir úr landi verði nákvæmari.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara lengra út í

þetta. Þau bréf, sem n. hafa borizt um þetta, eru löng og ýmislegt fleira þar tekið fram. En ég held, að þeir, sem hafa lesið þessi plögg, hljóti að fullvissa sig um það, að andstaða þeirra er ekki á rökum byggð, heldur er það metingur um það, hvort þetta heyri undir vitamál eða síma-mál.

**Jakob Möller:** Það má vera, að þessi umsögn þessara ráðunauta stjórnar og þings sé á þann veg, sem hv. 3. landsk. hefir nú lýst, en ákaflega þykir mér það undarlegt, og ég skil ekki, að það væri ekki ástæða til að birta þessi merkilegu plögg hér í þinginu, ef svo er, að umsögn þeirra sé algerlega miðuð við það, hvort þessi mál heyri undir þennan eða hinn starfsmann. Ég á ákaflega erfitt með að trúa þessu, þó að hann hafi sagt þetta.

Annars er það yfirleitt mjög góð regla, þegar umsagnir eru fengnar frá slíkum opinberum ráðunautum þings og stj., að þær séu birtar í þingskjöllum, svo að allir þm. eigi kost á að kynna sér þær, því að eins og kunnugt er, þá er það venjan, að þessi plögg fari til einhverrar n. og þm. eigi þess engan kost að nálgast þau eða kynna sér. Það er varla síður, að slík plögg komi fyrir augu annara en nm. þeirra, sem málið fá til meðferðar.

Ég verð að álíta, að það sé miður farið, að þegar þessar brtt. koma fram við málið, þá skuli ekki vera gerðar ráðstafanir til þess, að þessar umsagnir væru birtar í þingskjöllum. Ég tel réttast, að málið sé lagt þannig fyrir, að þeir þm., sem eru ekki sérfræðingar á þessu sviði, geti greitt um það atkv.

#### ATKVGR.

Britt. 617 samþ. með 16:3 atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afrg. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 865).

### 13. Atvinna við siglingar og vélgæzlu.

Á 61. fundi í Ed., 14. des., var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun laga um atvinnu við siglingar og við vélgæzlu á gufuskipum og mótorskipum (A. 810).

Á 62. fundi í Ed., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 63. fundi í Ed., 17. des., var till. tekin til einnar umr.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Sjútvn. hefir borið fram þáttill. þá, sem sjá má á þskj. 810, og segir í þrg. um tilefni þess, að þáttill. er fram borin. Hefir n. átt tal við fulltrúa ýmsra stétta, t. d. Skipstjórufélagsins, Vélstjórufélagsins o. s. frv. Einnig hefir legið fyrir n. frv., er heimilar

ráðherra að veita skipstjórum með smáskipa-prófi undanþágu allt upp í 150 smálestir. Var n. eindregið á móti því, að mæla með svo víðtækri undanþágubeimild og fékk áskorun um það frá Skipstjórufél. hér og einnig utan af landi. Í þessu sambandi má einnig minnst á, að deilt hefir verið um réttindi vélstjóra og mótórista, en má þó segja, að allir séu sammála um, að nauðsynlegt sé að endurskoða þessi lög og breyta þeim í ýmsum atriðum. Þó segja megi, að lögin séu ekki gömul, hefir margt breytzt síðan þau voru samin. Einkum hafa mótórar rutt sér mikið til rúms síðan 1915, er l. voru sett, og l. hafa ekki gert ráð fyrir þeirri stækkun, sem orðið hefir síðan. Er þær gloppur í l. um ýms atriði viðvikjandi vélgæzlunni, að segja má, að mótórvélstjórum sé ekki tryggður sá réttur, sem þeim ber. Það er því óumflýjanlegt, að endurskoðun fari fram út af þeirri óánægju, sem um þetta ríkir innan hlutaðeigandi stétta. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. leiti álits fulltrúa allra stétta, sem hlut eiga að máli, um þau atriði, sem ágreiningsi valda.

Þar sem nefnd eru í ályktuninni önnur l. og reglugerðir, eigum við við l. um stýrimanna-skólann, vélstjóraskólann o. fl. Ef l. er breytt, er óhjákvæmilegt að breyta jafnhliða l. um skólana og taka fram t. d., að hve miklu leyti eigi að breyta kennslunni frá því, sem nú er. Leggjum við ríka áherzlu á, að þáttill. verði samþ. og þetta tekið til svo rækilegrar athugunar, að allir megi vel við una og ekki þurfi að vera með sífældar smábreytingar á l.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vil ekki á nokkurn hátt mæla á móti því að þessi þáttill. verði samþ., en ég vil benda hv. sjútvn. á, að það er naumur tími til undirbúnings, ef næsta þing kemur saman 15. marz, því eins og hv. frsm. tók fram, er hér margt að athuga, ekki aðeins um endurskoðun á siglingalögnum, heldur einnig um skipun stýrimanna- og vélstjóraskólans. Annars vil ég taka þessari till. vel, en ég þori ekki að lofa, að endurskoðun verði lokið fyrir næsta þing.

#### ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afrg. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 867).

### 14. Tóbaksnautn.

Á 62. fundi í Ed., 15. des., var útbýtt:

Till. til þál. um fræðandi erindi um áhrif tóbaksnautnar (A. 829).

Á 64. fundi í Ed., 18. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 65. fundi í Ed., 19. des., var till. tekin til einnar umr.

**Bernharð Stefánsson:** Þessi þáttill. er svo til komin, sem kunnugt er, að fram kom við áfengislagafrv. brtt. sama efnis. Nefndinni, sem hafði það frv. til meðferðar, þótti slíkt ekki eiga við í þeim lögum. Ég lýsti hinsvegar yfir því, að ég teldi sjálfsgagt, að fræðslu um skaðsemi tóbaks væri komið á í skólum og bauðst til þess að fletja sérstaka till. um þetta með flm. brtt., ef hún væri tekin aftur. Ég held, að aðalflm. þessarar till. hafi þá flutt nægileg rök fyrir efnis- hlið málsins og hefi því engu við þau að bæta, og má auk þess vísa til grg. till. Við flm. leggjum á áherzlu á það, að till. verði samþ.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 901).

## 15. Vátryggingar á fiskibátum.

Á 6. fundi í Sp., 20. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um vátryggingar á fiskibátum (A. 151).

Á 10. fundi í Sp., 31. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sp., 19. des., var till. tekin til einnar umr.

**Gísli Guðmundsson:** Aðalflm., hv. 2. þm. S.-M., er ekki viðstaddur, og vil ég því mæla nokkur orð fyrir þessari till.

Tillagan er þess efnis, að stj. láti fara fram rannsókn á því, hversu bezt verði komið fyrir vátryggingum á fiskibátum og leggi frv. um það efni fyrir næsta Alþingi. Ennfremur, að Sam- ábyrgðin verði ekki lögð niður samkv. lögum frá 1928 fyrir þann tíma.

Eins og kunnugt er, hefir verið gert ráð fyrir því, að Samábyrgðin yrði lögð niður, en okkur hefir dottið í hug í sambandi við þetta mál, að önnur skipun yrði þar á gerð, og förum því fram á, að framkvæmd laganna frá 1928 verði frestað unz rannsókn þeirri, sem þáttill. okkar gerir ráð fyrir, er lokið. Nú hafa verið samþ. lög um trygg- ingar á opnum vélbátum, en það ætti sízt að standa í vegi fyrir viðtækari tryggingum.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 913).

## 16. Kryddsíldartollur í Danmörku.

Á 12. fundi í Sp., 23. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um kryddsíldartoll í Danmörku (A. 566).

Á 13. fundi í Sp., 26. nóv., var till. tekin á dag- skrá til ákvörðunar um, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sp., 27. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sp., 19. des., var till. tekin til einnar umr.

**Finnur Jónsson:** Frsm. þessa máls, hv. þm. Vestm., er veikur, svo ég vil f. h. sjútvn. segja nokkur orð um málið.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, hafa Danir leyfi til að veiða hér síld í landhelgi og sömu aðstöðu og Íslendingar. Hinsvegar hafa Danir kryddsíld- artoll á þeirri kryddsíld, er Íslendingar senda til Danmerkur, en engan á sinni eigin síld. Þetta hefir komið til umr. í lögjafnaðarnefndinni, og var viðurkennt af Dönum þar sem brot á jafnrétti- isákvæðunum milli Íslands og Danmerkur. Í sjú- útvn. Nd. lágu fyrir umr. frá fundum lögjafna- aðarnefndarinnar, þar sem þetta kom skýrt fram. Í l. í Danmörku er ákveðinn tollur á kryddsíld, en með tilskipun frá fjmrn. danska var Dönum veitt undanþága frá að greiða tollinn. Þar sem Danir og Íslendingar hafa sömu réttindi til síld- veiða hér við land, er það ranglæti, að Íslend- ingar séu látnir greiða þennan toll, og rétt að fá því kippi í lag. Það er að vísu ekki mikið selt af íslenzkri kryddsíld til Danmerkur, en það er þó um 4000—6000 tunnur. Þeir, sem fletja þessa till., leggja því áherzlu á, að stj. kippi þessu í lag.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vil mæla með því, að þessi till. verði samþ. Stj. mun leitast við eftir föngum að fá því til vegar komið, að Íslendingar fái jafna aðstöðu við Dani í þessu efni, eins og Danir hafa samkv. sambands- lögnum jafnan rétt við okkur til síldveiða hér við land. Um árangurinn þori ég hinsvegar ekki að fullyrða neitt fyrirfram.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 914).

## 17. Skipulagsuppráttur Reykjavíkur.

Á 64. fundi í Ed., 18. des., var útbýtt:

Till. til þál. um skipulagsupprátt Reykjavíkur í sambandi við þjóðleikhúsbýgginguna og Há- skóla Íslands (A. 855).

Á 65. fundi í Ed., 19. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 67. fundi í Ed., 20. des., var till. tekin til einnar umr.

## Skipulagsuppráttur Reykjavíkur.

**Flm. (Jónas Jónsson)** [öyfirl.]: Ég geri ráð fyrir því, að ekki þurfi miklar umr. um þetta atriði. Þó ætla ég að skýra það lítilsháttar. Fyrri liðurinn lýtur að því, að þegar Alþ., ríkisstj. og Reykjavíkurbær hnigu að því ráði að flytja Stúdentagarðinn og væntanlega háskólabyggingu frá Skólavörðuhæðinni og á staðinn sunnan við Hringbraut og austan við Melaveg, þá var gert ráð fyrir því, að háskólinn fengi þar mikið land-svæði til umráða. Því miður var ekki fullgengið frá því máli, en þó hygg ég, að í raun og veru hafi því verið lokið, þegar bæjargstj. Reykjavíkur gekk inn á að byggja Stúdentagarðinn þar, sem hann nú er, svo að það er meira landamerkjaaatriði heldur en aðalatriði, sem eftir er að ákveða. En þegar byrjað var að byggja Stúdentagarðinn, kom upp sú hreyfing í sambandi við skipulag bæjarins, að það yrði að leggja að-alumferðagötu úr miðbænum meðfram tjörninni, þ. e. a. s. breyta Tjarnargötunni og láta hana koma rétt austanvert við Stúdentagarðinn og suður í gegnum þá lóð, sem gert er ráð fyrir, að háskólinn eigi að hafa. Við þetta mundi háskólalóðin verða mjög löng og mjó og þá um leið ekki eins hægileg og gert var ráð fyrir í upphafi, eða, ef hún yrði ekki öll á langveginn, þá yrði hún skorin sundur af þessari miklu umferðagötu. En menn búast við, að það mundi verða mjög óþægilegt fyrir þessa keunslustofnun og þær mörgu deildir og byggingar, sem munu væntanlega koma þar. Í þessu sambandi má ennfremur geta þess, þó að það sé nú fremur mál bæjarins, að það eru miklir annmarkar á þessu fyrir bæinn. Til þess að þetta geti gengið, yrði að breyta Aðalstræti stórkostlega, og þærinn yrði að kaupa þar dýrar lóðir, og síðan yrði að breyta Tjarnargötunni. Og það, sem skiptir máli í þessu efni, er það, að með því að leggja þessa götu þannig, þá kemur umferðagata fram- an við Stúdentagarðinn og háskólabygginguna. En það var einmitt ætlað til þess af þeim, sem um þetta fjölluðu upprunalega, að hafa þarna afgirt svæði, er gæti verið sérstaklega röleggt hverfi í bænum. Nú er þetta að visu engin veginn afráðið af Reykjavíkurbæ, m. a. af því að það yrði svo dýrt. Skipulag bæjarins hefir ekki heldur verið ákveðið, og sízt utan Hringbrautar, en ég hygg, að núv. stj. sé að vinna að því, og sá hluti till., sem að þessu lýtur, á að tryggja það, að stj. vinni að því, að skipulag bæjarins verði þannig, að þessi umferðagata komi ekki við hliðina á Stúdentagarðinum, heldur verði Melavegurinn, eins og nú er, eða að hún verði lögd einhversstaðar annarsstaðar en í gegnum þessa lóð.

Síðari hluti till. lýtur að Þjóðleikhúsinu. Það má að visu búast við því, að það líði nokkur ár, þangað til það verður fullgert, en hitt er vist, að það verður ekki mjög langur tími þar til það verður fullgert. Þetta verður sjálfsagt þýðingarmikil stofnun, sem leikhús, kvikmyndahús og söngleikahús. Þar verða ennfremur að öllum líkindum stórir fundasalir og kannske söfn og því- likt. En með því að lóðin, sem verið er að byggja Þjóðleikhúsið á og Þjóðleikhúslögin gerðu ráð fyrir, að yrði að nota, er á þeim stað, að mikið er um það deilt, hvort rétt hafi verið

að byrja á að reisa þessa byggingu þar, og með því að menn finna til þess, að það mundi geta orðið mjög óþægilegt, þegar þærinn stækkar mikið, ef ekki yrði autt svæði rétt við leikhúsið, þá er í þessari till. gert ráð fyrir að fela stj. að athuga það í samráði við skipulagsn. bæjarins, hvort ekki sé rétt að gera ráð fyrir því, að fyrir framan Þjóðleikhúsið komi torg. Það getur ekki verið um neinn annan stað að ræða en framan við leikhúsið, milli Hverfisgötu og Laugavegs, og það er ekki alveg óhugsandi, þó að það sé ekki talað um það hér, að jafnvel Skólavörðustigur væri opnaður fram að þessu torgi.

Nú hagar þannig til á þessu svæði, að húsin, sem þar eru, eru öll meira og minna gömul timb- urhús. Náttúrlega dettur engum í hug, að neitt verði gert í þessu að sinni, en þessi hús ganga smátt og smátt úr sér, og er þá, eins og áður er tekið fram, gert ráð fyrir því, að þarna komi torg, þannig, að Þjóðleikhúsið blasti við frá Laugaveginum. Þetta torg yrði fyrir bíla og aðra umferð í sambandi við Þjóðleikhúsið, og sömu- leiðis yrði það til þess að byggingin nyti sín betur.

Það er að því leyti alveg óhætt að samþ. till., jafnvel þó að menn séu ekki alveg vissir um, að það, sem hún ákveður, sé rétt, að hún er aðeins áminning til ríkisstj. um að freista þess að ráða þannig fram úr þessu máli, að það sé til gagns fyrir Reykjavíkurbæ, þegar til lengdar lætur, og einnig til gagns fyrir þessar tvær stóru stofn- anir, sem till. getur um.

**Magnús Jónsson** [öyfirl.]: Ég skal játa það, að eins og hv. flm. till. gat um, þá er hún þannig, að það munu ekki ske neinir stórir hlutir, þó að hún verði samþ. En mér heyrðist það á fram- söguræðu hans, að hann væri ekki vel kunnugur því, hvernig hagar til í sambandi við háskólalóð- ina og þá götu, sem gert er ráð fyrir, að eigi að skera þá lóð í sundur. Það er alls ekki um þetta að ræða hér. Það hefir engum dottið í hug, að það ætti að leggja umferðaveg þvert yfir háskóla- lóðina. Það, sem hér ræðir um, er það, hvernig lóðin skuli ákveðin, hvort gatan eigi að koma þarna í suðvestur og háskólalóðin verði þá dá- litið öðruvísi í laginu en upphaflega var hugsað.

Þessi lóð, sem hefir verið talað um — það er langt frá því, að húið sé að ganga frá þessu —, er gríðarlega mikið flæmi, sem nær alla leið frá Stúdentagarðinum að norðan upp á veginn suður melana, og alla leið þaðan þvert yfir gömlu Vatnsnýrina og austur að framlengingu á Njarð- argötunni, sem nú er verið að lengja. Þetta er geysimikið flæmi, og það er ekki nema tiltölu- lega litill partur af þessu flæmi, sem mögulegt er að byggja á, en það er vestasti hluti þess, hall- inn austur af melunum, sem er sú eiginlega byggingarlóð. Þegar komið er í mýrina, þá er ekki hægt að koma við frárennsli, og þar að auki er ákaflega dýrt að búa um hús þar, svo að það er ekkert vit í því að reisa þar neina byggingu að sinni, og ef til vill aldrei. Það á heldur að nota mýrina til þess að fá opið pláss, sem vitan- lega verður að vera einhversstaðar inni í bænum, þegar hann stækkar enn meira en orðið er. Það er þess vegna augljóst, að ef háskólinn á að

Skipulagsuppráttur Reykjavíkur. — Aðstoð við fiskibáta- og veiðarfæragezla.

fá þessa lóð, þá er það til þess eins, að halda opnu plássinu fyrir framan bygginguna, en engin veginn af því, að hann hafi í raun og veru neitt gagn af því, þannig, að hægt sé að byggja þar. Það hafa þess vegna ýmsir í háskólaráðinu álitid, að það væri betra fyrir háskólann að láta af hendi þennan part lóðarinnar, sem hvort sem er verður alltaf að hafa óbyggðan — en sem bærinn mundi nota til sinna þarfa, og þá sennilega fyrir íþróttavelli —, en fá aftur lóð framundan suðvesturmelumum, stóra byggilega lóð. Það hefir komið upp sú hugmynd, að hentugt væri, að t. d. háskólakennararnir og aðrir, sem vinna við stofnunina, gætu fengið leigðar lóðir þarna.

Eins og áður er tekið fram, er alls ekki um það að ræða hér að skera háskólalóðina í sundur. Hún er í raun og veru alls ekki til ennþá, þar sem ekkert er búið að ákveða um hana, heldur er um það að ræða, hvernig háskólalóðin skuli endanlega ákveðin.

Þá kemur að atríði, sem einnig snertir þetta mál. Það hefir verið fyrirhugað, en er ekki búið að ákveða um það, og er það, að ýmsir líta svo á, að ekki verði komizt hjá því að leggja götu þarna í suðvestur, í framhaldi af Tjarnargötunni, og hún kæmi eins neðarlega í jaðarinn milli mýrarinnar og melanna eins og hægt er vegna frárennslisins. Sumum af þeim, sem hafa bitið sig fastast í það, að háskólinn ætti að hafa alla lóðina yfir mýrina og austur að Njarðargötu, er mjög illa við að skera þessa lóð í sundur með götu. En deilumálið er það, hvaða akkur háskólanum sé að því að fá þessi tún. Mér fyrir mitt leyti finnst enginn akkur í því fyrir háskólann að fá þau, því að hann verður þá að kosta upp á þessa lóð, í staðinu fyrir að annars gerði bærinn það. Ef bærinn ætlaði að setja þarna upp stórar byggingar, þá væri ágætt fyrir háskólann að fá umráð yfir þessu, en bærinn mundi sennilega koma þarna upp alveg samskonar völlum og háskólinn mundi annars gera. Annars er það, eins og alkunnugt er, að stofnun, sem starfar aðeins að vetrinum, hefir fjarskalega lítið að gera með íþróttavelli fyrir útiþróttir. Það er mála sannast, sem háskólakennari einn sagði, að það væri betra fyrir háskólann að eiga gott afdrep fyrir skíðamenn, ef einhverjir stúdentar vildu stunda það vetrarsport, því að vitanlega tvístrast háskólinn á þeim tíma, sem háskólastúdentar stunda mest íþróttir.

Annað, sem um er að ræða í þessu sambandi, er það, hvort mikill hávaði eða mikið ónæði mundi verða af þessari götu, sem mundi liggja fram með lóðinni. Um það geta náttúrulega verið skiptar skoðanir. Hér hefir háskólinn starfað í þessu húsi og sömuleiðis Alb. Ég veit ekki, hvað mönnum hér finnst mikið til um þær truflanir, sem umferðin á götunni orsakar, en gatan er þó hér undir veggnum. Það ber ekki svo mikið á því við innistörf, þó að vagn aki framhjá. Lóðin kringum háskólann yrði að sjálfsögðu afgirt frá götunni og byggingin yrði langt frá götunni. Ég legg mjög lítið upp úr þessu, enda mætti líka með lögreglusamþykkt ákveða, að einhver ákveðin umferð færi ekki þessa götu. Hv. fyrri flm. sagði, að með þessu væri lóðin gerð ákaflega löng og mjög, en hún mundi að öðrum kosti verða

ennþá lengri. Það er langt frá því, að hún sé mjög, því að hún er alveg geysilegt flæmi, og ef hún væri afgirt og öllu komið þar í gott horf, þá er enginn vafi á því, að þarna verður stórkostlega rúmgott og alveg fullnægjandi pláss eins langt fram í tímann og við höfum nokkra ástæðu til þess að horfa.

Mér er ekki kunnugt um það og ég skal ekki skera úr um það, hvað stj. getur haft mikil áhrif á þennan skipulagsupprátt. Það fer að sjálfsögðu eftir l. um skipulag bæjarins. Ég hygg, að bæjarstj. geti ráðið þessu, en veit ekki, hvort stj. hefir það á sínu valdi að hlutast til um þetta. Svo er það eitt í þessu sambandi, sem ég vil minna á, og það er, að ef þess er í raun og veru þörf að fá umferðagötu þarna suðureftir, þá er enginn vafi á því, að hún verður lögð, því að reynslan er sú í öllum borgum og bæjum, að nauðsynlegar götur koma alltaf, og það er alveg sama, hvað búið er að gera, og þó að búið sé að útmæla lóð til háskóla og rækta hana, því að ef bærinn þarf umferðagötu, þá verður hún lögð hvar sem er og hvað sem það kostar. Menn hafa orðið að rífa niður skrautlegar og dýrar byggingar, til þess að geta lagt umferðagötu, og þá er miklu betra að sjá það út í byrjun og haga byggingunum eftir því frá upphafi.

Annars finnst mér nú þessi hugmynd um torg við Þjóðleikhúsið allhlægileg. Eins og kunnugt er, var húsið sett á þennan dæmalausa stað af því að lóðin fékkst ókeypis. Ég hefi engan heyrð halda því fram, að staðurinn væri heppilegur, heldur eru allir sammála um hitt, að val staðarins hafi tekizt í mesta máta óhönduglega. En hvað verður þá úr þeirri hagsýni að byggja þarna, af því að lóðin fékkst ókeypis, ef svo þarf að rífa niður mörg hús á dýrasta stað í bænum til þess að fá torg við húsið. Þetta minnir á söguna um molbúana, sem báru smalann átta saman inn á akurinn, til þess að hann træði ekki niður kornið. Ég held, að betra hefði verið að lofa smalannum að ganga inn á akurinn og kaupa lóð undir húsið í upphafi. En þó að það ráð væri nú tekið að rífa þessi hús og taka þennan dýra stað undir torg, þá fer fjarri því samt sem áður, að leikhúsið standi á fallegum stað. Það mundi halla niður að því frá torginu, en hitt er ólíkt fegurra, að veglegar byggingar standi þar, sem herra ber. Það getur náttúrulega að því rekið, að eitthvað verði að rýmka til fyrir framan Þjóðleikhúsið, en úr því sem komið er verður aldrei frá staðnum gengið svo að byggingin njóti sín.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 9:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 925).

## 18. Aðstoð við fiskibáta og veiðarfæragezla.

Á deildafundum 30. okt. var úthýtt frá Sp.:

Till. til þal. um aðstoð við fiskibáta og eftirlit með veiðarfærum (A. 247).

Aðstoð við fiskibáta og veiðarfæragezla. — Veiðarfæragezla í Faxaflóa.

Á 10. fundi í Sp., 31. ókt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 24. fundi í Sp., 18. des., var till. tekin til einnar umr.

**Forseti (JBald):** Ég vil út af þeim till., sem hér liggja fyrir, geta þess, að umr. um þær mega ekki tefja lengi fyrir því máli, sem er hér á dagskrá á eftir. Ef langar umr. verða um þessar till., þá mun ég hverfa frá þeim málum.

**Flm. (Gisli Guðmundsson):** Ég skal reyna að verða við tilmælum hæstv. forseta, að verða ekki langorður um þessa till. á þskj. 247, enda þarf ekki að hafa mörg orð um hana, með því að hér er um að ræða mál, sem mörgum hv. þm. er að einhverju leyti kunnugt. Það er sem sagt kunnara en frá þurfi að segja, að frá ýmsum verstöðvum úti um land hafa á síðustu árum borizt háværar kvartanir um það, að sjómenn þeir, sem hafa útgerð á vélbátum sérstaklega, yrðu fyrir þungum búisfjum af hálfu stærri skipa, sérstaklega togara, sem eru að veiðum á sömu stöðvum og þessir bátar.

Það, sem m. a. varð til þess, að ég bar fram þessa till., var það, að ég var snemma vetrar staddur á fundi í einni útgerðarstöð, þar sem kvartanir sjómanna komu sérstaklega glögg fram, og er nokkuð víkið að því í grg. þessarar till. En till. hljóðar um að skora á stj. að gera ráðstafanir til að hafa varðskip eða varðbát á þessum stöðvum til þess að vera fiskibátum til aðstoðar og hjálpar og eftirlits með veiðarfærum.

Ég hafði það jafnframt í huga, þegar ég bar fram þessa till., að það hefir komið til orða, að landhelgisgæzlunni yrði að einhverju leyti breytt, þannig, að tekin yrði upp sú aðferð, að hafa fleiri varðbáta, en leggja niður einhver þeirra stóru skipa, sem hafa annast gæzluna hingað til.

Síðan ég bar fram þessa till., hefir hér verið lagt fram í þinginu nál. meiri hl. fjvn., þar sem er komið inn á þetta atriði á svipaðan hátt og gert var í minni till. Ræðir n. þar einmitt þann möguleika, að breyta til um gæzluna, fækka þeim stóru skipum, sem nú annast þetta starf, en nota aftur smærri báta, sem þá jafnframt gætu annast björgunarstörf og væru sérstaklega vel til þess fallnir að annast þá starfsemi, sem talað er um í þessari till.

Ég vil því vænta þess, að þetta mál sé nú komið á það skrið, að það verði tekið upp til ræðilegrar athugunar af stj., og þykist mega vænta þess, að þessi till. fái góðar undirtektir hjá hv. þm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sp., 20. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVRGR.

Tillgr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 929).

## 19. Veiðarfæragezla í Faxaflóa.

Á deildafundum 1. nóv. var útbýtt frá Sp.:

Till. til þál. um gæzlu veiðarfæra í Faxaflóa (A. 271).

Á 11. fundi í Sp., 21. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 24. fundi í Sp., 18. des., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Ólafur Thors):** Tilfni þess, að við flm. þessarar till. höfum borizt hana fram hér á þingi, er það, að við vorum allir ásamt hv. þm. N.-Þ. staddir á fundi í Gerðum í Garði, þar sem þessu máli var hreyft og komið fram með mjög eindregin tilmæli af öllum fundarmönnum, að þar staddir þm. hlutuðust til um, að stj. gerði ráðstafanir til að verja þá fyrir ágangi togara, einkum erlendra, sem oft gerðu mikil spell á veiðarfærum þeirra.

Í grg. þáltill. á þskj. 247, sem var hér til umr. næst á undan, var getið um þá ríku þörf, sem hér er fyrir hendi. Þar eru teknar upp skriflegar rökstuddar óskir, sem fundarmenn í Gerðum í Garði báru fram í þessu máli. Án þess að vilja lengja umr. með því að lesa upp þá grg., vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að við Faxaflóa eru nú stundaðar fiskiveiðar á 100 vélbátum 10—50 tonn að stærð. Sjómenn segja, að það hafi komið fyrir dag eftir dag, að menn töpuðu 3—4 bjóðum á bát, og er óbærilegt að þurfa að rísa undir slíku tjóni. Innlendir útgerðarmenn hafa gert sitt til að afstýra þessu. M. a. hefir félag íslenzkra togaraeigenda hlutast til um það, að send hefir verið áskorun til erlendra skipstjóra, að þeir reyndu að gæta allrar varúðar og forðast að eyðileggja veiðarfæri fátækra fiskimanna, sem ættu lífsframsfæri sitt undir því að fá að vera í næði með þessar fiskiveiðar, en yfirleitt er það svo, að þetta veiðarfæratap er mest af völdum togara utan landhelgi, en þeir fara þá með botnvörpu á sömu slóðir og bátarnir leggja löðir sínar og eyðileggja veiðarfærin.

Ég vænti, að allir hv. alþm. séu mér sammála um það, að það er mikil nauðsyn að gæta veiðarfæra þessara manna. Sérstaklega hljóta allir hv. alþm. að skilja það, þegar þess er gætt, hversu mikið það er, sem þessir menn greiða í ríkissjóðinn. Það hljóta því allir að sjá, að það er bæði nauðsyn og fullkomið réttlæti, þegar þess er krafizt af þessum sjómönnum, að þeir greiði háa skatta í ríkissjóð, að þeim sé veitt þessi nauðsynlega vernd. Að við 4 þm. höfum tekið okkur saman um að flytja þessa till., þó að hv. þm. N.-Þ. hafi borizt fram sína till., stafar af því, að hans till. er svo almenns eðlis, að hún er út af fyrir sig þýðingarlaus. Hann fer fram á, að stj. geri ráðstafanir til að hafa varðskip til aðstoðar fiskibátum á þeim slóðum, þar sem líkur eru til, að nauðsyn sé til. En fyrir okkur flm. vakir, að það sé ákveðið greinilega um það, að þessi þörf við Faxaflóa á þessum tíma árs sé svo rík, að það verði að sinna henni.

Samkv. ósk hæstv. forseta mun ég forðast málalengingar um þessa till. og læt þennan rökstuðning nægja.

**Gísli Guðmundsson:** Ég ætla ekki að vekja neinar deilur eða mótmæli gegn því, sem hv. þm. G.-K. hefir mælt, enda vísaði hann í sinni ræðu að miklu leyti til grg., sem fylgdi minni till. En ég vil bara benda á, viðvikjandi því, sem hann minntist á þáttill. á þskj. 247, sem nú hefir verið samþ., að það er misskilningur, að hún sé svo almenns eðlis, að hún geti ekki komið að haldi í þeim tilgangi, sem till. á þskj. 271 felur í sér. Höfuðtilgangurinn með minni till. er sá, að leggja sérstaka áherzlu á, að stj. athugi, hverjar leiðir sé heppilegast að fara í landhelgisgæzlumálum til þess að árangurinn mætti verða sem beztur. Með almennum umbótum í þessu efni hygg ég, að fiskimönnum við Faxaflóa verði bezt hjálpað. En jafnframt því, sem ég vil gjarnan, að hægt sé að hjálpa þessum fiskimönnum, sem, eins og hv. þm. sagði, eru illa staddir, þá vil ég reyna að finna þá aðferð, sem væri heppilegust til að hjálpa öðrum um leið, og af nál. fjvn. má sjá, að hún vill það sama.

**Flm. (Ólafur Thors):** Ég vil aðeins segja það út af þessum orðum hv. þm. N.-P., og ég vona, að hann samsanni mér í því, að verði mín till. samþ., þá er samþ. að gera það, sem þar um ræðir. En verði mín till. felld, er hans samþ., þá legg ég þá persónulegu ábyrgð á stj., að það verði gert, sem hér er um að ræða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sp., 20. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 930).

## 20. Veifarfaragæzla fyrir Norðurlandi.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sp.:

Till. til þál. um gæzlu veifarfæra fyrir Norðurlandi (A. 292).

Á 11. fundi í Sp., 21. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 24. fundi í Sp., 18. des., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Garðar Þorsteinsson):** Þessi till., sem ég ásamt hv. 1. þm. Eyf. hefi borið fram, er fram komin vegna tilmæla útgerðarmanna og sjómanna við Eyjafjörð. Á fundi, sem þar hefir verið haldinn, hefir verið ákveðið mælt til þess, að stj. hlutaðist til um, að haft verði varðskip eða varðbátur að staðaldri fyrir Norðurlandi frá 15. apríl til 15. júní til að gæta veifarfæra fiski-

manna þar. Þarna hagar svo til um þetta leyti árs, að frá öllum veiðistöðvum kringum Eyjafjörð og einnig frá Skagafirði sækja bátar á mjög svipaðar slóðir. Á þessum miðum er þess vegna þröngt um veifarfæri þeirra, og sá skaði, sem togarar gera, þegar þeir veiða á þessum slóðum, er þar af leiðandi ennþá tilfinnanlegri. Útgerðarmenn þar nyrðra hafa tjáð mér, að fyrir 2—3 ár um hefði alls ekki borið á því, að togarar hefðu verið þarna að veiðum, þar sem þetta er á mjög djúpu vatni, en á síðasta ári breyttist þetta mjög til hins verra, svo að það vildi oft til, að bátar misstu þriðjung allra veifarfæra sinna.

Eins og ég gat um, þá er veitt þarna á tiltölulega litlu svæði, og er því miklu auðveldara fyrir varðbát að gæta þess, að veifarfærum verði þar hlíf.

Ég þykist svo ekki þurfa að hafa um þetta fleiri orð. Norðlendingar hafa ekki verið frekir í kröfum, að varðskipin væru þar til að vernda veifarfæri þeirra. Það er þess vegna nokkurt réttlætismál, að stj. sérstaklega líti til þeirra um þennan tíma árs.

Ég skal geta þess, að þótt við flm. tölum sérstaklega um veiðistöðvar við Eyjafjörð, þá gildir þetta eins um aðrar veiðistöðvar, t. d. á Hofstösi, Sauðárkróki og Haganesvík, sem yfirleitt sækja á sömu stöðvar, og jafnvel einnig bátar frá Húsavík og Flatey.

Ég vona svo, að þessi till. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sp., 20. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 931).

## 21. Verzlunarerindreki í Mið-Evrópu.

Á 12. fundi í Sp., 23. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um verzlunarerindreka í Mið-Evrópu (A. 572).

Á 13. fundi í Sp., 26. nóv., var till. tekin á dagskrá til ákvörðunar um, hvernig ræða skyldi. Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sp., 27. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

**Bergur Jónsson:** Ég vil benda á, að þessi till. hefir nokkurn kostnað í för með sér, ef samþ. verður, og þess vegna býst ég við, að réttara væri að hafa um hana tvær umr.

**Forseti (JBald):** Þetta kann að vera rétt hjá hv. þm. Barð. En ekki er víst, að á næsta ári komi til greiðslu vegna þess, sem farið er fram á í till. Það er búið að ákveða eina umr. mót-mælalaust, og ég sé ekki annað en við það verði að sitja. Vil ég líka benda hv. þm. á, að það



mætti hafa þá aðferð að visa till. til fjvn. og fresta umr., ef ástæða þætti til. (BJ: Það kemur vitanlega í sama stað niður).

Á 20. fundi í Sp., 10. des., var till. tekin til einnar umr.

**Forseti (JBald):** Því var hreyft eftir að ákveðin hafði verið ein umr. um þessa þáttill., að réttara væri að hafa um hana tvær umr. Af því að um það má deila, hvort till. felur í sér útgjöld fyrir ríkissjóð, sem ekki sé gert ráð fyrir í fjárl., þá þykir rétt að bera það undir atkv. þingmanna, hvort hafa skuli tvær umr., og ef það verður samþ., þá skoðast þetta fyrri umr.

ATKVGR.

Samþ. með 30 hlj. atkv. að hafa tvær umr. um till.

**Flm. (Finnur Jónsson)** [óyfirl.]: Ég get að mestu vísað til grg., sem fylgir þáttill., að því viðbættu þó, að afurðir þær, sem framleiddar eru í sildarverksmiðjum hér á landi, hafa á þessu ári verið seldar að mestu til Mið-Evrópu, og allar líkur eru til, að þessar afurðir aukist um 80% á næsta ári. Er því enn meiri nauðsyn á að sjá um, að markaðurinn haldist þar opin fyrir þessar afurðir. Og ennfremur má geta þess, að þegar farið verður að framleiða hér hraðfrystan fisk, þá hljótum við að snúa okkur að miklu leyti til Mið-Evrópu um sölu á honum.

Mér er ljóst, að þessu starfi muni fylgja nokkur kostnaður. En hitt liggur líka ljóst fyrir, að það þarf ekki að vinnast mikið á um aukinn markað þar til þess að þetta starf beri sig vel og fáist margfallega endurborgað. Ennfremur er það vítað, að hver þjóð reynir nú að búa sem mest að sínu og takmarkar mjög innflutning á framleiðsluvörum annara þjóða. Og vel getur svo farið, ef ekki er gætt að því í tíma, að húið verði að loka fyrir okkur einhverjum markaði, sem við nú höfum í Mið-Evrópulöndunum. Og þá er illa farið. — Það er ekki ástæða til að fjölýrða meira um þetta, og óska ég eftir, að till. verði vísað til síðari umr.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég verð að taka undir það, sem hv. flm. sagði, að það er hin mesta nauðsyn á, að Íslendingar gæti hvarvetna að hagsmunum sínum út á við; því fremur, sem nú þrengir óðum að á öllum sviðum viðskipta og fjármála í heiminum. Um þá sérstöku þörf fyrir erindreka í Mið-Evrópu, sem hér er um að ræða, verð ég að viðurkenna, að hún er ákaflega brýn og aðkallandi. Á undanförunum árum hefir ríkisstj. haft verzlunarerindreka í Þýskalandi og Póllandi, og jafnvel víðar í Mið-Evrópu, án sérstakrar heimildar frá þinginu, sem unnið hefir að útbreiðslu og sölu á íslenskum vörum og leyst það af hendi á þann hátt, að allir eru sammála um, að það hafi orðið landsmönnum til mikillar blessunar. Ég skal að visu viðurkenna, að það er um þetta starf eins og önnur, að gagnsemi þess veltur mjög mikið á því, hvernig það er rækt. En ég vil ekki að óreyndu gera stj. getsakir um, að hún láti undir höfuð leggjast að velja hæfasta

Alpt. 1934. D. (48. löggjafarþing).

manninn, sem kostur er á, til slíks starfs. (MT: Hver er hann?). Það er a. m. k. ekki sá hv. þm., sem greip fram í. Það segi ég af fullri sannfæringu. Ef hv. þm. langar mikið til að vita, hvern ég á við, þá verður hann að fara vel að mér, og kann ég þá að skjóta því að honum áður en umr. er lokið. — Ég vil, sem sagt, ekki gera stj. getsakir um það, að hún velji ekki hæfasta manninn.

Ég geri ráð fyrir, að allir sjávarútvegsmenn séu mjög þakklátir fyrrv. ríkisstj., og þá sérstaklega þeim manni, sem vegna sinna persónulegu hæfileika kom því til leiðar, að svo vel ræðist fram úr þessum vandamálum, að greiða fyrir sölu á ísl. sjávarafurðum í Mið-Evrópu. Og ég get sagt það hér á Alþingi, að mig undrar, hvað lítið hefir horið á þakklæti til þessara aðila frá þingsins hálfu. Og ég hefi einnig undrazt, hvernig blöð stj. hafa stundum leyft sér að rita um þennan erindreka stj. í Mið-Evrópu, og farið köldum orðum um árangurinn af starfi hans fyrir afurðasöluna. Þessi maður hefir vissulega átt skilið meira þakklæti frá því opinbera en hann hefir hlotið.

Ég vil mæla með því, að þessi þáttill. verði samþ., og vona, að stj. velji þann manninn, sem hæfastur er til að gegna þessu starfi. Ég fyrir mitt leyti er ekki viss um, að sá maður, sem tekur að sér þetta starf, þurfi endilega að vera bundinn við það allan árshringinn. Ég hygg, að það mætti spara nokkuð útgjöld við starfið, með því að láta manninn dvelja aðeins 4—6 mánuði á ári í þessum löndum. Ég varpa þessu einungis fram, ekki sem boðorði, heldur sem aths. eða bendingu um það, hvernig framkvæmdum verði háttað í þessu efni.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Ég vil aðeins geta þess, að fyrrv. stj. var það fyllilega ljóst fyrir rúmu ári síðan, að innflutningshöft og hátollar á aðfluttum vörum voru komin á svo hátt stig í löndum Mið-Evrópu, að óhjákvæmilegt væri að senda þangað sérstakan mann til að semja um þau mál. Þó að danska utanríkisstj. væri öll af vilja gerð til þess að greiða fyrir viðskiptum Íslendinga í þessum löndum, þá hafði hún ekki þá sérþekkingu á verzlunarahögum okkar, sem nauðsynleg var til slíkra samninga. Og svo virðist einnig, sem Íslendingar eigi víða vinsældum að fagna meðal annara þjóða, þannig að það sé happasælla fyrir þá að tülka sjálfir málstað og þarfir þjóðarinnar á erlendum markaði. Vegna þessara hluta sendi fyrrv. stj. Jóhann Jöscfsson framkvæmdastjóra oftast en einu sinni í samningaerindum til Mið-Evrópulandanna, og vann hann að þeim í samráði við sendiherra Dana í þessum löndum. Niðurstaðan af þessum samningum þótti eftir atvikum mjög góð. Og ég get sagt frá því hér, að í einkabréfi, er mér barst sem ráðherra frá dönskum sendisveitaremblættismanni — Zale — voru þau ummæli, að við hefðum sent hinn ágætasta fulltrúa frá Íslandi, sem hefði reynzt með afbrigðum vel hæfur til samninga og til ómetanlegs gagns fyrir okkar málstað.

Eftir þá reynslu, sem fengizt hafði af fyrstu ferð erindrekans, lét ég þennan mann vita það aftur í fyrri, að hann mætti vera við því búinn

að fara þá aðra ferð fyrir stj. til Mið-Evrópu, og að hann mætti búast við lengri dvalartíma erlendis, og jafnframt, að hann þyrfti að ferðast til fleiri landa, til viðskiptasamninga og markaðsleitar fyrir íslenzkar afurðir.

Sú heimild, sem hv. flm. þessarar þáttill. vilja fá frá þinginu til handa ríkisstj., er alveg sjálf-sögð, og er ég þakklátur hv. flm. fyrir þessa till. og vil mæla með því, að heimildin verði afgf., svo að hvorki vanti heimildir eða fé til þess, að markaðir verði auknir og eflðir fyrir framleiðsluafurðir okkar erlendis. Ég treysti stj. til þess að velja hæfan mann til þessa hlutverks. En út af því, sem sagt var um það, hversu lítið hefði verið skrifað í blöðin eða borið fram opinberlega til viðurkenningar á starfi þess erindreka, sem fyrrv. stj. sendi til Mið-Evrópu, vil ég láta þess getið að ég þekki engan mann, sem er eins vel hæfur til þess að reka erindi okkar í viðskiptamálum í löndum Mið-Evrópu.

**Bergur Jónsson:** Ég get tekið undir með þeim, sem talað hafa, um, að það er full nauðsyn á því fyrir Íslendinga að hafa verzlunarerindreka í þessum löndum, sem talað er um í þáttill. En ég vil aðeins benda á, að mér finnst þetta mál ranglega fram borið; það er formlegra að leggja þetta fyrir í frv. heldur en í þáttill. — Í þáttill. er vísað til þátttöku frá bönkunum í því að halda þessu starfi uppi, á sama hátt og um verzlunarerindrekann á Spáni, og verður því ekki annað séð á till. en að hér sé um fastan starfsmann að ræða. Ég held það sé miklu réttara fyrir Alþingi að skipa þessu starfi með lögum á formlegan hátt. En þó mun ég ekki leggja á móti till., af því að ég treysti stj. til að framkvæma hana. Ég vona, að á næsta þingi verði flutt frv. um þetta og gengið þannig lögformlega frá því.

**Flm. (Finnur Jónsson)** [öyfirl.]: Ég vil ekki deila um formshlið þessa máls. Það má vera, að í reyndinni verði það svo, að erindrekinn þurfi ekki að dvelja allt árið erlendis, en ég hygg, að hann þurfi að vera þar mestan hluta ársins. Ég get þakkað þeim hv. þm., sem talað hafa, fyrir góðar undirtektir undir þetta mál. Ég held, að það sé nægilegt, þegar nokkur reynsla er fengin um þetta starf, að ákveða, hvað langan tíma árlega erindrekinn skuli dvelja í Mið-Evrópu. Það er ekkert áriðandi að setja lög um þetta, og hygg ég, að það megi samþ. þessa þáttill. í því formi, sem hún nú er. Það má ætla fé til þess í fjárl., þar sem 3. umr. fjárl. er enn ólokið.

**Magnús Torfason** [öyfirl.]: Það hefir verið bent á, að réttara mundi vera að setja lög um þetta efni heldur en að heimila með þáttill., að þetta erindrekastarf skuli stofnað. Ég tel það vafasamt, að réttara sé að ákveða það með lögum á þessu stigi málsins og á þessum tíma árs. Aðalmergurinn í till. skilst mér vera sá, að stj. sé heimilað að hafa erindreka í Mið-Evrópu þegar henni finnst við þurfa, en þá heimild hefir vantað hingað til. Að þessu leyti er ég till. samþykkur. En það leiðir ekki til þess, að erindrekinn þurfi að gegna þessu starfi allt árið. Eins og till. er nú orðuð, þá er enginn vafi á, að það er

fastara að þessu kveðið með því að vitna til samskonar skipunar á þessu starfi eins og nú gildir um erindrekann á Spáni, sem er skipaður fastur starfsmaður. Ég hefði því talið æskilegt, að þessu yrði breytt og að komið væri fram með till. um það við síðari umr. Ennfremur vil ég benda á aðra sérstaka ástæðu til þess, að ég tel ekki rétt, að hrapað verði að því að gera þennan erindreka með lögum að föstum starfsmanni, og hún er sú, að það stendur alveg sérstaklega á í Mið-Evrópu nú á þessum tímum, að það eru ekki allir menn jafnþekkilgir, sem þangað koma. Ég býst ekki við, að það mundi t. d. þykja heppilegt að senda þangað Þórberg Þórðarson, sem við þekkjum allir og er að mörgu leyti góður maður. Ég hygg, að það yrði talið hollara að senda þangað mann, sem væri honum öndverður og hneigðist til hinnar handarinnar. Því hefir verið skotið til mín, að ég væri ekki vel fallinn til þess, og skal ég játa það fyllilega. En ég hygg, að sá hv. ræðumaður hefði gjarnan mátt láta það ógert, því að með því hefir hann minnt óþægilega á sjálfan sig. Og hvað sem annars má um norsku samningana segja, þá ætla ég, að þeir hefðu orðið betri, ef ég hefði um þá fjallað heldur en hann.

**Ólafur Thors:** Að gefnu tilefni vil ég beina þeirri fyrirspurn til hv. 2. landsk., og bið hann að svara því alveg skilyrðislaust, hvort hann telur rétt að segja upp þegar í stað norsku samningunum. Og skora ég á hann að segja annaðhvort já eða nei við þeirri spurningu. ef hann vill ekki láta skoða það sem litilfjörlegt grín. er hann sagði í lok ræðu sinnar.

**Magnús Torfason:** Ég þarf að hafa svo mikið fyrir því að fara úr sæti mínu til að svara þessu. Ég vil fyrst og fremst geta þess, að ég lit svo á, að hv. þm. G.-K. hafi ekkert vald til að skipa mér fyrir um þingstörf. Og allra sízt getur hann ætlazt til þess, að ég svari því af eða á, hvort ég vilji segja upp norsku samningunum, án þess að ég fái tækifæri til að bera mig saman við minn flokk. (ÓTh: Þarf þm. að tala við Hannes?). Hv. þm. má vita það, að síðan samningarnir voru samþ. hefir verið talsvert upplýst um hresti á þeim. Og þó að ég hafi samþ. þá á sínum tíma, þá er alls ekki vist, að ég mundi gera það nú. En svo vil ég benda hv. þm. á, að það er beinlínis hugsunarvilla hjá honum, að það standi nokkuð í sambandi við frammistöðu hans í norsku samningunum, hvort ég vilji láta segja þeim upp nú eða ekki. En það er oft svo í slíkum málum sem þessum, ekki sízt samningamálum, að samningsaðili verður venjulega að ganga inn á það, sem einu sinni er búið að ýmpra á við mótpartinn, þó að honum hefði ekki dottið í hug áður að samþ. það. Þá verður oft og tíðum að segja þ, þegar einhver samningamaðurinn — einhver ofvitinn — hefir sagt a. — Um norsku samningana get ég að öðru leyti sagt það með réttu, að við mundum vist allir óska þess, að hægt væri að segja þeim upp sem allra fyrst. Með þessu, sem ég nú hefði sagt, þykist ég ekki hafa svarað út úr, og hygg ég, að ekki verði meira með sanngirni af mér heimtað.

**Ólafur Thors:** Ég get þakkað hv. 2. landsk. fyrir greið og góð svör, sem vera má, að flestir hv. þm. hafi skilið nema ég. Ég skal fúslega játa, að það var náttúrlega ósannjarnt af mér að krefja hv. þm. um ákveðin svör í þessu máli, án þess að hann væri búinn að bera sig saman við sinn flokk. Og ég bið afsökunar á því, að ég skyldi ganga svo ríkt eftir þessu hjá hv. 2. landsk. áður en hann var búinn að ráðgast við hv. þm. V.-Húnv. — Hv. þm. veit sjaldnast, hvernig hann á að greiða atkv. fyrr en hv. þm. V.-Húnv. er búinn að greiða atkv. Öllum hv. þm. er það kunnugt, að þegar hv. þm. V.-Húnv. segir já, þá segir hv. 2. landsk. nei, og gagnkvæmt.

**Bergur Jónsson:** Það er aðeins út af forms- hlið málsins. Ég tel engu minni ástæðu til, að Alþingi setji lög um þetta erindrekastarf heldur en þegar lög voru sett um skipun erindreka á Spáni, og ég sé ekki betur en að það sé algerlega hliðstætt. — Annars skildist mér, að hv. 2. landsk. væri hræddur um, að menn eins og Þórbergur Þórðarson yrðu settir til þess að gegna þessu starfi, ef því væri skipað með lögum, en ekki þál. (MT: Nei, nei).

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til fjvn. með 38 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sp., 18. des., var till. tekin til síð- ari umr. (A. 572, n. 844).

**Frsn. (Jónas Guðmundsson):** Eins og hv. þdm. sjá, þá hefir fjvn. lagt til einróma, að þessi till. verði samþ., sem hér liggur fyrir.

Við fyrri umr. þessarar till. kom það berlega í ljós, að allir þingflokkar voru þess mjög fýs- andi, og sennilega flestir þm. einnig, að einhver erindreki yrði settur í Mið-Evrópu, sem hlutaðist til um að greiða fyrir verzlunarviðskiptum Íslend- inga þar. N. hefir að visu ekki haldið formlega fund í þessu efni, heldur talaði sig saman um málið og kom sér saman um að leggja til, að till. verði samþ. eins og hún liggur fyrir. Um kostnaðarhliðina verður ekki sagt að svo stöddu, því að það verður ekki vitað, hvort þetta verður fast starf, líkt og fiskifulltrúastarfið á Spáni, eða hvort þetta verður aðeins starf, sem eigi að gegna einhvern ákveðinn hluta ársins, eins og hefir verið á síðasta ári með sendiferðir og dvöl hv. þm. Vestm. í Þýzkalandi og víðar í Mið-Ev- rópu. Auk þess hefir komið fram sú till., að bankarnir taki þátt í kostnaðinum að helmingi á móti ríkissjóði, og að síðustu er það einnig svo, að það er óvíst, hversu hár þessi kostnaður verður vegna þessa starfs, því að það verður ef til vill haft í sambandi við stjórn fiskimála, sem að öllum líkindum verður sett á laggirnar innan stutts tíma. Það má því ganga út frá því sem gefnu, að kostnaðurinn við þetta verði á árinu 1935 ekki ýkjamikill, en að því ári loknu verður búið að fá reynslu, hvort þetta eigi að vera fast

starf eða hvort það dugi að hafa aðeins sendi- herra við og við í þessu starfi, og þá sést einn- ig, hver kostnaðurinn verður af þessu starfi, svo að þá verður hægt að taka fjárveitingu til þess upp í fjárl. eins og reynslan hefir þá sýnt, að þörf verður á, en 1934 verður að greiða þennan kostnað af óvissum útgjöldum ríkissjóðs.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sp., 20. des., var fram haldið síð- ari umr. um till.

ATKVGR.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem á- lyktun Alþingis (A. 932).

## 22. Tollakjör innlands iðnaðar.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sp.:

Till. til þál. um tollakjör innlands iðnaðar (A. 294).

Á 25. fundi í Sp., 19. des., var till. tekin til fyrri umr.

**Fm. (Emil Jónsson):** Við hv. þm. V.-Ísf. flytj- um hér þáttill. um það, að rannsókuð verði fyrir næsta þing tollakjör innlands iðnaðar, í því skyni að fá réttlátari löggjöf en nú ríkir í þeim efnum. Á þessu þingi hafa að visu verið flutt frv. í þessu skyni, tollum létt af og þeim breytt. En allar þessar breyt. hafa verið gerðar sambendis- og samræmislaust, en fyrir okkur vakir að fá sam- ræmda og fullkomna löggjöf um þetta efni.

Það er mikið nauðsynjamál, að hinn ungi iðn- aður vor megi búa við sem réttlátasta tollalög- gjöf. Hann á mjög í vök að verjast fyrir erlend- um iðnaði, sem framleitt getur vörur sínar í miklu stærri stíl og á oftast aðgang að ódýrari hráefnum. Því er nauðsynlegt, að þessum at- vinnuvegi sé hjálpað af hinu opinbera, og sumir vilja fyrst og fremst láta þá hjálp koma fram í háum aðflutningstollum á erlendum iðnvörum. En þó verður jafnan að gæta þess, að gera ekki vörurnar of dýrar á þann hátt. Því leggjum við til, að tollalöggjöfin verði endurskoðuð með til- líti til iðnaðarins og neytenda í senn.

Þetta mál hefir að visu áður verið til rann- sóknar í sérstakri nefnd, en ég og fleiri teljum, að sú rannsókn og niðurstöður hennar hafi náð of skammt. Vænti ég því, að þáttill. okkar fái góðar undirtektir.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Sp., 20. des., var till. tekin til síð- ari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem á- lyktun Alþingis (A. 933).

# Þingsályktunartillögur, vísað til ríkisstjórnarinnar.

## 1. Heyafli á óþurrkasvæðunum.

Á 2. fundi í Ed., 4. okt., var útbýtt:  
Till. til þál. um rannsókn á heyafli bænda á óþurrkasvæðunum (A. 37).

Á 3. fundi í Ed., 5. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.  
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var till. tekin til einn-  
ar umr.

**Flm. (Jón Auðunn Jónsson):** Til viðbótar og frekari skýringar því, sem sagt er í ástæðum fyrir þáltill. á þskj. 37, vil ég segja þetta:

Ástandið á óþurrkasvæðunum er svo illt, að bændur eru þess ekki megnugir að ráða bót á því af eigin rammleik. Vaenti ég, að hv. þd. sé mér sammála um, að ekki verði hjá því komið, að Alþingi veiti aðstoð sína, fyrst til útvegna-  
ar fóðurs, og þá máske fyrst og fremst þurr-  
heys, og í annan stað með fjárhagslegri aðstoð á einn eða annan hátt.

Framkvæmdir í þessu efni mega með engu móti dragast. Slátrun sauðfjár verður lokið eftir 14 til 16 daga, en bændur þeir, sem aðstoð eða hjálp þurfa, verða þegar í stað að fá vitneskju um, hvort Alþingi ætli að veita aðstoð, til þess að þeir þurfi ekki að lóga öllum eða mestöllum sauðpeningi sínum. Það er um seinan að gera ráðstafanir þegar bændur hafa slátrað fénaði sínum. Þess vegna vil ég leggja áherzlu á það, að samþ. till. verður nauðsynlega að skoðast sem vilji deildarinnar til þess að veita þessum bændum aðstoð á einn eða annan hátt, til þess að þeir geti haldið sem mestu af venjulegum bústofni sínum.

Ég tel, að ekki þurfi meira en eina viku til þess að safna nauðsynlegum skýrslum á óþurrkasvæðunum, svo séð verði með fullri vissu, hversu viðtækar ráðstafanir þarf að gera. Stj. getur gegnum útvarpið skorað á hreppabúnaðarfélagin að safna þessum skýrslum og senda þær gegnum símann innan fárra daga. Jafnframt mætti, ef vilji meiri hl. þings er fyrir því, að gerðar verði ráðstafanir til hjálpar, láta bændur vita um, að af hálfu Alþingis muni gerðar ráðstafanir til umbóta, svo bændur dragju slátrun meira en þeir verða að gera, ef engin von er um aðstoð eða hjálp.

Það er allra hluta vegna óheppilegt og óráðlegt, að bændur minnki verulega bústofn sinn, ekki sízt þar sem sjáanlegt er, að innlendi markaðurinn verður minni en undanfarin ár, sem stafar af því, að kaupgeta fólks við sjávarsíðuna er minni en á undanförunum árum, en þó máske mest vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið af hinu opinbera — kjötverðlagsnefndinni. Þetta er skoðun bænda í Norður-Ísafjarðarsýslu, og eru þau rök þar til, er nú greinir:

Bændur vestur þar, og að ég hygg víðar, hafa selt mestallt sitt kjöt milliliðalaust til neytenda í kaupstöðum og sjávarþorpum. Sá litli hluti kjöts og sláturfjárafurða, sem bændur hafa selt gegnum verzlaniðnar, kaupmenn og kaupfél., hafa þeir greitt mjög lág umboðslaun fyrir, og í flestum tilfellum ekkert, ef kjötið hefir selzt frá verzlunum í heilum kroppum, annars 3—5 aura á kíló, og hafa þá verzlaniðnar tekið á sig rýrnun við geymslu og sundurvigt og ábyrgð á innheimtu söluandvirðis.

Nú verða bændur að greiða, samkvæmt ákvörðun kjötverðlagsnefndar, slátrunarkostnað á Ísafirði, fimm aura á kíló af því kjöti, sem selt er í heilum kroppum frá sláturfélögunum, og verðjöfnunargjald, sex aura á kíló. Auk þess verða þeir að kosta flutning á fénu til Ísafjarðar. Hefir þessi kostnaður numið kr. 3,25 til kr. 4,20 á hvern dilk, eða að meðaltali nálega þrem kr. meira á dilk en þeir hafa komið af með í þennan kostnað undanfarin ár, en það hefir í langflestum tilfellum verið aðeins flutningskostnaðurinn til markaðsstaðarins.

Auk þessa missa bændur þar vestra mestallt slátrur frá heimilisnotkun. Vegna samgönguörðugleika, vegaleyssins og strjálbýlis geta þeir ekki nema með fáum undantekningum komið slátrunum af fé því, sem slátrað er á Ísafirði og í sjávarþorpunum, óskemmdum heim til sín, en neyðast til að selja þau litlu verði á slátrunarstað, jafnvel kasta þeim í mörgum tilfellum.

Líti maður á hagsmunir neytenda, þá verða þeir nú að borga milliliðakostnað — smásölu-  
kostnað — samkv. fyrir mælum nefndarinnar allt að 15%. Allur milliliðakostnaður seljanda og neytenda verður þá 4—5 kr. meira á dilk en áður. Kjötverðið verður með þessu svo hátt fyrir neytendur, að margir þeirra neyðast til að takmarka kjötkaupin langt umfram það, sem orðið hefði með hinni milliliðalausu sölu, sem áður var. Bæði bændur og neytendur eru afar óánægðir með það, að mega ekki lengur verzla frjálst. Meiginþorri

bænda hefir selt sömu neytendum kjöt sitt og aðrar afurðir árum eða jafnvel áratugum saman. Land- og sjávarbændur hafa haft vöruskiptaverzlun þannig, að sjávarbóndi hefir selt landbónda fiskmeti allskonar að vorinu gegn greiðslu í sláturfjárafurðum að hausti. Með ráðstöfun kjötverðlagsnefndar er ekki annað sýnna en að vöruskiptaverzlunin hætti, og það er öllum sjáanlegt, að ráðstafanir nefndarinnar hljóta að draga mjög úr kjötneyzlunni innanlands. A. m. k. er það svo vestur þar. Hvað verður þegar fram á veturinn kemur og kjöt, sem engir kaupendur fást að, liggur í hundruðum smálesta saltað og á íshúsum? Það, sem bændur vestur frá óskuðu gjarnan, var, að lágmarksverð veri sett á kjöt, t. d. 80—90 aurar kílóíð, eftir gæðum, og neytendur hefðu áreiðanlega sætt sig við slíka ráðstöfun. Úr þessum vandræðum mætti bæta að einhverju leyti með því að styrkja þá bændur, sem verst hafa orðið úti af völdum óþurrkanna, til að halda sem mestu af bústofni sínum. Að bændur, hundruðum saman, neyðist til að kasta mestöllum bústofni sínum inn á yfirfylltan markað, gerir illt verra.

Hvað tiltækilegt er að gera til fóduröflunar verður ekki sagt fyrr en skýrslur liggja fyrir. Ég hygg þó, að ekki verði einhlítt að útvega fódurbæti, heldur verði einnig að sjá um útvegum þurrfóðurs eða þurrheys, vegna þess að þeir bændur, er verst hafa orðið úti af votviðrunum, hafa vart þurrhey til jörturs handa nauðsynlegum bústofni. Vil ég því benda hæstv. landbrh. á að láta leita upplýsinga um heykaup frá öðrum löndum, jafnframt því að athugað sé, að ekki verði keypt hey frá þeim löndum, þar sem búpeningssjúkdómar liggja í landi.

Ég er hræddur um, að flutningskostnaðurinn hér innanlands verði svo mikill, að innlent þurrhey yrði óhæfilega dýrt, og svo er á hitt að líta, að verulegar hefyrrningar munu óvita til, nema helzt þar, sem erfiðleikar um flutninga á heyni yrðu ókleifir vegna kostnaðar.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Vegna þessarar þáttill., sem hér er fram komin, vildi ég gefa háttv. d. nokkrar skýringar á því, hvað gert hefir verið yfirleitt í þessu máli. — Það var bersýnilegt skömmu eftir mitt sumar, að horfurnar með heyskap bændu voru afar slæmar. Þó var ekki hægt að segja um það fyrr en leið á sumarið, hvernig útkoman í heild yrði, því að menn vonuðu stöðugt, að tíðarfarið mundi batna. Samt sem áður taldi stj. ekki forsvaranlegt annað en að gera ráðstafanir í þessu efni. Sneri hún sér þá fyrst og fremst til sildarbræðslu ríkisins á Siglufirði og það hana að halda eftir allmiklu af sildarmjöli fram yfir það, sem venjulega selst hér innanlands. Það munu á síðasta ári hafa verið seld um 450 tonn af sildarmjöli hér innanlands eftir því, sem næst verður komið. Nú er salan orðin 1200 tonn. En samt sem áður sýndi það sig, þegar á sumarið leið, að það mundi verða ófullnægjandi, og skömmu eftir stjórnskríptin byrjaði ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess að grennslast um hefyng bændu um land allt, og var Páli Zóphóniassyni falið það starf. Hann hefir því haft þetta með höndum undanfarnar

vikur og jafnóðum tilkynnt árangurinn af starfi sínu til ríkisstj., og jafnframt hefir málið verið lagt fyrir Búnaðarfélag Íslands.

Eftir að Páll Zóphóniasson hafði safnað allmiklu af skýrslum um fódurbætisþörf í hinum ýmsu héruðum, ritaði ríkisstj. bréf til stjórnar Búnaðarfél. Íslands og spurðist fyrir um, hvað hún áliti heppilegt að halda miklu eftir af sildarmjöli í landinu. Stjórn Búnaðarfél. svaraði því, að eftir þeim upplýsingum, sem hún hefði aflað sér um þetta efni, mundi vera nægilegt að halda eftir 500 tonnum. Nú hefir Páll haldið áfram að safna skýrslum, og hann álitur, nú fyrir 10 dögum síðan, ekki nægja minna en 700 tonn af sildarmjöli, og svo þegar þetta kemur til umr. í landbn. í Nd. í gær, er ekki álitid öruggt að halda eftir minna en 900 tonnum af sildarmjöli í landinu.

Eins og hv. dm. er kunnugt, er mikið af því sildarmjöli, sem selt er út úr landinu, selt í fyrri hluta ágúst, og þannig mun hafa verið á þessu sumri, því að eftirspurnin var fremur ör. Þegar það sýndi sig, að þörf var á að halda eftir meiru af sildarmjöli í landinu en áður hafði verið gert, þá var mjólið, sem lá hjá verksmiðjunni, selt. Ég sá þá ekki annað fært en að gera þær ráðstafanir að gefa út bráðabirgðalög um að stöðva allan útflutning á sildarmjöli. Það mjöl, sem þá var eftir, var 990 tonn hjá verksmiðjunni í Krossanesi, þar af um 220 tonn saltmjöl með 10% af salti. Ennfremur voru fyrirbyggjandi á Hesteyri um 80 tonn og 120 tonn hjá sildarverksmiðju ríkisins. Þetta mjöl hafði verið pantað, en pantanirnar höfðu ekki verið afgreiddar.

Nokkru eftir að þessi lög tóku gildi var sótt um útflutningsleyfi á 150 tonnum frá sildarverksmiðjunni í Krossanesi, og eftir þeim upplýsingum, sem ég hafði frá Búnaðarfélagi Íslands og Páli Zóphóniassyni, taldi ég fært að gefa útflutningsleyfi fyrir þessi 150 tonn, því að samt er eftir í Krossanesi um 840 tonn. Nú hefir verksmiðjan sótt um leyfi til þess að flytja út 435 tonn af mjóli og jafnframt 137 tonn af saltmjóli. Þetta leyfi treysti ég mér ekki til að veita, enda þurfti ekki að afgreiða það fyrr en í gær. Óskaði ég þá eftir, að landbn. héldi fund um málið, og var þá ákveðið að leyfa útflutning á þessum 137 tonnum af saltmjóli, en að banna að öðru leyti frekari útflutning.

Það eru því fyrirbyggjandi í landinu um 900 tonn af sildarmjöli, en þar af eru tæp 100 tonn af saltmjóli. Það er því nokkuð mikið fram yfir það, sem Páll Zóphóniasson áleit þörf fyrir, eftir þeim rannsóknum, sem hann hefir haft með höndum á undanförunum vikum. Ennfremur er eftir nokkuð af sildarmjöli í sildarverksmiðju ríkisins á Siglufirði, og má bæta því við, svo það verður nokkuð á 10. hundrad tonn fyrirbyggjandi í landinu.

Það gat verið álitamál, hvaða leið ætti að fara í þessari skýrslusöfnun, sem þurfti að inna af hendi viðvikjandi hefyng bændu. Frá síðasta þingi liggur fyrir þáttill. um, að leita megi til Búnaðarfél. með slíka skýrslusöfnun. Nú var Búnaðarfél. skrifað og það heðid að safna upplýsingum, en það svaraði á þá leið, að það hefði

ekki heimild til að krefjast slíkra skýrslna, og fór fram á, að samín væru lög, sem heimiluðu hagstofunni að safna þessum skýrslum, eða að fá sér vald til þess að gera það.

Ég skal ekki fara neitt út í það, hvaða leið verði heppilegst framvegis til þess að safna þessum skýrslum, sem vitanlega verður nauðsynlegt að gera framvegis. En ég vil samt geta þess, að ríkisstj. hefir hugsað fyrir frv., sem hún mun fara fram á við landbn. þingsins að flýttja, um hvernig þessum skýrslum verði safnað framvegis. En a. m. k. eins og nú stóð á, áleit ég þetta beztu ráðstöfunina, sem hægt var að gera, að fá þann mann, sem er allra manna kunnugastur úti um sveitir landsins, til þess að vinda bráðan bug að þessari skýrslusöfnun og gera það hæði skjótt og vel. Hann hefir staðið í símasambandi við menn úti um allt land, til þess að safna skýrslum, og m. a. var hann kallaður í simann í gær til að taka á móti pöntunum, meðan hann var á fundi í landbn., og þessu verki heldur hann áfram unz því er lokið. Ég vil því álita, að það, sem farið er fram á með þessari till., hafi í raun og veru verið gert af ríkisstj. og sé verið að vinna að því verki.

Ég skal svo ekki, án þess að sérstök fyrirspurn komi fram, hafa þetta mál lengra. Mun ég geta gefið frekari upplýsingar, ef óskað er, en sé ekki ástæðu til að lengja umr. um þetta mál að svo komnu.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Ég ætla aðeins að segja örfá orð. Ég get vel skilið, þegar hv. þm. N.-Ísf. kemur hingað til bæjarins úr hinum miklu óþurrkum, sem verið hafa í hans kjördæmi og víðar á landinu, að honum finnist full nauðsyn á að ýta á eftir, að reynt sé að vinna á móti því mikla hallæri, sem þar er yfirvofandi, og því er ekki óeðlilegt, að hann hafi borið fram þessa þáttill., meðan hann hefir ekki aflað sér upplýsinga um það, sem þegar hefir verið gert í þessu máli. Nú hefir hæstv. forsrh. sýnt fram á, að nú er húið að gera það, sem fyrir hv. þm. vakir, og talsvert meira, og það er verið að vinna að þessu áfram á þeim grundvelli, sem þegar hefir verið lagður.

Ég legg því til, að þessari þáttill. verði vísað til ríkisstj., þar sem húið er að gera eiginlega allt, sem fyrir hv. flm. vakti með þessari till. T. d. ef hæstv. ríkisstj. hefði ekki stöðvað útflutning á sildarmjöli, þá væri ekki til neins að gera tilraun til þess nú, því að það væri sennilega allt selt. Þetta er aðeins lítið dæmi um það, hvernig hv. þm. fylgist með hlutunum.

Að því er snertir annan þátt í ræðu hv. þm. N.-Ísf., þar sem hann minntist á, að menn gengju í kjötbindindi, þá vona ég, að hægt verði að tala ýtarlega við hann um það mál, þegar þar að kemur, svo hann fái einnig að fræðast um það.

**Flm. (Jón Auðunn Jónsson)**: Mér er kunnugt um það, að stj. hafði gert ráðstafanir til þess að hafa miklar birgðir af sildarmjöli í landinu. En þó var það svo, að fyrir 3 vikum pantaði ég 40 sekki af sildarmjöli fyrir nokkra bændur, en fékk aðeins 20.

En það er, eins og ég gat um áðan, ekki nægi-

legt að hafa fódurbæti, ef ekki er til þurrhey til jörturs handa fénaðinum, og það er svo á mörgum bæjum, að ég hygg, og það jafnvel í kjördæmi hæstv. forsrh., því að þar er tíðfarar venjulega svipað og í austurhluta míns kjördæmis. Það, sem ég legg aðaláherzluna á, er því, að séð sé fyrir þurrfóðri handa bústofni bændu og að bændur verði látnir vita um þær ráðstafanir áður en það verður of seint.

Mér var kunnugt um, að hæstv. stj. hafði falið hv. 2. þm. N.-M. að safna skýrslum, en mér er jafnframt kunnugt um, að ekkert kvak hafði heyrzt til þess góða manns í 2 hreppum í Norður-Ísafjarðarsýslu, þegar ég fór að norðan, en það er kannske að nokkru leyti eðlilegt, því að þar er ekkert símasamband ennþá.

Hv. þm. S.-Þ. var að tala um, að ég fylgdist ekki með hlutunum. Það getur vel verið, að ég fylgist ekki með í því, sem ekki er gert, eins og um rannsókn á fódurbirgðum bænda í nyrztu hreppum Norður-Ísafjarðarsýslu, sem eru sennilega lakast staddir allra landsmanna. Þá sagði hv. þm., að ég hafi talað um kjötbindindi. Það hefi ég ekki nefnt. Það má vel vera, að sá hv. þm. komi með frv. um það efni. Ég get vel hugsað, að hann vilji, að menn gangi í kjötbindindi, en það er af sérstakri ástæðu, — ekki með hag bænda fyrir augum — nei, það er af allt annari ástæðu.

Ég býst við, að ráðin séu forlög þessarar þáttill., ef á að vísa henni til stj. Verð ég að setta mig við það, en ég vil þá leggja það ríkt á hjarta hæstv. landbrh., að það þarf ekki aðeins fódurbæti, heldur einnig þurrfóður handa þeim, sem verst eru staddir.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Það er aðeins örstutt aths. við ræðu hv. þm. N.-Ísf. — Ég skal aðeins taka það fram, að það er ekki eðlilegt, að hv. þm. N.-Ísf. hafi fengið afgr. pöntun þá, sem hann minntist á, því að yfirleitt hafa engar pantanir verið afgr. í seinni tíð, því að mjölið er ekki til sölu fyrr en húið er að gera ráðstafanir til þess að gera það upptækt. Það hefir eingöngu verið tekið á móti pöntunum og aflað vitneskju um, hvar þörfin er mest. Að bændur hafi ekki fengið að vita um þetta, er ekki rétt. Það hefir einmitt verið leitað til þeirra, sem hafa aftur leitað upplýsinga hjá bændum um málið. Þessara upplýsinga tekst vitanlega misjafnlega fljótt að afla, en ég skal geta þess, að ég hefi fengið upplýsingar um það, að í Ísafjarðarsýslu hafa verið keyptir 265 sekki af sildarmjöli, og að nú þegar er húið að panta til viðbótar 101 sekki.

Það var réttilega fram tekið hjá hv. þm. N.-Ísf., að sumstaðar þarf annað og meira en fódurbæti. Það er í einstaka sýslu þannig stadd, að ég býst við, að tæpast verði hjá því komið að gera frekari ráðstafanir í því efni, og mun ríkisstj. hlutast til um, að það verði gert.

En eins og hv. dm. er kunnugt, eru ekki nema nokkrir dagar síðan það var fyrirsjáanlegt, að þannig mundi fara. Menn áttu hey úti og vonuðust eftir að geta náð því, en nú hefir þetta allt farið verr en menn létu sér detta í hug, vegna þess hve haustið hefir verið óhagstætt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í, hvað ríkisstj. muni gera í þessu efni; það mun verða gerð grein fyrir því í landbn.

Viðvíkjandi þeim umr., sem hafa orðið út af kjötsölulögnum, sé ég ekki ástæðu til að svara, þar sem það mál er ekki á dagskrá og gefast mun tækifæri til að tala um það síðar.

**Magnús Jónsson:** Ég ætlaði ekki að halda ræðu um þetta mál, en ég vildi gera það að till. minni, að umr. væri frestað og till. vísað til landbn. Það hefir verið til umr. svipuð till. í Nd., og var henni vísað til landbn., enda er það algerlega þingleg aðferð.

Hæstv. forsrh. hefir skýrt frá því, að hann stæði í sambandi við landbn. um ráðstafanir svipaðar þeim, sem hér er verið að tala um. Finnst mér því eðlilegt, að þessari till. verði vísað til landbn.

**Jón Baldvinsson:** Það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að Nd. mun hafa vísað til landbn. svipaðri till. og hér um ræðir. En mér finnst, þó að hv. Nd. hafi gert það, að Ed. sé ekki skyldug að gera það sama.

Það hafa þegar verið framkvæmdar þær rannsóknir, sem þáttill. fer fram á, og ýmsar frekari ráðstafanir gerðar, svo sem eins og að hindra útflutning á síldarmjöli úr landinu. Það er ekki annað eftir en að leggja árangurinn af þessum rannsóknum fyrir hv. þd., og það skilst mér, að hæstv. ríkisstj. muni gera þessar skýrslur liggja fyrir. Þá er uppfyllt það, sem þessi þáttill. fer fram á, og þá sé ég ekki ástæðu til annars en að vísa henni til stjórnarinnar.

**Magnús Jónsson:** Ég skal viðurkenna, að þessi hv. d. er ekki bundin við, hvaða aðferð mál sæta í Nd. En mér finnst bara eðlilegt og þinglegt í alla staði að vísa málinu til landbn. Hvort n. skilar álitum um þessa till., er annað mál, en henni hefir þó verið gefinn kostur á að kynna sér það. Ég geri því að till. minni, að þessari þáttill. verði vísað til landbn. Sé ég enga ástæðu til, að henni verði vísað til stjórnarinnar.

**Þorsteinn Briem** [óyfirl.]: Það var áður upplýst, að hæstv. ríkisstj. hefir látið fara fram athugun á fódurbætisþörf manna á óþurrkasvæðunum, en það hafa ekki komið fram upplýsingar um það, hvort forðagæzlumönnum hreppanna hefir verið falið að láta fara fram forðagæzlu á hverjum bæ nú sem fyrst. Ég tel, að til þess að fá sem nákvæmastar skýrslur, muni þetta vera nauðsynlegt.

Það er nú þegar farið að liða svo langt að þeim tíma, sem forðagæzla fer venjulega fram, að það ættu ekki að vera nein vandkvæði á að koma því til leiðar gegnum sýslu- og sveitarstjórnir, að þetta verði framkvæmt nú þegar, og til þess að forðagæzlan gangi sem greiðast, mætti benda hlutaðeigandi stjórnarvöldum á að fjölga forðagæzlumönnum í stórum hreppum, til þess að þetta þyrfti ekki að taka langan tíma. Það skiptir miklu máli að fá þessar upplýsingar. Hingað til skilst mér, að ekki hafi legið fyrir aðrar upplýsingar en þær, sem helztu menn hverrar sveitar, oddvitar og kaupfélagsstjórar,

hafa gefið um sitt álit, en nákvæmar athuganir munu ekki hafa farið fram. Ég teldi mikið unnið, ef hægt væri innan skamms tíma að fá upplýsingar um, hve mikið hey væri á hverju býli, hve mikið af því væri nokkurnvegin verkað og hve mikið hrakið eða nærri ónýtt, og ennfremur um það, hve mikið af hverri búfjartegund hvers bónda ætti að setja á þessi hey og þann fódurbæti, sem hann ætlaði að fá eða hefði von um að fá.

Slík athugun mundi verða til þess, að bændur sjálfir, sem hlutur eiga að máli, mundu vakna til meiri umhugsunar um, hvernig þessu yrði bezt hagað, og mundu þá nota leiðbeiningar og aðstoð þeirra manna, sem hlutaðeigandi stjórnarvöld treystu til að gefa þau ráð. Og ég teldi það mikilsvert, að brýnt væri fyrir forðagæzlumönnum að vekja athygli allra búfjáreigenda á að hafa alla aðgæzlu um ásetning á þessi hröktu hey.

Það er gömul saga, að hér verður oft heyskortur á vorin. Slíkt átti sér stað síðastl. vetur, jafnvel eftir það góða sumar.

Ég hygg, að því fyrr, sem fullkomin og nákvæm athugun fer fram, því betur sé hag þessara bágstöddu sveita komið. Tel ég því ekki óviðeigandi, að þessari till. verði vísað til landbn., svo hún fái að segja álit sitt um hana.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Út af því, sem fram kemur hjá hv. 10. landsk., vil ég taka fram, að stj. hefir látið semja breyt. á forðagæzlulögnum, og mun hún sennilega á mánudaginn verða lögð fyrir þingað. Verður þá málið sennilega afg. svo fljótt sem hægt er í lagaformi.

**Þorsteinn Briem:** Ef svo verður séð um, að þau lög verði nægilega fljót gegnum þingið, þá er það allgóð lausn á málinu. Þó getur náttúrulega komið fyrir, að sú afgreiðsla teyfist nokkra daga, en hver dagurinn er dýrmætur, þegar heilar sveitir og héruð og jafnvel þrjár landsfjórðungar eru í voða. Hygg ég það hefði verið allt eins gott, að stj. sendi þegar skeyti til viðkomandi stjórnarvalda.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er engin fyrirstaða á því, að málið komist gegnum þingið án tafar.

ATKVGR.

Till. frá þm. S.-D. um að vísa málinu til stj. samþ. með 9:4 atkv.

## 2. Landhelgisgæzla fyrir Vestfjörðum.

Á 3. fundi í Ed., 5. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um landhelgisgæzlu fyrir Vestfjörðum ásamt eftirliti með fiskiflotanum (A. 41).

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Ed., 12. okt., var till. tekin til einn- ar umr.

**Flm. (Jón Auðunn Jónsson):** Hv. þdm. er all- flestum kunnugt um ástæður fyrir þessari till., því að slík till. hefir verið flutt á undanförunum þingum af hálfu okkar þm. af Vestfjörðum. Að- alástæðuna vil ég samt drepa á. Að því er land- helgisgæzluna snertir, þá er það svo, að útlendir og innlendir togarar veiða að mestu leyti á haustin fyrir Vesturlandi, frá september og fram í janúar. Þess vegna fellur þetta vel saman, að eitt varðskip sé látið vera fyrir Vestfjörðum til þess að annast landhelgisgæzluna. Svo er hitt efni þessarar till., um að varðskipið liti eftir fiskiflotanum fyrir Vestfjörðum tvo síðustu mánu- ði ársins og 1½ mánuð framan af ári. Það er vegna þess, að á þeim tíma er sjósókn afarmik- il frá Vestfjörðum, en nálega engin frá öðrum stöðum á landinu.

Frá Vestfjörðum: Önundarfirði, Súgandafirði, Ísafjarðardjúpi og Ísafirði, ganga milli 80 og 90 bátar. En nú er orðið svo högum breytt, að grunnmiðin eru nálega eyðilögð, svo að sækja verður á djúpmið. Einmitt á þessum tíma ársins er sjósókn hættuleg. Í skammdeginu þurfa is- firzkir og vestfirzkir sjómenn að sækja allt að 25 sjómílar á haf út til þess að ná í afla, en venjulega 10—12 sjómílar. Af þessum sökum er lífi sjómanna stofnað í meiri hættu við haust- veiðar við Vesturland en nokkursstaðar annars- staðar á landinu, að ég hygg. Auk þess hefir á síðustu árum verið mikill bagi að því, að er- lendir togarar hafa valdið tjóni á veiðarfærum sjómanna. Ég veit dæmi til þess, að togarar hafa á einum degi eyðilagt veiðarfæri fyrir um 20 þús. kr. hjá mönnum í Súgandafirði og við Ísa- fjarðardjúp. Og yfir síðustu haustvertið er á- ætlað, að veiðarfæra- og aflatap af þessum á- stæðum nemi um 70—80 þús. kr. á þessu svæði. Ég veit, að þeir hv. þdm., sem þarna eru kunn- ugir, munu telja það sjálfsagt, að láta 1 varð- skipið vera að staðaldrí við landhelgis- og eftir- litsgæzlu þar vestra, þegar það fer svo vel saman, að togararnir flestir eru fyrir Vesturlandi á þess- um tíma árs. En þess er ekki kostur fyrir sjó- menn og útgerðarmenn að ráða sér sérstakt eftir- litsskip. Það verður að biða þangað til fengin er björgunarskúta fyrir Vestfirði, en því miður mun það eiga langt í land, en meðan ekki er til fé til þess, finnst mér skylda þings og stj. að styrkja að einhverju leyti þessa erfiðu og hættu- legu aðstöðu Vestfirðinga til veiða á þessum tíma árs. Vænti ég þess vegna, að hv. d. geti fallizt á þessa till.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Það er ekki út af því, að ég sé á móti efni þessarar till., að ég tek til máls. Ég hafði búizt við, að hv. till.maður hefði kannske gert ráð fyrir, að sjútvn. fengi að segja eitthvað um þetta mál, áður en það er afgr. frá deildinni. En það, sem fyrir mér vakir, er að mælast til þess, að þetta mál fái að fara til n., og þá að sjálfsögðu til sjútvn., til þess að henni gefist kostur á að ræða, annaðhvort við hlutað- eigandi ráðh. eða þann mann, sem hefir yfir- stjórn varðskipanna með höndum, um það, hvornig þessum málum mætti haga til.

Eins og kunnugt er, hefir á síðastl. 2 árum ekki verið nema annað stærra varðskipið í gangi. Stundum hafa þau þó bæði verið í gangi fyrri part árs, en venjulega annað þeirra legið kyrrt seinni hluta árs, svo útkoman hefir orðið sú, að ekki hefir verið nema eitt varðskip í gangi að meðaltali til þess að halda uppi landhelgisgæz- lunnni. Ef sú stefna ætti að haldast uppi, þá mundi vera erfitt að takmarka þetta eina skip við Vest- firði eina saman. En ég er á þeirri skoðun, að nauðsynlegt sé að hafa fleiri varðskip við gæz- luna, og með því móti væru sjálfsagt möguleikar til þess að láta eitt þriggja varðskipanna annast þessa gæzlu yfir haustmánuðina, eins og hv. till- maður ætlast til.

Þá vil ég ennfremur upplýsa, ef t. d. væri bent á Þór, sem er að mörgu leyti tilvalið skip til þessa, að nú liggur fyrir beiðni frá Siglfirð- ingum, og jafnvel fleirum, um að hann annist ná- kvæmlega sömu gæzlu á þessu tímabili við Norð- urland. Þetta hefir gengið í gegnum Slysavarna- félagið og þaðan til ríkisstj., og eftir því sem ég veit bezt, þá hefir verið tekið vinsamlega undir þetta mál, en það þýðir, að ekki er hægt að ætlazt til, að Þór taki þetta að sér, þegar hann á þess- um tíma er í öðrum landsfjórðungi.

En um málið almennt vil ég segja það, að mikil nauðsyn er á því, sérstaklega yfir þennan tíma ársins, að hafa fullkomna gæzlu með þeim bát- um, sem sækja á haf út oft í misjöfnu veðri, þó það sé ekki öruggt, að það komi alltaf til hjálpa- ar, en þó er nokkur trygging í því, ef t. d. um vélarbilun er að ræða o. fl.

En um gæzlu veiðarfæra eru að sjálfsögðu mikil vandkvæði, því að hættast er við, að þau séu eyðilögð af togurum, og er erfitt fyrir gæzlu- skip að varna því, þar sem þau þurfa að gæta skyldu sinnar að öðru leyti. Hinsvegar getur gæzluskip, ef það er nærstatt, staðið þá að sök. Það er ekki langt síðan enskur togari tók hér um bil öll sildarnet frá bát héðan úr Reykjavík, án þess að nokkurt varðskip gæti bjargað, en bátnum tókst að ná í nafn og númer togarans og hefir krafizt skaðabóta.

Ég skal svo ekki fjölyrða mjög um þetta. Ég er sammála efni og anda till., en vildi aðeins fá tillögumann með mér til að samþ., að till. verði vísað til sjútvn., til þess að henni gefist kostur á að ræða þetta við hlutaðeigandi ráðh. eða um- boðsmann hans.

**Flm. (Jón Auðunn Jónsson):** Það er síður en svo, að ég hafi nokkuð á móti því, að umr. um till. verði frestað og henni verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 11 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 19. fundi í Ed., 23. okt., var fram haldið einni umr. um till. (A. 41, n. 122).

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Svo sem hv. þdm. er kunnugt, fer þessi till. fram á, að eitt af varðskipunum sé látið annast landhelgis- gæzlu og eftirlit með bátum fyrir Vestfjörðum vissan hluta ársins. Sjútvn. hefir haft þetta mál til meðferðar, og þó hún viðurkenni fyllilega, að



þörf sé á staðbundinni gæzlu bæði fyrir Vestfjörðum og víðar, þá hefir hún ekki getað séð, að hægt væri að uppfylla þær kröfur undir núv. kringumstæðum. Eins og allir vita, höfum við nú þrjú varðskip, sem öll eru fremur dýr í rekstri. Er okkur tjáð af þeim mönnum, sem þessum málum eru kunnugir, að rekstur þeirra allra árið um kring muni kosta um 800 þús. kr. Nú er enginn vafi á því, að það væri mjög æskilegt, ef hægt væri að halda þessum skipum alltaf úti, og þá gæti komið til mála, að hægt væri að uppfylla þær kröfur, sem hér er um að ræða. En það er vitanlegt, að undanfarin ár hefir fjárveitingin til landhelgisgæzlunnar ekki verið hærri en það, að aðeins hefir verið hægt að halda úti einu og einu skipi í senn, eða í mesta lagi tveimur hluta af árinu. Á fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir, er ætluð svipuð fjárhæð til landhelgisgæzlunnar og undanfarandi ár, og eru þó sézt líkur til, að um meiri fjárhæð verði að ræða til landhelgisgæzlunnar heldur en áður, því ekki eru líkur til, að landhelgissjóður geti lagt fram fé til neinna muna. Meiri hl. n. hefir því ekki séð fært að leggja til, að till. verði samþ., og hefir lagt til, að málinu verði vísað til stj. En þar sem meiri hl. n. viðurkennir þörfina fyrir staðbundna gæzlu fyrir Vestfjörðum og víðar, þá vill hann um leið beina því til hæstv. stj., að þó ekki sé hægt að verða fyllilega við þeim kröfum, sem settar eru fram í þáttill., þá hafi hún í huga að reyna að framkvæma þessa gæzlu eftir því sem möguleikar eru til, þó ekki sé með varðskipunum. Ég held, að n. öll viðurkenni það, að þó ófullkomin sé og ófullnægjandi sú gæzla, sem framkvæmd hefir verið með bátum frá 20 til 30 tonna stærð í kringum landið, þá sé þó mikil hjálp að henni. Og ég vil bæta því við frá eigin brjósti, að ég tel það mjög athyglisvert mál, hvort þing og stj. ætti ekki að taka til ræðilegrar athugunar, hvort rétt væri að breyta til með landhelgisgæzluna þannig, ef hægt væri að fækka dýru skipunum, en fjölga aftur á móti þeim litlu og ódýru. Ég byggi þetta á því, sem ég hefi þegar tekið fram, að ef landhelgisgæzlan á að koma að fullum notum, verður hún á ýmsum tímum árs að vera staðbundin. Og ég lít svo á, að staðbundin gæzla á fremur litlum svæðum verði alltaf of dýr, ef hún er framkvæmd af stórum og dýrum skipum.

Ég set þetta fram hér til þess að gera það ljóst, hvað meiri hl. n. meinar með því að vísa till. til stj. Það má ekki leggja þann skilning í till. n., sem maður hefir stundum heyrt þegar stungið hefir verið upp á að vísa málum til stj., að með því væri verið að koma þeim fyrir kattarnef á mildan hátt. Þvert á móti gerum við þessa till. í því trausti, að hæstv. ríkisstj. reyni svo sem hægt er fjárhagsins vegna að verða við þeim kröfum, sem felast í þessari þáttill., og öðrum samskonar eða svipuðum kröfum, sem fram kunna að koma.

Ég vil minnst á eitt atriði, sem segja má, að sé orðið tímabært að hafa í huga, þegar um er að ræða ráðstafanir, sem snerta landhelgisgæzluna. Það er nú mikið unnið að því að undirbúa, að hægt sé að koma upp björgunarskútum víðsvegar í verstöðvum landsins. Mér er t. d. sagt,

Alpt. 1934. D. (48. lögjafarþing).

að það sé komið vel á veg að safna til slíkrar skútu hér við Faxaflóa. Þessi áhugi á björgunarskútu, sem hefir verið mjög áberandi á síðustu árum, er vitanlega mjög lofsverður. Ég get ekki búizt við, að fórnfýsi manna nái lengra en svo, að safnað verði fé fyrir stofnkostnaði. Þá kemur að því, að fé þarf að fá til rekstrarins. Sé ég þá ekki annað en að leiðin liggir til ríkissjóðs. Ef við eigum að geta framkvæmt þessa góðu hugmynd, þá er ekki annað að gera en sameina björgunarskútu landhelgisgæzlunnar. Er þá tímabært að athuga gaumgæfilega, hvort ekki sé rétt að undirbúa breyt. á fyrirkomulagi landhelgisgæzlunnar. Ég ætla ekki hér að koma með ákveðnar till. í málinu, heldur aðeins að benda á þessa leið, og vænti ég, að þetta verði tekið til athugunar.

Það er fásinna að eiga 3 dýr varðskip og láta meiri hl. þeirra liggja aðgerðalausn árið um kring. Fyrir það fé, sem nú fer í að halda einu eða tveim skipum til landhelgisgæzlu, væri hægt að halda úti einu stóru og góðu skipi og fjórum smáskipum, sem væru staðbundin við gæzluna. Er því að minnum dómi litill vafi á, að við ættum sem fyrst að breyta til.

Vona ég, að hv. flm. till. skilji, að hér er með öllum góðvilja tekið á málinu. Held ég, að málinu sé bezt borgið með því, að till. okkar meiri-hlutamanna sé samþ.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég hefi litlu við það að bæta, sem hv. frsm. sagði viðvikjandi aðalltill. okkar á þskj. 122. Ég held, að ekkert ákveðið sé hægt að segja um það, hvernig þessi mál verða leyst í framtíðinni. Okkur er skýrt svo frá, að landhelgisgæzlan hljóti óumflýjanlega að vera í sama horfi næstu ár og verið hefir, því miður. Og þó að það sé ofarlega í hugum ýmsra manna að sameina landhelgisgæzlu og björgunarskútu, þá er enn engin rannsókn til þessu til undirbúnings, og ég held, að það sé ekki vitað, hvort fyrirhugaðar björgunarskútur geti verið svo úr garði gerðar, að þær geti jafnframt annazt landhelgisgæzluna. Okkar landhelgisgæzla nær yfir svo stórt svæði, að ljóst er, að við verðum að eiga góð skip og hraðskreið til að geta annazt hana sámilega. Held ég því fram, og á e. t. v. eftir að gera till. um það, að þetta mál eigi að athugast af fleirum en stj. einni. Hér koma ýmsir til greina, t. d. Slysavarnafél. Íslands, sem hefir aðallega beitt sér fyrir hugmyndinni um björgunarskútu.

Það er rétt hjá hv. frsm., að þegar er búizt að leggja nokkur drög að smíði einnar björgunarskútu. En hugmynd sú er bundin við það, að skútan verði gerð út sem björgunarskip á staðbundnu svæði.

Á Norðurlandi, einkum Siglufirði, hefir hingað til verið lagður drýgstur skerfur til þessa máls. En það er skoðun okkar í stj. Slysavarnafélagsins, að enginn landsfjórðungur ætti að leggja út í framkvæmdir á þessu sviði, fyrr en tryggt sé fé til þess. Ég veit ekki, hvað málin eru komin langt áleiðis á Austfjörðum, en Vestfirðir eru komnir pokkuð langt á leið um söfnun fjár til björgunarskútu.

Ég verð að segja, að mér er ekki ánægja að því

að vísa svona till. til stj., því að vitanlegt er, að hún á mjög erfitt eins og sakir standa að framkvæma það, sem till. fer fram á.

Ég hefi alltaf verið þeirrar skoðunar, að Alþingi ætti að leggja mikið til björgunarstarfs og landhelgisgæzlu. En eins og fjárhag landsins er nú komið, held ég, að ekki sé hægt að fastbinda

varðskip til björgunarstarfs fyrir Vestfjörðum þann tíma, sem farið er fram á, án þess landhelgisgæzlan líði við það yfirleitt.

ATKVGR.

Till. á þskj. 122, frá meiri hl. sjútvn., um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 8:2 atkv.

---

---

# Pingsályktunartillögur ekki útræddar.

## 1. Fóðurskortur í óþurrkasveitum.

Á 1. fundi í Nd., 3. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um fóðurskort bænda í óþurrkasveitum landsins o. fl. (A. 38).

Á 2. fundi í Nd., 5. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Sigurður Kristjánsson):** Ástæðurnar, sem valda því, að við flutningsmenn þessarar tillögu berum hana fram hér í háttv. deild, eru sjálfsagt kunnar öllum mönnum í landinu. Þess vegna mun ég ekki flytja hér langa ræðu til útlistunar á henni. En vegna þess að nú er liðið nokkuð langt á haustið og slátrun búfjárbráðum lokið, teljum við flm. nauðsynlegt að hraða málinu sem mest. Ég vænti þess og, ef hv. þingdm. líta svo á, að rannsókn þessi sé nauðsynleg og að það sé réttmætt og verðugt, að Alþingi taki málið til athugunar og veiti þann atbeina, sem fært er, til hjálpar bændum í þeim óvenjulegu vandræðum, sem þeim eru búin í mörgum sveitum og stafa af óþurrkunum í sumar, að þá verði hv. þingdm. fúsir til að hraða málinu. Vona ég, að þeir sjái sér fært að afgr. það nú þegar, og meðan ég veit ekki um neina sérstaka mótstöðu gegn till., skal ég ekki lengja mál mitt með því að tala um till. almennt.

Út af síðara lið till., um útvegum heys frá öðrum löndum, skal ég geta þess, að það mun lítið svo á, að lögin um varnir gegn gin- og klaufnaeiki heimili það ekki, nema undanþaga sé veitt. Verður þá að sjálfsögðu hlutverk stj. að rannsaka, hvort hagkvæmt er að fá hey frá öðrum löndum, og frá hvaða stöðum hægt er að fá það hey, sem ekki stafar hættu af. Og ef hæstv. stj. telur það nauðsynlegt og fært að fá hey frá öðrum löndum, þá ber henni að leggja fyrir þingið að veita undanþágu frá lögunum. Ég veit ekki, hvort ástæða er til að banna slíkan innflutning, en líklega hefir þótt á vissu tímabili, er mikið var innflutt af heyi, rétt að banna það, til þess að spilla ekki markaði fyrir innlendum heyframleiðendum. Það mun koma í ljós, að víða í sveitum er þörf á miklu heyi til viðbótar við það, sem til er. Þess vegna vona ég, að hv. þingdm. geti gengið inn á að hraða þessu máli.

**Páll Zóphóníasson:** Ég sé það, að hæstv. landbmrh. er ekki hér viðstaddur, en hann hefir nú upp á síðkastið haft það mál, sem hér er rætt um, allmikið með höndum, því ég býst við, að þó talað sé um „fóðurþörf bænda“ í þessari till., þá sé átt við fóðurþörf búpenings þeirra.

Það er fyrir löngu sýnt, hversu illa heyskapurinn gekk í sumar, og því öllum ljóst, að sérstakra trygginga til varnar gegn fóðurskortum á komandi vetri var brýn þörf. Eins og allir kunnugir vita, hefir reynsla undanfarinna ára sýnt, að sildarmjölið er sá fóðurbætur, sem beztur er, bæði handa sauðfé og nautpeningi. Þar að auki er það innlend framleiðsla. Þess vegna lá næst að athuga það, hvort nægilegt mundi til af þeim fóðurbæti og hvort notast mætti við hann einan. Strax í ágúst kom í ljós, að pantanir voru mun meiri en áður. Samdi ríkisstj. þá við sildarverksmiðju ríkisins um að hafa til innanlandssölu 1000 til 1200 tonn af sildarmjöli. En brátt kom í ljós, að það var ekki nóg, því um næstsíðustu mánaðamót voru komnar til sildarverksmiðju ríkisins pantanir á 1200 tonnum af sildarmjöli, eða þrisvar sinnum meiri þunga en notað var í landinu síðastl. vetur, og vita þó allir, að venjulega koma pantanir fyrst seinna. Þegar kom fram í september, var ljóst, að mun meira sildarmjöl mundu verða þörf. Það þá hæstv. stj. mig að gera athuganir um fóðurbætisþörf á öllu landinu. Ég tók þegar til starfa; hafði ég simasamband við marga oddvita, ennfremur stærri verzlunar, bæði kaupfélög og kaupmenn viðsvegar um land, og hefi fengið frá þeim áætlanir og pantanir á sildarmjöli. Kom þá í ljós, eins og við mátti búast, að þörfin var mun meiri en þegar hafði verið pantað. Á síðasta þingi var í hv. Ed. samþ. þál. frá þáv. hv. 2. þm. Árn. (EE) um að fela stj. að láta á hverju sumri rannsaka heyafla bænda og fóðurbætisþörfina. Stj. skrifaði Búnaðarfélag Íslands og fól því að gera þessar athuganir, en Búnaðarfélagið svaraði með bréfi, dags. 2. eða 3. febr. síðastl., og sagði, að laga- leg gögn brýsti til þess að safna þeim upplýsingum í þessu efni, sem hægt væri að draga ályktanir af, og óskaði heimildar frá stj. til þessarar rannsóknar. En fyrrv. stj. gerði ekkert í málinu, og þegar komið var langt fram á sumar, hafði Búnaðarfélagið ekkert gert. Eftir að ég hafði fengið upplýsingar frá þeim mönnum, er ég setti mig í samband við, skrifaði ég ráðuneytinu 6. sept. og taldi, að vanta mundi um 400 tonn fram yfir það, sem þá hafði verið pantað.

Síðan hækkaði ég þá tölu, og nú býst ég við, að þörf sé fyrir allt að 700 tonn fram yfir það, sem búíð er að selja. Þetta sildarmjöl er til í landinu, en er selt til útlanda, og var það orsökinn til þess, að sett voru bráðabirgðalöginn um bann við útflutningi á sildarmjöli.

Ég vil ennfremur geta þess, að atvmrn. hafa horizt umsóknir úr sjóþorpum á Austurlandi um að fá að flytja inn hey frá Noregi, en það er bannað vegna hættu af gin- og klaufnaveiki. Í tilefni af þessum umsóknum hefir hæstv. atvmrh. beðið mig að athuga, hvort til mundi vera hey hér á landi, sem ekki þarf að nota þar, sem það er. Ég veit, að þetta hey er til, einkum á Suðurlandsundirlendinu, en það verður dýrara, komið til Austfjarða, heldur en hey frá Noregi. Er það nú á valdi stj. að ákveða, hvort leita skal eftir stöðum erlendis, þar sem hægt væri að fá hey, er engin sýkingarhætta stafaði af, eða hvort nota á þetta sunnlenska hey. Ég veit, að það eru til hreppar á landinu, þar sem sildarmjölíð eitt nægir ekki til hjálpar. eru það Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu, Árneshreppur í Strandasýslu og Borgarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu. Þessir hreppar eru verst staðir með fóðurbirgðirnar. En stj. hefir þetta mál til rannsóknar og úrlausnar, og síðast í gærkvöldi hafði hún fund með landbn. beggja deilda til þess að ræða um málið, og voru þær sammála stj. um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið.

Ég hefi nú skýrt hv. þingd. frá gangi þessa máls, svo að hún sjái, að gert hefir verið það, sem hægt er að gera að svo vöxnu máli.

**Flm. (Sigurður Kristjánsson):** Ég hafði heyrð getið um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í þessu máli, og sneri mér því til jarðraktar-ráðunauts Búnaðarfélags Íslands og spurði hann, hvað gert hefði verið í sambandi við þál. frá þinginu í fyrra, en sú þál. er merkileg fyrir það, að það virðist eins og flm. hafi séð fyrir það sumar, sem í hönd fór. En bæði ráðunauturinn og búnaðarmálastjóri svöruðu því, að ekkert mundi hafa verið gert í framhaldi af þál. síðasta þings. Búnaðarmálastjóri spurðist fyrir um það meðal starfsmanna félagsins, hvort nokkrar fyrirskipanir hefðu komið frá stj. í þessu efni í fjarveru hans, og kom þá í ljós, að svo var ekki. Ég vildi því með þessari þáltill. taka af öll tvímæli um það, hvort Alþingi teldi sér rétt og skylt að sinna málinu.

Ef hv. 2. þm. N.-M., sem er starfsmaður Búnaðarfélagsins og þykist sitja inni með alla þekkingu á þessum málum, skilur ekki þessa þáltill. eða finnst hann a. m. k. þurfa að kafa nokkuð djúpt til þess, þá held ég, að hann hljóti að skorta almenna dómgreind. Ég get hugsað mér, að þessi búnaðarfrömuður kæmist einhverntíma í þá stöðu að vera bóndi og eiga sjálfur skepnur, þótt hann sé nú aðallega skepnuráðunautur. Og þó hann eignaðist þá svo eða svo mörg lömb, mundi enginn trúna, að sá snotri fénaður væri allur út af honum kominn. Ég held, að ég þurfi ekki að gefa skýringu á þessu annara hv. þm. vegna. Menn vita, að það er venja að kenna hlutina til eigenda þeirra.

Ég gat ekki fullkomlega skilið af ræðu hv. þm.,

hvað gaumgæfileg rannsókn hans hefir verið. En hitt veit ég, að það er ekki nægilegt að rannsaka þörf manna fyrir fóðurbæti. Það er vitanlegt, þó ekki liggja fyrir rannsókn á því efni, að einstaka menn í sumum sveitum 'skortir beinlínis hey. Það getur verið svo ástund, að ekki sé hægt að bæta úr þörfinni með fóðurbæti eingöngu, að ekkert bjargi nema hey. Nú er líklegt, að á öðrum stöðum á landinu hafi menn talsvert af heyrum aflögu. Til dæmis hefi ég heyrð um einn bónda í Borgarfirði, sem gæti fargað 1000 hestum af heyi. En víða er mjög dýrt að koma heynu til sjávar, og þá er eftir flutningurinn á milli hafna. Gæti því komið í ljós, að ekki væri fært að nota nema lítið af þessu innlenda fóðri, vegna kostnaðar við flutninginn, og þess vegna yrði að gripa til þess úrræðis að fá hey frá útlöndum.

Hv. þm. taldi, að bannið gegn innflutningi á heyi væri eingöngu vegna hættu af gin- og klaufnaveikinni. Mér þótti merkilegt, að stjórnarráðinu er leyft að veita undanþágu frá innflutningsbanninu á sumum öðrum vörutegundum, sem þessi veiki getur einnig flutzt með, t. d. ull, en ekki á heyi. Datt mér í hug, að þetta væri gert með það fyrir augum, að útiloka samkeppni við innlenda heyið, sem venjulega er nóg til af, og er ekkert við því að segja. En jafnsjálfsagt tel ég, að líðkað sé til með innflutning, þegar nægilegar birgðir eru ekki til í landinu.

Ég veit ekki, hvort skilja á hv. þm. svo, að hann telji, að ekki beri að samþ. þessa ályktun. Jafnvel þó einhver rannsókn hafi farið fram á þessum hlutum, þá er það mín sannfæring, að of mikill seinangangur sé á því til þess að við það sé unandi án þess að Alþingi ýti eitthvað á eftir. Ég er ekki viss um, að rannsókninni hafi verið hagað svo, að hún sé nægilega tæmandi. Samkv. þessari ályktun þyrfti að sjálfsgöðu að snúa sér til allra sveitarstjórna á landinu, til þess að fá gagngerða skýrslu um, hvað fóðurbirgðabörfin er mikil og hvað mikið þyrfti að útvega af hverri fóðurtegund. Þá þyrfti að rannsaka, að hvað miklu leyti mætti bæta úr þörfinni með innlendum fóðurbirgðum og loks, hver tók mundu á því vera og hvað mikill kostnaður við að afla þess, sem á kann að skorta, frá öðrum löndum.

Ég vona, að hv. d. líti svo á, að þessi till. miði að því að forða vandræðum. Ég vona, að hún líti einnig svo á, að þinginu sé skylt að gera eitthvað í þessu efni. Ég held, að einmitt það, að þetta mál er tekið fyrir hér í þinginu, komi í veg fyrir, að menn í örvæntingu sinni eyði fénaði sínum svo mjög, að leitt geti til verulegrar stofnrýrnunar. Stendur sérstaklega illa á því nú, að menn skeri þannig niður búþening sinn, þar sem gera má ráð fyrir, að talsverð tregða verði á afurðasölu, sumpart sökum kaupgetuleysis almennings og sumpart vegna hins nýja söluskipulags, sem virðist atla að hafa þau áhrif, að kjótsalan verði töluvert minni heldur en annars hefði mátt vænta.

Ég vænti því, þótt við flm. till. eigum enga kröfu til þess, að hv. d. sýni sérstaka velvild því, sem við flytjum, þá njóti þeir, sem atlatzt er til, að till. sé til hagsbóta fyrir, svo mikillar velvildar hjá öllum hv. þm., að till. verði af þeim sökum samþ.

**Páll Zóphóniasson:** Mér skildist á hv. þm., að hann vilja þera brögður á, að Búnaðarfélaginu hefði verið skrifað um þetta mál, og vitnaði þar bæði í búnaðarmálastjóra og jarðræktarráðunaut.

Fyrsta bréfið frá stjórnarráðinu er skrifað 30. jan., og er því svarað 2. febr. Næsta bréf er skrifað um miðjan sept., og svarar Búnaðarfél. því 19. sept. Stjórnarráðið svarar þá um hæl og Búnaðarfélagið aftur sama dag. Þar er álit Búnaðarfélagsins sundurliðað og samþ. af allri stjórninni. Fyrst er endurtekin ósk sú, sem beint hafði verið til fyrrv. stj. um það, að gert væri mögulegt með laga- eða reglugerðarbreyt. að safna þeim skýrslum, sem nauðsynlegar væru.

Þá óskar Búnaðarfél. eftir því, að stj. geri ráðstafanir gegn því, að fluttar verði út þær fódurbætisbirgðir, sem til eru í landinu, og að haldið verði eftir a. m. k. 500 tonnnum af sildar-mjöli. Öll bréfin get ég sýnt, ef hv. þm. óskar eftir. Ég efast því um, að hv. 6. þm. Reykv. hafi talið við búnaðarmálastjóra, og a. m. k. ekki þann þeirra, sem þetta mál heyrir undir, þó hann láti svo.

Það mun vera rétt hjá hv. þm., að það séu til staðir á landinu, þar sem bændur þurfa beinlínis að fá hey að, en þeir eru ekki margir. Ég veit t. d. um bóndann í Ófeigsfirði, sem ekki er búinn að ná inn nema 11 köplum af heyi, og bóndann í Nautvík, sem engu heyi hefir náð enn, en meginþorri hænða þar hefir náð miklu meiru, og Pétur í Ófeigsfirði, sem einna minnstu hefir náð af heyyjum í sumar, er svo staður, að hann mun geta haldið búpeningi sínum við að mestu á gömlum heyyjum, fái hann nægan fódurbæti, nema hvað hann vantar eitthvað handa kúnum. Ég skal geta þess, að ég hefji ekki enn fengið upplýsingar úr einum hreppi, Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, og get því ekki sagt um, hvernig ástandið er þar, nema eftir sögn manna úr nærliggjandi hreppum, en tveir menn eru að rannsaka það fyrir mig þessa dagana.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég legg til, að till. sé vísað til hæstv. stj. (ÞO: Ég legg til, að henni sé vísað til landbn.).

**Flm. (Sigurður Kristjánsson):** Ef menn álita, að þetta mál eigi fram að ganga, þá skil ég ekki í öðru en menn sansist á, að það er ekki mál, sem á að leggja í salt. Hér er um mjög bráða þörf að ræða, það munu allir viðurkenna, og ef menn þurfa sérstaklega langan tíma til þess að melta það, hvort Alþingi eigi að láta málið til sín taka, þá er ekki hægt að vita, hvað langan tíma þær bollaleggingar kunna að taka. Frá mínu sjónarmiði er málið ákaflega einfalt.

Um það, að vísa málinu til stj., er það að segja, að það er ekki annað en það, sem felst í till. sjálfri; hún er einmitt áskorun til stj.

ATKVR.

Till. vísað til landbn. með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, GP, GSV, GÍ, GTh, HannJ, JJós, JÓL, JónP, JS, JG, MT, ÓTh, PHald, PO, SigfJ, ÞorbP, BJ, JörB.

nei: JakM, PZ, PÞ, SE, SK, StJSt, TT, BÁ, EmJ, EystJ.

GG greiddi ekki atkv.

Þrir þm. (HV, ÁÁ, BB) fjarstaddir.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dag-skrá tekin frammar.

## 2. Millipinganevnd í fátækramálum og trygginga.

Á 12. fundi í Nd., 17. okt., var úthýtt:

Till. til þál. um skipun millipinganevndar til þess að endurskoða fátækralöggjöfina og undirbúa löggjöf um almennar tryggingar (A. 111).

Á 13. fundi í Nd., 18. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Thor Thors):** Till. sú, er hér er til umr., gengur út á það, að ríkisstj. skipi 5 manna n., enda séu 4 n.manna tilnefndir af þingflokkunum, til þess að endurskoða fátækralöggjöfina og undirbúa löggjöf um almennar tryggingar. Ég skal þá fyrst víkja að endurskoðun fátækralöggjafarinnar. Það er augsýnt mál, að fátækralöggjöfinni er mjög ábótavant, enda heyrast um það stöðugar kvartanir úr öllum áttum, frá gjaldendum og þiggjendum, þolendum og gerendum. Kostnaðurinn við fátækraframsærsluna fer stöðugt vaxandi, og eru mörg sveitarfélög að sligast undan þeirri byrði, og þó er ríkissjóður með l. nr. 68 frá 1932 skyldaður til að taka á sig nokkurn hluta af útgjöldum þeirra sveitarfélaga, sem erfiðast eiga með þessa framsærslu. Þau útgjöld munu nema um 200 þús. kr., og fara þau stöðugt vaxandi. En allur kostnaður sveitar- og hærjafélaga og ríkissjóðs af fátækraframsærslunni mun hafa numið um 2 millj. kr. síðastl. ár. Ýms ákvæði fátækral., svo sem sveitarflutningur, eru óvinsæl og verða að teljast úrelt orðin. Önnur ákvæði, svo sem sveitfestis-ákvæðin og skipting fátækra-kostnaðar milli sveitarfélaganna og kaupstaðanna, valda stöðugum deilum, en oft er í rauninni aðeins deilt um keisarans skegg, því þegar til endurgreiðslunnar kemur, er hlutaðeigandi sveitarfélagi með öllu ókleift að inna hana af höndum. Okkar fátækralöggjöf er fölgín í l. nr. 43 frá 1927 og l. nr. 38 frá 1932. Það liggja nú þegar fyrir þessu þingi 4 frv. um breyt. á fátækralöggjöfinni, og þar af 1 stjfrv. Það er því bersýnilegt, að þm. telja nauðsyn á breyt. á fátækralöggjöfinni. En þar sem þetta mál er mjög viðtækt og taka verður tillit til fjölda aðila og leitast við að samræma hagsmuni þeirra svo sem mest má vera, svo allir megi eftir atvikum vel við una og til lengdar megi standa, þá þykir rétt, að það fái betri undirbúning en vænta má á þessu róstudama þingi. Það er einnig æskilegt, að þetta mál verði leyst

í nánu sambandi við skipun tryggingamála, og er því gert ráð fyrir, að þessi n. undirbúi löggjöf um almennar tryggingar. Það munu nær allir sammála um, að æskilegt sé, að eitthvað sé aðhafzt í þessum málum, enda er það augljóst, að almennar tryggingar yrðu, a. m. k. eftir nokkurt árabil, til þess að draga verulega úr kostnaði við fátækraframsferlu. En það, sem kann að valda ágreiningi í þessum efnum, er það, hversu víðtæk þessi löggjöf skuli vera og hvernig kostnaði þeim, sem af henni leiðir, skuli skipt milli þjóðfélagsþegnanna innbyrðis og milli þegnanna og hins opinbera annarsvegar. Sú löggjöf, sem við eigum nú við að húa, er æði smávaxin og ófullnægjandi. Má fyrst telja l. um almennan ellistyrk, nr. 17 frá 1909 með ýmsum breyt., sem á þeim hafa orðið, og samkv. þeirri síðustu, l. nr. 68 frá 1933, löggur ríkissjóður til árlega kr. 1.50 fyrir hvern gjaldskyldan mann, og ennfreimur greiðir hver gjaldskyldur karlmaður kr. 3.00 á ári, en hver kvenmaður kr. 1.50. Síðan er nokkrum hluta hins árlega framlags úthlutað milli manna, sem komnir eru yfir 60 ára aldur. En þessi styrkur er mjög lítilfjörlegur, nokkrir tugir króna á hvern mann, og er langt frá því, að hann komi að veruicgum notum. Þá eru l. um slysatryggingar, nr. 72 frá 1931, sem veita bætur fyrir slysfarir, örskum og dauða. Hvila þau útgjöld að mestu á atvinnurekendum. Aðrar sjúkratryggingar eru eigi lögleiddar hér á landi. Þó eru hér í gildi l. um sjúkrasamlög, nr. 103 frá 1933. Af þessu er augljóst, að þessum málum er eigi svo skipað sem æskilegt væri. Það þarf að semja heildarlöggjöf um tryggingar, miklu fyllri og víðtækari en nú á sér stað. Í því sambandi ber okkur að styðjast við reynslu annara þjóða, enda þótt við verðum að sjálf-sögðu að sníða okkur stakk eftir vexti og fara eftir getu gjaldendanna og öðrum aðstæðum. Aðrar þjóðir hafa mikið aðhafzt í þessum málum, og er óþarft að geta þess alls hér, en það er vitanlegt, að við getum margt af þessu lært.

Ég sé ekki betur en að allir flokkar geti átt samleið til undirbúnings þessarar löggjafar. Hér er vissulega ekki um neitt flokksmál að ræða. Hér er um framkvæmd á stjórnarskrárákvæðum að ræða, þessum ákvæðum, að menn, sem ekki geta af einhverjum ástæðum séð sér farborða, eigi rétt á, að hið opinbera styrki þá til þess. — Ég sé ekki betur en að æskilegt sé, að allir flokkar leggi fram sinn hluta til undirbúnings þessarar löggjafar, eins og t. d. átti sér stað um kosningalögin, því eins og menn eru sammála um það grundvallaratriði, að menn skuli hafa kosningarrétt, eins hygg ég, að allir séu sammála um, að ríkisvaldinu beri skylda til þess að styrkja þá, sem ekki geta af eigin rammleik séð sér farborða í lífinu.

Mér er það ljóst, að núv. stj.flokkar ætla sér að endurbæta þessa löggjöf. Þessi till., sem við sjálfstæðismenn berum hér fram, má því skoðast sem tilboð frá okkar hendi til þess að leggja drög að þeirri löggjöf, ef það gæti orðið til þess að flýta fyrir þessu máli síðar á þingi og fleyta því framhá þeim öldugangi flokkastreitunnar, sem svo mjög ber á í hverju máli nú á þingi og oftsinnis áður.

**Atvnrh. (Haraldur Guðmundsson):** Það væri í sjálfu sér ástæða til þess að halda langa tölu og lýsa ánægju sinni yfir því, að Sjálfstfl. skuli vera búinn að fá svona mikinn áhuga fyrir almennum tryggingum sem raun ber vitni um. Það er ánægjulegt, að þeim skuli fara fram, og vildi ég óska, að áframhaldið yrði í fullu samræmi við byrjunina.

Ég tók eftir því hjá hv. flm., að hann talaði mjög almennt um tryggingar án þess að nefna á nokkurn hátt, á hvern veg fyrirkomulag á þeim væri hugsað, sem kannske er ekki nema eðlilegt á þessu stigi málsins, þar sem hér er aðeins að ræða um till. til undirbúnings. En þess er ekki að dyljast, að aðalágreiningsatriðin um það eru tvö: til hverra tryggingarnar eiga að ná og hvernig eigi að jafna kostnaðinum niður.

Ég skal nú ekki fara út í þessa sálma að svo stöddu, en vil aðeins gera að till. minni, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn. Ég get þó getið þess strax, að núv. stj. hefir þegar látið gera nokkurn undirbúning að þessu máli.

**Flm. (Thor Thors):** Ég get í rauninni látið mér vel lynda þær góðu undirtektir, sem málið hefir fengið hjá hæstv. ráðh., en ég fa ekki séð, að þetta mál hafi neitt sérstakt erindi í n., þar sem hér er einungis um nefndarskipun að ræða og er því aðeins fyrir þingið að ákveða, hvort það vill, að þetta mál í heild fái þann undirbúning, sem till. getur um. Það er ofureinfalt mál að gera út um það, hvort þingflokkarnir óska þess, að hér eigi sér samvinna stað um afgreiðslu þessa máls, og ég býst ekki við, að slíkt skýrist í n. Mun ég því greiða atkv. móti því, að till. verði vísað til n.

**Jóhann Jósefsson:** Ég verð að taka undir það, sem hv. l. flm. þessa máls hefir sagt. Það er ekki sýnilegt, að það flýti neitt fyrir afgreiðslu þessarar tryggingarmála, þó að till. okkar sé send til n.

Annars vil ég í sambandi við þetta mál koma með fyrirspurn til hæstv. stj., hvort hún viti til að fyrirrennarar hennar eða hún sjálf hafi gert nokkuð í því að undirbúa stofnun til innlendra líftrygginga samkv. þál., sem héðan var afgr. ekki alls fyrir löngu, en þó fyrir nógu löngu til þess, að undirbúningur þessarar stofnunar gæti verið vel á veg kominn. Það vorum við hv. þm. Borgf., sem fluttum þessa till., að fela stj. þetta verkefni, af því að við vorum þeirrar skoðunar, að innlend líftryggingarstofnun, svipuð og Statsanstalten í Danmörku, ætti hér fyllilega rétt á sér, bæði vegna þess, að yfirleitt mundi öllum almenningi þykja tryggara að tryggja líf sitt í stofnun, sem sjálft ríkið ætti eða ábyrgðist, og svo hitt, að þau iðgjöld yrðu kyrr í landinu. — Ég hefi verið að hugsa um að gera fyrirspurn um þetta opinberlega samkv. þingsköpum, en mér finnst vel við eigandi og brotaminnst að spyrja að þessu í sambandi við þessa till., sem hér liggur nú fyrir.

Hæstv. atvnrh. var að tala um, að það væri gleðilegt, að sjálfstæðismenn skyldu sýna áhuga á tryggingarmálum, og það mátti lesa það milli linanna, að það væri eins og eitthvað nýtt fyrir-

brigði hér á þingi. En ég vil ekki við það kannast, að sjálfstæðismenn hafi verið áhugalausir um þessi mál, a. m. k. hefi ég oft látið í ljós það álit mitt, að nauðsyn bæri til þess, að hér væri komið upp a. m. k. sjúkratryggingum og elli-tryggingum, en þær tel ég, að eigi að sitja í fyrir-rúmi, og ég veit, að margir sjálfstæðismenn á þingi hafa svipaða skoðun í þessum efnum, þó mér sé ekki kunnugt um, hvaða tryggingar þeir vilja láta koma fyrst. Hitt getur náttúrlega verið dálítið álitamál, hversu langt beri að stiga í þessum efnum allt í einu. Það er aftur á móti rannsóknarefni, og það, sem farið er fram á með þeirri till., sem hér liggur fyrir, er þessi nauðsynlega rannsókn og undirbúningur. Nú veit ég, að hæstv. ráðh. mun svara því til, að hann og hans flokksmenn hafi framkvæmt nokkra rannsókn á þessu sviði. En sú rannsókn mun vera nokkuð takmörkuð, og að öðru leyti er þetta mál, almennar tryggingar, svo mjög snertandi alla landsmenn, að það virðist fyllilega réttmætt, að sjálft Alþingi eigi hlutdeild í því, og þar með allir flokkar, að undirbúa slíka löggjöf. Það þykir stundum vera vottur þess, að einhver semingur sé á því að fallast á þær till., er fram koma, ef verið er að vikja þeim inn á brautir, sem tefja fyrir framgangi þeirra, án þess að nokkur sjáanleg ástæða sé til þess, að sjálfar till. verði bættar við þá meðferð, sem lögð er til, eins og t. d. með því að vísa till. eins og þessari til n. Ég vil nú ekki væna hæstv. ráðh. um það, að hann sjái neina sérstaka ástæðu til að leggja trafala í götu þessarar till., þó það beri svo við, að hún sé ekki komin frá hans flokki. Ég held þess vegna, að það sé bara mis-tilningur hjá hæstv. ráðh., að þörf sé á að athuga till. í n., því það er eiginlega fyrst þá, þegar farið væri að leggja á ráðin um það, hvernig ætti að haga þessum tryggingum og hverjar þeirra ættu að koma fyrst, sem gagnrýna þyrfti mjög allt það starf í n. Ég sé því ekki annað en að málið verði fyrir óþarfa drætti, ef því er vísað til n. En um hitt ættu allir að vera sammála, hverjum stjórnsmálaflokki sem menn annars tilheyra, að flýta fyrir því, að þessar nauðsyn-legu tryggingar verði hið fyrsta lögleiddar.

**Atvnrh. (Haraldur Guðmundsson):** Viðvikjandi fyrirspurn hv. þm. Vestm., hvort nokkuð hefði verið gert að því að undirbúa innlenda líf-tryggingarstofnun, þá skal ég geta þess, að fyrir fáum dögum hefir mér borizt í hendur frá skipulagsnefndinni frv. til l. um líftryggingarfélag, en ég hefi ekki farið yfir það ennþá, en það mun verða lagt fyrir d. innan skamms.

Út af þeim ummælum, sem fallið hafa vegna þess, að ég mæltist til, að umr. yrði frestað og málinu vísað til n., skal ég taka það skýrt fram, hvers vegna ég óskaði þess. Það er vegna þess, að ég er í vafa um, hvort það muni flýta eða bæta fyrir afgreiðslu málsins, þó að till. sé samþ. og undirbúningnum hagað eins og þar er gert ráð fyrir. En þetta vildi ég, að yrði rannsakað í nefnd.

Ég hefi enga trú á því, að það sé skynsamlegt að ætlast til þess, að ólaunúð n. geti haft það starf með höndum, sem hér ræðir um. Eigi þetta

að vera rannsókn, sem nokkuð kveður að, þá er þetta mikil vinna. Í öðru lagi er það ætluð stj. að leggja fyrir næsta þing ekki aðeins frv. um tryggingar, heldur líka um opinbera framfærslu, og ég lit svo á, að allra hluta vegna sé það æskilegt, að það sé sama n., sem vinnur að smíði allra þessara l. — Í þriðja lagi get ég bent á það, — og vil ég mælast til, að það hleypi ekki miklum umr. af stað —, að Alþfl. hefir nokkurn veginn slegið föstum megingrundvallaratriðunum, sem hann hallast að um það, hvernig leysa beri tryggingarmálin í því frv., sem hann hefir flutt á 2 undanförunum þingum. Þess vegna er það einmitt verkefni fyrir n. að rannsaka, hvort nokkur ástæða sé til að vonast eftir, að samstarf fái st. frá þeim hv. þm., sem flytja þessa till., á þeim grundvelli eða svipuðum, sem lagður er með því frv. Ef það sýndist útilokað, að samvinna fengist á svipuðum grundvelli, þá geri ég ekki ráð fyrir, að samvinna geti orðið um samning frv.

Ég þykist þá hafa gert nokkra grein fyrir því, hvers vegna ég óska, að málið verði fyrst athugað í nefnd.

**Flm. (Thor Thors):** Ég get enn ekki fallizt á það, að nein nauðsyn sé á því að vísa málinu til n. Málið er í rauninni ofur einfalt, þar sem aðeins er um það að ræða, hvort flokkarnir eigi að vinna sameiginlega að framgangi þessa máls. Þó till. hæstv. atvnrh. verði samþ. og málinu vísað til allshn., þá hafa þeir nm., sem þar starfa f. h. Sjálfstfl., ekkert umboð til þess að binda flokkinn í því máli og lofa fyrirfram að fella sig við öll aðalákvæði í frv. Alþfl. um almennar tryggingar, sem fram hefir verið horið hér á þingi.

Ég held, að sú mótbára hæstv. ráðh., að ekki sé ólaunaðri n. treystandi til þess að vinna þetta starf, eigi ekki við nein rök að styðjast. Það er að vísu mikið starf, sem mundi liggja fyrir þessari n., en það yrði að mestu fólgið í því að kynna sér löggjöf annara þjóða í þessum efnu- og leita umsagna þeirra manna hér á landi, sem mesta þekkingu hafa á þessum málum. En það hefir verið gert ráð fyrir því, að óhjákvæmilegt yrði fyrir þessa n. að fá sér einhverja aðstoð, t. d. hagfræðing til þess að vinna úr skýrslum o. s. frv., og yrði hann vitanlega að fá einhverja þóknun fyrir það starf, en starf nm. sjálfra ætti að vera ólaunað, og kæmi þá fram vottur þess áhuga, sem stjórnsmálaflokkarnir hefðu fyrir þessum málum.

Ég verð að segja það, að mér finnst næsta einkennilegt, ef hæstv. stj. vill ekki taka tilboði frá Sjálfstfl., eða nokkrum hluta hans, um að vinna að þessu máli, þegar það þarf ekkert að kosta rikissjóð.

**ATKVGR.**

Till. vísað til allshn. með 15:12 atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dag-skrá tekin framar.

### 3. Afnotagjald útvarpsnotenda.

Á 8. fundi í Ed., 11. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um afnotagjald útvarpsnotenda (A. 58).

Á 9. fundi í Ed., 12. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Ed., 13. okt., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson):** Eins og tekið er fram í grg. þáltill. þessarar, hefir tala útvarpsnotenda aukizt mjög undanfarið, og má gera ráð fyrir því, að hún verði orðin um næstu áramót um 10 þús. Og ætti útvarpið þá. með þeim ágóða, sem verður af viðtækjaverzlninni, að hafa í tekjuafgang töluvert á annað hundrad þús. kr. Virðist því orðið tímabært að athuga, hvort stofnun þessi geti ekki farið að draga úr kröfum sínum gagnvart útvarpsnotendum.

Ég minnst þess, að því var áður hotið við, að ekki væri hægt að lækka gjaldið fyrr en tala útvarpsnotenda væri orðin há. Og Ísland mun nú vera orðið þriðja hæsta landið í álfunni með tölu útvarpsnotenda, miðað við fólksfjölda, og nú gerir ríkisútvarpið miklu meira en bera sig sjálft. En þrátt fyrir þetta munu þó afnotagjöld hér vera miklu hærri en víðast annarsstaðar, og ég efast um, að þau séu nokkursstaðar jafnhá í heiminum. Hér í nálægum löndum veit ég um það, að t. d. í Englandi mun það vera 10 shillinga, í Danmörku ekki nema 10 kr. Í Noregi er gjaldið 20 kr. norskar sem stendur, en nú mun verða lögð fyrir þingið till. um lækkun þess að mun. Ég tel því fulla ástæðu til að fara fram á, að árgjaldið verði lækkað einnig hér, og það að mun, og sérstaklega hjá þeim notendum, sem langversta eiga aðstöðu og útvarpsnotin verða dýrust; en það eru þeir notendur, sem ekki hafa straumtæki. En eftir því, sem ég hefi fengið upplýsingar um, munu þeir ekki vera fleiri en 20—25% allra útvarpsnotenda.

Það skal játað, að lækkun þessi, sem þáltill. fer fram á, mun verða til þess að rýra tekjur ríkisútvarpsins um ca. 30 þús. kr. En það er samt sem áður ekki meira en ca. 1/5 hluti af því, sem gera má ráð fyrir, að verði hreinar tekjur útvarpsins, eða útvarps ásamt viðtækjaverzln, sem þessi stofnun hefir tekjur af.

Það leikur ekki á tveim tungum, að hin mesta nauðsyn er á því, að útvarp útbreiðist, einkum í hinum afskekktari sveitum úti um landið. Því að það má segja, að með útvarpinu berist nú orðið drýgstur skerfur fræðslu, fréttu og skemmtana, sem þessi heimili hafa. Og ef vel væri, þyrfti útvarpið að komast á hvert einasta heimili til sveita. En ég veit það af eigin reynslu, vegna þess að ég hefi haft á hendi innheimtu þessa afnotagjalds að nokkru leyti, hve örðugt mörgum er nú um greiðslu. Þó að það sé ekki mikil lækkun, sem farið er fram á, þá er það þó dilksverð, sem sparast bónda á ári með þessu, og þeim öðrum mönnum, sem ekki hafa straum-

tæki; sennilega eru það einnig hinir fátækustu daglaunamenn í kaupstöðum. Það, sem sérstaklega gerir viðtækin dýr í rekstri fyrir hin afskekktu héruð, er það, að auk þess sem þeir, er þar búa og viðtæki hafa, verða að kaupa rafgeyma, verða þeir að kaupa hleðslu mánaðarlega og margir að flytja geymana langa leið til þess að fá þá hlaðna. Enda þótt styrkur hafi verið veittur til hleðslustöðva og þeim fjölgað, þá er samt sem áður langt til hleðslustöðva fyrir marga notendur. Geymarnir skemmast í þessum flutningi og fara til ónýtis, og liggur mikið fé í því fram yfir það, sem aðrir þurfa að láta.

Ég hefi heyrt ávæning af því, að nú væri í ráði að flytja inn og reyna einhver ný þurrbatteri ameríkönsk, sem séu þannig gerð, að þau haldi rafmagninu miklu lengur en þau, sem áður hafa verið notuð hér. En þetta er óreynt, og ég veit ekki, hvort við megum að svo stöddu nokkuð á það treysta.

Yfirleitt er það svo, að þar, sem ég þekki til, hafa heyrzt raddir í sveitunum um það, að þetta útvarpsgjald verði lækkað, og það að mun. Það mun vera einróma ósk þeirra, sem ekki hafa straumtæki. Og ég treysti því, að þeir, sem hafa áhuga á fræðslu og menningu hinna afskekktu sveita, verði eigi á móti till. þessari. Þó að af henni stafi tekjurýrnun fyrir útvarpið, þá verður samt sem áður svo mikill tekjuafgangur þessarar stofnunar, að hún getur lagt út í dýrar framkvæmdir, án þess að leita aðstoðar ríkissjóðs. En eins og áður er tekið fram hér, þá var það ekki ætlunin í upphafi, að stofnun þessi yrði tekjustofu fyrir ríkissjóð, heldur fræðslu- og menningarstofnun fyrir almenning.

Ég legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til fjhn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjhn. með 13 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 31. fundi í Ed., 6. nóv., var till. tekin til frh. einnar umr.

**Forseti (IngP):** 1. mál er tekið út af dagskrá, og er það gert eftir tilmælum frsm. fjhn. Það er venja, að taka mál út af dagskrá, ef frsm. n. óska þess.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég átti tal um þetta við frsm. n., og sagðist hann ekki hafa minnst á það, að málinu væri frestað, né heldur að það væri ekki tekið í þeirri röð, sem vera átti.

**Jón Baldvinsson:** Ég óskaði þess, að málið væri tekið út af dagskrá, vegna þess að sumir hv. þm. eru fjarverandi, sem hafa tilkynnt lögmat forföll, en myndu óska að vera viðstaddir umr. málsins. (ÞP: Þetta er mér nóg skýring á málinu).

Á 39. fundi í Ed., 15. nóv., var fram haldið einni umr. um till. (A. 58, n. 304).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Þessi till. til þál. fer fram á, að afnotagjald útvarpsnotenda, er



ekki hafa straumtæki, lækki um helming. Fjhn. þótti sjálfsagt að snúa sér til útvarpsstjóra út af þessu máli, og fékk n. svar frá honum, dags. 27. okt., og er það prentað sem fskj. á þskj. 304. Með bréfi útvarpsstjóra fylgdi skjal frá verkfræðingi útvarpsins, og er það einnig prentað með nál. sem fskj. 2.

Í þessum bréfum útvarpsstjóra og verkfræðingsins er sýnt fram á, að rekstarkostnaður rafhlöðutækja sé a. m. k. ekki hærri heldur en straumtækja, miðað við sama notkunartíma. N. litur svo á, að fengnum þessum upplýsingum, að grundvöllurinn fyrir till. sé fallinn, og getur hún því ekki ráðið hv. d. til að samb. hana. N. telur ekki rétt að mismuna landsmönnum svo, að sama vara sé seld þeim með mismunandi verði. Það ætti þá og helzt að byggjast á efnahag. En enda þótt færa mætti líkur fyrir því, að fleiri efnamenn notuðu straumtæki, er þó mikill fjöldi fátæklinga í kaupstöðum landsins, sem notar þau líka.

Það skal viðurkennt, að sveitamenn í strjálbýli standa verr að vígi um notkun útvarps, sérstaklega hleðslu tækjanna. Þetta er mein, og n. finnst, í samræmi við álit útvarpsstjóra, að fyrst og fremst eigi að ráða bót á þessu meini. Fyrsta sporið í þessa átt hefir þegar verið stigið, fyrir aðgerðir Alþingis, þar sem fé hefir verið veitt til hleðslustöðva. N. litur svo á, að halda beri því áfram og auka við það.

Þótt það komi ekki beint þessu máli við, má nefna það, að með því að hleðslustöðvar yrðu sem viðast, gætu sveitirnar haft af þeim frekari not en hleðslu tækja, t. d. til ljósa á þeim heimilum, er stöðvarnar yrðu reistar á.

Það er öllum landslýð kunnugt, hver vandræði útvarpinu hafa stafað af truflunum. Það eru litlar vonir um, að úr þessu verði bætt, þótt við með samningum fáum ákveðna bylgjulengd. Eina ráðið er að hafa öngu sterka stöð, sem aðrar stöðvar neyðast til að taka tillit til. Að auka magn stöðvarinnar er dýrt, en æskilegt, að útvarpið geti sjálft staðið undir þeim kostnaði. Ef það á að verða hægt, sýnist ekki rétt að rýra tekjur útvarpsins til muna, og leggur því n. til, að till. verði afgr. með rökstuddri dagskrá, er liggur hér fyrir á þskj. 304. Þar lýsir hv. d. því yfir, að í því trausti, að unnið verði að því að gera útvarpsnotendum þeim, sem rafhlöðutæki nota, sem hægast fyrir um að ná til hleðslustöðva, til þess að þeim notist sem best að tækjunum, taki hún fyrir næsta mál á dagskrá.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta. Það hefði verið æskilegt, að ársgjöldin lækkuðu, eins og till. fer fram á, en það verður ekki annað séð en að sú lækkun hefði þá átt að ná til fleiri, svo að eigi yrði gerður ósanngjarn greinarmunur.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Hv. frsm. fjhn. byggði í ræðu sinni aðallega á umsögn útvarpsstjóra og verkfræðings útvarpsins. Hann tók það fram, að misrétti væri milli útvarpsnotenda, en álitur þá eins vel setta fjárhagslega, er nota rafhlöðutæki, og vill þess vegna ekki vera með till. Ég ætla að vona, að ef hægt er að sýna honum fram á, að rekstur rafhlöðutækja sé dýrari, þá fylgi hann till.

Alþt. 1934. D. (48. löggjafarþing).

Ég sný mér þá að þeim grundvelli, er hv. n. segir sjálf, að hún byggji á, en hann er umsögn útvarpsstjóra og Gunnlaugs Briemss verkfræðings, enda skírskotar hv. nefnd til ástæðna, sem þar eru greindar. Skal nú sýna fram á, hvernig þessi grundvöllur er. Verkfræðingurinn reiknar útdendingu lampa í rafhlöðutækjum og straumtækjum; má vera, að þar muni einhverju, og treysti ég mér ekki til þess að kappræða það atriði hér, enda þótt ég hafi ærna ástæðu til þess að halda, að hann geri meira úr þeim mun en hann er í raun og veru. Ég vil því héra saman, hversu dýr er rafstraumur til straumtækja annarsvegar og rafhlöðutækja hinsvegar, og hafa til hliðsjónar umsögn verkfræðingsins. Ég geri ráð fyrir í útreikningi mínum, að verðið sé 75 au. á kw.stund, en það er víða miklu ódýrara, t. d. ekki nema aðeins 50 aur. í Reykjavík og á Akureyri, en í einstaka kaupúnum og þorpum er verðið nokkru herra en hér er ráð fyrir gert. Ef gert er ráð fyrir 75 aur. á kwst., þá kostar rafstraumur til venjulegs viðtækis 3 aur. á klst. Með þriggja tíma notkun á dag verður það  $3 \times 3 \times 365 = 32,85$  kr. á ári, sem rekstur straumtækisins kostar.

Rekstur rafhlöðutækis — venjulegs 3—4 lampatækis — kostar aftur á móti: Ein rafhláða, sem endist tæpt ár, kostar 30 kr. Hleðsla tíu sinnum á ári, 1,50 kr. í hvert skipti, 15 kr. Flutningur geyma í sveitum, til og frá hleðslustað, þar sem þeir verða að biða 36 klukkustundir, svo að jafnan verður að gera tvær ferðir, verður varla reiknaður minna en 1 kr. hver ferð, og verður það 20 kr., og mundi verða margfalt herra, ef reiknað væri eftir taxa verklyðsfélaganna. — Þá hefi ég loks reiknað fyrningu geyma 15 kr. á ári, en það mun láta nærri, að geymar endist í 3 ár. Alls verða þetta 80 kr., sem rekstur rafhlöðutækisins kostar á ári, en rekstarkostnaður straumtækisins varð hinsvegar ekki nema nær 33 kr. Ég hefi í þessu kostnaðaryfirliti einmitt byggt á svipuðu verðlagi og eyðslu rafstraums og rafhlöðutækja og verkfræðingurinn, að öðru leyti en því, að hann hefir gleymt fyrningu rafgeyma, en ég tekið hana með. Flutningskostnað rafgeyma til og frá hleðslustöðvum hefi ég og reiknað nokkru hærri, en þó sít of háan. Hefi ég borið þennan kostnaðarreikning rafhlöðutækis undir nokkra skýra menn, sem hafa slík tæki, og segja þeir hann sít of háan eftir þeirra eigin reynslu og eftir því, sem þeir þekkja til í nágrennum sínum.

Þá kem ég að umsögn útvarpsstjóra sjálfs. Hann dregur þá ályktun af umsögn verkfræðingsins, að rekstarkostnaður rafhlöðutækja sé minni en straumtækja, en þetta hefi ég þótt sýna fram á, að sé rangt. Það sést líka best á því, að nær undantekningarlaust hver maður, sem þess á kost, fær sér straumtæki, þótt hann hafi orðið að selja rafhlöðutæki sitt með afföllum, og þótt einmitt þessir menn hafi engan kostnað af flutningi rafgeyma til og frá hleðslustöðvum, og það nær engri átt, að allir straumtækjanotendur séu svo hirðulausir um fjárreiður sínar, að þeir láti sig það engu skipta, þótt það væri miklu dýrara í rekstri, og notuðu það engu að síður. Nei, það er einmitt fyllsta sönn-

## Afnotagjald útværpsnotenda.

unin fyrir því, að straumtækin eru talin af notendum ódýrari í notkun og hagkvæmari. Um þá umsögn útværpsstjóra, að hleðslustöðvar hafi jafnframt orðið ljósastöðvar viðkomandi heimila, má vera, að slíkt sé á einstaka stað, en engin dæmi þekki ég til þess.

Ég hefi nú sýnt fram á, að rekstrarkostnaðurinn er gagnstæður því, sem útværpsstjóri telur, en viðvikjandi því, að eigi sé bætt úr hleðsluörðugleikum með lækkun árgjaldsins, er það að segja, að það fé, sem þannig sparast notendum, verður nokkurskonar endurgjald á flutningskostnaði geyma til og frá hleðslustað.

Í 3. lið aths. segir útværpsstjóri, að hleðsluörðugleikar séu á tiltölulega litlum svæðum á landinu. Það er alveg þveröfugt. Hleðsluörðugleikar eru mjög víða, og svo að segja alstaðar á landi hér nema í kaupstöðum.

Þá telur útværpsstjóri, að innheimta á misjöfnu afnotagjaldi í hinum ýmsu landshlutum verði mjög erfið og muni kosta mikla aukna vinnu við eftirlit og í skrifstofu. Ég held, að þetta sé nú ekki rétt hjá útværpsstjóra. Þetta kann að hafa dálitinn kostnaðarauka í för með sér, en mikið verður það aldrei.

Þá segir hann, að lækkun gjaldsins komi óréttlátlega niður, en það er þvert á móti. Lækkunin verður til þess að hjálpa þeim, er við mesta örðugleikana eiga að stríða um notkun útværps. Þessi umsögn útværpsstjóra sjálfs kom mér mjög á óvart, af því að þessi maður hafði lýst því yfir á þingmálafundum í Dalasýslu árið 1932, að þegar ríkisútværpið færi að bera sig sjálft fjárhagslega, teldi hann rétt að lækka afnotagjaldið, og lofaði því, að hann myndi þá styðja að lækkun afnotagjalda þeirra útværpsnotenda, sem ekki hefðu straumtæki. Nú virðist komið annað hljóð í þann strokk. — Útværpið, ásamt viðtækjaverzluninni, skilar nú, eftir því sem ráð er fyrir gert, nokkuð á annað hundr. þús. nettóágóða næsta ár, ef ekki verður ráðizt í nýjar framkvæmdir. En útværpsstjórnin setur sig nú samt öfugan á móti allri lækkun afnotagjalda.

Grundvöllur sá, sem hv. fjhn. virðist byggja ályktun sína á í þessu máli, er flauturslegur, eða með vægum orðum sagt, ónákvæmur útreikningur útværpsverkfræðingsins og óórðheldni útværpsstjórans.

Ég skal einnig taka það fram, að þó að ráðizt verði í að breyta útværpsstöðinni, þá er ekki loku skotið fyrir, að eitthvað megi miðla þessu máli, því að það þyrfti ekki að valda meira en 20—30 þús. kr. kostnaði fyrir útværpið. Ég get því ekki skilið annað en að útværpið hafi nægilega möguleika til að ráðast í fyrirhugaðar endurbætur þrátt fyrir þetta; það er svo venjulegt um slíkar stofnanir, þó að tilkostnaðurinn sé ekki allur greiddur á fyrsta ári.

Eins og ég hefi áður tekið fram í þessum umr., þá er þáttill. flutt til þess að gera þeim, sem erfiðasta aðstöðu eiga til þess að nota viðtæki, hægara fyrir um afnot þeirra, og sérstaklega að létta undir með fátæklingum í hinum dreifðu byggðum, og þeim, er búa í kaupþunum, sem ekkert rafmagn hafa. Skal ég gjarnan ganga inn á að takmarka lækkun þessa þannig, að þeir

einir verði hennar aðnjótandi, sem ekki eru svo efnu húnir, að þeir greiði eignar- eða tekjuskatt, og mætti þá lækka afnotagjald þeirra niður í 10 kr. á ári. Þá kemur lækkun þessi aðeins fátæklingunum til góða, og þá ættu þeir þingfulltrúar, sem alltaf hrópa um það, að þeir séu fulltrúar fátæklinganna í landinu, sízt að snúast gegn þessari þáttill. Ég býst við, að allmargir á meðal hinna fátækari alþýðumanna í sveitum og kaupþunum mundu brjótast í að fá sér viðtæki, ef þeir ættu það víst, að ekki væri okrað á þeim í gegnum afnotagjöldin. Og ég geri hinsvegar jafnvel ráð fyrir því, að sumir af þeim, sem nú hafa viðtæki, hætti við þau, er þeir sjá, að vonlaust er um, að þeim verði sýnd sanningirni í málinu, þannig að engin linkind fæst á afnotagjaldinu. En það er áreiðanlegt, að þá munar um þessa lækkun. Við vitum það best, sem verðum að innheimta árgjöldin fyrir ríkisútværpið. Við verðum þess fyllilega varir, hversu mörgum er erfitt um þá greiðslu; það eru ekki svo fá lögtök, sem við verðum að hafa með höndum.

Þeir hv. þdm., sem af alhuga vilja auka menntun og menningu hinnar fátækari alþýðu og telja, að útværpið sé menningartæki fyrir almennung, þeir setja sig aldrei á móti því, að slíku fólki sé gert kleift að nota sér þetta menningarmeðal — sem ætti að verða því til gagns og gleði — á þann hátt, sem farið er fram á í þessari þáttill.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég atla ekki að deila mikið við hv. flm., þm. Dal., um þetta mál. Hv. flm. sagði, að n. byggði till. sína á umsögn frá verkfræðingi ríkisútværpsins og útværpsstjóranum. Þetta er rétt hjá honum, enda er það eðlilegt, að svo sé gert. Það er venja á Alþingi, þegar horin eru fram mál, sem heyrna undir ákveðna starfsmenn ríkisins, er hafa sérþekkingu á því sviði, að leitað sé álits þeirra og umsagnar, og síðan farið eftir því meira og minna. — Ég held það hafi verið í ger eða fyrrdag, að hér var til umr. í þd. frv. um breyt. á símalöggunum. Þá var það svo, að hv. frsm. samgmn. gat þess við hverja einstaka till., hvað landssímastjóri hefði haft við þær að athuga og hver væri umsögn hans. Þetta er auðvitað ekkert nýtt, og mér virtist vera farið nær því eingöngu eftir þessu við atkvgr. í deildinni. — Vitalega er ekkert við það að athuga, þó að n. hafi leitað álits þessara manna við ríkisútværpið um þáttill. og farið eftir því. Hv. flm. virtist hafa skilið mig þannig, að ég áliti þá útværpsnotendur, sem hafa rafhlöðutæki, eins vel setta og hina, sem nota straumtæki. Ég held, að hv. þm. hafi ekki tekið vel eftir því, sem ég sagði. Ég gat þess, að hinir efnaðri menn í landinu mundu flestir nota straumtæki, og ég geri ráð fyrir, að það sé rétt, að efnaminni mennirnir og þeir, sem hafa lægri tekjur, noti fremur rafhlöðutæki. En ég tók það skýrt fram, að ég teldi varla tækilegt að selja útværpstækin mismunandi verði, eftir efnahags- eða tekjumismun kaupenda. Samkv. þeirri stefnu mætti þá verðleggja og selja fleiri hluti eftir þeirri aðferð, a. m. k. þær vörutegundir, sem ríkið verzlur með, t. d. tóbak o. fl. Hv. flm. bjóst við því, samkvæmt þeim rökum, sem ég

## Afnotagjald útværpsnotenda.

hafði viðhaft í minni framsöguræðu, að ef hægt væri að sanna mér það, að rekstur rafhlöðutækja væri dýrari en á straumtækjum, þá mundi ég greiða atkv. með þáttill. hans. Það er rétt; ég býst við, að ég myndi snúast í þá átt að jafna aðstöðumuninn, ef það reyndist þannig. Svo fór hv. þm. að reyna að sanna það, að rafhlöðutækin væru dýrari í rekstri, en ég varð ekki var við, að honum tækist það. Hv. flm. hélt því fram, að verkfr. ríkisútværpsins reiknaði rekstrarkostnað rafstraumstækja allt of hátt í áliti sínu. En ég held, að hann geri það ekki; hann skýrir hárreitt frá því, a. m. k. þar sem ég þekki til. Það mun víðast vera notaður ljósastraumur til rekstrar straumtækja. Á Akureyri kostar kwst. 75 au. og á Ísafirði kr. 1,10. Ég hygg, að víðast hvar muni kwst. vera reiknuð á 1 kr., og mér er kunnugt um, að í einstöku kaupúnám er hún allt að 2 kr. (ÞÞ: Verkfræðingurinn skýrir þá rangt frá, þar sem hann telur í áliti sínu, að kwst. kosti aðeins 50 au. á Akureyri). Mér er vel kunnugt um, að hún er þar 75 au., nema yfir sumartím-ann. Þá er hún ódýrari.

Þá var hv. þm. Dal. að reikna rekstrarkostnað á rafhlöðutækjum og taldi m. a. flutningskostnað á rafhlöðum til hleðslustöðva 1 kr. í hvert sinn. Í áliti útværpsstjóra er einmitt vikið að þessum lið og talið, að sveitafólk hafi að því leyti við verri kosti að húa en íbúar kaupúnanna. Og leggur hann til, að úr því verði bætt, þar sem aðstaðan er lókust, með opinberum styrk til hleðslustöðva. N. hefir einnig mælt með því, að svo verði gert.

Ég hefi ekki enn fundið þær sannanir, sem hv. þm. Dal. hugðist að koma með fyrir því, að straumtæki væru miklu ódýrari í rekstri en rafhlöðutæki. Að visu ætlaði hann sér að sanna þetta óbeint með því að benda á, að sérhver útværpsnotandi fengi sér straumtæki í stað hins, þegar hann ætti þess kost. Enda mundu flestir vera svo hugsunarsamir um sinn efnahag, að þeir færu naumast að breyta til í þessu efni nema þeir sæju, að það borgaði sig fyrir þá. En þetta er talsvert vafasóm ályktun hjá hv. þm. Ég veit ekki betur en að þar, sem reistar eru rafmagnsstöðvar, reyni flestir að fá rafljós í hús sín, þó að mikið vanti til, að þau reynist alstaðar ódýrari en oluljósín, sem áður voru notuð. Ég játa það fullkomlega, að rafljósín eru bæði skemmtilegri og þægilegri en oluljósín og enn fremur að straumtækin eru miklu þægilegri í rekstri en rafhlöðutækin, og þess vegna er sótt eftir þessu.

Hv. þm. gerði mikið úr því, að hleðsluörðugleikar við rafhlöðutækin væru því nær alstaðar mjög tilfinnanlegir, nema í raflystum kaupstöðum og kaupúnám. En þegar rafhleðslustöðvarnar koma upp, þá ætti mjög að draga úr þessum örðugleikum, a. m. k. í næsta nágreinni við stöðvarnar.

Hv. þm. vildi halda því fram, þvert á móti því, sem verkfr. útværpsins gerir í sínu áliti, að lækkun á afnotagjaldi útværpsnotenda vegna þessara staðbundnu örðugleika mundi koma réttlátlega niður. En ég held, að það verði ekki bætt úr þeim göllum, sem kært er yfir í þessum efnunum, með þessari till. Erfiðleikarnir eru svo margvíslegir og misjafnir á hinum ýmsu stöðum, að

það kemur alls ekki réttlátlega niður, þó að afnotagjaldið verði lækkað eftir þeirri reglu, sem stungið er upp á í þáttill.

Út af hugleiðingum hv. þm. Dal. um það, að ríkisútværpið geri nú betur en að bera sig, má benda á, að það er eftir því, hvernig á það er litið. Að visu er það rétt að því er reksturinn snertir, þegar viðtækjaverzlunin er tekin með. En hitt er öllum ljóst, að ef kosta þarf stórfé á næsta ári til þess að stækka og fullkomna útværpsstöðina og taka afborganir af því af tekjum útværpsins, þá er stöðin ekki farin að bera sig, meðan tekjurnar hrökkva ekki fyrir tilkostnaði við endurbætur. Ég tel ekki, að ríkisútværpið beri sig meðan ekki er búið að fullkomna stöðina svo, að hún geti komið íbúum allra landshluta að notum.

Það, sem hv. þm. Dal. sagði um óórðheldni útværpsstjóra, kemur mér auðvitað ekki við. Ég veit ekki, hvað hann kann að hafa sagt á þingmálafundum vestur í Dölum, eða hvort hv. þm. fer rétt með það. En þó að hann hafi lofað því að lækka afnotagjöldin, þegar útværpsstöðin væri farin að bera sig, þá er það ekki fyrir hendi enn sem komið er.

Þá talaði hv. flm. um, að hann gæti gengið inn á að breyta þáttill. þannig, að lækkun á afnotagjaldinu næði aðeins til þeirra manna, sem greiða hvorki tekju- né eignarskatt. En þá horfir till. allt öðruvísi við. Þá er komið inn á annan grundvöll. Þá er ekki lengur um sanngirniskröfu að ræða, heldur hreinan og beinan styrk eða ölmusu. Hv. þm. lézt vera að slá á strengi tilfinninganna í ræðu sinni og sagði, að þeir, sem teldu sig fulltrúa hinna vinnandi stétta, hlýtu að greiða atkv. með þessu gustukamáli. Ef þetta hefir átt að vera sneið til mín, eða fulltrúa Framsfl., þá get ég sagt hv. þm. það, að við höfum ekki farið fram á neinar ölmusur fyrir hönd umbjóðenda okkar; við höfum aðeins krafizt réttlætis og sanngirni í þeirra málum, svo sem t. d. að bændur fengju fullt kaup eða endurgjald fyrir sína vinnu. Við litum svo á, að það sé óskoraður réttur hverrar vinnandi stéttar í hjóðfélaginu, en engin ölmusa. Og þann rétt höfum við leitast við að tryggja bændunum í afurðasölumálunum.

Ef þessu máli verður vikið inn á þá braut, að veita fátækum útværpsnotendum styrk eða afköll á afnotagjaldinu til útværpsins, þá getur verið ástæða til að athuga það á ný frá þeirri hlið, og þó að þingið kunnir að stiga eitthvert spor í þessa átt, þá afsannar það ekki á nokkurn hátt skýrslur og umsagnir frá verkfræðingi útværpsins og útværpsstjóra í þessu máli, og hrekur ekkert af því, sem ég hefi um það sagt.

Hv. þm. lét þess getið að lokum, að þeir, sem þyrftu að innheimta afnotagjöld útværpsins með lögtökum hjá fátæku sveitafólki, vissu bezt, hversu örðugt menn ættu með að greiða þau. Það má vel vera, að hann hafi þá sögu að segja úr sínu héraði. En þar, sem ég þekki bezt til, á Akureyri og við Eyjafjörð, hefir einkum borið á því, að þurft hefir að innheimta afnotagjöld straumtækja með lögtaki, en mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið gert í sveitunum, hjá þeim, sem nota aðallega rafhlöðutækin. Vera má,

að hv. þm. Dal. hafi mjög einhliða reynslu í þessum efnum. Í hans lögsagnarumdæmi er sennilega lítið af straumtækjum, en að mestu leyti rafhlöðutæki.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Þetta mál hefir áður legið fyrir Alþingi í ýmsum myndum. Útvarpsstjórnin hefir hvað eftir annað barizt fyrir því, að í fjárl. væri veittur riflegur styrkur til þess að koma upp hleðslustöðvum í sveitum fyrir rafhlöður. Menn voru í fyrstu ekki sérstaklega trúadír á, að þær kæmu að notum, en þó náði þetta fram að ganga, og hafa þessar hleðslustöðvar áreiðanlega gert talsvert gagn.

Þegar ég sá þessa þáttill. frá hv. þm. Dal., hélt ég, að hún væri eðlilegt áframhald af því, sem áður hefir komið fram í þessum efnum á undanförunum þingum. Ég var ekki betur að mér en svo, að ég áleit straumtæki talsvert ódýrari í rekstri en rafhlöðutæki. Mér kom það þess vegna á óvart, þegar talið er í áliti útvarpsverkfræðings, að þeir útvarpsnotendur, sem hafa rafhlöðutæki, standi ekki lakar að vígi en hinir, sem nota straumtæki. Ég áleit, að þáttill. væri áframhald af fyrri till. í þá átt, að gera þeim léttara fyrir, sem notu rafhlöðutæki. En ef það er rétt, sem verkfræðingurinn heldur fram, og hann mun vera ábyggilegur maður í þessari grein, að það sé enginn ávinningur að því er kostnaðinn snertir að hafa straumtæki, þá skilst mér, að það væri beinlínis ranglæti að lækka afnotagjaldið meira hjá þeim, sem ekki eru verr settir í þessu efni. Þó að hér sé ekki um stórmál að ræða, þá er ekki gott að átta sig, þegar lagðar eru fram sannanir í því frá verkfræðingi útvarpsins, alveg gagnstæðar ríkjandi skoðun meðal almennings í landinu. Hér er um að ræða samskonar ágreining og það, hvort betur muni gefast radióvitar eða miðunarstöðvar, en úr því geta leikmenn ekki skorið. Ég heyri, að þessi rök verkfræðingsins hafa ekki sannfært hv. þm. Dal. (ÞP: Þau gera það aldrei). Þess vegna heldur hann nokkuð fast á sínu máli. En það er líka til önnur hlið á þessu máli, sem ég vil fara um nokkrum orðum og láta koma hér fram. Við hv. þm. Dal. þekkjum báðir þá hliðina úr fjvn. Þar liggja frammi skjöl í málinu frá verkfræðingi útvarpsins, þeim sama, er lagt hefir á móti þáttill. Þar er því haldið fram, að óhjákvæmilegt sé að stækka útvarpsstöðina að verulegum mun á næsta ári, ef útvarpið á að koma að notum fyrir alla landsmenn. Ég fer ekki langt út í það mál nú. En ef þetta er rétt, að hjá slíkum framkvæmdum verði ekki komizt á næstu missirum, að stækka stöðina svo, að öll þjóðin hafi gagn af útvarpinu, þá má líta á þær tekjur, er útvarpið hefir nú, sem óhjákvæmilega neyðarráðstöfun vegna þeirra endurbóta. Það er vitað, að fyrrv. ríkisstj. tókst ekki að komast að viðunanlegum samningum við aðrar þjóðir um öldulengd útvarpsstöðvarinnar. Sjálfsagt af því að við erum smáþjóð, þá getum við ekki fengið rétt okkar tryggðan í því efni. Þegar gengið var frá þessu máli síðast, á fundi þar sem mættir voru fulltrúar frá flestum ríkjum hér í álfa, var okkur boðið að nota sömu hylgjulengd og Madrid á Spáni. En þar er 200 kw. útvarpsstöð,

svo það var fullkomin ástæða til að óttast, að hún eyðilegði útvarp frá okkar litlu stöð í Reykjavík. — En ég vil óska og vona, að við þurfum ekki að leggja stórfé í stækkun á útvarpsstöðinni. Við höfum ekki efni á að flytja inn efni frá útlöndum nú, eins og framleiðsluvörur okkar standa lágt. En ef það er óhjákvæmilegt, þá má ekki draga úr tekjum útvarpsins.

Margir mundu sætta sig við að greiða töluvert herra afnotagjald í því skyni, að geta fullkomnað útvarpsstöðina, heldur en þeir annars mundu kæra sig um. Ég verð því að segja eins og er, að ég er mjög efnis um það, hvar á að taka á þessu máli, sérstaklega meðan ekki er neitt ákveðið um það, hvort stöðin verður stækkuð. En um það er ég hv. þm. samdóma, að undireins og það er kleift vegna hins óheyrilega kostnaðar við útvarpið, rekstur þess og afborganir, þá eigi að lækka afnotagjöldin, e. t. v. eftir reglum hv. þm. Dal., en e. t. v. eftir öðrum reglum, sem sé, að lækka yfirleitt afnotagjöldin af útvarpi hjá hinum efnaminni stéttum þjóðfélagsins. Ef það er rétt hjá verkfræðingi útvarpsins, að aðstaða manna sé jöfn í þessum málum, hvort sem þeir hafa straumtæki eða rafhlöðutæki, þá verður að beita annari reglu í þessu en hv. þm. Dal. leggur til, nefnil. þá þeirri, að gera efnaminni stéttunum yfirleitt hægara fyrir, án tillits til búsetu. — Ég vil svo ekki að svo stöddu fara um þetta fleiri orðum.

**Þorsteinn Þorsteinsson**: Ég þarf ekki að vera langorður, því að mér finnst það vera að berja höfðinu við steininn, þótt ég færi rök fyrir máli mínu. Ég hefi í þeim orðum, sem ég áðan sagði, fært fram sundurliðaðan reikning yfir það, hvað rafhlöðutæki kosta á ári undir venjulegum kringumstæðum. Og ég hefi sýnt fram á það með tölum, sem sjálfur geta mælt með sér, að rafstraumurinn til þessara tækja kostar yfirleitt um 80 kr. á ári, en kostnaðurinn við straumtækin er yfirleitt ekki nema kr. 32,85 á ári, miðað við að straumurinn kosti kr. 0,75 pr. kw. Á þessu munar nær 50 krónum, og samt eru menn að halda því fram, að á þessu sé eiginlega enginn munur, eða að straumtækin séu jafnvel dýrari. — Hv. frsm. minnst á það, að í málum sem þessum væri það venjan að fara eingöngu eftir áliti hinna svokölluðu sérfræðinga í þessum efnum, sem málið hefði verið horið undir. (BSt: Ég sagði, að það væri ekki dæmalaust). Hann benti á daginn í gær hér í deildinni því til sönnunar. Athugi hann nú daginn í gær, vænti ég, að hann sjái, að ekki var farið eingöngu eftir því, sem landssímastjóri lagði til í því máli, sem þá var fjallað um. Þótt sérfræðingar séu margir þryðilegir menn, þá er þó engin regla án undantekningar. Hv. frsm. skýrði sjálfur frá því, hvert væri rafmagnsverð á Akureyri, og kom þar ein sönnunin fyrir því, hve flaustrulegt þetta álit útvarpsverkfræðingsins er, því að hv. þm. staðhæfði, að hann skýrði rangt frá um það. Í raun og veru verður maður að segja það, eftir margfalda reynslu fjölda manna, að maður getur ekki látið bindast af áliti því, sem fram kemur hjá n. Ég held því fram, að lækkun á gjaldinu vegna aðstöðumunar sé raunverulega mjög réttlát og

## Afnotagjald útvarpsnotenda.

sjálfsgöð. Og mér er fullkunnugt um það, að margir menn úti um land hafa ekki svo mánuðum skiptir not af tækjum sínum vegna þeirra miklu örðugleika, sem fyrir hendi eru með hleðslu geymanna. Þetta mætti laga, ef menn hefðu fleiri geyma til hleðslu á vixl, og það gætu menn frekar veitt sér, ef afnotagjaldið yrði lækkað, og þá myndu menn ekki þurfa að láta útvarps-tæki sín standa ónotuð langtíðum saman.

Þá er reynt að færa þetta í það form, að um ölmusu sé að ræða. Ég neita þessu og mótmæli. Það er verið að styðja menn til að njóta almennrar fræðslu og ánægju í landinu. Er hægt að telja það ölmusu til bænda, þótt reistir séu héraðs- eða unglingskólar innan sveitanna? Ekki hefir a. m. k. verið talið svo. En ég vil biðja þdm. að athuga það, að það, sem útvarpið tekur í afnotagjöld umfram 15 kr. fyrir hvert tæki, er raunverulega tekið umfram þarfir. Tekjuafgangur útvarpsins á næsta ári kemur til með að verða 150 þús. kr., og það eru 15 kr. á útvarps-tæki, miðað við 10 þús. útvarpsnotendur. Hér er því frekar um réttmæta kröfu að ræða en ölmusu.

Það kom fram hjá hv. þm. S.-Þ. hið sama og hjá hv. frsm., þetta: Ef verkfræðingurinn fer með rétt mál, þá getum við ekki samþ. þessa till. Nú virðist mér hv. l. þm. Eyf., frsm., hafa tekið sér í munn orð manns nokkurs, sem sótti stjórnmalafund og mælti: Ég er ekki kominn til að láta sannfærast. Og eftir þessu talaði hann í málinu. Allt var gott og gilt, sem verkfræðingurinn hafði sagt; og við slíkt hugarfar þýðir ekki að rökræða. Málið verður að fara sem auðið verður.

Þá kem ég að því, sem áður var á minnzt, að ekki megi lækka afnotagjöldin nú vegna þess, að stórfelld aðgerð standi fyrir dyrum á útvarpinu, og þessar endurbætur eigi útvarpið að greiða. Þegar því sé lokið, geti komið til mála með tilslökun á afnotagjaldinu. Nú er það fyrst um þetta að segja, að það er sjaldan, að fyrir-tæki er svo ábatasamt, að það geti á einu ári látið vinna og greitt hálftrar millj. króna framkvæmdir. Þetta verður að greiðast á nokkrum árum, og þótt 20—25 þús. kr. dragjust frá tekjunum, þá ætti það að geta greitt þessa stækkun sína eða endurbætur á 3—4 árum af sinu eigin fé. Því tel ég það ekki eiga að standa í vegi fyrir því, að þessi till. verði samþ.

Ég vil taka það fram sem áður, að ég vænti þess fastlega, að hin rökst. dagskrá verði felld og menn sjái hið rétta í þessu máli og samþ. till. sjálfa.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Hv. þm. Dal. bjóst við því, að ég hefði ekki komið hingað til að láta sannfærast. Ég býst þá við, að svipað megi segja um hann, því að þau rök, sem óneitanlega eru færð í álit verkfræðingsins, bita ekkert á hann. Hann þóttist hafa fært óyggjandi rök fyrir því, og endurtók það, að kostnaðurinn við rafhlöðutæki væri 80 kr., en kostnaðurinn við straumtæki um 30 kr. Það er vikið að því í álit verkfræðingsins, hver sé kostnaðurinn við þessi tæki, og hann er öllu meiri við straumtækin heldur en rafhlöðutækin. En þessi skakka útkoma

hv. þm. Dal. stafar af því, að hann reiknar með lægra verði á rafmagninu en það raunverulega er víða. (ÞP: Kr. 0,75 pr. kw.). Já, en það er miklu dýrara sumstaðar, og allt að helmingi dýrara. Ég hygg, að álit verkfræðingsins standist þarna. Kostnaðurinn við straumtæki má gera ráð fyrir, að verði um 85 kr. á ári í stað 30 kr., sem hv. þm. hefir viljað halda fram. Svo er annað, sem verkfræðingurinn bendir á, en ég vék ekki að í minni ræðu, og það er það, að straumtækin, tækin sjálf, eru dýrari, og erfiðara þar af leiðandi að eignast þau heldur en rafhlöðutækin.

Hv. þm. Dal. fannst það engin ástæða í þessu máli frá minni hendi og n., að til stæði að auka og endurbæta útvarpsstöðina, því að það þyrfti nú meira fyrirtækið til þess, að það gæti greitt endurbót sem þessa af eins árs tekjum. Það er rétt, og ég býst ekki við því, að árstekjur útvarpsins nægi til þess að greiða þetta, en tekjur útvarpsins þurfa að nægja til að greiða vexti og afborganir af láni, sem kynni að verða tekið til þessarar framkvæmdar. Annars skal ég ekki vera að karpa lengur um þetta við hv. þm. Hann endaði ræðu sína á því, að hann óskaði eftir, að dagskráin yrði felld, en till. samþ. En í fyrri ræðu sinni var hann að boða einhverjar brtt., sem hann e. t. v. myndi flytja við þetta. (ÞP: Brtt., sem ég gæti fallizt á). Ég skal auðvitað ekkert segja um, hvernig þessi atkvgr. fer. En mér finnst réttara fyrir hv. þm., ef hann hyggst að koma fram með brtt., að óska eftir því, að málinu verði frestað, því að þetta er afgerandi atkvgr. um málið. Ég er nú svo samvirkusamur, að ég bendi honum á þetta, því að ég er ekki alveg viss um, að dm. hafi sannfærzt svo mjög af orðum hans, að dagskráin verði felld og till. samþ. En ég er auðvitað ásáttur um, að það verði þá hér með úr sögunni. (ÞP: Það getur þá komið fram á næsta þingi).

## \* ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 304, frá fjhn., felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu já: JJ, MJ, SÁÓ, BSt, HG, IngP, JBald.

nei: MG, PHerm, PM, ÞBr, ÞP, GL, HermJ, JAJ, EÁrna.

Tillgr. samþ. með 9:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. til Nd.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 58).

Á 39. fundi í Nd., 17. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 64. og 65. fundi í Nd., 19. og 20. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

**4. Gjafasjóður Guðjóns Sigurðssonar.**

Á 67. fundi í Ed., 20. des., var útbýtt:

Till. til þál. um athugun á gjafasjóði Guðjóns Sigurðssonar í sambandi við tónlistarskólann (A. 909).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

**5. Friðunarsvæði Þingvalla.**

Á deildafundum 18. okt. var útbýtt frá Sp.:

Till. til þál. um bann gegn því að reisa nýjan bæ á hínu friðlýsta skóglendi við Vellankötlu í Þingvallasveit (A. 124).

Á 6. fundi í Sp., 20. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Sp., 31. okt., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Jónas Jónsson)** [óyfirl.]: Ég get verið mjög stutturður í þessu máli, því með till. liggja fyrir fskj., sem skýra það og geta gefið þm. nokkuð ljósa hugmynd um, hvað hér er um að ræða. Eins og öllum er kunnugt, var, þegar fór að liða að 1000 ára afmæli Alþingis, eða 4 árum áður, skipuð nefnd manna, sem starfaði öll árin að undirbúningi alþingishátíðarinnar og gerði margháttaðar ráðstafanir í því skyni, að Þingvellir yrðu annað og meira fyrir þjóðina en þeir höfðu verið. Menn komust að þeirri niðurstöðu, að Þingvellir ættu í framtíðinni að vera sérstakur helgistaður allrar þjóðarinnar, og einkum — eða ekki sízt — hefir staðurinn mikla þýðingu fyrir það fólk, sem býr þéttast saman við Faxaflóa. Eftir því sem meira var hlýnt að Þingvöllum, hefir staðurinn fengið tvöfalt gildi, bæði hið sögulega gildi, sem hann er viðfragur fyrir hér og erlendis, og sérstaklega sem staður fyrir fólkid í Rvík og Hafnarfirði sem einkonar viðbótar skemmtistaður fyrir fólkid við Faxaflóa. Þegar Alp. 1928 kom sér saman um að girða hraunið og friða Þingvelli, þá var álitid, að þetta væri ekki aðeins forngripur eða sögustaður, sem ætti að varðveita, heldur líka lifandi gríðastaður fyrir nútímafólk. Þetta hefir verið gert. Það hefir verið byggt á þessum grundvelli. Landid hefir verið girt og friðað. Það hafa verið lagfærð hús og færð til, bæði Valhöll og konungshúsið, með það fyrir augum, að Þingvellir yrðu skemmtilegri fyrir fólkid. Það hefir verið byggður vegur fyrir 300 þús. króna, það hefir verið byggður bærinn, svo hann hæfði þessum merkilega stað og skemmtistað Reykvíkinga og Hafnfirðinga. Það hefir á allan hátt verið unnið að þessu marki af þeim Þingvallanefndum, sem setið hafa, fram að þeirri nefnd, sem kosin var á síðasta þingi.

Nú hefir verið gengið inn á það af meiri hl. núv. Þingvallanefndar, að leyfa bóndanum í Skógarkoti að flytja bæinn niður að vatninu, og honum verið gefið leyfi til að rækta 12 dag-

sláttna tún, en það er bara ekki hægt nema ryðja jafnstórt land af skóglendi. Það er því mjög óviðurkvæmilegt að gera þessa ráðabreytni, þegar búið er að girða staðinn og friða og búið að semja reglugerð, þar sem tekið er fram, að allir Þingvellir skuli klæddir skógi, að þá skuli vera gengið inn á það af Þingvallanefnd, sem ekki hefir meiri hl. þingfylgis á bak við sig, að eyða skuli skóginum, eyða honum með eldi og jární. Það er því svo, að þessi samningur er að anda til og líka að formi algert brot á friðunarlögunum, því vitaskuld eru ekki gerðar ráðstafanir til að vernda og friða, og svo sé farið að eyðileggja það, sem vernda á. Það er skýrt tekið fram í friðunarlögunum, að Þingvallanefnd eigi að vernda Þingvelli, en ekki skemma þá, — til þess hefir Þingvallanefnd ekki leyfi.

Eins og kemur fram í bréfi frá eiganda Valhallar, er ekki hugsanlegt að lifa á þessu býli, nema stofna til samkeppni við Valhöll um greiðasölu. En það er alls ekki hægt að starfrækja tvö gistihús á Þingvöllum; það lifa ekki á því tveir menn. Núv. eigandi Valhallar hefir lagt allt sitt í Valhöll. Þing og stjórn hafa styrkt hann mikið í þeim efnum, að gera staðinn sem bestan. Ég skal aðeins taka þáð fram, að eigandinn hefir fyrir 2 árum lagt í rafvirkjun við Óxarárfoss, til þess að lýsa Valhöll. Hann hefir því ekki lagt sitt í svo litla hættu til að gera Valhöll sem gistilegasta. Hann litur þannig á, eins og margir aðrir, að ef farið verður að ryðja skóginn niður með vatninu, þar sem væntanlegur Sogsvegur á að liggja og fólksstraumur mun beinast um, sé tilvalið fyrir bóndann í Skógarkoti að undirbúa þarna gistihús. Enda má telja, að þyrjað sé á því og afleiðingin verði gistihús á þessum nýja stað. Eins og bæði hreppstjórnir og oddvitinn taka fram, er álit þeirra, að ómögulegt sé að lifa af býli þessu á annan hátt en með því að reka greiðasölu, bæði til þess að standast byggjarkostnað o. fl. Ég vil hiðja hv. þm. að athuga þetta og athuga um leið, áður en þeir ákveða sig í þessu máli, að með friðuninni var ákveðið að borga þarna 2 bændum fé til þess að hætta við sauðfjárræktina. Það var því vitanlegt, að þessi býli gátu ekki orðið starfrækt á sama hátt og áður, og ekki hugsanlegt, að bændurnir héldust þar, nema þeir hefðu atvinnu við friðunina að einhverju leyti. Það var eðlilegt, að svo yrði, a. m. k. um bóndann í Skógarkoti, að hann gæti lifað af friðuninni. Báðum þessum bændum var greitt samtals 15 þús. kr. fyrir að hætta við sauðfjárræktina, og þar með var slegið fastri línu, sem átti að fylgja. En nú á að hefja nýtt landnám, flytja bæinn á annan stað, sem eyða verður skóginum. Þetta er að brjóta anda laganna, að fyrirskipa að brjóta friðunarlögin með því að gera landnemanum að skyldu að eyða skóginum. Þess vegna lit ég þannig á, að úr því Alþingi er búið að leggja í þann mikla kostnað að friða skóginn, sem nú er stærsta skóglendi landsins, þá eigi ekki að verðlauna menn til að eyðileggja skógin og setja í hættu gistihúsið á Þingvöllum. Eins og sést á fylgiskjöllum, hefir þessi ráðabreytni enga samúð fólksins í Þingvallasveit. Bóndinn í Hraunvíni álitur þetta fjarstæðu, bæði

hreppstjórnin, oddvitinn og umsjónarmaðurinn mótmæla þessu kröftuglega. Mér er kunnugt um, að það er mjög vafasamt, að þessi maður fái hreppsábyrgð fyrir láni úr Byggingar- og landnámsjóði, því að hreppsþúar eru á móti þessari ráðabreytni. En það mun hann hafa ætlað sér og þurfa að fá til þessara framkvæmda. Ég vil að síðustu benda á, að sá maður hér á landi, sem hefir bezt vit á skógræktarmálum, Hákon Bjarnason, skrifaði í eitt blað fyrir nokkru, að þrátt fyrir það, að fólk hafi ekki fengizt til þeirrar umgengni sem þarf, t. d. loka hliðunum, svo friðunin sé fullkomin, þá sjáist greinilega nú þegar veruleg áhrif friðunarinnar, þó ekki sé eins og vera ber, og verði að herða á eftirlitinu ennþá meira. Er því ennþá meira brot að leggja út í að herja skóginn, ganga á friðunarlögin og freista þessa manns, bóndans í Skógarkoti, til að rjúfa friðunina. Ég get bætt því við, að sóknin í þessu máli er gerð með nokkuð einkennilegum og vafasömum hætti. Bóndanum hafa verið greiddar 8 eða 9 þús. kr. til að hætta við sauðfjárræktina, en hann á féð áfram og geymir það í girðingu, nokkru austan við bæinn í jaðri skóglendisins. Þessi sauðfjäreigandi, bóndinn þarna, hefir verið töluverður þyrnir í augum hv. Þingvallan., en þó hefir verið farið að honum með fullkominni sanngirni, og jafnvel meira en það, á meðan friðun þessi var að komast á, svo að hann hefir ekki þurft að kæra út af neinu. En þessum bónda er það vel kunnugt, að þessir tveir flokkar, sem mynda meiri hl. á Alþingi, hafa verið sérstaklega hlynntir friðun. Honum hlýtur þess vegna að vera kunnugt um það, að eftir lögunum um friðun Þingvalla á að kjósa Þingvallanefnd eftir hverjar kosningar, í lok þingsins. Honum er það ljóst, að í lok þessa þings verður kosin n., þar sem meiri hlutinn ákveður, að það beri að standa við friðunarlögin. Þess vegna er það ekki að öllu leyti eins og vera átti, að sá tilviljunar meiri hl. Þingvallanefndar tæki það ráð að veita þetta leyfi og taka á sig þá ábyrgð að fara að hrjóta friðunarlögin og stefnu Þingvallaverndunar með þessu; og bóndinn hefir flýtt sér í haust að byrja á að byggja. Það er öllum kunnugt í Þingvallasveit, að hann hefir reynt að byggja sem mest áður en nýr meiri hl. kæmi, sem stæði við Þingvallalögin.

Á þessum nýja stað, við Vellanköttlu, er búið að gera grunn, reisa mót og vegg. Hann er búinn að leggja í talsverðan kostnað á þessum stað. En sá kostnaður er mun minni en kostnaðurinn, sem hlýzt af þeim skaða, sem verður af þessu, þegar friðunarbrotum er hætt, og einhver verður að borga. Það er í rauninni ekkert ranglæti, þótt bóndinn beri sjálfur þennan kostnað að einhverju leyti, því að honum var það ljóst, að hann gerði þetta í trássi við meiri hl. þingsins. M. a. benti ég honum á þetta á fundi, sem þetta mál var rætt á, hvort aðrir ættu að borga þennan skaða. En það er víst fyrst nú, þegar 300 þús. kr. hafa verið veittar til þess að gera Þingvelli það, sem þeir nú eru, og reist hefir verið myndarlegt gistiús, að það verður í rauninni að kaupa bændur, sem þarna búa, til þess að hætta við sauðfjárrækt, þá er þessi nýbýlagerð og skógreiðing brot á anda og efni friðunarlaganna.

Þess vegna álit ég fullkomlega rétt, sem við flm. á Alþingi leggjum til, sem sé, að bannað verði að halda þessu áfram, því að það er búið að slá föstu öðru viðvikjandi Þingvöllum. En þar sem þeir eiga að vera helgistaður fyrir þjóðina og hressingar- og skemmtistaður fyrir fólkið, sem næst býr, er ekki hægt að halda þessari stefnu áfram, ef skógurinn er aftur fylltur með skepnum, og hann verður ruddur á þann hátt, eins og byrjað var að gera þangað til Þingvellir voru aftur friðaðir á alþingishátíðinni. — Legg ég svo til, að till. verði samþ.

**Magnús Guðmundsson:** Hv. aðalflm. hefir nú reifað þetta mál frá sínu sjónarmiði, og ég ætla að ræða það frá mínu sjónarmiði. Ég skal byrja á því að fara nokkrum orðum um aðdraganda þessa máls, og get ég fullvissað hv. þm. um það, að ekki hefir verið hrapað að því í Þingvallanefndinni að taka ákvörðun í þessu máli. Mál-ið var athugað í n. frá 24. maí, en ákvörðun var ekki tekin fyrr en 15. sept. Ég fullvissa hv. þm. um það, að þetta var ekki gert fyrr en búið var að skoða allar aðstæður nákvæmlega.

Hv. þm. S.-Þ. man auðvitað að við allir Þingvallanefndarmennirnir skoðuðum Skógarkotsbæinn og það landsvæði, sem hér skiptir máli. Hann simaði sjálfur til mín nokkru áður en ákvörðun var tekin í málinu og sagði mér, að hann myndi ekki leggja stein í götu þessa bæjarbyggingarmáls, ef meiri hlutinn væri ákveðinn í að samþ. hana, en hann vildi setja sin skilyrði. Ég sagði honum í samtalinu, að við hv. 3. þm. Reykv. værum alls ekki ráðnir í að samþykkja beiðni Skógarkotsbónda og því vildum við fara á staðinn og skoða allt, sem máli skipti. Þá gekk hv. þm. inn á að fara með, enda þótt seinna yrði úr því, að hann færi en hann hafði lofað. Við fórum að Skógarkoti og þessum stað, sem á að byggja á, og spjölluðum saman um þetta, og þá gat ég ekki betur fundið en að hv. þm. S.-Þ. væri því meðmæltur, að það yrði leyft, að flytja Skógarkotsbæinn. Þetta segði ég ekki, ef ég hefði verið þarna einn með hv. þm., því að þá mundi hann eflaust bera á móti því. Þarna voru líka við tveir menn aðrir, hv. 3. þm. Reykv. og bóndinn í Skógarkoti, sem ég geri ráð fyrir, að báðir segi það sama og ég um þetta. Það var verst, að ekki skyldi vera hægt að halda fund þarna strax og bóka atkvæðagreiðsluna, því að ég er viss um, að þá hefði hv. þm. S.-Þ. greitt atkv. með því að leyfa bæjarflutninginn. (J.J.: Það var skaði, að það skuli ekki hafa verið gert). Já, það var skaði, en það kom engum í hug, að hv. þm. snerist á einni nóttu. Þessi nótt var svo notuð og næsti dagur til þess að safna vottorðum þeim, sem prentuð eru með þáttill. þeirri, sem hér er til meðferðar, og mun ég nánar rekja það síðar. Ég er viss um, að það er umsjónarmaðurinn á Þingvöllum, sem hefir snúið hv. þm. S.-Þ., enda var það hann, sem gaf þessum þm. hugmyndina um friðun Þingvalla. Hún er ekki frá hv. þm. sjálfum. Það er vitað.

Skal ég nú snúa mér að málinu sjálfu. Það hefir verið sagt, m. a. af hv. þm. S.-Þ., að hér sé um stofnun nýbýlis að ræða. Það er ekki rétt. — Hér er um það eitt að ræða, hvort bóndan-

## Friðunarsvæði Þingvalla.

um í Skógarkoti skuli leyft að flytja bæ sinn innan þeirra marka, sem hann hefir hingað til notað og tilheyra hans jörð. — Það er ekki verið að tala um neina fjölgun býla, og þess vegna er rangt að vera að tala um nýbýli. Það kemur oft fyrir, að bændur flytja bæjarhús sín til á landareigninni, og þá er alls ekki talað um, að verið sé að reisa nýbýli.

Ég skal þá snúa mér að yfirlýsingum þeim, sem hér liggja fyrir. Ég nefni fyrst bréf frá eiganda Valhallar. Hann segir, að það séu tvö atríði, sem geri það að verkum, að hann sé á móti flutningi bæjarins. Fyrra atríðið er það, að það geti ekki borgað sig fyrir ábúanda Skógarkots að flytja bæinn. Hitt atríðið er það, að hann muni setja upp gistihús til þess að keppa við Valhöll. Ef hv. þm. hafa lesið leyfi meiri hluta Þingvallanefndar fyrir bæjarflutningnum, þá muna þeir það, að þar er tekið fram, að hannað sé að reka gistihús á þessum stað. Þar með er þessi ástæða fallin burt, en annars mun ég fara fáeinum orðum síðar um veitingar á Þingvöllum.

Þá er hitt atríðið, hvort það muni borga sig fyrir ábúandann að flytja bæinn. Þar til er því að svara, að það er bóndans einkamál og kemur engum öðrum við. Hvorki hv. þm. S.-Þ. né eigandi Valhallar þurfa að vera eða hafa verið kvaddir til að vera meðráðamenn hans. Það hefir enginn heimild til þess að taka fram fyrir hendurnar á honum í þessu efni. Þannig er þá allt hrakið, sem eigandi Valhallar hefir sagt í þessu efni. Ég dæmi vitanlega ekkert um það, hvort hyggilegt sé fyrir bóndann í Skógarkoti að gera þetta. Ef hann vill það sjálfur, á hann að fá að gera það, ef hagsmunir friðunarinnar eru ekki andstæðir því.

Þá kem ég að næsta skjalinu. Það er bréf hreppstjórans á Kárastöðum og er svo hljóðandi:

„Sem svar við spurningu þinni sem nefndarmaður Þingvallan., hvernig ég líti á nýbýli við Vellankötlu, vil ég taka þetta fram:

Ég hefi ekkert um þetta mál hugsað og veit ekki með vissu, hvar þar á að byggja, en með því aðeins að líta yfir landið virðist það fremur erfitt til ræktunar. Því fyrst mun þurfa að ryðja skóg, til þess að fá túnstæði, sem nokkru nemur, og vont að vinna það land, sem bæði er að líkindum grýtt og allt bundið sterkum skógarrotum.

Ef það er rétt, að Jón Guðmundsson sé búinn að gefa ríkissjóði gistihúsið Valhöll, þá virðist mér það helzt athugaverðast við þessa nýbýlishugmynd, ef þar yrði rekin greiðasala, sem nokkru nemur, og því er ekki að neita, að frá því fyrst var farið að tala um byggingu við Vellankötlu hefir alltaf verið talað um gistihús, en ekki ræktað býli. En hvort það hefir við nokkuð að styðjast, læt ég ósagt; ég hefi aldrei átt tal við Jóhann um þetta.“ (Undirskrift).

Bréfritarinn segist **ekkert** hafa um málið hugsað. Hann segir, að það sé **helzt athugaverðast**, ef gistihús verður rekið þarna, sé svo, að eigandi Valhallar hafi gefið ríkissjóði hana. Hvað er nú á áliti þessa manns að byggja? Hreint ekkert. Hann hefir ekkert um málið hugsað og veit alls ekki, hvað hér á að fara að gera.

Þá er álit bóndans í Hrauntúni. Hann segir, að hann finni þessu helzt það til foráttu, að eyðilögð verði mannvirki og ræktun, og svo, að þarna muni eiga að koma upp greiðasala.

Ég mun seinna drepa á þessi mannvirkja-spjöll, en um greiðasölu þarf ekki að fara fleiri orðum, því að ég er búinn að sýna fram á það áður, að greiðasala er bönnuð þarna, svo að um hana getur því ekki verið að ræða.

En svo skal ég minnst á aðalskjalið, sem er frá umsjónarmanni Þingvalla. Hann segir, að flutningur býlisins hafi óhjákvæmilega í för með sér eyðingu skógarins.

Ég get viðurkennt, að dálitill blettur af skóginum eyðist með þessu, en hann er mjög lítil, því að mest af því svæði, sem þarna á að fara undir tún, er gamall áningarstaður, vaxinn mjög lágu og lítilfjörlegu kjarri. En svo er annað, og það er það, sem ég mun sýna betur seinna, að þegar friðun Þingvalla var lögfest, var gengið út frá, að stækka mætti túnin á hinu friðlýsta svæði. Ég ætla að sýna það með því að lesa upp það, sem hv. þm. S.-Þ. sagði þá um þetta. Svo er talað um, að átroðningur muni geta valdið skemmdum í kringum býlið. Það getur ekki verið meiri átroðningur kringum þetta býli en nú er kringum Skógarkotsbæinn inni í miðju hrauni.

Svo talar umsjónarmaðurinn um reglur, sem n. hafi sett, og heldur, að þær séu svo rígskorðaðar, að n. sé ómögulegt að breyta þeim aftur. Þetta er auðvitað fjarstæða. Hann segir ennfremur, að friðun Þingvalla geti stafað hætta af því, að þessi bústaðabreyting verði leyfð, því að gera megi ráð fyrir, að aðrir komi á eftir og heimti sömu friðindi. Ég spyr: Hverjir eru þessir menn, sem geta komið á eftir? Hverjir gera sömu kröfu og bóndinn í Skógarkoti? Það er aðeins einn maður, ábúandinn í Hrauntúni, og ég get sagt það, að hvenær sem hann fer fram á að flytja bæ sinn úr miðju hrauninu út í hraunjaðarinn, þá mun ég verða því meðmæltur, svo framarlega sem ég á þá sæti í Þingvallanefnd. Hér er það látið í vedri vaka, að það geti komið til mála, að margir vilji fá samskonar leyfi og Skógarkotsbóndinn, en það er aðeins einn ábúandi fyrir utan hann, sem getur komið fram með slíka beiðni.

Allar þær umsagnir, sem hér liggja fyrir, hefi ég nú hrakið, líð fyrir líð. En með því að það hefir ekki verið neitt minnst á það, hvort ástæða hafi verið til þess, að Þingvallan. leyfði þetta, skal ég gera grein fyrir því. Þegar ábúandi Skógarkots fór fram á þetta, þá þar hann því við, að hann þyrfti að byggja upp bæ sinn, sem væri að falli kominn, og úr því að hann þyrfti að byggja hvort sem væri, þá væri sér brýn nauðsyn að geta flutt bæinn úr miðjum skóginum og út í skógarjaðarinn við vatnið, vegna þess að þar væri ódýrara að byggja, vegna þess að billfært er þangað, og einnig af því, að þar, sem hærinn stæði nú, væri oft alveg vatnslaut á vetrum. Í þriðja lagi sýndi hann fram á það, sem allir sjá, að er alveg rétt, að með því að byggja á þessum stað við vatnið, væri hann fast við þjóðveginn og veiðina, sem er aðalhlunnindi hans, eftir að búíð er að taka af honum rétt til þess að hafa sauðfénað.



Mér fannst aðalatriðið í þessu efni vera það, hvort raunverulega þyrfti að byggja upp bæjarhúsin í Skógarkoti. Ef svo væri ekki, þá virtist hér liggja eitthvað annað á bak við. Til þess að sannprófa þetta fórum við allir Þingvallanefndarmennirnir þangað austur, til þess að skoða húsin í Skógarkoti, og allir vorum við sammála um það, að þessi hús þyrfti nauðsynlega að endurbyggja. Það var ekki hægt að búast við því, að hægt væri að haldast þar við í frosti á vetrum. Beztu húsin eru frá 1827, ef ég man rétt, en allir geta myndað sér, hvort þau muni vera góð til íbúðar, samanborið við það, sem menn eiga nú víðast við að búa í sveitum hér á landi. Það er ábyggilegt, að bóndinn hefði ekki farið að byggja upp að þarflausu, þar sem hann fær engan styrk til þess hjá því opinbera.

Ástæðan fyrir því, að þetta býli var byggt í miðjum skóginum í upphafi, er vitanlega sú, að það var byggt með tilliti til sauðfjárræktar og einskis annars. Fyrst búið er að nema þessa ástæðu burt, hvers vegna ætti þá að meina manninum að flytja bæ sinn úr miðjum skógi og út í skógarjaðar? Það hefir líka mikla þýðingu, að það er, án þess lagt sé í kostnað, hífært að þeim stað, sem húsin eiga að vera á, en að bænum, þar sem hann er nú, er ekki hífært nema um mitt sumar ef þurrkar ganga. Við nefndarmennirnir fórum t. d. þangað í september, og þá var ekki hægt að komast þangað í hil. Þessi bær er tæpa 2 km. frá vatninu, þar sem veiðin er stunduð. En nýju húsin eiga að vera rétt hjá aðalveiðistaðnum. Nú eru aðalhlunnindi þessarar jarðar einmitt veiðin. Ég tel að sterka ástæðu þurfi til þess að banna manninum að flytja bæ sinn, svo að ekki þurfi að ganga 4 km. daglega, og jafnvel oftast en einu sinni á dag, til að stunda veiðina.

Ég hélt fyrst, að ræktunarskilyrðin hlytu að vera mjög slæm á þessum slóðum, og hefi talað um það við bóndann í Skógarkoti, að það myndi líklega örðugt að rækta þarna tún, því að hver sem byggði þar, vildi áreiðanlega hafa blett kringum húsið. Hann sagði, að þvert á móti væru þarna góð ræktunarskilyrði og betri en þar, sem bærinn er nú. Þessu til sönnunar skal ég lesa upp bréf frá Pálma Einarssyni ráðunaut, sem hefir athugað þetta máli fyrir bóndann. Mér finnst dálítið kynlegt, að hv. þm. S.-Þ. skuli ekki hafa birt í sínu þingskj. önnur skjöl en þau, sem hann álitur styðja sinn málstað. Bendir þetta til þess, að það sé eitthvað annað en hlutlaus niðurstaða, sem vakir fyrir honum í málinu. Ég mun því reyna að bæta úr þessari vanrækslusynd hv. þm. S.-Þ. og lesa hér upp bréf það frá nefndum ráðunaut Búnaðarfélagins, sem ég gat um áðan. Það er dags. 13. nóv. 1933 og er svo hljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar hefi ég undirritaður, 7. þ. m., skoðað ábýlissjórð yðar, Skógarkot í Þingvallasveit, með tilliti til þess, að þér teljið nauðsynlegt, þegar byggt verður upp á jörðinni, að bærinn verði fluttur þangað, sem hann er betur settur með tilliti til afnota jarðarinnar og umbóta á henni.

Skógarkot liggur 1,9 km. frá Þjóðvegi, (skemmsta leið). Sama vegalengd er að simalínunni, sem liggur frá Þingvöllum og austur.

Alpt. 1934. D. (48. löggjafarþing).

Tún er 4,5 ha. að stærð og liggur í hrauninu, þannig að skilyrði fyrir því, að það geti orðið véltækt, eru erfið, því að hvergi er jarðvegurinn það djúpur, að nægileg plógfarsdýpt fáiast. Umhverfis tún jarðarinnar er jarðvegslítið braun, sem er illa fallið til túnræktar.

Vatnsból jarðarinnar nú er brunnur, sem vatn er í aðeins í votviðrum, en vatn til heimilisnota verður mjög oft að sækja í tjarnir þær, sem eru upp frá Vatnskotsvík í Þingvallasveit.

Öll hús jarðarinnar eru komin að falli, svo að óumflýjanlegt er að byggja upp á jörðinni. Bezta bæjarstæði í landi jarðarinnar er upp frá Vatnskotsvík, suðaustan við tjörnina, sem er þar skammt frá, sem gatan liggur heim að Skógarkoti frá vatninu. Kostir þess að færa byggingar jarðarinnar eru þannig:

1. Gott vatnsból er í tjörn þeirri, sem liggur fyrir ofan Þjóðveginn.
2. Jörðin kemst í bílsamband án nokkurs sérstaks tilkostnaðar. Líka minni tilkostnaður við símalagningu.
3. Ræktunarskilyrði eru mun betri, og á þessum stað mætti fá véltækt tún, ef ræktað væri austur frá tjörninni. Þar er jarðvegsdjúp laut, er liggur mjög vel við til túnræktunar.

Jarðræktarskilyrði eru einnig góð á þessum stað.

4. Á þessum stað var á síðustu árum ræktað tún við beitarhús, er áður voru notuð og liggja þar skammt frá í hrauninu, og er því haganlegt að nýta það.
5. Eftir að sauðfjáreign var lögð niður þar, og verður væntanlega aldrei tekin upp aftur á jörðinni, verður óumflýjanlegt fyrir þann, sem á henni býr, að hagnýta sér sem best hlunnindi jarðarinnar, veiðina í vatninu, með því að flytja bæinn, því að tilkostnaður við hana er mikið minnkaður vegna þess að timaeyðsla sú, sem gengur til milliferða eins og nú er, kostar mjög mikið.

Að þessu athuguðu sést, að það er mikið hagsmunalegt atriði við rekstur búskapar á jörðinni, að ekki verði framar endurbyggt þar, sem bærinn nú stendur, heldur sé nú flutt á þennan stað, sem hér er bent á.

Fyrir utan hlunnindi jarðarinnar verður það einungis nautgriparéktin, sem þar verður stunduð.

Samkvæmt framanrituðu tel ég það hagsmunalega rétt, vegna framtíðarbúrekstrar á jörðinni, að þér leggið áherzlu á að fá leyfi til þess að flytja bæjarhúsin á jörðinni.“

Þetta segir Pálmi Einarsson jarðræktarfræðingur um ræktunarmöguleikana og aðstæður á þessum stað. Vænti ég, að það komi heim við það, sem ég sagði um aðstæðurnar á þessu býli, og við þær ástæður, sem bóndinn í Skógarkoti færði fram fyrir beiðni sinni um flutning bæjarins.

Þá er næst að gera sér grein fyrir, hvort þessi ráðstöfun er til hins verra fyrir friðaða skógin eða ekki. Ef einhver blettur er friðaður fyrir ágangi, býst ég ekki við, að það þætti heppilega ráðið að hafa byggð í miðjum blettinum. Mundi það ekki þykja heppilegra að hafa byggðina í jaðrinum en í miðjum hinum friðaða bletti? Ég

geri ráð fyrir því. Liggur þetta svo í augum uppi, að það þarf varla skýringar við. Þótt ekki sé gert annað en að flytja bæinn úr miðjum skóginum út í jaðarinn, er það til bóta fyrir friðunina. Þar, sem gamli bærinn var, mundi vaxa upp nýtt skóglendi, og skóglendið umhverfis fá fullan frið til að vaxa, af því að umferðin um hinar gömlu götur mundi leggjast niður. Er ekki vafi á því, að þannig myndi vaxa upp nýtt skóglendi, sem verður stærra en nemur því 4 hektara tóni, sem bóndanum í Skógarkoti er leyft að hafa á hinum nýja stað. Það er einmitt höfuðskilyrðið fyrir allri skógrækt, að ekki sé umferð um landið, svo að gróðurinn verði ekki troðinn niður af mönnum og skepnum.

Þá hafði n. það einnig í huga, að þarna yrði byggt hús, sem færi vel á þessum stað. Til þess að tryggja það var bóndanum sett að skilyrði, að húsið yrði með ákveðinni hæð og byggt eftir till. Jóhanns Kristjánssonar byggingarmeistara, sem mestu ræður nú um húsagerð í sveitum landsins. Veit ég ekki, hvort hægt hefði verið að ganga betur frá þessu; a. m. k. fann hv. þm. S.-Þ. ekkert að því.

Þá stýður það enn að því, að rétt hafi verið að flytja bæinn úr miðjum skóginum út í jaðarinn, að ef bærinn er byggður rétt hjá hliðunum, sem þarf að passa, verður það landinu kostnaðarminna, af því að þá þarf ekki að fá til þess sérstaka menn eða menn, sem búa í miðju hrauninu. En skógurinn hefir viljað fyllast af fé, þrátt fyrir girðingarnar, og er það mikill hnekki fyrir vöxt hans og viðgang.

En nú myndi margur spyrja: Er það einsdæmi, að leyft sé þannig að byggja hús í útjaðri hins friðlýsta svæðis? Svo er alls ekki. Hefir fjöldi manna einmitt verið leyft að byggja sér sumarbústaði í útjaðri friðlýsta svæðisins. Og það hefir meira að segja komið til orða í Þingvallan., hvort ekki myndi vera hægt að finna ný svæði undir sumarbústaði á hinu friðlýsta svæði. Þá eru þess einnig dæmi áður, að leyft sé þannig að flytja til hús á Þingvöllum, ef menn vilja binda sig í það. Það var gert, þegar Valhöll var flutt þangað, sem hún er nú, og var þó sá flutningur að visu framkvæmdur með valdboði Alþingis.

Hv. þm. S.-Þ. hafði orð á því, að bóndinn í Skógarkoti myndi eiga fé utan hins friðlýsta svæðis, og vildi láta skína í það, að þetta væri átöluvert, þar sem þessum bónda hefði verið borgað fyrir að hafa ekki fé í Skógarkoti. Er mér ekki kunnugt um þetta, en hitt er mér ljóst, að þótt bóndanum í Skógarkoti hafi verið borgað fyrir að hafa ekki fé heima á jörðinni, er honum eftir sem áður heimilt að eiga fé annarsstaðar. En hv. þm. S.-Þ. er ekki heimilt að vena þennan mann þannig um, að hann standi ekki við samninga sína, sem hann hefir gert við ríkið fyrir borgun, og hafi enda brotið landslög, því að það er óheimilt að landslögum að hafa fénað í hinu friðlýsta svæði Þingvallá.

Ég skildi hv. þm. S.-Þ. svo, að þessi ráðstöfun bryti aðallega í hág við anda friðunarlöganna. Býst ég við, að það sé hans „heilagi andi“ sjálfs, sem hv. þm. hafði fyrst og fremst í huga, því að hann hefir samið þessi lög og komið þeim í

kring. Þykir mér því hlýða að lesa hér nokkur orð, sem þessi „andi“ hans lét frá sér fara á þinginu 1928, þegar lögin um friðun Þingvallá voru sett. Hv. þm. fórust þá svo orð (Alþt. 1928, B., d. 2309—2310):

„Ég held, að ástæðulaust sé að óttast, að Þingvallasveit verði á nokkurn hátt verr farin fyrir þetta. Það má að visu gera ráð fyrir, að eitthvað verði að bæta bændum vegna þess, að þeir geti ekki haft sauðfé eins og áður, en ég þykist þess fullviss, að kúm mundi fjölga“. — „Á sumrin er meira en nógur markaður heima fyrir mjólk, egg og þess háttar. Þarna eru líka ágætir sumarhagar og aðstaða góð til að auka við túnin. Til dæmis er bóndinn í Skógarkoti alltaf að fara út túnid, og hið sama mætti einnig gera í Hrauntúni. Margt fleira kemur hér til greina“. — „Ég býst alls ekki við, að leggja þurfi niður eitt einasta býli, og ég hefi sagt bændunum það, að ég mundi bæði sem þm. og á meðan ég er ráðh. vinna á móti því, að þau leggist í eyði. Ég vil aðeins breyta til um atvinnu þeirra, sem þarna búa. Til dæmis hygg ég, að þarna geti allmargt fólk lifað á gistihúshaldi. Aðsókn er nú þegar mjög mikil og á vafalaust eftir að vaxa mikið, eftir því, sem hlynt er að staðnum. Einn bóndinn þarna, bóndinn á Kárastöðum, hefir byggt eitt myndarlegasta sveitagistihús, sem til er á Íslandi, og það ber sig mjög vel, eftir því, sem ég hezt veit, og er þó betra að vera í Skógarkoti en á Kárastöðum, vegna ýmsra náttúruskilyrða“.

Þetta er þá textinn, sem ég ætla að leggja út af við hv. þm. S.-Þ. Og þar sem þetta eru hans eigin orð, vona ég, að hann hafi ekkert út á það að setja, að ég legg þau þannig til grundvallar.

Hv. þm. hélt því fram, að ekki myndi þurfa að eyðileggja eitt einasta býli; bændurnir þarna myndu aðeins skipta um atvinnuveg, hætta við sauðfjárræktina, en taka upp kúabú og gistihúshald í staðinn. Nú liggur það auðvitað í augum uppi, að bændurnir geta ekki skipt þannig um atvinnuháttu og tekið upp kúabú í stað sauðfjárræktar, án þess að stækka túnin í þessu skyni, enda tók hv. þm. það einmitt fram, að bóndinn í Skógarkoti væri alltaf að stækka tún sitt, og það verður ekki annað ráðið af orðum hans en að hann hafi ætlað til, að bóndinn fengi að stækka túnið áfram að vild sinni. (J): Ekki höggva skógin til þess). Hv. þm. S.-Þ. má þó vera það vitanlegt, að túnið í Skógarkoti verður ekki stækkað án þess að höggva skógin, því að skógurinn nær alla leið heim að túninu.

Eins og menn sjá, hefir ekkert verið gert í þessu máli, nema það, sem hv. þm. S.-Þ. hefir sjálfur bent á, að ætti að gera. Hefir meira að segja verið farið svo varlega fram í þessu máli af Þingvallan., að stærð túnsins í kringum hið nýja hús hefir verið takmörkuð. Býst ég við, að gamla túnið í Skógarkoti verði lítið notað eftir að bærinn hefir verið fluttur, þar sem það verður mjög dýrt að koma þangað áburði, og er það spá mín, að gamla túnið muni brátt verða vaxið skógi. Mundi þá fullkomlega vinnast upp það skógartap, sem yrði á hinum nýja stað.

Eins og menn muna af því, sem ég las áðan eftir hv. þm., ætlaðist hann til, að bændurnir í Þingvallasveit hefðu öðrum þræði ofan af fyrir

sér með gistihúshaldi. En hvernig hefir verið búið við bændurna í þessu efni? Hv. þm. hefir búið svo um þá hnúta, að eigandi Valhallar hefir einkaréttindi til veitinga á Þingvöllum. Veit ég ekki, hvenær hv. þm. hefir gefið eiganda Valhallar loforð um þetta, en ég geri ráð fyrir, að það hafi verið um svipað leyti og friðunarmálið var til umr. hér á Alþingi. Annars skiptir það engu máli, hvenær þetta loforð var gefið; aðalatriðið er það, að bændurnir þarna eru útilokaðir frá að stunda þennan atvinnurekstur, sem hv. þm. S.-Þ. benti þeim á í umr. um friðunarmálið, þegar hann vann að því að taka af þeim réttinn til að eiga sauðfé á þessu svæði og hafa ofan af fyrir sér með því.

Hv. þm. S.-Þ. talaði um það, að bóndinn í Skógarkoti vissi allt um það, hvernig þetta mál væri í pottinn búið, Þingvallah. væri klofin í málinu, svo gæti farið, að skipti um meiri hl. í n., o. s. frv. Í framhaldi af þessu minntist hv. þm. á það, hver ætti að borga kostnaðinn, sem af þessum ráðstöfunum kynni að leiða, ef teknar yrðu nýjar ákvarðanir í málinu. Um kostnaðinn skal ég ekkert segja; mun ég ekki ávísa neinu vegna hans. En um það, hvort hægt sé að stöðva bygginguna, vil ég segja það, að það verður dómstólamála, en heyrir ekki undir úrskurð Alþingis. Leiðir þetta beint af ákvæðum friðunarlaga. 4. gr. l. hjóðar svo:

„Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og æfinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.“ — En 5. gr. l. kveður svo á:

„Þingvallah., skipuð 3 þm., hefir fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annara jarða í rikiseign, sem til eru greindar í 2. gr. Þingvallah. skal kosin með hlutfallskosningu í Sp. í lok hvers þings eftir nýafstaðnar kosningar, í fyrsta skipti á þingi 1928.“

Með öðrum orðum: Þetta vald, sem Alþingi hefir til umráða yfir Þingvöllum samkv. 4. gr. l., er með 5. gr. l. lagt í hendur Þingvallah., eða meiri hl. hennar, ef n. greinir á. — Það kemur því í einn stað niður, hvað hv. þm. S.-Þ. aðhefst í þessu máli; bóndinn í Skógarkoti mun byggja áfram eins og hann er byrjaður á.

Ég held, að ég hafi þá hrakið allt það, sem hv. þm. S.-Þ. lagði fram af sinni hálfu í þessu máli. Ég hefi að vísu verið óþarflega nákvæmur, en ég geri ráð fyrir, að það spari mér tíma síðar, því að ég býst við að geta vísað til þess síðar, sem ég hefi sagt hér nú.

**Guðrún Lárusdóttir:** Alþingi hefir lagt mikið af mörkum til að friða og fegra Þingvelli. Hefir þetta verið gert af því að Þingvellir eru hjarta- staður þjóðarinnar, sem allir óspilltir menn hugsa með ást og lotningu til. Minnst ég heldur ekki á þetta af því, að ég vilji hafa á móti því, að slíku stað sé allur sómi sýndur, heldur vil ég í þessu sambandi vekja athygli á misræmi í meðferð Þingvallamálananna.

Þær minningar, sem þjóðin tengir við ást sína á Þingvöllum, eru fyrst og fremst tvær: Stofnun Alþingis árið 930 og kristnitakan árið 1000. Lita margir menn í landinu einnig svo á, að ekki megi gera upp á milli þessara atburða

í minningu þjóðarinnar, en svo sýnist þó mörgum, sem gengið sé framhjá öðrum þessara atburða, þegar það er látið viðgangast, að fyrsta og elzta prestssetur landsins er lagt niður. Hefir enda verið mikil óánægja meðal landsmanna út af þessari ráðstöfun, a. m. k. í þeirra hóp allra, sem leggja eitthvað upp úr atburði eins og kristnitökunni. — Á reglulega þinginu 1933 bar ég fram þáttill. um veitingu Þingvallaprestakalls. Sú till. fór eins og hún fór og þeir muna, er þá sátu á Alp., og studdist hún þó við einróma óskir og álit safnaðarins á Þingvöllum. Svo varð þó úr að lokum, að kirkjumálaráðh. auglýsti brauðið — og nú vil ég einmitt nota þetta tækifæri til að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. núv. kirkjumálaráðh., af hverju þessi auglýsing hefir verið afturkölluð. Mér er kunnugt um það, að vel metinn og einkar vel menntaður guðfræðingur í Vesturheimi hafði skrifað hingað heim og beðið um að sækja fyrir sig um presta- kallið. En það var einmitt álit margra, að í Þingvallaprestakalli ætti að sitja einhver vel metinn menntamaður, sem gæti verið fulltrúi íslensku þjóðarinnar og íslensku kirkjunnar, þegar að garði bæri á Þingvöllum erlenda menntamenn og aðra menn, er hingað koma gestir til lands. Ég vil fá að vita það, af hverju hæstv. núv. kirkjumálaráðh. hefir gert að engu gerðir fyrirrennara síns í þessu máli og afturkallað auglýs- inguna um að brauðið verði veitt. Og ég vænti þess að fá skýr svör við þessari fyrirspurn minni, því að hér er um mál að ræða, sem ekki aðeins snertir Þingvelli, heldur og einnig þjóð- ina alla í heild sinni.

**Flm. (Jónas Jónsson)** Óyfirl.: Hv. 1. þm. Skagf. hefir nú skýrt þetta mál frá sjónarmiði meiri hl. Þingvallah. Mun ég ganga sömu slóð og hann og athuga að nokkru röksemdir hans lið fyrir lið.

Hv. þm. sagðist hafa skilið mig svo, fyrst þegar hann minntist á þetta mál við mig, að ég væri fylgjandi þessu ráðabruggi. Vil ég taka það fram út af þessu, að annaðhvort hv. þm. eða form. Þingvallah., hv. 3. þm. Reykv., hringdi til mín í sumar einu sinni og sagði mér, að halda ætti fund út af þessu máli í n. Stóð þá svo á, að ég gat ekki mætt á fundinum, og í annað skipti, þegar taka átti málið fyrir í n., var hv. 3. þm. Reykv. ekki í hænnum, svo að fundur fórst fyrir einnig í það skipti. Ég sagði hv. 1. þm. Skagf., að ég væri á móti málinu, en að ég væri í minni hl. í n., svo að sjálfstæðismennirnir í n., sem voru þar í meiri hl., gætu tekið þessar ákvarðanir án þess að ég væri við. Ég væri í minni hl. og gæti hvort sem væri engu ráðið um þetta, hve feginn sem ég vildi. Ég held, að á þeim tíma hafi hv. 1. þm. Skagf. engar líkur talið fyrir tón- rækt, enda var sá staður, sem þá var talað um, ekkert nema hraun.

Ég fór í sumar til Þingvalla ásamt meiri hl. Þingvallanefndar í tilefni af þessu máli. Bóndinn í Skógarkoti sýndi okkur skógarblett þann, sem hann kvað vera ætlun sína að ryðja. Bóndanum var vel kunnugt um afstöðu mína til þessa máls af fyrri samtölum og viðskiptum okkar, og ég býst ekki við, að hann hefði farið fram á að

reisa bæ sinn á þessum stað, hefði ég haft meirihlutaðstöðu í nefndinni.

Ég heyrði það þegar á þessu ferðalagi, að meiri hl. í n., þeir hv. 1. þm. Skagf. og hv. 3. þm. Reykv., voru þá þegar ákveðnir í því að veita bóndanum leyfi til þess að flytja bæ sinn og höggva upp skóginn til að rækta tún. Mér kom þessi aðstaða þeirra ekki á óvart, þótt ég hefði að visu varla vænt þess af hv. 1. þm. Skagf. En hann hefir, eins og flokkur hans, ávallt verið deigur í þessu máli. 1928 lagðist í-haldið fast á móti friðunarlögunum og kom með hinar fáraulegustu mótbáru, eins og þær, að ekki væri hægt að girða Þingvallahraun sökum snjóþyngsla. En reynslan hefir þó sýnt, að girðingin í Þingvallahrauni stendur betur en flestar aðrar, af eðlilegum ástæðum, því að grundvöllurinn er svo traustur.

Hv. 1. þm. Skagf. lét svo sem hann hefði vænt liðs af mér í þessu máli. En hv. þm. veit vel, að þó að ég sé ekki höfundur hugmyndarinnar um friðun Þingvalla, heldur Guðmundur Davíðsson, þá hefi ég ávallt verið trúur stuðningsmaður friðunarmálsins, og því einskis liðs af mér að vænta til skemmdarverka í því efni.

Ég gisti á Þingvöllum nóttina eftir að ég var með meiri hl. nefndarinnar á þessu ferðalagi og átti þá tal um þetta mál við hreppstjórnann í sveitinni, umsjónarmanninn á Þingvöllum, oddvitann í sveitinni, veitingamanninn í Valhöll og Skógarkotsbóndann sjálfan. Ég vil geta þess, til þess að menn haldi ekki, að álit þessara manna á málinu hafi verið pólitískt, að bóndinn í Hraun-túni er einn af framherjum íhaldsmanna þar í héraðinu. Hann taldi þetta tiltæki þó hina mestu fjarstæðu, eins og hin prentaða umsögn hans ber með sér, og gat þess í viðtali við mig, að hann vildi gjarnan ná tali af hv. 1. þm. Skagf., flokksbróður sínum, til þess að sannfæra hann um, hvílik fásinna þetta væri. (MG: Hann hefir talað við mig og er alveg á minu máli). Hvað segir skjalið?

Hreppstjórninn vissi ekki, hvað Skógarkotsbóndinn atlaðist fyrir með þessari ráðabreytni. En hann hafði hvorki trú á ræktun né veitingum á þessum stað og lagði því á móti því, að slíkt leyfi yrði veitt.

Þá taldi ég, að ekki væri hægt að ganga framhjá því, að leita álits umsjónarmannsins, höfundar friðunarlaganna. Hann telur, að flutningur býlisins hljóti að hafa í för með sér geryðingu á miklum og gróðursælum skógi. Hann bendir og á það, að gera megi ráð fyrir, að fleiri komi á eftir, sem þykist eiga rétt á sömu friðindum og núv. ábúandi í Skógarkoti, nái þessi bústaðabreyting fram að ganga.

Það er nú varla hægt að hugsa sér öllu glegggra brot á friðunarlögunum en að höggva upp skóginn á stóru svæði undir nýtt tún. Þetta er hvergi gert á öllu landinu, enda eru til mörg þúsund af öðrum heppilegri túnstæðum. En þetta á samt að gera í stærstu skógargirðingu landsins, sem þar að auki stendur alveg sérstaklega undir vernd Alþingis. Ef þetta er gert, má alveg eins fara að efna til almennrar nýbýlastofnunar eða samyrkjubyggða í Þingvallalandi og höggva þar upp skóginn fyrir svo sem 20 fjögurra ha. tún.

Gistihúscigandinn mótmælti einnig kröftuglega þessari ráðstöfun. Hann kvað svo mikla fjarstæðu, að þetta væri ræktunarbýli, að bóndinn hlýti að neyðast til þess að fara að stunda veitingar, hvort sem hann atlaði sér eða ekki. Auðvitað mætti hafa þarna alifuglabú eða svínarækt, en slíkan búrekstur má líka hafa í Skógarkoti. Þeir menn í Þingvallasveit, sem þegið hafa mikið fé fyrir að leggja niður sauðfjárbúskap, verða að hjarga sér eins og bezt gengur, án þess að reka sig á friðunarlögin.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að þærinn í Skógarkoti væri lélegur, og það er rétt, en hann er ekki lélegri en mörg hundruð annara bæja á landinu. En hvað sem þessu liður, var búið að semja við Skógarkotsbóndann, en nú, þegar íhaldið fær bráðabirgðameirihlutaðstöðu í nefndinni, notar það tækifærið til að fá þessum samningum breytt. Bóndinn hafði byggingu á Skógarkoti og gat verið þar.

Þá talaði hv. 1. þm. Skagf. um vatnsleysið í Skógarkoti. Þarna hefir þó verið búið sjálfsagt í rúm þúsund ár, og er þó hægara um vik nú en áður að safna vatni, vegna jarnþakanna. Þá sagði hv. þm. einnig, að hentugra væri að hafa bæinn við Vellankötlu, vegna veiðiskaparans í Þingvallavatni. Ekkert lýsir ef til vill eins átakanlega skilningsskorti þessa hv. Þingvallanefndarmanns á friðuninni og þessi ummæli hans. Vík sú, sem hinn nýi bær á að standa við, er einmitt aðalhyrgningarstöðin í Þingvallavatni. Það er því gerður leikur með þessu til þess að eyða silungnum í Þingvallavatni á kostnað annara sveitarbúa.

Þá las hv. 1. þm. Skagf. upp bréf frá Pálma Einarssyni ráðunaut um álit hans á því, hvar bæjarstæðið sé hentugast og ræktunarmöguleikar mestir. Hann svarar frá sínu sjónarmiði sem jarðræktarfræðingur, alveg eins og hann væri að tala um Flóann eða Ölfusið. Hann segir, að á þessum og þessum stað sé gott bæjarstæði, alveg eins og engin friðun væri til. Hann er spurður, hvar séu bestir ræktunarmöguleikar. Hann segir, að það sé þar, sem skógurinn hafi skapað beztan jarðveg. Þar á að höggva skóginn og rækta túnblett. Á öðrum stað talar ráðunauturinn um „framtidarþúrekstur“ á býlinu. En með friðunarlögunum er einmitt búið að svipta þessar jarðir þeim möguleika fyrir ærna peninga, að vera venjulegar bújarðir framvegis.

Pálmi Einarsson hefir gefið hér alveg teknísk svör. Þetta er að sínu leyti alveg eins og ef Alþingi spyrði hann, hvornig alþingisgarðurinn myndi vera fallinn til túnræktar. Hann myndi svara því, að fyrst og fremst yrði að höggva upp öll trén og taka burtu líkneski Tryggva Gunnarssonar. Þetta væru alveg rétt svör, teknískt séð, ef ráðunauturinn væri spurður á þennan hátt. En myndi Alþingi vilja láta gera þetta? Myndi það vilja rífa upp með rötum hvert tré og runna, sem hinn gamli, ljóðholli afburðamaður hefir gróðursett og ræktað með alúð og þolinmæði? En Þingvallahraun er ekkert annað en annar alþingisgarður, miklu stærri en hinn. (MG: Má ég spyrja: Er ekki býli í Þingvallahrauni?). Ekki venjuleg býli. Skógarkotsbóndinn hefir fengið 9000 kr. til að hætta þar venju-

legum búskap, og þessar 9000 kr. voru einmitt dregnar af skógræktarfé landsins, því að girðingin um Þingvallahraun er stærsta skógræktargirðing landsins. Og innan þessarar girðingar á nú að leyfa þessum sama manni að höggva niður skóginn!

Hv. 1. þm. Skagf. minntist á teikninguna af hinu væntanlega húsi, og minnti mig þannig á að mótmæla henni líka. Hús þetta verður ekki rúmlega ein hæð, eins og til var tekið, heldur allt að því tvær hæðir, og mun eftir öllu að dæma fara mjög illa við umhverfið.

Hv. þm. hefði af praktiskum ástæðum átt að tala sem minnst um opin hlið og ágang í Þingvallagirðingunni. Að vísu er jafnan nokkur hætta á ágangi í girðingu með tveim hliðum, sem þjóðvegur liggur í gegnum. Verður þar aðallega að treysta á þegnskap manna. Allt myndi þó hafa gengið samilega, hefðu blöð hv. 1. þm. Skagf. ekki frá upphafi reynt að spilla fyrir friðuninni á allan hátt og gláðt yfir spellvirkjunum, eins og í sumar, þegar kommúnistar svívirtu Þingvelli. Þá var gleðin auðséd í blöðum íhaldsins. Umsjónarmaðurinn hefir sagt mér, að hann hafi tekið eftir því, að jafnan eftir að greinar birtist í „Mgbl.“ og „Vísí“ um ágang í Þingvallahrauni, séu hliðin brotin og önnur spellvirki unnin. Reyndar dettur mér ekki í hug að segja, að hv. 1. þm. Skagf. hafi sýnt af sér sama ódrengskap og blöð hans, því yfirleitt hefir samvinna okkar í Þingvallanefnd verið góð, þrátt fyrir ýmsan skoðanamismun. En þrátt fyrir allan áganginn og spellvirkin á Þingvöllum segir þó Hákon Bjarnason skógfræðingur í „Mgbl.“ í sumar, að hann hafi í mörg ár fylgt með skóginum á Þingvöllum, en nú fyrst sjái hann merki þess, að skógurinn sé farinn að vaxa.

En þó að ég vilji ekki herra framkomu hv. 1. þm. Skagf. og blaða hans saman í þessum efnunum, þá er þó fylgi hv. 1. þm. Skagf. við það mál, sem hér er rætt, af sama toga spunnið og æsingar Morgunbl. til spellvirkjanna. Hann skilur ekki, að friðunarmálið er menningarmál, en ekki flokksmál, og að Þingvellir eiga að vera friðaður helgistaður allrar þjóðarinnar. Þá vildi hv. þm. herra þessa ráðstöfun meiri hl. Þingvallanefndar saman við sumarbústaðina, sem standa vestan Óxarár. En þar er mikill munur á. Vestan Óxarár er enginn skógur, nema lítið eitt, sem plantað hefir verið í kringum sumarbústaðina. Þessi staður var valinn fyrir sumarbústaðina í samráði við Sigurð Nordal prófessor, til þess að gera mönnum kleift að búa á Þingvöllum án þess að skemma heildarútlit staðarins. Þetta er allt annað en að höggva upp kjarna skógarins, sem snjóþyngsliu hafa hlift við biti og rífi. En meiri hl. Þingvallanefndar vill fara með skóginum á sama hátt og gert var á mestu hallæris- og niðurlægingartímum þjóðarinnar.

Hv. þm. segir, að Skógarkotsbóndanum sé heimilt að eiga fé utan girðingarinnar. Ég býst við, að hv. þm. viti, að eftir að þessi mæti maður hafði fengið borgun fyrir að lóga fé sínu, lét hann það þó dragast, og hélt þannig ekki alveg gerða samninga. Þingvallanefnd fór þó vægt að honum og gaf honum frest. En þótt vera megi, að það sé ekki beint lögbrot, getur það þó ekki

kallast að halda vel gerða samninga eftir þá tilhliðrunarsemi, sem nefndin hafði sýnt þessum manni áður, að hann skuli nú hafa sauðfé sitt um tvo kílómetra frá girðingunni, þar sem snjór getur legið á henni á vetrum, svo að ekkert er líklegt en að hið kunnuga fé saki yfir í friðlandið, eins og líka hefir komið fram. Skógarkotsbóndinn hefir fengið borgaða umsamda upphæð fyrir að hætta fjárrækt, og á að gera það.

Þá sagði hv. 1. þm. Skagf., að eigandi Valhallar hefði lofofð frá Þingvallanefnd um það, að ekki yrði settur upp annar gististaður á hinu friðlýsta svæði. Við, Jón Baldvinsson og ég, sögðum honum, er um þetta var rætt, að við gætum engar tryggingar gefið honum fyrir þessu, en við skyldum heita áhrifum okkar gegn því. Ég tel víst, að hv. 3. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Skagf. séu á sömu skoðun og við um þetta, en á öðru hefir hótaleigandinn ekki að byggja. Hvort hótaleigandi hefir skýrt á einhvern annan hátt frá þessu í viðtali við hv. 1. þm. Skagf., skal ég ekki segja, en þetta er samleiðurinn.

Þá sagðist hv. 1. þm. Skagf. hafa gamalt samþykki mitt frá 1928 um þessa tilfærslu. Min aðstaða var sú, að borga þessum bændum fyrir að hætta sauðfjáreign, en vildi hinsvegar lofa þeim að vera áfram á jörðum sínum með því skilyrði, að þeir væru ekki friðuninni til spillis. Ég átti á þeim árum oft tal við bændurna í Hrauntúni og Skógarkoti um það, að þegar girðingin færi að herra árangur og skógurinn færi að stækka, ættu þeir að geta haft atvinnu af því að grísa skógin og hirða um hann.

Það er alger misskilningur, sem líklega kemur af ókunnugleika hjá hv. þm., að bóndinn í Skógarkoti hafi rutt skóg þar til að græða út túnið. Bóndinn hefir þar ræktað uppgróið hraun, og verður ekki annað en allt gott sagt um þær framkvæmdir hans.

Ég hefði gaman af því, að hv. 1. þm. Skagf. sannaði það, að Jóhann í Skógarkoti hefði eytt með eldi og járn skógi af því landi, sem hann hefir ræktað þar. Hv. þm. getur ekki sannað það, því Jóhann hefir aðeins ræktað það land, sem ánægjulegt var að vita til, að var ræktað, sem voru mór og skóglausar flešjur þar í kringum túnið. Aðstaða mín er enn fremur ljós af bókum Þingvallanefndar, þar sem ég gerði gangskör að því, að fjölgun nautgripa á þessum jörðum yrði ekki nema hófleg. Það eru skjállegar sannanir fyrir því, að fyrrv. meiri hl. Þingvallanefndar setti skordur gegn því, að of langt yrði gengið í þeim efnunum.

Um gistiþússpursmálið er það að segja, að þegar búið er að kosta til þess að flytja Valhöll og setja hana niður á þennan stað, þá er það auðséd, að fyrir Jón Guðmundsson er það ekki lítið atriði að fá þarna keppinaut um gisti-húshaldið. Það er allt annað, þó Jóhann í Skógarkoti hafi tekið til sín sína gesti upp að Skógarkoti, eins og hann hefir gert, þó hann hafi tekið þangað vini sína, eins og t. d. 1. þm. Reykv., sem stundað hefir þar sína málalalist. Það er allt annað en sú samkeppni við Valhöll, sem Jón óttast, ef byggt væri niður við þjóðveginn. Það getur hv. þm. séð, og á því gerir

Friðunarsvæði Þingvalla.

Jón í Valhöll geysimikinn mun. Það er enginn vandi, þegar búíð er að byggja þarna stórt og vandað hús, að taka þar á móti 200 til 300 daggestum á sumrin. Það er hægt hvenær sem er að setja þar upp sumargististað, þegar komið er þarna stórt bú og mannmargt heimili. Mundi það þá aðallega verða fyrir daggesti, sem kæmu frá Reykjavík, einkum á laugardögum og sunnudögum, enda er það sú greiðasala, sem langmest-an arð gefur. Það er hægt með einu pennastriki að stofna til slíks gistihúshalds síðar meir, þó engum detti í hug nú að gera það. Það hefði heldur engum dottið það í hug 1928, að eftir nokkur ár yrði gefið leyfi til þess að höggva Þingvallaskóg til þess að stofna til ræktunar. Það, sem ég talaði um greiðasölu við Jóhann í Skógarkoti og Halldór í Hrauntúni 1928, var, að þeir gætu haft einskona sveitagistihús, eins og Einar á Kárastöðum hefir rekið. En þessi staður er beztur til að eyðileggja þetta þrennt, gistihúsið Valhöll, skóginn og silunginn í vatninu. Það er eins og þarna hafi verið fundinn einhver punktur, þar sem hægt er að ná til að eyðileggja þetta þrennt, sem meiningin hefir verið að hlífa.

Hv. þm. sagði, að það yrði að koma dómsúrskurður um það, hvort meiri hl. n. hefði gert rétt eða ekki með því að veita þetta leyfi. Það veltur allt á því, hvort hv. þm. hefir gert þarna það, sem hann mátti ekki, og lögin sýna, að það hefir hann gert. Þau ganga öll út á það að friða þennan stað, en ekki að eyðileggja hann eða ófriða hann. Því er það, að ef þingið samþ. þessa þáttill. er það bending til n. og Jóhanns í Skógarkoti, að þeir hafi farið út fyrir takmörkin, að leyft hafi verið það, sem ekki var hægt að leyfa nema með lagabreytingu. Hitt er rétt að athuga, hvort ekki er hægt að hjálpa því við, að þessi maður verði fyrir tjóni á því, sem hann er búinn að gera og stafað hefir af misskilningi hans og fyrir handvömm meiri hl. n. Ég jata, að rétt væri, að meiri hl. n. bæri persónulega ábyrgð á sínu afbroti með því að borga Jóhanni skaðann, en ég vil ekki halda því til streitu. Af því mér líkar að mörgu öðru leyti vel við þessa meðnefundarmenn mína, þá vil ég ekki hrella þá með þeirri kröfu, sem í sjálfu sér væri makleg vegna framkomu þeirra og vel réttlætaleg.

Ég ætla ekki að svara hv. 5. landsk., af því að til mín var ekki beint nema litlu að ræðu hv. þm. Ég vil þó benda hv. þm. á það, að það er ákaflega vel séð fyrir andlegri þörf þessa fólks, sem þarna býr. Þarna þjóna tveir merkisprestar, séra Hálfdan Helgason og séra Guðmundur Einarsson á Mosfelli eystra. Og það stendur svo á með þessa heiðruðu presta, að ég held, að hv. þm. þurfi ekki að vera hræddur við þeirra pólitísku áhrif á söfnuðinn, því þeir tilheyra vist báðir flokki hv. þm. Og ég held, að engin ástæða sé fyrir hv. þm. að bera brígður á trúrækni þeirra. Mér finnst það ekki rétt af hv. þm., og tæplega gert í trúarlegum anda, að vilja gera tilraun til að flæma biskupssoninn frá þessu starfi. Ég hygg, að það fari þess vegna því betur á því, sem hv. þm. hættir fyrir þeim leik.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég skal svara fyrirspurn frá hv. 5. landsk., þó hún sé ekki á dagskrá, um það, hvernig á því stendur, að stj. hefir ekki veitt Þingvallaprestakall. Það er rétt, að fram kom á þinginu 1933 þáttill. um að veita þetta embætti, og þeirri till. var vísað frá með rökstuddri dagskrá þess efnis, að þess væri vænzt, að samkomulag næðist milli Þingvallanefndar og ríkisstj. í þessu efni, enda væri friðun Þingvalla í engu spilt. Nú mun hafa náðst samkomulag milli fyrrv. stj. og Þingvallanefndar í þessu efni, áður en stjórnarskiptin urðu á síðastl. sumri, og var embættið auglýst til umsóknar, en mér fannst ekki geta komið til mála að veita það, sérstaklega með tilliti til þál. frá 1932 um að fela ríkisstj. að fækka prestsembættum með því að færa saman og leggja niður þau embætti, sem fært væri, jafnhliða því sem þau sæti losnuðu. Þess vegna sá ég ekki ástæðu til að fara að fjölga þessum embættum þvert á móti fyrir mælum Alþingis. Ég skal svo bæta því við, sem raunar er búið að taka fram, að það er mjög auðvelt fyrir prestinn á Mosfelli að þjóna á Þingvöllum, vegurinn þangað úr Mosfellsdalnum sérstaklega góður og því ástæðulaust að fjölga prestum þarna þvert ofan í þál. frá 1932.

**Guðrún Lárusdóttir:** Þetta er hreinn misskilningur hjá hæstv. forsrh. Prestakallið á Þingvöllum hefir alls ekki verið numið úr l. (Forsrh.: Prestakallið hefir verið fellt niður). Hér er um að ræða embætti, sem staðið hefir frá ómunatið, og því er hér um prestafækkun, en ekki fjölgun að ræða. Þetta skilja sjálfsagt allir aðrir en ef til vill hæstv. ráðh. Ég þakka honum nú samt fyrir það, að hann svaraði fyrirspurn minni, þó hún væri ekki á dagskrá. Mér þykir það nokkru skipta, að það sjást í þingiðindunum, af hvaða ástæðum hæstv. stj. hefir eyðilagt verk biskups í þessu efni, og ég mótmæli því, að það sé gert. Ég get ekki séð, að sú ráðstöfun sé gerð í samræmi við þál. frá 1932, því hér er ekki um prestafjölgun að ræða, eins og hæstv. ráðh. heldur fram að sé.

Hv. þm. S.-Þ. virðist bera mikla umhyggju fyrir Þingvöllum, en það er stórt bil á milli okkar í því máli. Hann vill ekkert gera til þess að friða hinar andlegu minningar, sem þjóðin á þar, minningu kristnitökunnar, þó hann þykist vilja friða landið. Mér sýnist, að minning hins aláhrifamesta viðburðar í lífi íslenzku þjóðarinnar, kristnitökunnar, sé ekki heiðruð eins og vera ber fyrr en þar er aftur settur prestur, fyrirmyndarprestur, og búíð er að reisa þar veglega og fallega kirkju, og það þarf að gera jafnskjótt og auðið verður. Af því hefði hv. þm. haft meiri söna en mörgu öðru, sem hann hefir látið gera á Þingvöllum.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég þarf ekki að svara mörgum orðum ræðu hv. 5. landsk., en ég kann ekki við að þegja alveg við útúrsmúningi hans. Það skilur hver maður, að með því að veita sérstökum presti Þingvelli var vitanlega fjölgað um þann prest, þá var einum presti fleira í embætti. Hitt er öllum vitanlegt, að ekki er búíð að leggja niður Þingvallaprestakall.

**Guðrún Lárusdóttir:** Út af síðustu ræðu hæstv. ráðh. má segja, að það þýði lítið að vera að deila um keisarans skegg. Það vita allir, að þarna er gamalt prestsembætti, sem staðið hefir frá því að kristni var lögtekin, þó það hafi verið felld niður í eitt eða tvö ár. Þess vegna held ég því fram, að það sé óforsvaranlegt að leggja niður þetta embætti á þessum stað. Ég er hæstv. ráðh. ekkert þakklát fyrir þá áminningu, sem hann var að gefa mér um útúrsmúning í málinu; ég kannast sem sé alls ekki við að hafa snúið út úr orðum hans.

Umr. frestað.

Till. var ekki á dagskrá tekin fram.

## 6. Náttúrufræðisafn Guðm. G. Bárðarsonar.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sp.:

**Till. til þál. um greiðslu fyrir náttúrufræðisafn Guðm. G. Bárðarsonar (A. 171).**

Á 10. fundi í Sp., 31. okt., var till. tekin til meðferðar, hvornig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin fram.

## 7. Rannsókn innlendra fóðurefna.

Á deildafundum 26. okt. var útbýtt frá Sp.:

**Till. til þál. um rannsókn innlendra fóðurefna (A. 216).**

Á 10. fundi í Sp., 31. okt., var till. tekin til meðferðar, hvornig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sp., 19. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið fram.

## 8. Landhelgisgæzla, björgunarmál og skipaskoðun.

Á deildafundum 1. nóv. var útbýtt frá Sp.:

**Till. til þál. um landhelgisgæzlu, björgunarmál og skipaskoðun (A. 273).**

Á 27. og 28. fundi í Sp., 21. og 22. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið fram.

## 9. Rekstrarlán til smáutgerðarmanna.

Á deildafundum 6. nóv. var útbýtt frá Sp.:

**Till. til þál. um rekstrarlán til smáutgerðarmanna (A. 320).**

Á 11. fundi í Sp., 21. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvornig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sp., 19. des., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Garðar Þorsteinsson):** Með l. nr. 34 1927 var gerð sú breyt. á veðlögnum frá 1887, að útgerðarmanni væri heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði afla af skipi sínu á einu útgerðartímabili í senn, til tryggingar lánum, er hann tekur til útgerðarinnar á því hjá stofnunum þessum. Þessi breyt. var gerð vegna þess, að fram til þess tíma var ekki hægt að stofna veð í hlutum, sem ekki voru nægilega skilgreindir og í raun og veru ekki til. Þessi breyt., sem gerð var á l., hafði það í för með sér, að útgerðarmenn gátu veðsett bönkum og sparisjóðum óveiddan afla og fengið láu með því móti. Nú hefir reynslan því miður orðið sú, vegna þess hve erfitt útgerðarmenn hafa átt, að þeir hafa fengið lán í byrjun vertiðar, en notað þau til að borga með eldri skuldir, svo að þeim hefir ekki tekizt að standa í skilum við lánstofnanirnar og bankarnir þess vegna orðið tegir til að veita þessi lán.

Með þessari þáttill. er atlazt til, að þess sé gætt, að fé því, er fengið er út á óveiddan afla, sé varið til kaupa þeirra nauðsynja, er sú útgerð, er í hönd fer, þarf, en ekki til þess að borga eldri skuldir. Þau lán, sem veitt hafa verið út á óveiddan afla, hafa verið veitt gegnum Landsbankann og Útvegsbankann, en erfitt hefir verið að fá slík lán á Norður- og Austurlandi. Útgerðarmenn við Eyjafjörð hafa beðið mig að flytja þetta mál, að bankarnir sæju þeim fyrir rekstrarlánunum út á óveiddan afla, sem svari 30 kr. á skippund, en það er jafnframt tekið fram, að lánin séu aðeins notuð til kaupa á vörum fyrir þá vertið, er í hönd fer. Það er tekið fram í grg., að þetta er hægara, ef ábyrgðaryfirlýsing er fyrir hendi, en ekki reiðufé, því að þá geta lánstofnanirnar verið öruggar um, að fénu verði aðeins varið til rekstrar á yfirstandandi vertið. Í þáttill. er farið fram á, að veittar verði 1000 kr. til báta innan við 8 tonn, en 3000 kr. til báta, sem eru 8 tonn eða meira. Hinsvegar er náttúrliga ennþá heimild fyrir útgerðarmenn í l. frá 1927 að fá hærri lán, ef þeir geta sýnt lánstofnununum fram á, að þeim sé það nauðsynlegt.

Ég vænti þess, að þessi till. verði samb. og að ríkisstj. hlutist til um, að bankarnir veiti þessi lán og sjái þeim fyrir fé til þess, sé það eigi fyrir hendi. Lánin eru aðeins til kaupa á veiðarfærum fyrir yfirstandandi útgerð, en með því er því fullnægt, er l. upprunalega ætluðust til.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil gera það að till. minni, að umr. um málið verði frestað og því vísað til sjútvn.

**Flm. (Garðar Þorsteinsson):** Ég hefði ekki á móti því, að umr. um málið verði frestað og því vísað til sjútvn. Hinsvegar veit ég ekki, hver á að hafa frumkvæðið að því að boða til fundar í nefndinni.

Ég vil skjóta því til þeirra, sem í n. eru, að þeir taki málið fljótt til athugunar, svo að það fái skjóta afgreiðslu.

**Varaforseti (BÁ):** Það er ekki hægt að vísa þessu máli formlega til n., þar sem engin sjútvn. er í sameinuðu þingi, en ég mun þó fresta umr. Vænti ég þess, að sjútvn. beggja deilda taki málið til athugunar, samkvæmt þeim óskum, er fram hafa komið, og á formaður stærri n. að boða til fundar í n. um málið.

Umr. frestað.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

## 10. Tjón af völdum ofviðris.

Á deildafundum 6. nóv. var útbýtt frá Sp.:

**Till. til þál. um rannsókn á tjóni einstakra manna af völdum ofviðris 26. og 27. okt. síðastl. (A. 321).**

Á 25. fundi í Sp., 19. des., var till. tekin til fyrri umr.

**Flm. (Garðar Þorsteinsson):** Í byrjun nóv. flutti ég þáttill. um, að Alþingi fæli stj. að láta rannsaka tjón það, er einstakir menn urðu fyrir í ofviðrinu 26. og 27. okt. síðastl., og að ríkisstj. væri heimilt að bæta þeim, sem urðu fyrir tilfinnanlegustu tjóni, skaðann að einhverju leyti.

Mér er kunnugt, að um svipað leyti lét stj. byrja á að rannsaka, hve mikið tjón menn hefðu beðið í ofviðrinu, og skýrslur munu nú komnar um það, enda þótt ég hafi því miður ekki haft tækifæri til þess að kynna mér þær. Hitt, sem er aðalatriðið, er þó eftir, en það er það, að stj. sé heimilað að bæta þeim, er mest biðu tjónið, skaðann. Ég hefði haft ýmsar fregnir af þessu tjóni, og það hefir verið skýrt frá því bæði í blöðunum og útvarpinu.

Ég vil þó til þess að skýra málið betur og til þess að sýna, að þessi till. er ekki borin fram út í bláinn, lesa upp kafla úr bréfi, sem lýsir því, hve mikið tjón hjónin á Hauganesi við Eyjafjörð biðu. Kaflinn hljóðar svo, með leyfi hv. forseta:

„Um kvöldið í byrjun veðursins fór kvikan að renna upp á bakka og koma inn í bæjardyr. Börnin voru háttuð, en við hin á flakki, og vorum við að ausa út sjónum, er inn kom, og koma því undan, sem í mestri hættu var statt. Þegar leið á nóttina, fóru kvikurnar að verða stærri, þá fór fjárhúsið að brotna, og tók kvikan með sér sjó ær, sem var helmingurinn af fénu. En um morguninn fundust þær í kofa uppi á túni, og skilur enginn, hvernig þær hafa komizt þangað, en ein var svo meidd, að það varð að lóga henni.

Þegar klukkan var þrjú um nóttina, var sjórinn búinn að brjóta bæjardyrnar og kvikan kominn inn að baðstofudyrum, svo að varla var vætt

á stígvélum fyrir framan dyrnar. Þá vakti ég börnin og flýði bæinn, en maðurinn minn og nokkrir piltar voru að bjarga dóti fyrir okkur og aðra það sem eftir var nætur og daginn eftir, því að veðrið var alltaf jafnvont. Briminu linnu ekki fyrr en það var búið að eyðileggja fjárhúsið, fjósið og allan bæinn.“

Þetta er aðeins eitt dæmi um það, hvernig megnið af því, sem hjónin á Hauganesi áttu, eyðilagðist í ofviðrinu. Um þetta hefir ekki verið getið í blöðunum eða útvarpinu, því að bærin er afskekktur og þar er hvorki sími né útvarp.

Ég hefði sannar fregnir af því, að fólk hefir misst aleigu sína og hefir enga möguleika án hjálpar til að reisa við atvinnu sína á ný. Fólkíð missti hús sín, báta og fiskiskúra. Þetta var þar sett, er það hafði ekki áður raskast, en sjór gekk mun lengra en nokkur dæmi voru til áður.

Á Grenivík var grasgróid þar, sem bátar og hús stóðu, en þó var þar allt mölvað og brotið. Smátgerðarmenn, sem misst hafa báta sína, eru jafnilla settir og bóndinn, sem misst hefir allan sinn fjárstofn. Ég er viss um, að stj. sér, að það er skylda hennar að bæta þessum mönnum tjónið, sem þeir hafa orðið fyrir, og mér finnst, að hún megi vera þakklát fyrir að fá heimild frá þinginu til þess. Það má vera, að veita megi þessa hjálp úr bjargráðasjóði, en þrátt fyrir það er enginn skaði skeður, þótt till. sé samþ.

Ég leyfi mér svo að æskja þess, að till. verði vísað til síðari umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil geta þess í sambandi við þessa till., að athugun hefir farið fram á tjóni því, er varð af völdum ofviðrisins, og mun stj. beita sér fyrir því að bæta tjónið að einhverju leyti á grundvelli þeirra skýrslna. Annars þætti mér viðkunnanlegt, að till. yrði vísað til fjvn.

**Flm. (Garðar Þorsteinsson):** Ég vil þakka hæstv. ráðh., hve vel hann hefir tekið undir þetta mál, enda þótt það sé kannske ekki þakkarvert.

Ef till. verður vísað til n., óttast ég, að það tefji málið, og fæ ekki heldur séð, að n. geti upplýst neitt nýtt í málinu, en hinsvegar mun hún varla geta verið móti því. Þetta verður ekki annað en heimild, og stj. getur framkvæmt þetta eins og hún álitur réttast. Ég vil skjóta því til hæstv. ráðh., að till. fari til síðari umr. án þess að fara til fjvn.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég get ekki fallizt á, að ekki sé rétt að vísa þessu máli til fjvn. N. getur bezt gert sér grein fyrir því, hvort veita á þessa heimild nú eða biða til næsta þings, og hún hefir betri aðstöðu til að kynna sér málið en einstakir þm.

**Flm. (Garðar Þorsteinsson):** Út af síðustu ummælum hæstv. ráðh. vil ég segja það, að ef veita á þessa hjálp, þá er of seint að gera það þegar næsta þing kemur saman, því að vertið verður þá byrjuð og þannig gengið á rétt þeirra, er hjálpar þurfa. Þeir þurfa að hafa tíma til að koma sér á laggirnar, og það er ekki nóg að fá veiðarfærin, þeir þurfa að setja upp linur sínar o. s. frv.



Tjón af völdum ofviðris. — Strandferðir. — Senditæki. — Talstöðvar. — Ríkisrekstur atvinnuvega og ríkiseign jarða.

Ég geri það ekki að neinu kappsmáli, að n. fái ekki þetta mál til athugunar, en mér skilst, að það kunni að tefja málið. Ég skil ekki í því, að stj. sé á móti því að fá þessa heimild og þurfa kannske síðar að leita heimildar með fjáruakalögum. Ef rannsókn leiðir það í ljós, að ekki sé þörf hjálpar, er engin hættu á ferðum, því að heimildin er aðeins öryggisráðstöfun fyrir ríkisstj. Að lokum vildi ég beina því til hæstv. forseta, hvort það, að ég samþ. að málinu sé vísað til n., geti orðið til þess, að því sé strax vísað til n. Ég vil það heldur en að tefja málið, og mér skilst, að fordæmi hafi skipað hvað þetta snertir í málinu, sem var hér fyrir á undan (till. um rekstrarlán til smáútgerðarmanna).

**Varaforseti (BÁ):** Ég vil geta þess, að hinu málinu var ekki vísað formlega til n., því að það er ekki hægt. Þess var hinsvegar óskað, að n. tæki málið fyrir.

**Magnús Guðmundsson:** Ég býst ekki við, að fjvn. haldi fleiri fundi á þessu þingi, þar sem þingi mun sennilega verða slitið eftir 1—2 daga. og get því ekki skilið, hvað stj. gengur til með því að leggja til, að málinu verði vísað til þeirrar nefndar, nema ef tilgangurinn er að tryggja sér, að málið dagi uppi.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 17:14 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin fram.

## 11. Strandferðir.

Á deildafundum 6. nóv. var útbýtt frá Sp.:  
Till. til þál. um strandferðir (A. 328).

Á 11. fundi í Sp., 21. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.  
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin fram.

## 12. Senditæki Ríkisútvarpsins.

Á deildafundum 14. nóv. var útbýtt frá Sp.:  
Till. til þál. um aukningu og endurbætur senditækja Ríkisútvarpsins (A. 437).

Á 11. fundi í Sp., 21. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.  
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 25. fundi í Sp., 19. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið fram.

## 13. Talstöðvar í fiskiskipum.

Á 11. fundi í Sp., 21. nóv., var útbýtt:  
Till. til þál. um leigu á talstöðvum í fiskiskip (A. 525).

Á 12. fundi í Sp., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.  
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin fram.

## 14. Ríkisrekstur atvinnuvega og ríkiseign jarða.

Á 20. fundi í Sp., 10. des., var útbýtt:  
Till. til þál. um þjóðaratkvæði um ríkisrekstur atvinnuvega og ríkiseign jarða (A. 730).

Á 22. fundi í Sp., 11. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.  
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 27. og 28. fundi í Sp., 21. og 22. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið fram, en á síðara fundinum mælti utan dagskrár

**Sigurður Kristjánsson:** Ég vil aðeins nota tækifærið áður en þessari samkomu er slitið, til þess að lýsa vonbrigðum mínum yfir því, að hæstv. forseti skyldi ekkert mæna með því að taka þetta mál á dagskrá í dag, af því að ég álit, að það sé eitt af þeim stærri málum, sem legið hafa fyrir þessu þingi. Ég get ekki skoðað það öðruvísi en svo, að stjórnarflokkarnir hafi ekki þorað að taka það til umr., hvað þá til atkvgr.

**Forseti (JBald):** Ég vil aðeins benda á, að ég hefji tekið á dagskrá af þeim mörgu þáttill. þær, sem mér sýndist, að minnstum töfum mundu valda, af því að þær komu fyrir seint á þinginu. Meðal þeirra till., sem ég hefji ekki tekið á dagskrá nema einu sinni, var till., sem var flutt á öndverðu þingi af flokksmönnum mínum. Hún kom hér einu sinni á dagskrá áður, og þá var ákveðin umr. um hana. Nú er það mál á dagskrá aftur og hefir einnig verið tekið út. Flokksmenn mínir, sem bera það fram, leggja áherzlu á málið. Hér hefir því ekki verið um hlutdrægni að ræða, heldur hitt, að þetta hefir gengið út yfir þær till., sem mátti búast við, að yrði ágreiningur um. Það hefir verið keppt að því, að þingi yrði lokið fyrir hátíðir, sem nú mun verða, en það hefði ekki getað tekið, ef þessar deilutil. hefðu átt að koma til umr. og úrslita.

# Fyrirspurn.

## Fjárkláði.

Á 10. fundi í Nd., 15. okt., var útbýtt:  
Fyrirspurn til ríkisstj. um rannsókn á útbreiðslu fjárkláðans og um undirbúning útrýmingar hans (A. 81).

Á 11. fundi í Nd., 16. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.  
Fyrirspurnin leyfð með 20 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 17. nóv., var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að ráðh. hafði tjáð sig reiðubúinn til þess að svara henni.

Forsætí tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 19. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar.

**Fyrirspyrjandi (Jón Pálmason):** Ég get látið nægja fá orð með þessari fyrirspurn. Það liggur ljóst fyrir, að hún er sprottin af því, að á síðasta þingi var samþ. þál. um að fela ríkisstj. að rannsaka þetta mál, og voru í þál. tiltekin þessi þrjú atriði: Í fyrsta lagi það, hve veikin væri útbreidd, í öðru lagi, hvaða baðlyf mundi vera heppilegast að nota til útrýmingar fjárkláðans, og í þriðja lagi, á hvern hátt tryggast sé að sóthreinsa fjárhúsin. Um tvö hin síðarnefndu atriði skyldi stj. leita til kunnáttumanna um álit þeirra. Var gert ráð fyrir, að rannsóknir þessar færu fram fyrir þetta þing og að ríkisstj. legði fyrir þingið niðurstöður þeirra rannsókna. Fyrirv. atvrmh. tók vel í þetta mál og lofaði að láta þá rannsókn fara fram, sem þál. mælti fyrir.

Það er vítanlegt öllum, sem til þekkja, að mikil nauðsyn er á því, að rétt sé tekið á þessu máli. Ég skal taka það fram að því er snertir rannsókn á útbreiðslu fjárkláðans, að hún er ekkert aukatriði. Það er kunnugt, að útbreiðsla hans er svo mikil, að þörfin er ótvíræð. Það, sem ég tel mestu varða, er að vita, hvort mörg héruð landsins eru laus við kláðann. Hitt skiptir ekki miklu máli, hvort fleiri eða færri kindur eru sjúkar á hverjum stað, því þörfin fyrir að lækna kláðann er hin sama, hvort eð er. Síðari atriði þál., um rannsókn á baðlyfjum og heppilegustu aðferðir til sóthreinsunar á fjárhúsunum, eru þýðingarmestu atriðin að dómi kunnugra. — Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni, en vil vænta þess að fá sem gleggstar upplýsingar um það, sem gerzt hefir í þessu máli frá því á síðasta þingi.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Það var borin fram á síðasta þingi þáltill. og samþ. 30. nóv. 1933 um útrýmingu fjárkláðans. Till. felur í sér fjögur atriði, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana. Þál. er á þessa leið:

„Nedri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta fram fara á yfirstandandi vetri raki-lega rannsókn á útbreiðslu fjárkláðans.
2. Að hlutast til um, að rannsóknarstofan í þágu atvinnuveganna rannsaki nákvæmlega:
  - a. hvert baðefni sé hentugast og jafnframt öruggast til útrýmingar fjárkláðans,
  - b. hver þörf sé á sóthreinsun fjárhúsanna, og hvernig öruggast sé að framkvæma hana.
3. Að leggja fyrir næsta þing niðurstöður þeirra rannsókna og tillögur um útrýmingu fjárkláðans.“

Ég skal nú leitast við að svara þeirri fyrirspurn, sem hér er borin fram, fáum orðum. Það, sem gert hefir verið, er þá fyrst og fremst það, að samkv. till. fyrirv. atvrmh. var öllum lögreglustjórum á landinu skrifað og þeim falið að leggja fyrir forðagæzlumenn að gera almenna kláðaskoðun jafnhliða síðari fódurbirgðaskoðun samkv. l. nr. 44 frá 1933, og senda síðan árangur af þeirri rannsókn til stj., en það hefir gengið í miklu stappi að fá þær skýrslur, og hafa þær ekki borizt fullkomnar úr öllum sýslum, þrátt fyrir itrekaðar áskoranir. Hafa þó nokkrar skýrslur komið frá flestum sýslumönnum, en misjafnlega nákvæmar úr hinum ýmsu héruðum. Af þessum skýrslum má sjá, að kláðinn er ákaflega útbreiddur, og skal ég vika að því nokkuð, hvernig niðurstöðurnar líta út. Það má heita, að kláðinn sé útbreiddur um allt landið og engin héruð laus við hann nema Skaftafellssýslur og Vestmannaeyjar. Í Múlasýslum er mjög lítið um hann og sömuleiðis í Þingeyjarsýslum, einkum Norður-Þingeyjarsýslu. Í Árnessýslu er og mjög lítið um veikina, í Hafnarfirði er sagt, að hún sé á einum stað, í Gullbringu- og Kjósarsýslu á einum bæ, í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu á 26 bæjum, í Snæfellsnessýslu á 18 bæjum, í Dalasýslu á 30 bæjum og í Barðastrandarsýslu á 11 bæjum a. m. k., en nákvæmar skýrslur vantar þaðan. Í Ísafjarðarsýslum er kláðinn a. m. k. á 24 bæjum, og er sérstaklega getið, að í einum hreppi, Hólshreppi, sé hann mjög mikill á sumum bæjum. Í Strandasýslu er kláði talinn á 42 bæjum, en sagt, að hann muni vera víðar í sýslunni. Í Húnavatnssýslum báðum er hann tilgreindur á

61 bæ, en þar vantar skýrslur úr mörgum hreppum, t. d. Svínavatnsbreppi og Ásahreppi, en þar mun hann vera talsvert útbreiddur. Eftir því, sem næst verður komizt, mun kláðinn vera á um 200 bæjum í Húnavatnssýslum. Í Skagafirði er kláðinn talinn vera a. m. k. á 57 bæjum, og á Siglufirði er hann talinn vera á einum stað. Í Eyjafjarðarsýslu er hann á 39 bæjum og auk þess í Glerárþorpi, en ekki er tilgreint, á hve mörgum stöðum þar. Á Akureyri er kláði í 7 kindum. Í Suður-Þingeyjarsýslu er kláði fundinn á 3 bæjum, en sýslumaður telur líklegt, að hann sé víðar í Suður-Þingeyjarsýslu. Aftur á móti telur hann, að norðursýslan sé laus við veikina. Í Múlasýslum, á Seyðisfirði og í Skaftafellssýslum og Vestmannaeyjum er ekki talinn neinn kláði. Þó er talið, að vafi geti leikið á um Múlasýslur. Í Rangárvallasýslu er kláði á 89 bæjum og í Árnessýslu á 4. Í Reykjavík er hann talinn í 7 kindum. Eftir því, sem ráða má af þessum misjafnlega nákvæmu skýrslum, er lögreglustjórnirnar hafa verið krafðir um, er ekki fjarrí áætlun, að kláðinn muni vera nú til á 500 til 600 bæjum víðsvegar á öllu landinu, nema á þeim svæðum, sem ég hefi sérstaklega undanskilið. Ég get búizt við, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að kláðinn hafi farið vaxandi hin síðari ár, þrátt fyrir þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til þess að halda honum í skefjum. Það er lagt til mikið af baðlyfi á hverju ári, fyrir þetta frá 4000 til 5000 kr., þangað til nú á síðasta ári, að eytt var baðlyfi fyrir 9000 kr. Það sýnir, að á þennan hátt verður kláðanum aldrei útrýmt eða hamlað á móti útbreiðslu hans.

Þá er það annar liður fyrirspurnarinnar, hvaða baðlyf hentast muni vera að nota. Það var farið að í því efni eins og ráðið var í þál., að ráðuneytið skrifaði forstöðumanni rannsóknarstofunnar, prófessor Niels Dungal, hinn 22. jan. s.l., og var honum með því bréfi falið að rannsaka þau atriði, sem talin eru í a- og b-lið þál. Hann fór til útlanda m. a. til þess að kynna sér þetta mál, og hefir hann gefið allýtarlega skýrslu. Í þeirri skýrslu segir, að erlendis séu aðallega notaðar 3 aðferðir til þess að lækna kláða. Fyrst telur hann smyrslu, sem séu mikið notuð, en hann kemst að þeirri niðurstöðu, að þau séu á allan hátt ónothæf hér. Önnur aðferð, sem mikið er notuð í Þýskalandi, er gashöð. Þeim er þannig fyrir komið, að kindin er látin í kassa og stendur aðeins hausinn út úr, síðan er gasi hleypt í kassann, og er það þetta gasbað. Með þessu er að sögn alveg hægt að útrýma kláða, en prófessorinn segir þessa kassa svo erfiða í flutningi, að ekki sé hægt að nota þá hér. Þá er þriðja aðferðin böðun, og hallast prófessorinn að því, að hún sé notuð, og kemur þá til að ákveða, hvaða baðlyf sé hentugast að nota. Hann hefir sérstaklega farið eftir rannsóknunum, sem gerðar hafa verið við útrýmingu fjárkláða í Suður-Afríku, og kemst hann að þeirri niðurstöðu, að hentugasta baðlyfið sé natron brennisteinsblanda. Hann bendir að visu á, að Coopersduft sé einnig mjög gott baðlyf og að það hafi reynzt jafnvel 2. eða 3. í röðinni, en hann telur natron brennisteinsblöndu ódýrari og hafi þar að auki þann kost, að hún sé ekki

eitruð, og því ekki eins hættuleg í notkun eins og Coopersduftið. Þá hefir einnig verið leitað til Hannesar Jónssonar dýralæknis um álit á þessu, og hefir hann lagt til, að notað yrði Coopersduft með kreolinsápu. — Þetta eru þá í stuttu máli þær upplýsingar, sem eru í þeim skjölum, sem borizt hafa til ráðuneytisins.

Þá er um það að ræða, hvernig eigi að sótt-hreinsa fjárhúsin, og í því máli hefir einnig verið leitað til þeirra beggja, Hannesar Jónssonar dýralæknis og prófessors Niels Dungal, sem m. a. kynnti sér þetta er hann var erlendis, og niðurstöður þessara manna beggja eru þær, að ekki geti verið um að ræða að framkvæma neina sótt-hreinsun á fjárhúsunum. Álita þeir báðir þá sótt-hreinsun mjög dýra, og það, sem verra er, að hún komi ekki að gagni. Það, sem prófessorinn byggir á í þessu efni, er erlend reynsla. Hann telur, að þar liggji fyrir örugg sönnun fyrir því, að veikin rjúki burt úr fjárhúsunum, ef þau standa auð í 10 daga, þannig að engin skepna komi í þau. Hann telur, að þetta muni vera öruggt. Þó bendir hann á, að þessi rannsókn hafi verið framkvæmd við nokkuð önnur skilyrði heldur en þau, sem eru hér á landi, og jafnframt getur prófessorinn þess, að rannsókn þessi hafi nokkuð verið kritiseruð, af því að hún hafi ekki farið fram undir nægilega eðlilegum kringumstæðum. Þó kemst hann að þeirri niðurstöðu, að ef húsin standi auð í 17 daga, ætti það alveg að vera öruggt. — Hannes Jónsson hefir jafnframt verið spurður um þetta atriði. Álitur hann ódýrustu sótt-hreinsunina vera þá, að sleppa fé nægilega blautu úr baðinu í húsin. Hann hefir sagt frá því, að er hann var dýralæknir á Vesturlandi, hafi hann gert tilraun með það, hve lengi kláðamaurinn gæti lifað án þess að vera á sauðkind. Segist hann hafa látið maur í ull inn í holi í fjárhúsvegg og þar hafi hann verið lifandi eftir 3 mánuði. Þannig stríðir þessi reynsla hver á móti annari, og er því ekki hægt að segja, að nein niðurstæða liggji fyrir um þetta atriði, sem sé örugg.

Þá er það ákveðið í þál., að niðurstöður af þeim rannsóknum, sem þál. fjallar um, skuli leggja fyrir næsta þing ásamt till. um útrýmingu kláðans. Í raun og veru hefði sú stj., er nú situr, átt að gera þetta, en ég álit sannast að segja, að þær upplýsingar, sem fyrir liggja, séu ekki nægilega fullkomnar til þess, að þegar í stað verði eftir þeim hægt að ákveða, á hvern hátt útrýmingin skuli fara fram. Að mínu áliti sanna þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar, það eitt, að ekki þýðir að halda áfram að vinna móti kláðanum með þeirri aðferð, sem notuð hefir verið á undanförunum árum, þar sem það er bersýnilegt, að með því er ekki einu sinni hamlað á móti aukinni útbreiðslu hans. Það er ljóst, að engar kákbaðanir duga. Þess vegna er augljóst, að það verður að gera allsherjarböðun, og ríður þá fyrst og fremst á því að undirhúða þá böðun verulega vel. Það verður að setja einn mann yfir verkið og allan undirbúning baðanna, t. d. að láta steypa sundker, því það kemur að sáralitlu gagni að baða upp úr öðrum baðkerum, eins og t. d. oliufötum, sem sumstaðar hefir verið gert. En þar, sem sundkerin vantar, virðist ómögulegt að hugsa til að framkvæma

Þessa böðun í vetur. Auk þess hefir stj. talið óforsvaranlegt að ráðast í slíkt nema þegar fódurfordi væri nægilegur fyrir hendi, og þess vegna væri ógerningur að ráðast í böðun nú, vegna fódurskorts á Norður- og Austurlandi. Því það gæti orðið til þess, að slíkt yrði að minna gagni en ógagni. Hinsvegar álit ég, að fært væri að verða við kröfum Rangæinga um að láta fara fram kláðaböðun, í fyrsta lagi af því, að sú böðun er mjög vel undirbúin nú, og í öðru lagi af því, að tæplega getur talizt forsvaranlegt annað en að útrýmt verði kláða úr þeirri sýslu þegar á þessum vetri, þar sem á næsta sumri verður brúað það vatnsfall, er aðskilur Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslurnar, en þær eru friar eins og áður er sagt, og líka fyrir það, að Árnessýsla, sem er hinumegin, má teljast næstum því fri við veikina, þar sem hún er aðeins á 4 hæjum þar. Það væri líka mjög vel til fallið að fá þarna einskonar undirbúningsreynslu fyrir seinni tímenn. Ég hefði því álitid, að heppilegt væri að gera þetta.

Það var einmitt meining mín að leggja fyrir landbúnaðarnefndir Alþingis þær upplýsingar, sem stj. hefir aflað sér í þessu máli, einmitt sömu dagana og þessi fyrirspurn kom fram. Var það hugmynd mín, að þær skyldu síðan í samráði við stj. ákveða, hvaða tókum skyldi taka á þessu máli, og vil ég enu síður halda við þann ásetning, þó fyrirspurn þessi kæmi fram. — Að lokum skal ég geta þess, að ég er reiðubúinn til þess að gefa fleiri upplýsingar í málinu, ef þess verður óskað og eftir því sem mér er fært.

**Fyrirspyrjandi (Jón Pálmason)** [öfirl.]: Ég vil f. h. okkar fyrirspyrjenda þakka hestv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefir nú látið hv. þd. í té. En ég sé ástæðu til að fara örfaum orðum um málið eins og það liggur fyrir. Það er nú vitanlega aðalviðfangsefnið að gera þær ráðstafanir, er vinna mega hug á þessum vágesti. Það má svo heita, eftir þeim upplýsingum, sem við höfum nú heyrt, að fjárkláðinn sé útbreiddur svo að segja um allt landið. Það skiptir ekki miklu máli, hve margt fé er sýkt af honum; hitt er aðalatriðið, að það er á dreifingu um allt land, sem hans hefir orðið vart, enda er ekki vist, hve ábyggilegar upplýsingarnar eru. Útkoman af rannsókninni getur líka nokkuð farið eftir því, hvernig þrifaböðunum er hgað.

Út af því, sem hestv. ráðh. lét í ljós viðvikjandi rannsókn á baðlyfi og sóttþreinsun á húsum, þá verð ég sem ófróður maður að segja það, að ég er ákaflega vantrúaður á þessa sóttþreinsun á húsum, þar sem maurinn virðist geta lifað lengur en 10—17 daga, jafnvel fleiri mánuði. Það er frá mínu sjónarmiði það erfðasta við útrýminguna. Viðvikjandi baðlyfinu er það eðlilegt og sjálfsagt, að alþýðumenn, og Alþingi jafnvel líka, beygi sjg fyrir kunnáttumönnum. Ég vil benda á það, að undanfarid hefir verið varið miklu fé úr ríkissjóði, en með það hefir verið farið mjög illa. Þó keyrði um þverbak þann tíma, sem einkasala var á þessum vörum.

Viðvikjandi því, sem er aðalatriði þessa máls, hvaða ráðstafanir á að gera fyrir framtíðina, get

ég fallizt á það með hestv. ráðh., að ekki gæti komið til mála að snúa sér að fullri útrýmingu á þessum vetri; það hefir mér ekki dottið í hug. Hinsvegar tel ég forsvaranlegt að fara fram á, að fullkomin útrýmingarböðun fari fram fyrir áramótin 1935—36. En til þess það geti orðið, þarf þetta þing að gera rækilegan undirbúning og taka málið föstum tókum. Það þarf nýja löggjöf, eins og hestv. ráðh. tók fram, og það þarf að halda áfram þeim undirbúningi, sem hafinn hefir verið, til þess að niðurstaðan geti orðið fullkomin.

Hinsvegar tel ég nauðsynlegt, að ríkisstj. sjái um það þegar á þessum vetri, að til séu á hverjum stað þau baðlyf, sem einkum hafa reynzt koma að notum, en það er, af þeim sem hér eru þekkt, t. d. Coopersduft.

Ég get nú látið þetta nægja að sinni. Ég er ánægður með, að hestv. ráðh. kveðst vilja vinna að undirbúningi þessa máls með landb. þingsins, en af því, hvað langt er liðið á þingtímann, er auðsætt, að ef það á að vera alvara í því að gera gangskör að rækilegum ráðstöfunum, þá þarf að hraða undirbúningnum eftir því sem mögulegt er.

**Pétur Ottesen** [öfirl.]: Það er augljóst af þeim upplýsingum, sem hestv. forsrh. hefir gefið hér, sérstaklega hvað snertir möguleikana á því að sóttþreinsa fjárhús svo öruggt sé, að þeir menn hafa haft nokkuð mikið til síns máls, sem haldið hafa fram á undanfórnum þingum, að erfitt mundi reynast að útrýma fjárkláðanum gersamlega úr landinu. Ef ekki er unnt að sóttþreinsa fjárhúsin örugglega, þá er það út af fyrir sig nóg til þess, að markinu verður ekki náð, hvað vel sem tækist með böðunina og þó tækist að fá baðlyf fullkomega öruggt til þess að drepa kláðamaurinn á kindunum. Ef kláðamaurinn getur lifað svo mánuðum skiptir á huldum stöðum í fjárhúsunum, eins og upplýsingar hestv. ráðh. benda til, þá er sjáanlegt, að undir þeim kringumstæðum, sem við eigum við að búa, þar sem ekki getur verið um böðun að reða nema þann tíma árs, sem féð er í húsum, er þess enginn kostur, hversu róskegla sem að er gengið, að útrýma fjárkláðanum svo öruggt sé.

Við höfum líka reynsluna fyrir okkur í þessu efni. Eins og kunnugt er, fór fram almenn útrýmingarböðun árið 1903. Það er rétt, að með þeirri böðun vannst mikið á, en það fór fjarri því, að það tækist að útrýma kláðanum gersamlega. Ég held því, að það, sem hér þarf að gera, sé það, að skerpa eftirlitið með þrifaböðuninni, sem virðist vera fremur kákennt á sumum stöðum. Hitt hefir reynslan sýnt, að þar, sem þrifaböðanir eru vel og samvizkusamlega framkvæmdar og allt gert, sem hægt er, til að halda kláðanum í skefjum, þar er árangurinn góður, svo góður, að ég býst ekki við, að hægt sé að komast lengra í því efni. Ég vil því gera þá till., að landb. í samráði við forsrh. taki til athugunar, að hverju leyti hægt er að hagnýta árangur þessara nýju rannsókna á baðlyfjum og fleiru, er þetta snertir, til þess að koma þrifaböðunum í betra horf heldur en almennt hefir verið. Það er áreiðanlega tímabært að tala um málið á þeim

grundvelli. Þarf sennilega einhverja lagabreytingu og afgreiðslu þess máls þarf að hraða sem mest, svo þrífaböðunin í vetur geti farið fram á nýjum grundvelli. Hitt er að slá öllum nauðsynlegum endurbótum á frest, ef fara á að undirbúa löggjöf, sem ekki kemur til framkvæmda fyrr en einhverntíma, um algerða útrýmingarhöðun. Raunhæfara mun verða að endurbæta þrífaböðunina og eftirlitið með henni, og fyrirskipa notkun sérstakra baðlyfja, sem dýralæknarnir telja öruggust og hentugust íslenskum staðháttum, og sem bezt hafa reynzt að undanförunu, eins og t. d. hið þrautreynda Coopersduft, sem heilt þarf að nota í sambandi við einhver feiti-efnabaðlyf, til þess að gera útigangsféð sterkara gegn hinni óblíðu veðráttu.

Ég vil skjóta því til hv. landbn. og hæstv. forsrh. að athuga þessa hlið málsins, að byggja upp að nýju þær varnir, sem heft geta útbreiðslu fjárkláðans. Það álit ég, að verði ódýrast og öruggast gert með því að vinna að endurbótum á þrífaböðuninni. Þó vitanlegt sé, að ríkið hafi nokkurn kostnað af henni árlega, þá er það hverfandi hjá þeim kostnaði, sem allsherjar útrýmingarhöðun mundi hafa í för með sér. Böðunin 1903 kostaði hátt á fjórða hundrað þús. kr., og er því sjáanlegt, að slík böðun mundi nú kosta stórfé. Tel ég mjög varhugavert að leggja í þann kostnað, þar sem fyrirfram er vitað, að ekki mundi takast að útrýma fjárkláðanum að fullu.

**Jón Sigurðsson:** Ég skal nú ekki fara að innleiða hér neinar kláðaurm., því þær hafa stundum getað orðið allangdregnar. En ég get þó ekki komizt hjá því að drepa á nokkur atriði út af ræðu hv. þm. Borgf. Hann vildi draga þær ályktanir af þeim skýrslum, sem fyrir liggja, að ekki gæti komið til mála að gera alvarlegar ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum, því þess væri enginn kostur að útrýma honum að fullu og öllu. Það er nú samt svo, að hér hefir farið fram útrýmingarhöðun, sem þar þann árangur, að það tókst að útrýma fjárkláðanum á stórum þórtum af landinu. Var hún þó framkvæmd með ófullkomnum tækjum og baðlyf notuð, sem a. m. k. hefir verið mikið umdeilt, hvort voru þau hentugustu, og sem ekki mundu verða notuð nú. Það er því sýnt, hvað sem um það má segja, að maurinn lifi svo og svo lengi í fjárhúsunum, að það hefir tekizt að útrýma fjárkláðanum á stórum svæðum af landinu, þó hinsvegar tækist svo óheppilega til, að á tveimur eða þremur stöðum var fé beinlínis skotið undan, eða ekki sagt til þess í tíma. Annars hefði sennilega tekizt að taka til fulls fyrir kverkarnar á þessum vágesti. Reynslan, sem fengin er í þessum efnum, sannar því alls ekki, að þetta geti ekki tekizt; þvert á móti munaði svo nauðalittu, að þessi stórfellda tilraun heppnaðist á sínum tíma, að talsverð ástæða er til að gera sér vonir um, að betur mundi takast nú.

Þá sagði sami hv. þm., að þar, sem þrífaböðunin væri í lagi, væri enginn kláði. Ég vil mótmæla þessu algerlega. Á ýmsum stöðum, þar sem ég þekki til, er framkvæmd þrífabaðanna í bezta lagi, og verður þó vart við kláða. Hér má nefnilega ekki blanda saman þrifa-

böðum og kláðaböðun. Það þarf enginn að ímynda sér, að fjárkláðanum verði útrýmt með þrífaböðum. Með þrífabaði er almennt átt við eina böðun á ári, og þeir, sem nokkuð þekkja til lifnaðarháttu kláðamaursins, vita, að baðið drepur maurinn sjálfan að visu, en ekki egginn, og verður því að fara fram önnur böðun eftir hæfilegan tíma, til þess að drepa maurana, sem skríða úr eggjunum eftir fyrri böðunina. Þess vegna heldur kláðinn áfram að magnast og útbreidast þrátt fyrir það, þó þrífabaðanir séu framkvæmdar ár eftir ár af hinni mestu samvirkusemi. Því hefir ríkið orðið að leggja fram fé til þess að tvíþaða féð á þeim bæjum, þar sem kláðinn geriz vart við sig. Í flestum tilfellum hefir tekizt að útrýma kláðanum á þeim stöðum, sem baðað hefir verið, en af því aldrei hafa verið tekin fyrir stór svæði í einu, má alltaf búast við, að eftir verði sýktar kindur á næstu bæjum, sem aftur sýkja út frá sér, og allt sækir í sama farið aftur. Þetta er því ekki annað en að kasta fé til einskis, eða nauðalitts, eins og hæstv. ráðh. benti á. Áð sum héruð eru betur sett en önnur í þessum efnum, er sumpart fyrir það, eins og t. d. í Árnessýslu, að þar var gert óflugt átak til útrýmingar kláðanum fyrir nokkrum árum. Á öðrum stöðum er það vegna þess, að kláðinn hefir enn ekki borizt þangað eða haft tíma til að útbreidast. En skýrslurnar sýna, að hann breiðist smátt og smátt út um landið. Í fyrstu er e. t. v. aðeins eitt sýkt heimili í héraðinu, einskonar sýkingaruppspretta; eftir tvö—þrjú ár er kláðinn kominn á ein 10—20 heimili, og svo breiðist hann út um allt héraðið. Þannig var það t. d. í Húnavatnssýslu. Ég mótmæli því, að það sé vegna meira hirðuleysis um þrífaböðun, þar sem kláðinn er orðinn útbreiddur.

Ég get vel fallizt á þá uppástungu hæstv. ráðh., að taka fyrst fyrir einstök héruð, eins og t. d. Rangárvallasýslu, og reyna að stemma stigu fyrir útbreiðslu kláðans þar. En mér er ljóst, að slíkt er engin endanleg lausn á málinu, heldur aðeins mikilsverð hjálp þeim, sem þar eiga hlut að máli. Eins og ástandið er nú, t. d. sumstaðar í Húnavatnssýslu og víðar, er það orðið með öllu óþolandi.

**Magnús Torfason:** Það er út af nokkrum orðum, sem hér hafa fallið, að ég tek til máls. Ég er sammála hv. þm. Borgf. að því leyti, að ég tel, að erfitt muni verða að útrýma kláðamaurnum með öllu og að því sé vafasamt, hvort allsherjarböðun á að fara fram um land allt. Hinsvegar er ég ekki í vafa um það, og hefi reynslu fyrir mér í því, að með því að gera alvarlega gangskör að því að halda kláðanum niðri, má það takast svo sémilegt sé. Ég hefi fyrir mér reynslu úr Ísafjarðarsýslu, og einnig úr Árnessýslu. Þar var gerð sérstök kláðagirðing fyrir 12 árum síðan, og allt fé rekið í hana, sem fannst með kláða um vorið, og næsta haust var svo gerð gangskör að því að baða þetta fé hreinni og beinni kláðaböðun. Þetta varð til þess, að síðan má heita, að ekki hafi fundizt kláði í Árnessýslu, sum árin alls enginn. Því var spáð fyrir nokkrum árum, þegar fjár-

kláðinn var hér til umr., að hann mundi komast brátt í sama farið aftur, í Árnessýslu. Þetta hefir ekki orðið ennþá. Hinsvegar er því ekki að neita, að erfitt er að verjast fjárkláðanum, þegar hann sækir á á báða bóga. Fyrir 13 árum var enginn kláði í Rangárvallasýslu. Var þá Þjósárbrú lokað og Rangæingar töldu sig lausa við kláðann. Skýrslurnar sýna, hvornig komið er þar nú. Ég er ekki í neinum vafa um, að það, sem gera þarf, er að gera verulega gangskör að því að baða féð, baða það rækilega og tvíbaða þar, sem þess þarf.

Ég get vel fellt mig við þá till. að byrja að baða í Rangárvallasýslu; hún er blettur út af fyrir sig, og ætti því fremur að sjást, hvornig árangurinn yrði. Það er líka sérstök ástæða til að reyna þetta nú, þar sem við erum nýbúinir að fá allötulan dýralækni á Suðurlöndin. Einnig finnst mér, að það væri ástæða til þess að reyna að lækna fjárkláðann hér á Suðurnesjum, rétt undir handarjadrinum á aðaldýralækninum hér í Rvík. Menn hafa að vísu þá afsökun hér á Suðurnesjum, að útigangur er mikill, svo menn jafnvel sjá ekki fé sitt svo árum skiptir. En það þýðir bara, að smala verður sauðlaust og taka það svo duglega fyrir; fyrr telja menn í Árnessýslu, að fjárkláðanum verði ekki útrýmt í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

**Bjarni Ásgeirsson:** Það eru aðeins örfá orð. Ég vil einnig þakka hæstv. landbrh. þær upplýsingar, sem hann hefir gefið um þessi mál. Það er nú sýnilegt, að ekki næst sá tilgangur, sem vakti fyrir landbn. í fyrra, þegar hún flutti þá till., að málið yrði nægilega undirbúið til þess að ráða því til lykta á þessu þingi. Er það eðlilegt, þar sem hér er um mjög umfangsmikla rannsókn að ræða, og e. t. v. valda hér einhverju um þær tafir, sem alltaf leiðir af stjórnskiptum. Ég geri líka ráð fyrir, að þó tók hefðu verið á að gera löggjöf um þetta mál snemma á þessu þingi, þá hefði ekki verið unnt að framkvæma almenna útrýmingarhöðun á þessum vetri, vegna afkomu manna eftir sumarið hvað heyafla snertir, þótt að þeirri leið hefði verið hallazt. En hitt er sýnilegt af þeim skýrslum, sem hér hafa verið lesnar upp, að fjárkláðinn er orðinn sá vágestur, að það eru orð í tíma töluð, þegar rætt er um róttækar ráðstafanir til útrýmingar honum. Og fáum við þetta til meðferðar í landbn., eins og hæstv. ráðh. talaði um, þá mun ég ásamt öðrum nm. halda áfram að gera till. um málið eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja.

Út af deilum hv. þm. Borgf. og hv. 7. landsk. get ég sagt það, að ég er sammála hv. 7. landsk. um það, að ekki verði unnt að útrýma kláðanum með þrifaböðum. Það má að vísu deila um, hvað er þrifaböðun og hvað er kláðaböðun. Það er tekið fram í lögnum um þrifabað, að baða skuli tvisvar í vissum tilfellum, en svo rækilegar ráðstafanir eru vitanlega ekkert annað en útrýmingarhöð. Og þau þurfa að taka sem bezt út fyrir þau samgangnasvæði, þar sem kláðans verður vart. Það er ekki til neins að baða rækilega í einum hreppi eða á einum bæ, ef það er trassað á öðrum, því þá logar allt í kláða strax aftur. Og ég er sannfærður um, að leiðin, sem taka

verður, ef gera á verulegt gagn, er sú, að láta fara fram á næstunni útrýmingarhöðun á þeim samgangnasvæðum, sem verst eru farin af kláðanum, og það undir jafnströngu eftirliti eins og útrýmingarhöðin á árunum.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [öyfirl.]: Ég ætla ekki að lengja umr., en út af þeim orðum, sem fallið hafa um þetta mál, þykir mér rétt að gefa dálítið nánari upplýsingar um einn lið þess.

Það hefir verið minnt á það í þessu sambandi, að ekki væri líklegt, þó almenn útrýmingarhöðun færi fram, að það tækist að útrýma kláðanum gersamlega.

Till. Niels Dungal og Hannesar Jónssonar dýralæknis eru á þá leið, að þeir telja sjálfsgat að reyna þetta. Samkv. upplýsingum Dungal var tóbakið það baðlyf, sem bezt reyndist á rannsóknarstofunni, sem hafði þetta til athugunar, en það var mest notað hér 1903. Tóbak og sápuölgur var það einu, sem drepið gat lírfurnar, áður en þær skrifu út. Ég vildi ekki láta hjá líða að gefa þessar upplýsingar út af ágreiningi þeim, sem hér hefir komið fram, einkum milli hv. þm. Borgf. og hv. 7. landsk. Ég ætla þá, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp niðurlag þessarar skýrslu:

„Sama rannsóknarstofnun hefir athugað hitt atriðið, sem Alþingi spyr um, nefnil. hvort þörf sé á sóttþreinsu á fjárhúsum og hvornig öruggast sé að framkvæma hana.

Það virðist vera töluvert útbreidd trú, að kláðamaurinn geti lifað mánuðum og jafnvel árum saman í húsumum. Þetta atriði rannsakaði Shilton árið 1916 og seinna Bedford, sá sami sem stóð fyrir rannsóknunum, sem getið er um að framan. Báðir þessir menn komust að þeirri niðurstöðu, að ef húsín væru látin standa tóm í 10 daga eftir að kláðasjúkar kindur eru teknar úr þeim, þá sé sýkingarhættan horfin.

Sumir fetta fingur út í þessar tilraunir fyrir það, að þær væru ekki gerðar undir nógu náttúrlegum skilyrðum, svo að forstöðumaður stofnunarinnar í Ouderstepoort, du Toit, endurtók tilraunirnar 1922—23 og þá með ýmsu móti, til að skilyrðin líktust sem mest því, sem skeð gæti við náttúrlega sýkingu.

Du Toit komst að þeirri niðurstöðu, að yfirléitt væri ekki mjög mikil hættu á sýkingu úr húsumum, en kæmi þó áreiðanlega til mála. En ef húsín eru látin standa tóm í 17 daga, er alveg öruggt, að féð getur ekki sýkt úr húsumum. Ef féð er vel baðað, reyndist óþarfi að láta húsín standa tóm, því að þá sýktist það ekki úr húsumum (sbr. tilraunirnar, sem getið er um undir a., sem voru gerðar seinna).

Nú eru fjárhús þau, sem notuð eru í Suður-Afríku, og sem notuð voru við þessar tilraunir, opnar réttir, sem lítt líkjast fjárhúsum á Íslandi. Sennilega gerir það þó ekki mikinn mismun, og óhætt mun að reikna með því, að óhætt sé að láta fé í hús, sem tóm hafa staðið í 17 daga, þó að kláðasjúkt fé hafi verið í þeim áður. Hinsvegar er hæpið, að nokkur sóttþreinsun dugi, þegar athugað er, hve lítil áhrif baðlögurinn hefir á eggín, sérstaklega þegar tillit er tekið til útbúnaðar á íslenskum fjárhúsum, þar sem allt

## Fjárkláði.

er fullt af mold og taði, og því illt að koma sóttbreinsun við.

Mikið er komið undir því, að böðunin sé samvirkusamlega framkvæmd. Þaðlögurinn hræður réttilega, hausnum á kindinni dyft hvað eftir annað ofan í og eyrun aðgætt, því að í þeim leynist oft kláðamaurinn, svo að einna ráðlegast þykir að gera mönnum að skyldu við böðunina að bera smyrsl í eyrun (tjara 2, bómólía 2, terpentína 1).

Í Suður-Afríku hefir útrýming fjárkláðans strandað aðallega á trassaskap bændanna, sem það oft og tíðum ekki fyrr en kláðinn er orðinn útbreiddur og búinn að sýkja fé á öðrum bæjum, og það svo iðulega illa í tilbót. Rannsóknarmennirnir hafa því lagt til, að slíkum mönnum sé annaðhvort gert að skyldu að útrýma kláðanum eða þeir þvingaðir til að hætta sauðfjárrækt.

Virðingarfyllst.

Niels Dungal.“

Eins og ég gat um áðan, er það skoðun Hannesar Jónssonar dýralæknis, að kláðamaurinn geti lifað í húsunum í ull á þriðja mánuð. Liggja því ekki fyrir greinilegar upplýsingar um þetta atriði. Álit Niels Dungals byggist á rannsóknum, sem framkvæmdar hafa verið í Suður-Afríku, en álit Hannesar Jónssonar er á annan veg.

**Pétur Ottesen** öyfirl.: Ég heyrði aðeins niðurlagið af ræðu hv. 7. landsk., af því að ég var kallaður frá. Hann taldi það aðalokostinn við þrifaböðunina, að sumstaðar væri það, en sumstaðar ekki, og gengi svo féð saman og smitadi hið sýkta fé út frá sér. Það er rétt, að þetta er ágalli á þrifaböðuninni, en hann er hægt að bæta. Ég miðaði tilmæli mín til hv. landbn. við það, að hún tæki til athugunar, hvort ekki myndi hægt að semja endurbótalöggjöf í þessu efni. Það er þegar hægt að ákveða fullkomnara eftirlit með þrifaböðunum. Þær verður að framkvæma á öllum stöðum, þar sem féð hefir samgang. Það er hægt að bæta úr þessum ágalla við þrifabaðanir, engu síður en útrýmingarbaðanir.

Hv. þm. Mýr. var hv. 7. landsk. sammála um, að ekki væri hægt að útrýma kláðanum með þrifaböðun. Ég er líka á þeirri skoðun. Honum verður ekki útrýmt að fullu, hvaða leið sem farin verður. En ef bætt er úr ágöllum þrifabaðanna, má með þeim komast eins langt í að halda honum í skefjum og með útrýmingarböðun. Það myndi að vísu kosta nokkurt fé, en þó miklu minna.

Út af upplýsingum hæstv. forsrh. um sóttbreinsun fjárhúsa er það að segja, að þótt hægt væri að sóttbreinsa þau með því að láta þau standa tóm í 10—17 daga, þá er slíkt ekki hægt hér á landi. Hér er ekki hægt að framkvæma þrifabaðanir nema meðan fé er í húsum, og hvað á þá að gera við rennvott féð, þegar það kemur upp úr baðkerinu? Að reka það út í 7—10 stiga frost væri sama og að drepa það. Og á heimilum hérlendis eru ekki til önnur hús en hin venjulegu fjárhús, þar sem hægt væri að hafa féð. Það er ekki hægt að bera saman tómar réttir undir berum himni, þar sem sólargeislarnir

drepa maurinn, og svo hin islenzku fjárhús, dimm, þök og óhrein, þar sem gróðrarskilyrði maursins eru sem ákjósanlegust. Ég vil því beina því til hv. landbn., að hún athugi, hvað hægt er að gera til að bæta úr ágöllum þrifabaðanna.

**Fyrirspyrjandi (Jón Pálmason):** Ég get ekki komið hjá nokkrum aths. út af orðum hv. þm. Borgf. Hann er auðsjáanlega fylgismaður þeirrar stefnu að nota þrifaböð til að halda kláðanum í skefjum, án þess að taka föstum tókum á útrýmingunni. En það er gagnstætt minni hugsun, eins og líka hv. 7. landsk. Ég held, að búið sé að eyða óþarflega miklu fé í allar þessar kák-aðferðir, síðan útrýmingarböðunin fór hér fram 1903. En á því tímabili tókst að útrýma kláðanum að miklu leyti. Nú er vól á betri baðlyfjum en þá, eins og hæstv. forsrh. sagði, því að þekkingunni hefir þó þokað nokkuð áfram síðan.

Ég er ekki á móti því, að aukið sé eftirlit með þrifaböðun, á meðan ekki er gengið til útrýmingarböðunar. En frá mínu sjónarmiði er það aðalatriðið, að útrýmingarböðun fari fram þegar á næsta vetri. Vil ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa gert ráðstafanir til undirbúnings því máli.

Ég held, að sú mótbára hv. þm. Borgf. og annara, að þetta myndi kosta svo ógurlega fjárhæð, sé á misskilningi byggð. Þarf kostnaðurinn ekki að vera ýkjamikill, ef rétt er að farið. Það ástand, sem nú er, kostar bændur mikið fé árlega, og verður það, þegar til lengdar lætur, dýrara en hitt. Ég bið menn að láta það ekki hræða sig, að kostnaðurinn hljóti að verða óhóflegur.

Þar sem þetta mál fer til n., þar sem ég á sæti, þarf ég ekki að hafa um það fleiri orð hér.

**Jón Sigurðsson:** Ég er sammála hv. þm. Borgf. um það, að herða beri ákvæði l. um þrifaböð, svo að þau geti komið að notum. En fyrir mér er það engin lausu málsins. En hvað þá snertir, að þessi þrifaböð muni reynast ódýrari en allsherjar útrýmingarböðun, þá held ég, að það sé órannsakað mál. Ég man ekki tölurnar fyrir vís, en mig minnir, að útrýmingarböðun sú, sem fór fram í Árnassýslu 1925 eða 1926, hafi ekki kostað undir 60 þús. kr. Ef taka ætti þannig fyrir hvert hérað og láta þar fara fram þrifabaðanir, þá býst ég ekki við, að það myndi kosta minna en myndarleg útrýmingarböðun.

Ég gleymdi að taka fram eitt atriði í fyrri ræðu minni. Á undanförunum árum hafa bændur aðallega fengið til böðunar ýmsar kreolinblöndur og sápur, sem þeir hafa verið óánægðir með. Eftir skýrslu hæstv. ráðh. munu sápur vera það lyfið, sem ólíklegast er, að beri árangur. Vil ég því mælast til þess, að þegar hæstv. ríkisstj. kaupir baðlyf, þá velji hún ekki það, sem ólíklegast er, að komi að gagni. Þar sem fyrir liggur skýrsla frá manni, sem þetta hefir kynnt sér, legg ég til, að fengið verði það baðlyf, sem hann bendir á, svo að bændur geti reynt það, og þannig fengist reynsla fyrir nothæfi þess hér á landi.

**Páll Zóphóniasson:** Tveir af þeim hv. þm., sem talað hafa, lögðu til, að útrýmingarbað yrði lát-

Fjárláði.

ið fara fram bráðlega, helst að hausti. En ég vil benda á, að Alþingi má ekki fyrirfram taka ákvörðun um, hvenær slíkt það skuli fara fram. Það verður að fara fram, þegar nægar fóðurbirgðir eru til í landinu. Er því ótímabært að taka nú þegar fullnaðarákvörðun í þessu efni.

Þá vil ég skjóta því til þeirra hv. þm., sem krefjast útrýmingarbaðs, hvernig fara eigi með þær 20—40 kindur, sem ganga úti og aldrei koma til mannabyggða, ef þær skyldu vera með kláða. Ég vil aðeins fá þeim þetta atriði til umhugsunar.



# VIÐBÆTIR

# Alþingisreikningur

## frá 1. janúar til 31. desember 1934.

(Yfirlit).

## Tekjur:

I. Fyrir seld Alþingistiðindi og Landsreikninga .....	kr.	358.00
II. Iðgjöld fyrir stolna muni úr alþingishúsinu .....		160.00
III. Vextir af innstæðu í hlaupareikningi við Landsbankann .....		63.81
IV. Ávísað úr ríkissjóði samkvæmt ávísana- og gjaldabókum þingsins .....		217120.25
	Samtals	<u>kr. 217702.06</u>

## Gjöld:

I. Þingfararkaup alþingismanna (sjá <i>fylgiskjal</i> ) .....	kr.	66238.76
II. Goldið starfsmönnum:		
a. Föst laun o. fl. [laun skrifstofustjóra kr. 5690.00 + húsaleigustyrkur kr. 1200.00; laun fulltrúa kr. 5190.00 + persónul. launauppbót kr. 1110.00] .....	kr.	13190.00
b. Lausum starfsmönnum [skrifst. og prófarkalestur (þar í aðstoð við útgáfu á umræðum) kr. 4543.50, skjalavarzla og afgreiðsla kr. 1296.00, lestrarsalgæzla kr. 1030.00, innanþingskriftir kr. 17708.00, dyra- og pallavarzla kr. 4755.00, þingsveinar kr. 2409.00, simavarzla kr. 990.00, fatagæzla kr. 1122.00] .....	---	33853.50
		47043.50
III. Útgáfukostnaður Alþingistiðinda og Landsreikninga og önnur prentun:		
A. Útgáfukostnaður Alþingistiðinda:		
1. Umræðupartur aukabings 1933:		
a. B-deild, 35 <sup>1</sup> 2 örkr á kr. 142.30 + a-c-örkr (aðalefnisyfirlit) = 3 arkir á kr. 228.00; hefting kr. 404.80; 2 kápur á kr. 16.50, aukalíming á 2 hefti á kr. 18.00 .....	kr.	6209.45
b. C-deild, 14 <sup>1</sup> 2 örkr á kr. 142.30; hefting kr. 158.40; kápa kr. 16.50; aukalíming kr. 18.00 .....	---	2256.25
c. D-deild, 43 <sup>1</sup> 2 örkr á kr. 142.30; hefting kr. 440.00; 2 kápur á kr. 16.50; aukalíming á 2 hefti á kr. 18.00 .....	---	6699.05
d. Pappír í umræðupart með kápum .....	---	962.35
		kr. 16127.10
2. Skjalapartur og þingskjöl 1934:		
a. 1.- 22 <sup>3</sup> 4 arkar A-deildar (stjfrv.), án sérprentana, á kr. 131.45; hefting kr. 220.20; kápa kr. 16.50; aukalíming kr. 18.00 .....	kr.	3245.20
b. 22 <sup>3</sup> 4 - 170. örkr, með sérprentunum, + a-c-örkr = 152 <sup>1</sup> 4 arkar á kr. 184.80; 8 kápur á kr. 16.50; aukalíming á 8 hefti á kr. 18.00; uppbót fyrir smáleturssetningu á þingmannaskrá kr. 51.65 .....	---	28463.45
c. Pappír í skjalapart, í sérprentanir og kápur .....	---	2794.75
		34503.40
3. Útsending [burðareyrir kr. 3464.80, afgreiðsla og aðstoð við útburð kr. 920.00, umbúðir kr. 30.60] .....	---	4415.40
		kr. 35045.90
B. Útgáfukostnaður Landsreikninga ásamt launum yfirskoðunarmanna:		
1. Laun yfirskoðunarmanna fyrir yfirskoðun LR 1933, 3×1000 kr. + dýrtíðaruppbót (25 <sup>0</sup> o) .....	kr.	3750.00
2. Prentun og hefting LR 1932 .....	---	3357.15
		7107.15
		<u>kr. 62153.05</u> <u>kr. 113282.26</u>

	kr. 62153.05	kr. 113282.26
C. Önnur prentun [prentun þingskapa og reglna um útlarp frá Alþingi kr. 348.75, dagskráa kr. 1017.90, lagaprentun o. fl. kr. 2139.50, prentun á ávísanabókum, þingmannaskráum o. m. fl. kr. 599.65, fjölritun kr. 357.20] .....	4463.00	
IV. Bókband (kr. 946.45), bækur (kr. 644.55), ritföng (kr. 743.37) .....		66616.05 2334.37
V. Ljós, hiti, ræsting og viðhald á húsi og munum:		
1. Ljós og önnur raforka (kr. 1998.88), ljósfæri (kr. 147.85) .....	kr. 2146.73	
2. Hiti .....	2040.50	
3. Ræsting [ræstingarvinna kr. 2340.48, ræstingarvörur kr. 322.90] ..	2663.38	
4. Viðhald á húsi [þar í breytingar á hurðum í Nd. o. fl. vegna nýrrar borða- og sætaskipunar kr. 643.26, aðrar aðgerðir kr. 809.68]	1452.94	
5. Viðhald á munum [breyting á borða- og sætaskipun í þingsölunum vegna fjölgunar þingmanna, smíð og uppsetning fatahengis, ýmsar aðrar aðgerðir o. fl.] .....	14264.58	
		22568.13
VI. Önnur gjöld:		
1. Aðstoð og aukavinna [þar af kr. 1368.00 til Guðm. R. Ólafssonar og kr. 503.50 til Jóns Dalmannssonar, hvortveggja fyrir vinnu við upplag Alþingistiðinda, og kr. 242.00 fyrir ýmislegt] .....	kr. 2113.50	
2. Kostnaður við einstakar nefndir [þar af þóknun til skrifara fjárveitinganefndar, Kristjóns Kristjánssonar, kr. 746.00, til skrifara utanríkismálanefndar, Stefáns Þorvarðssonar, kr. 1500.00, og ferðakostnaður fjárveitinganefndar kr. 7.50] .....	2253.50	
3. Símagjöld Alþingis [afnotagjald af sínum kr. 1666.17, símskeyti og símtöl forseta og skrifstofu kr. 14.56] .....	1680.73	
4. Símanot þingmanna [símtöl og símskeyti] (sjá fylgiskjal) .....	3626.03	
5. Þinghúsgarðurinn .....	301.30	
6. Opinber gjöld [vatnsskattur] .....	703.13	
7. Ýms gjöld [minningargjóf um látinn fyrrv. þingmann kr. 10.00, styrkur til ekkju Kristjáns Kristjánssonar, skjalavardar Alþingis, kr. 1500.00, til Einarssonar próf. Arnórssonar fyrir samningu yfirlits um íslenska löggjöf 1933 í Árbók þingmannasambands Norðurlanda, með hreinritun, kr. 315.00, risnukostnaður frá 1933 kr. 362.00, auglýsingar kr. 30.06, leiga fyrir pósthólf kr. 6.00] .....	2223.06	
		12901.25
	Samtals	kr. 217702.06

Skrifstofu Alþingis, 31. marz 1935.

*Jón Sigurðsson.*

## Fylgiskjal

Þingfararkaup alþingismanna 1934  
og símanot á kostnað Alþingis á sama þingi.

Nöfn	Dagpeningar og verðstuðulsuppbót			Ferða- kostnað- ur <sup>1)</sup>	Þing- fararkaup alls	Símanot á kostnað Alþingis
	Dagpen- ingar	Uppbót 15 <sup>1</sup> / <sub>3</sub> %	Dagpen- og uppbót alls			
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf. ....	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	37.65
2. Bergur Jónsson, þm. Barð. ....	1104.00	169.28	1273.28	270.00	1543.28	49.55
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf. ....	1092.00	167.44	1259.44	230.00	1489.44	148.55
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr. ....	996.00	152.72	1148.72	230.00	1378.72	57.60
5. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn. ....	1032.00	158.24	1190.24	265.00	1455.24	134.30
6. Einar Árnason, 2. þm. Eyf. ....	1092.00	167.44	1259.44	260.00	1519.44	130.70
7. Emil Jónsson, þm. Hafnf. ....	996.00	152.72	1148.72	154.00	1302.72	"
8. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M. ....	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	16.90
9. Finnur Jónsson, þm. Ísaf. ....	1056.00	161.92	1217.92	265.00	1482.92	153.65
10. Garðar Þorsteinsson, 8. landsk. þm. ...	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	48.65
11. Gísli Guðmundsson, þm. N.-P. ....	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	100.85
12. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk. ....	1068.00	163.76	1231.76	380.00	1611.76	155.15
13. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak. ....	1056.00	161.92	1217.92	430.00	1647.92	132.80
14. Guðrún Lárusdóttir, 5. landsk. þm. ...	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	139.47
15. Gunnar Thoroddsen, 11. landsk. þm. ...	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	20.45
16. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv. ....	1044.00	160.08	1204.08	410.00	1614.08	28.95
17. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf. ...	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	67.35
18. Hermann Jónasson, þm. Str. ....	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	17.90
19. Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv. ...	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	"
20. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M. ....	1116.00	171.12	1287.12	305.00	1592.12	47.95
21. Jakob Möller, 3. þm. Reykv. ....	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	"
22. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm. ....	1080.00	165.60	1245.60	260.00	1505.60	150.00
23. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf. ....	1068.00	163.76	1231.76	265.00	1496.76	150.06
24. Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm. ....	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	19.50
25. Jón Ólafsson, 1. þm. Rang. ....	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	25.70
26. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv. ....	1044.00	160.08	1204.08	430.00	1634.08	92.70
27. Jón Sigurðsson, 7. landsk. þm. ....	1068.00	163.76	1231.76	480.00	1711.76	157.20
28. Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm. ...	1016.00	271.12	1287.12	313.00	1600.12	168.80
29. Jónas Jónsson, þm. S.-P. ....	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	187.30
30. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn. ...	1020.00	156.40	1176.40	290.00	1466.40	54.60
31. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf. ...	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	51.95
32. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv. ....	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	7.90
33. Magnús Torfason, 2. landsk. þm. ....	1080.00	165.60	1245.60	265.00	1510.60	54.55
34. Ólafur Thors, þm. G.-K. ....	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	1.05
35. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M. ....	1164.00	178.48	1342.48	470.00	1812.48	120.95
36. Páll Zóphóniasson, 2. þm. N.-M. ....	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	49.30
37. Páll Þorbjörnsson, 3. landsk. þm. ...	1080.00	165.60	1245.60	260.00	1505.60	110.60
38. Pétur Halldórsson, 5. þm. Reykv. ....	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	"
39. Pétur Magnússon, 2. þm. Rang. ....	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	17.35
40. Pétur Ottesen, þm. Borgf. ....	1032.00	158.24	1190.24	235.00	1425.24	128.10
41. Sigfús Jónsson, 2. þm. Skagf. ....	1068.00	163.76	1231.76	250.00	1481.76	32.10
42. Sigurður Einarsson, 9. landsk. þm. ...	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	74.80
43. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv. ...	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	10.55
44. Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv. ...	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	"
45. Stefán Jóh. Stefánsson, 1. landsk. þm. ...	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	"
46. Thor Thors, þm. Snæf. ....	996.00	152.72	1148.72	"	1148.72	1.45
47. Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk. ....	1140.00	174.80	1314.80	645.00	1959.80	112.20
48. Þorsteinn Briem, 10. landsk. þm. ....	996.00	152.72	1148.72	230.00	1378.72	91.70
49. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal. ....	1056.00	161.92	1217.92	325.00	1542.92	125.45
Fjarveitinganefnd .....	"	"	"	"	"	141.75
Samtals	50468.00	7853.76	58321.76	7917.00	66238.76	3626.03

1) Í ferðakostnaðinum er fölginn húsnæðiskostnaður í Reykjavík um þingtímann, 70 kr. á mánuði fyrir hvern utanbæjar-þingmann, skv. úrskurði þingfararkaupnefndar.